Fulltrúaráð fjárskiptanna skipa 26 menn eða 3 fyrir hvern hrepp, nema tveir fyrir Blönduóshrepp vestan Blöndu, samkv. 25. gr. laganna, og jafn margir til vara. Framkvæmdanefnd skipa 5 menn og aðrir 5 til vara, kosnir af fulltrúaráði.

4. gr.

Aðalstörf fjárskiptanefndar eru, að sjá um fullkomna eyðingu hins gamla fjárstofns á sem hagfelldastan hátt, að sjá um, að einangrun svæðisins sé tryggð eftir þörfum, að beita sér fyrir kaupum á ósýktu fé inn á svæðið, og að sjá yfirleitt um að allar framkvæmdir séu í sem beztu lagi og í samræmi við gildandi lög og fyrir-mæli.

2

5. jan.

5. gr.
Sameiginlegur kostnaður, sem tilheyrir fjárkaupunum og ekki greiðist úr ríkissjóði, skal jafnað niður á innkeypt fé. Annar kostnaður skiptist niður á hreppana í hlutfalli við fjártölu þeirra um áramót, áður en fjárskiptin fóru fram.

6. gr.

Fjárskiptanefnd skal starfa að málefnum fjárskiptasvæðisins í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd og framkvæmdastjóra hennar.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 5. janúar 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

3

6. jan.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 11 18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl., samkvæmt lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar.

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerð um innheimtu iðgjalda o. fl. samkvæmt lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, orðist svo:

1. Á árinu 1948 skulu iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. tryggingalaganna innheimt með vísitöluálagi, er miðast við 310 stig, og hafa iðgjöld samkvæmt 107. gr. samkvæmt því og með hliðsjón af 9. bráðabirgðaákvæði sömu laga verið ákveðin þannig fyrir árið 1948:

Á I. verðlagssvæði:

Kvæntir karlar	kr. 390.00
Ókvæntir karlar	— 350.00
Ógiftar konur	— 260.00

Á II. verðlagssvæði:

Kvæntir karlar	kr. 310.00
Ókvæntir karlar	— 280.00
Ógiftar konur	— 210.00

2. Árið 1948 skal greiða í janúar upp í iðgjöld samkvæmt 107. gr. tryggingalaganna, eins og þau eru ákveðin í næsta lið hér á undan, sem hér segir:

Á I. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 200.00
Ógiftar konur	— 150.00

Á II. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 150.00
Ógiftar konur	— 120.00

3. Þar til tryggingaskirteini fyrir árið 1948 hafa verið gefin út til afhendingar skal nota skirteini ársins 1947 og færa á þau iðgjaldagreiðslur. Þeir, sem orðið hafa

16 ára á árinu 1947 og enn eigi hafa innleyst tryggingaskírteini, skulu greiða skírteinagjald samkv. 127. gr. samtímis janúargreiðslu.

3
6. Jan.

Fjármálaráðuneytið, 6. janúar 1948.

Jóhann P. Jósefsson.

Kjartan Ragnars.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Borgarneskauptún, nr. 12 20. febr. 1930.

4
6. jan.

Öll gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu framvegis hækka um 100%, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið.

Ákvæði þessi staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 6. janúar 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Jensínu Jensdóttur og Jóns Gabrielssonar frá Fjallaskaga“, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 8. janúar 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Jensínu Jensdóttur og Jóns Gabrielssonar frá Fjallaskaga.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 19. september 1946 af Óskari Jónssyni framkvæmdastjóra í Hafnarfirði, til minningar um foreldra hans Jensínu Jensdóttur — sem varð 90 ára þennan dag — og Jón Gabrielsson — sem andaðist 17. desember 1935 —. Þjuggu þau um langt skeið á Fjallaskaga í Mýrahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 4190.42 krónur — fjögur þúsund eitt hundrað og níutíu krónur og 42/100 —.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að greiða fyrir stofnun og starfrækslu heimavistarbarnaskóla fyrir Mýrahrepp.

5

4. gr.

8. jan.

Sjóðurinn er afhentur hreppsnefnd Mýrahrepps. Varðveitir hún hann og ávaxtar og hefur á hendi reikningshald hans og stjórn, þar til heimavistarskólinn hefur verið stofnaður og er tekinn til starfa. Heimilt er hreppsnefndinni að nota sjóðinn sem lánsfé til að reisa skólann.

5. gr.

Þegar heimavistarskólinn er formlega tekinn til starfa, afhendist sjóðurinn skólanefnd hans til fullrar umsjár. Ávaxtar hún hann í Sparisjóði Mýrhreppinga, eða öðrum tryggum stað, og færir reikninga hans samkvæmt 9. gr.

6. gr.

Sjóðinn skal auka eftir föngum:

a. Með minnst $\frac{1}{4}$ hluta vaxtanna (sbr. 7. gr.).

b. Á hvern annan hátt er verða má, svo sem: með ágóða af skemmtunum, áheitum, erfðahlutum og alls konar gjöfum eða framlögum.

7. gr.

Þegar heimavistarskólinn er formlega tekinn til starfa, má verja árlega allt að 200 kr. af þeim vöxtum sjóðsins, er úthluta má samkvæmt 6. gr., til að veita viðurkenningu fullnaðarprófs skólabörnum úr Mýrahreppi, fyrir lofsverða ástundun við námið, góða hegðun og háttprýði. Viðurkenningin veitist í hagnýtum munum, sem hafa varanlegt gildi. Fleiri en þrjú börn sama ár koma hér ekki til greina. Skólanefnd veitir viðurkenninguna eftir tillögum skólastjóra og forstöðukonu heimavistarinnar.

8. gr.

Þegar $\frac{3}{4}$ hlutar af ársvöxtum sjóðsins hafa náð 500 krónum, má verja þeim hluta vaxtanna, sem ekki er ráðstafað samkvæmt 7. gr., til greiðslu reksturskostnaðar Mýrahrepps vegna heimavistarskólans.

9. gr.

Fyrir febrúarlök ár hvert sé reikningur sjóðsins fyrir síðast liðið almanaksár fullgerður og endurskoðaður. Sé hann síðan lagður fram til sýnis á næsta almennum sveitarfundi Mýrahrepps.

10. gr.

Endurskoðendur sjóðsreikninganna séu tveir: sóknarprestur Dýrafjarðarþinga og endurskoðandi hreppsreikninga Mýrahrepps. Einnig séu tveir varaendurskoðendur kosnir af nýkosinni sveitarstjórn um leið og kosning skólanefndarmanna fer fram (sbr. lög nr. 34 29. apríl 1936). Varamenn taka sæti aðalmanna, ef annar þeirra eða báðir eru í skólanefnd, eða ef önnur forföll eiga sér stað.

11. gr.

Stjórn sjóðsins (fyrst hreppsnefnd, síðan skólanefnd) ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn. Færir hún í hana skipulagsskrá þessa ásamt hvers árs reikningi sjóðsins, greinargerð um úthlutun viðurkenninga og styrkja og annað það, er sjóðinn varðar.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Núpi í Dýrafirði, 19. nóvember 1947.

F. h. Mýrahrepps

Eiríkur J. Eiríksson.

Bj. Guðmundsson.

Kristinn Guðlaugsson.

REGLUGERÐ

6

9. jan.

um innlausn ógildra peningaseðla Landsbanka Íslands, samkvæmt 25. gr.
laga nr. 67 1947.

1. gr.

Eftir 9. jan. 1948 skal öllum innlausnarstofnunum óheimilt að láta endurgjald fyrir þá seðla Landsbanka Íslands, er innkallaðir hafa verið.

2. gr.

Nú kemur fram beiðni til innlausnarstofnunar um innlausn á ógildum peninga-seðlum, og er henni þá heimilt að veita seðlunum móttöku gegn kvittun fyrir móttöku ógildra seðla, enda fylgi þeim greinargerð frá eiganda um það, hvers vegna seðlarnir hafi eigi verið innleystir á réttum tíma.

Eigi síðar en næsta dag eftir móttöku hinna ógildu seðla, skal hlutaðeigandi innlausnarstofnun senda seðlana í ábyrgðarbréfi, eða á annan tryggilegan hátt, til Landsbankans í Reykjavík, ásamt greinargerð eiganda.

Eftir 15. febr. 1948 skal sérhverri innlausnarstofnun, annarri en Landsbanka Íslands, Reykjavík, óheimilt að taka á móti ógildum seðlum til nokkurrar fyrirgreiðslu.

3. gr.

Ógilda seðla, sem Landsbanki Íslands tekur við eftir 9. jan. 1948, skal bankinn taka til sérstakrar geymslu ásamt greinargerðum frá eigendum þeirra.

4. gr.

Fjármálaráðherra skal skipa tveggja manna nefnd, annan tilnefndan af Landsbanka Íslands en hinn af framtalsnefnd, sem skulu hafa endanlegt úrskurðarvald um það, hvort eða að hve miklu leyti skuli innleysa ógilda seðla, sem borizt hafa Landsbanka Íslands samkv. framansögðu. Rísi ágreiningur milli nefndarmanna, sker fjármálaráðherra úr.

Fjármálaráðherra ákveður, hvenær nefndin skuli hafa lokið störfum.

5. gr.

Nefndin skal ekki heimila innlausn seðla, nema eigandi þeirra færi, að hennar dómi, fullnægjandi sannanir fyrir því, að vegna óviðráðanlegra orsaka hafi honum ekki verið mögulegt að fá seðlum skipt á hinum lögboðnu innlausnardögum.

Fjármálaráðuneytið, 9. janúar 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

REGLUGERÐ

fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil o. fl.

I. KAFLI

Um fjárrekstra á afréttir og fjallönd á vorin.

1. gr.

Hreppsþúar í þeim sveitum, þar sem nægileg afréttarlönd eru, skulu, ef þeir að álitum hreppsnefndar ekki eiga nægilegt fjallland fyrir sjálfa sig, skyldir að reka í miðja afrétt að vorinu allt sauðfé sitt. Nú eru engin slík afréttarlönd til, heldur aðeins heimalönd og búfjárhagar, skal þá hreppsnefndin annast um, ef ekki fæst upprekstur í annarri sveit, að fénu sé jafnað niður á löndin að rétttri tiltölu við landrými og með samkomulagi við landeiganda. Skulu sveitarmenn skyldir að nota slíkan upprekstur eftir tilvísun hreppsnefndar, svo framarlega sem upprekstrar-tollurinn fer ekki fram úr því, sem er ákveðinn hér á eftir.

2. gr.

Í upprekstrartoll greiðast kr. 2.00 fyrir hverjar 10 sauðkindur, hvort heldur eru lömb eða roskið fé, og skal tollur þessi vera greiddur innan októbermánaðarloka ár hvert, ef ekki er öðru vísi um samið.

Hver fjáreigandi skal skyldur til þess að skýra hlutaðeigandi hreppsnefnd fyrir 15. ágúst ár hvert, frá tölu þess sauðfjár, er hann átti fjallrækt það vor, en hreppsnefndinni ber fyrir fjalleit að haustinu að tilkynna þeim, er hafa rétt til fjallatolla, að hverjum fjáreigendum þeir eigi aðgang um greiðslu á þeim.

3. gr.

Enginn má í heimildarleysi reka eða sleppa sauðfénaði eða hrossum í annarra manna lönd, sem hann á ekkert tilkall til. Reka skal þannig fénað yfir lönd manna, að ekki hljótist skaði eða ógreiði af.

Brot móti þessum kafla varðar sektum, kr. 10.00—500.00, auk skaðabóta, eftir mati óvilhallra manna.

II. KAFLI

Um vorsmalanir.

4. gr.

Hreppsnefnd hefur heimild til að skipa fyrir um smölun sauðfjár að vorinu til rúnings, þegar hentugt þykir. Ef þörf gerist, má hún láta göngur fara fram á afréttum og fjallendum. Enn fremur ákveður hreppsnefnd leitardag hver í sínum hreppi.

5. gr.

Hreppsnefndin jafnar niður vorfjallskilum á menn á sama hátt og vanalegt er um niðurfjöfnun fjallskila að haustinu. Þó skulu þeir fjáreigendur, sem koma fé sínu fyrir til vorhirðingar hjá öðrum, vera undanskiildir vorfjallskilum. En þeir, sem féð taka, skulu sjá fyrir vorfjallskilum á því sem sínu eigin fé.

6. gr.

Allt það fé, sem við leitir þessar finnst, skal rekið til lögskilaréttar. Þó mega hreppsnefndir fyrirskipa, að annars staðar sé fé að rekið, ef það þykir heppi-legra, og skulu þær velja einn eða fleiri menn þar til hæfa, er sjái um, að allt gangi vel og skipulega fram, þar sem féð er að rekið.

7. gr.

7

6. jan.

Skylt er hreppsnefnd að sjá um, að allt órútið fé innan hrepps og utan, sem í leitum þessum finnst, sé rútið, og öll ómörkuð lömb séu mörkuð undir mörk mæðra þeirra. Borgun fyrir rúning á aðkomufé og mörkun á lömbum, sem ekki eru líkur til, að eigendur eða umráðamenn hirði, skal vera þessi: Fyrir að rýja kindina kr. 1.00, og fyrir að marka lambið kr. 1.00, og skal sá, er verkið vinnur, gera eiganda viðvart, sem svo um leið og hann hirðir ullina, greiðir allan áfallinn kostnað, enda geri sá, er verkið hefur unnið, eiganda grein fyrir marki og öðrum einkennum á kindum þeim, er hann hefur rútið og markað.

Ef menn þurfa að smala yfir lönd nærliggjandi hreppa að vorinu eða sumrinu, skulu þeir fá leyfi til þess hjá hlutaðeigandi ábúanda, og smala þá í samráði við hann. Ber sá, er leyfið veitir, alla ábyrgð á, að samrekstur og sundurdráttur fari vel og skipulega fram, að lömb villist ekki undan ám og að fé flækist ekki til ógreiða.

Brot móti þessum kafla varða kr. 10.00 til kr. 500.00 sektum.

III. KAFLI

Um sauðfjármörk.

8. gr.

Sérhver fjáreigandi skal skyldur til þess að hafa glöggt og löglegt eyrnamark á sauðfé sínu, en afeyrt er með öllu hannað. Nú eignast maður kindur, sem hann getur ekki markað undir sitt mark, og skal hann því skyldur til bæði að fá leyfi markeiganda, ef kostur er á, að láta það ganga með markinu, og brennimerkja og hornmarka þær svo glöggt, sem verða má. Afhenda ber hreppsnefndinni skriflega lýsingu á eyrnamarki og öðrum einkennum kindna þessara fyrir ágústmánaðarlok ár hvert. Nú vill einhver taka upp nýtt fjármark. Skal hann þá tilkynna það hreppsnefndaroddvita og hreppstjóra, bæði í hreppnum, sem hann býr í, og í aðliggjandi hreppum, og innfæra þeir það í markaskrá sína. Enginn má taka upp fjármark, sem annar sýslubúi hefur, né hafa fleiri en tvö fjármörk.

9. gr.

Nú flytur markeigandi inn í sýsluna. Skal hann þá tilkynna mark sitt á þann hátt, sem segir í 8. gr. Eigi hann sammerkt við einhvern í sýslunni, skal hann leggja mark sitt niður eða semja við hlutaðeigandi um notkun þess. Skylt er hverjum markeiganda að láta prenta mark sitt þegar markaskrá sýslunnar er prentuð. Allir markeigendur skulu fé eitt eintak af markaskránni.

10. gr.

Á brennimarki sýslunnar skulu vera stafirnir SH og að auki tölustafir, þannig:

SH 1. Fyrir Kolbeinsstaðahrepp.	SH 7. Fyrir Ólafsvíkurhrepp.
SH 2. — Eyjahrepp.	SH 8. — Fróðárhrepp.
SH 3. — Miklaholtshrepp.	SH 9. — Eyrarsveit.
SH 4. — Staðarsveit.	SH 10. — Helgafellssveit.
SH 5. — Breiðvíkurhrepp.	SH 11. — Stykkishólshrepp.
SH 6. — Neshrepp utan Ennis.	SH 12. — Skógarstrandahrepp.

Brennimörk þessi skulu vera sett framan á vinstra horn kindarinnar, en brennimörk eiganda framan á hægri horn. Skylt er öllum þeim, er soramarkaðar kindur eiga, að nota þessi brennimörk á hyrndar kindur.

7

6. jan.

11. gr.

Markaskrá sýslunnar skal prenta tíunda hvert ár, nema sýslunefnd ákveði annað, og viðauka yfir nöfn fimmta hvert ár, ef þörf krefur. Og skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um að safna öllum eyrna- og brennimörkum í hreppnum og setja þau saman eftir stafrófsröð í greinilegar skrár. Hreppsnefndin skal því næst, eftir að hún hefur samið skrána, leggja hana fram til sýnis fyrir fjáreigendur í hreppnum, svo að hverjum þeirra gefist kostur á að sjá, að mark sitt sé rétt skrásett. Síðan sendir hreppsnefndin sýslunefndinni skrána, sem annast svo um að aðalskrá sé samín yfir öll mörk í sýslunni og síðan prentuð.

Sérhver markeigandi er skyldur að skýra hreppsnefnd sinni frá marki sínu, svo að það komi í markaskrána. Skal hver markeigandi greiða fyrir prentun marks síns það, sem sýslunefndin ákveður, og gengur það til prentunarkostnaðar. Fyrir brennimörk skal þó eigi greidd nein sérstök borgun.

Skyldar skulu hreppsnefndir að semja skrá yfir öll fjármörk í hreppnum svo mörg eintök, að hver sá, sem sendur er í aðrar réttir, geti fengið eintak. Og skulu þeir markeigendur skyldir til þess að senda oddvitum mark sitt fyrir 15. ágúst, sem flutt hafa inn í hreppinn næsta vor á undan, svo og þeir, sem taka upp nýtt mark eða breyta um mark. Skrár þessar skulu afhentar oddvitum að afloknum skilarettum ár hvert.

12. gr.

Enginn má blóðmarka kindur í réttum eða að hausti, nema því aðeins að viðstaddir séu tveir vottar.

Brot móti þessum kafla varða kr. 10.00 til kr. 500.00 sektum.

IV. KAFLI Um fjallskil.

13. gr.

Á ári hverju skulu hreppsnefndir, hver í sínum hreppi, kveðja skriflega með nægum fyrirvara alla þá, sem skyldir eru að ganga á fjall eftir sauðfé, samkvæmt 14. gr. í reglugerð þessari, til þess að leita afréttir og önnur fjalllönd, innan merkja þeirra, sem tilgreind eru í 15. gr. Fjallskilaboð þetta gangi sem þingboð um hreppinn og varðar það sektum ef tefst eða niður fellur. Skal í því nákvæmlega ákveða, hvernig fjallgöngum skal haga, rekstrum til rétta, geymslu safnsins við réttina þangað til réttarhald byrjar, hverjir skulu sækja fé í utansveitarréttir og aðrar réttir, og hvað annað, sem tilheyrir fjallskilum.

Til að sækja fé í utansveitarréttir skal velja markglögga og gætna menn. Þeir skulu vera útbúnir með markaskrá sýslunnar og hreppsins. Hreppsnefndin skal og skipa fyrir um, hverjir skulu vera leitarstjórar og skulu þeir ætíð skyldir til þess að ganga með leitarmönnum. Öll óhlýðni gegn fyrirskipun hreppsnefndar og leitarstjóra, varðar sektum samkv. 24. gr.

14. gr.

Hver sá maður, sem á eða hefur umráð yfir allt að 12 kindum, er til fjalls skulu reknar, hvort heldur er lömb eða roskið fé, skal skyldur til að greiða kr. 1.00 fyrir hverja kind til hlutaðeigandi hreppsnefndar, sem svo verji því til fjallskila í hreppnum eftir því, sem þörf krefur, ella falli í sveitarsjóð þess hrepps, er fjallskilin eiga að fara fram í. Hreppsnefndir innheimta gjald þetta og má taka það lögtaki á kostnað gjaldanda samkv. lögum frá 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám.

Hver sá, sem á eða hefur umsjón yfir 12 kindum og þar yfir, skal skyldur að gera fjallskil eftir fyrirskipun hreppsnefndar þeirrar, sem hlut á að máli, en jafna

skal nákvæmlega niður fjallskilum á alla fjáreigendur eftir sauðfjártölu og þörf- 7
um, svo að fjallskilum og fjárheimtum sé svo vel fullnægt, sem unnt er, enda segi 6. jan.
hver fjáreigandi hreppsnefnd til fjáreignar sinnar á fjalli fyrir 15. ágúst ár hvert.

Nú reka menn einnig fé á fjall í öðrum hreppi, og skulu þeir þá skyldir að greiða gjald það, sem ræðir um í 1. málsgrein þessarar greinar, eða gera fjallskil þar, eftir fjármagni því, sem þar er rekið til fjalls. En reki þeir ekkert fé til fjalls í þeim hreppi, sem þeir eru fjallskyldir í, greiða þeir samt helming þess gjalds, sem ákveðið er í 1. mgr. þessarar greinar í sveitarsjóð þess hrepps, en þeir sem eiga 12 kindur og þar yfir, en reka ekkert fé til fjalls í sínum hreppi, skulu, auk fjallskilanna í hinum framandi hreppi, skyldir að leggja til að minnsta kosti einn mann í tvær göngur til fjallskila í sínum hreppi.

15. gr.

Þeir, sem nytja jarðir sem hafa fjallland, er telst til upprekstrarlands, og eigi eru ábúendur, svo og ábúendur á slíkum jörðum, þótt ekki hafi þeir sauðfé, skulu skyldir til fjallskila í þeim hreppi, sem jörðin liggur í. Fjallskil þessi svari til einum til tveimur dagsverkum á ári fyrir hverja slíka jörð.

16. gr.

Þessi eru gangnamerki hreppa í milli: Langmerkin eru fjallgarðurinn, þar sem hann er hæstur, eins og vötnum hallar, eða þar sem hreppalönd ná saman, nema þar sem öðru vísi er ákveðið í grein þessari.

Þvermerkin eru þessi: Á milli Hörðudals og Skógarstrandarhrepps: Gunnarsstaðará milli fjalls og fjöru. Leita Skógstrendingar þaðan að Kársstaðarhálsi. Þaðan leita Helgfellingar og Stykkishólmsbúar að Grímsskarði (Syðradysi), Rauðsteinalæk, Moldargilsá, Axarhamri og Tröllahálsi. Þaðan leita Eyrsvéitingar að Kaldnasa, Kistufelli, Höfðakúlum og Búlandsgili. Þaðan leita Fróðhreppingar að Stafnafelli, Steinalhlíð, Miðfellsöxl, Ytri-Moldarmúla, Hestdalsbotni, Hesti, Rauðukúlu, Folahnúk, Tvísteinu, Merarvörðu og Blindaugum. Þaðan leita Ólafsvíkurbúar um Geldingafell, þaðan þvert niður í Giljatungu í Fossdal, Hróaskarð Einbúa og Loðnugjá. Þaðan leita Neshreppingar að Skarðsvík, Brattahrauni, Kálfadölum, Miðfelli og Bárðarkistu. Þaðan leita Breiðvíkingar að Axlargangi, beina stefnu í Rjúpnaborgir, eftir hreppamerkjum milli Staðarsveitar og Breiðvíkur. Þaðan leita Staðsveitingar að Djúpagili, Urðarmúla, Baulárvallavatni að Moldargilsá. Þaðan leita Miklhreppingar að Skyr-tunnu, Hafursfelli og Svínhól. Þaðan leita Eyhreppingar að Svínavatni, Svinaskarði, Arná, Oddastaðavatni og Hafursfjarðará. Þaðan leita Kolhreppingar að Geirhnúk eftir Vatnshlíðareggjum að Klyfsandi og Hítará.

Þar, sem fjöll og hálsar ráða þvermerkjum, skal frá báðum hliðum gengið að vatnaskilum.

17. gr.

Næsta dag fyrir leitardagana skal hver bóndi og nytjandi jarðar skyldur að leita vandlega sín heimalönd, þau sem ekki eru leituð til rétta, og skal hann í tæka tíð reka allt það fé, sem í þeim leitum finnst og hann ekki á sjálfur eða heimafolk hans, til rétta eða í fjallsafnið. Heimalönd teljast aðeins þau lönd, sem notuð eru fyrir mályntupening og brúkunarhross, en víðáttumeiri lönd séu leituð eftir fyrirskipun hreppsnefndar.

18. gr.

Þrjár skulu fjalleitir á hausti hverju. Til fyrstu leitar skal gengið daginn áður en réttað er, þar sem hreppsnefnd álitur þess þörf. Til miðréttar (skilaréttar) skal gengið fimmtudaginn í 24. viku sumars í öllum hreppum sýslunnar, og skilarétt haldin næsta dag á eftir. Til þriðju réttar skal gengið fimmtudaginn síðastan í sumri og réttað daginn eftir. Leitardagar skulu tilgreindir í fjallskilaboðinu.

7

6. jan.

19. gr.

Leitarstjórar skulu annast um, að leitir fari vel og skipulega fram. Til þess heyrir meðal annars, að leitarmenn hefji leitina, þá er sauðljóst er orðið, og hittist úr nágrannahreppi eða bíði hver eftir öðrum á gangnamerkjum, þar sem því verður við komið, enda haldi þeir leitinni samhlíða hver til sinnar réttar.

Nú hittir leitarmaður vanfæra kind í leit sinni, og álitur, að hann geti ekki komið henni til réttar án þess að vanrækja göngu sína. Skal hann þá athuga mark og auðkenni á henni og aflifa hana, ef hún er mjög aðframingin, og dysja forsvaranlega þannig, að hann geti vísað til hennar og skýrt frá marki á henni.

20. gr.

Leitarstjórar skulu vandlega gæta þess, að allir þeir, sem fjallskil eiga að gera, leggi svo marga fullgilda menn til, sem hreppsnefndin hefur ákveðið samkv. 14. gr.

Nú vanrækir einhver að gera þau fjallskil, sem á hann voru lögð, og má þá hreppsnefndin eða leitarstjóri, verði því við komið, kaupa menn til að vinna það, sem á vantar til fjallskilanna upp á hans kostnað, eftir mati óvilhallra manna, enda gjaldi að auki sekt samkv. 24. gr.

21. gr.

Leitarstjóri skal strax hlífðarlaust tilkynna hlutaðeigandi hreppsnefnd alla óhlýðni gegn fyrirskipunum hans, en hreppsnefndin kærir slíkt sem sérhverja aðra skylduvarnærslu með tilliti til fjallskila fyrir sýslumanni til sekta. Sömuleiðis hefur hver einstakur maður rétt til að kæra til hreppsnefndar hafi hún beitt við hann rangindum eða íþyngt honum fram yfir það, sem þessi reglugerð leyfir, og skal hann hafa gert það skriflega til oddvita fyrir 20. október það ár, en nái hann ekki rétti sínum á þann hátt, getur hann skotið máli sínu til sýslumanns til endanlegs úrskurðar.

22. gr.

Fjallafé það, sem ofan slangrar að sumrinu, skal þegar þörf gerist, reka til fjalls í lönd þau, sem notuð eru til upprekstrar.

23. gr.

Auk heimalandssmalana, sem getið er um í 17. gr., geta hreppsnefndir svo oft, sem þörf gerist, fyrirskipað almenna smölun í öllum heimalöndum í hreppnum, og skal þá öllu fé komið beinustu leið til áttaha sinna.

Nú kemur rekstur til búanda. Skal hann þá, ef mögulegt er, láta rannsaka hann og taka úr honum kindur þær, sem ekki eru á réttri leið, ef nokkrar eru, og leiðbeina þeim í rétta átt, svo fljótt sem því verður við komið.

24. gr.

Hver, sem finnur kind í fjallöndum þeim, sem ekki teljast búfjárhagar, að afstöðnum öllum lögboðnum leitum, skal fá fundarlaun, eftir mati óvilhallra manna. Þó mega þau ekki fara fram úr einum fjórða verðs þess sem kindurnar eru metnar.

Af þeim kindum, sem finnast heima í búfjárhögum, ber ekki að greiða fundarlaun, en sérstaka fyrirhöfn sem fyrir þeim er haft, ber að borga.

Komi utansveitarkindur fyrir í heimafé manna að afstöðnum öllum réttum, og hafi þær orðið þar innlyksa fyrir trassaskap þess, sem kindurnar hafa verið hjá, skal hann tafarlaust tilkynna eiganda kindanna og annast þær, eiganda að kostnaðarlausu, þar til hann vitjar þeirra, ef eigandinn ekki sýnir ótilhlýðilegan drátt á að vitja þeirra.

Brot móti þessum kafla varða kr. 10.00 til kr. 500.00 sektum.

V. KAFLI

Um réttarhöld og meðferð á úrtíningsfé.

7

6. jan.

25. gr.

Þar skulu réttir vera, sem segir í 27. gr., og svo langt og víða til reka, sem segir í 16. gr. Breyta má þessu með samþykki meiri hluta hreppsþúa, hreppsnefndar og sýslunefndar.

26. gr.

Þrisvar skal rétta á hausti í hverri lögskilarétt, samkv. 18. gr., og skulu hreppsnefndir annast um, að réttir séu að öllu vel upp byggðar, og nægir dilkar handa öllum hreppsþúum, sem sjálfir annast um dilkadyr sínar, meðan á réttarhaldinu stendur, helzt með grindum, eða á annan jafntryggan hátt, og annast þeir einnig um árlegt viðhald á dilkum sínum. Hreppsnefnd skal þó heimilt að taka í sínar hendur viðhald réttardilka, þar sem hún álitur slíka tilhögun heppilegri.

Dilka handa utanhreppsþúum eru hreppsþúar ekki skyldir að leggja til, nema jafnstóra því dilkrúmi, sem þeir þurfa að fá hjá utanhreppsþúum. Þeir menn, sem reka fé sitt á fjall í öðrum sveitum, skulu sjá sér þar sjálfir fyrir dilkrúmi. Hreppsnefndir kjósa einn mann úr sínum flokki fyrir réttarstjóra.

27. gr.

Réttir skulu haldnar í þeirri röð og á þeim dögum, er nú skal greina: Kaldárþakkarétt, Þverárrétt, Vörðufellsrétt og Kothraunsrétt mánudaginn í 22. viku sumars. Mýrdalsrétt, Drangarétt, Arnarhólsrétt og Selgilsrétt þriðjudaginn í 22. viku sumars. Miðhraunsrétt og Lárdalsrétt miðvikudaginn í 22. viku sumars. Brekkurétt og Grundarrétt fimmtudaginn í 23. viku sumars. Haukabrekkurétt, Ólafsvíkurrétt og Bláfeldarrétt föstudaginn í 23. viku sumars. Hamraendarétt, Fagurhólsrétt og Hraunskarðsrétt laugardaginn í 23. viku sumars.

Kaldárdalsrétt, Selgilsrétt, Kothraunsrétt og Lárdalsrétt eru aukaréttir, en hinar allar lögskilaréttir.

Í þeim hreppum, sem aukaréttir eru í, er hlutaðeigandi hreppsnefndum skylt að sjá um, að öllu úrtíningsfé, er fyrir kann að koma í aukaréttum á haustin, sé tafarlaust komið til lögskilaréttar. Hlutaðeigandi hreppsnefndum er skylt að sjá um, að aukaréttirnar séu þannig útbúnar, hvað dilka og fyrirkomulag snertir, að réttarhaldið geti farið vel og skipulega fram.

28. gr.

Hreppstjórar skulu halda lögreglu í hverri lögskila- og aukarétt, en réttarstjóri annast um innrekstur fjárins og sér um, að féð ekki troðist undir, gætir þess, að fénu sé ekki á nokkurn hátt misþyrmt og kallar hreppstjóra til, ef svo ber við. Lítur eftir, að sundurdráttur fjárins fari vel og skipulega fram. Markglöggir menn skoði í dilka áður en út er hleypt, og gæti þess, að féð fari ekki saman í dilkum. Skal því enginn hleypa út, fyrr en réttarstjórinn leyfir, sem ekki sé fyrr en búið er að töflulega úrtíning og skal þá aðalreglan sú, að undanhreppsmenn hleypi fyrst út, og svo þeir, sem lengst eru að.

29. gr.

Ómerkinga alla skal draga í sérstakan dilk og skulu þeir geymdir þar, unz búið er að draga úr almenningnum. Að loknum fjádrætti, skal þeim sleppt í almenninginn og skal þangað færa allar ær, sem von er um að ættu þá, svo þær geti helgað sér lömb sín. Réttarstjóri skal jafnan vera viðstaddur og engum skal heimilt að taka ómerking sem sína eign, nema með samþykki hans og meiri hluta hreppsnefndar, sé hann viðstaddur.

7 6. jan. Alla ómerkinga, sem enginn finnst eigandi að, skal selja strax á réttarstaðnum, og andvirði þeirra renna í sveitarsjóð. Um ómerkinga, sem finnast eftir réttir, fer um sem annað óskilafé, ef enginn getur helgað sér þá. Og rennur einnig andvirði þeirra í sveitarsjóð.

Geti menn sannað með framburði tveggja óvilhallra og áreiðanlegra manna, að ær hafi helgað sér seldan ómerking, skal eigandi ærinnar fá andvirði ómerkingsins að frádregnum uppboðskostnaði.

30. gr.

Mýétning allan skal selja í hverri lögskilarétt, þó því aðeins að enginn geti helgað sér þá, og að eyrun séu svo skemmd að ekkert mark verði gert úr. Réttarstjóri skal kalla til hreppstjóra og markglögga menn, bæði innan hrepps og utan hrepps og séu þeir allir samdóma um markleysi þessara kinda, og fer þá um kindur þessar eins og annað óskilafé. Sama er um þá mýétninga, sem finnast eftir réttir. Andvirði mýétninganna rennur í viðkomandi sveitarsjóð.

31. gr.

Öllum úrtíningi úr fyrstu rétt skal sleppt í land réttarbónda eða annars, ef hentugra þykir. En fé það, sem ekki dregst upp eða hirt er í skilarétt, skal þá þegar afhent hreppstjóra, og skal hann þá strax kveðja til með sér tvo markglögga og gætna menn. Skulu þeir allir skoða kindurnar, bæði eyrnamörk og hornamörk, og segja til marka. Hreppstjóri skal skrifa mörkin nákvæmlega upp og lesa þau upp í heyranda hljóði. Það, sem þá verður óuppdregið, skal þegar sett á opinbert uppboð, án útlausnarfrests. Allir þessir þrír menn bera ábyrgð á að mörkunum sé rétt lýst.

32. gr.

Réttartoll fyrir lögskilarétt skal greiða úr sveitarsjóði búanda þeim á hvers landi réttin stendur, kr. 20.00 til kr. 30.00 eftir samkomulagi hlutaðeiganda, eða mati óvilhallra manna.

33. gr.

Nú komast utanhrepps kindur fyrir í einhverjum hreppi eftir afstaðnar skilaréttir, og þekkjja menn eigendur að þeim. Skulu þær þá á kostnað eiganda þeirra geymdar í vörzlu hreppstjóra eða annarra, ef heppilegra þykir. Hreppstjóri annast um að eigendum verði tafarlaust gert aðvart um þetta, séu þeir í nálægum hreppum. Hafi eigendur ekki ráðstafað kindum þessum fyrir Marteinsmessu skal hlutaðeigandi hreppstjóri selja þær við opinbert uppboð, sem áður sé auglýst í hreppnum með nægum fyrirvara. Kindur þær, sem koma fyrir eftir skilarétt og ekki þekkjast eigendur að, skal fara með á sama hátt. Geymslukostnaður sé kr. 0.15 á sólarhring.

34. gr.

Lýsing á óskilafé því, sem við opinbert uppboð er selt, skal sendast sýslumanni fyrir miðjan desember, sem auglýsir hana í Lögbirtingablaðinu á kostnað sýslusjóðs, ekki síðar en í febrúar næsta ár. Skal þá hver sá, sem getur helgað sér eitthvað af hinu selda fé, hafa rétt til að fá andvirði þess, ef hann hefur gefið sig fram og sannað eignarrétt sinn fyrir næstu Mikaelsmessu. Þó að frádregnum öllum lögmaetum og sanngjörnum kostnaði, sem fyrir því var hafður.

VI. KAFLI

Um fjármarkaðshöld á haustin og rekstur á sölufé.

7

6. jan.

35. gr.

Allt fé í sölufjárrekstrum skal vera merkt skýru rekstrarmerki, er sé svo glögggt, að það sjáist vel tilskýndar í björtu og svo traust, að það máist eigi af, þótt votviðri gangi. Auk þess merkis skulu fjárkaupmenn spjaldbinda hverja kind og skal spjaldið vera með glöggu og góðu merki fjárkaupmanns þess, sem kindina kaupir og enn fremur áframhaldandi tölumerki.

36. gr.

Varast skal svo sem auðið er, að rekstrum lendi saman við annað fé. Eigi má halda áfram með rekstur úr því svo dimmt er orðið, að ekki er markljóst, nema brýn nauðsyn beri til. Svo má og eigi leggja upp með rekstur fyrr en markljóst er orðið.

37. gr.

Rekstrarmenn skulu gæta þess, komi kindur saman við reksturinn, að skilja þær strax úr rekstri sínum, svo að þær ekki rekist til ógreiða. Ef þeir reka kindur til ógreiða með rekstri sínum, skulu þeir skyldir til að koma þeim á sinn kostnað til eiganda, ella sæta ábyrgð fyrir.

Brot móti þessum kafla varða 10.00 til 500.00 kr. sektum, er hálfar ganga til uppljóstrarmanns en hálfar til viðkomandi sveitarsjóðs.

VII. KAFLI

Um hross og naut.

38. gr.

Enginn hrossa- eða nautaeigandi má sleppa þeim ómörkuðum. Skyldur er hver sá, sem á hross eða naut, sem ekki eru í daglegri hirðingu, að lýsa marki sínu á þeim fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd og láta prenta það við fyrsta tækifæri í markaskrá sýslunnar.

39. gr.

Alls staðar í sýslunni, þar sem stóðhross ganga að sumrinu, skal þeim að haustinu smalað og réttað í skilarétt. Þau hross, sem þá ekki þekkjast eigendur að, og enginn hirðir, skulu tekin til geymslu á kostnað eiganda og auglýst sem annað óskilafé. Þó skulu þau ekki seld fyrir 30. nóv. þ. á. Geymslukostnaður fari ekki fram úr 25 aurum á sólarhring.

40. gr.

Hver sá, sem í leyfisleysi lætur hross sín eða þau, sem hann tekur til haggöngu af öðrum, ganga í landi annarra og hirðir þau ekki innan tveggja sólarhringa eftir að hann hefur fengið tilkynningu um að hirða þau, greiði 50 aura um sólarhring hvern fyrir hvert þeirra í hagatoll, til þess manns, sem fyrir áganginum verður. Upprekstrartollur skal vera 5 krónur fyrir hvert hross, sé ekki öðru vísi um samið.

Brot móti þessum kafla varðar 10.00—500.00 kr. sektum.

VIII. KAFLI

Um grenjaleitir og eyðing refa.

41. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, hver í sínum hreppi, að eitrað sé fyrir refi á hverjum vetri, þar sem haganlegast þykir. Skal það gert fyrir janúarmánaðarlok ár hvert.

42. gr.

Aðalreglan við eitrun sé sú, að til þess sé notað hrossa- eða kindakjöt, og skal hreppsnefndin sjá um, hver í sínum hreppi, að nóg kjöt sé til, þegar eitrun á fram að fara, og eitra eftir þörfum. Eitrað sé með stryknin og sé það framkvæmt af manni, sem til þess er kjörinn af hreppsnefndinni, og sé hann til þess eiðsvarinn.

43. gr.

Eitrunarmaður skal gera bónda aðvart um, hvar hann leggur niður eitur í landareign hans, sem skal vera þar, sem minnst hættu getur af því stafað, og skal því helzt forðast að leggja niður eitur á graslendi. Í búfjárhögum eða nálægt bæjum má alls ekki eitra þó á graslausu svæði sé, nema um því stærri hraunfláka sé að ræða. Einnig er hreppsnefnd heimilt að láta eitra á þeim grenjum á vorin, sem ekki vinnast til fulls.

44. gr.

Fyrir aprilmánaðarlok ár hvert skal maður sá, sem eitrunarstarfið hefur með höndum, fara á þá staði, sem hann lagði niður eitur á, þegar eitrun fór fram, taka það sem eftir kann að vera af því, sem eitrað var, urða það og grafa vel og vandlega.

45. gr.

Allur kostnaður við eitrunina greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði, sem og allur annar kostnaður við eyðingu refa.

46. gr.

Með grenjavinnslu og refaveiðar skal algerlega farið eftir lögum um refaveiðar nr. 108 11. ágúst 1933.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði.

47. gr.

Allar sektir, sem nefndar eru í þessari reglugerð, aðrar en þær, sem nefndar eru í 37. gr., renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

48. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

49. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um fjallskil m. m., frá 24. júlí 1930, ásamt þeim breytingum, sem á henni hafa verið gerðar.

Reglugerð þessi, sem samin hefur verið og samþykkt af sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. janúar 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

um notkun heimildar viðaukalaga nr. 126 1947 við lög nr. 50 7. maí 1946,
um almannatryggingar.

8

14. jan.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, að notaðar verði heimildir þær, sem henni eru veittar í lögum nr. 126 1947, um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, með þeim frávikum, að iðgjöld þau, samkv. 107. gr. og 112. gr., og framlög sveitarfélaga samkv. 114. gr. almannatryggingalaganna, sem um ræðir í 6. tölu-lið 1. gr. viðaukalaganna, skuli á árinu 1948 innheimt með vísitöluálagi, er miðist við 310 vísitölustig.

Tryggingastofnun ríkisins hefur verið tilkynnt þessi ákvörðun og henni falið að sjá um framkvæmd viðaukalaganna, að því leyti sem við getur átt.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gtsli Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Frjálslynda safn- 9
aðarins í Reykjavík“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. jan.
16. janúar 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir gjöf Frjálslynda safnaðarins í Reykjavík til
Barnaspítalasjóðs Hringsins í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Frjálslynda safnaðarins í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður af gjafafé frá Frjálslynda söfnuðinum í Reykjavík, að upphæð 73298.52 — sjötíu og þrjú þúsund tvö hundruð níutíu og átta krónur 52/100 — samkvæmt ályktun safnaðarfundar hinn 13. október 1946, er safnaðarslit voru ákveðin.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af eignum hans, eins og hann er á hverjum tíma.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, formaður sjóðstjórnar verði núverandi 2. prestur dómkirkjunnar í Reykjavík, séra Jón Auðuns, og að honum látnum taki ávallt sæti hans í stjórninni dómkirkjupresturinn í Reykjavík. Meðstjórnendur skulu vera formaður Kvenfélagsins Hringsins í Reykjavík og yfirhjúkrunarkona væntanlegs barnaspítala Hringsins í Reykjavík. Ef einhver þessara aðila skorast undan að taka sæti í sjóðstjórninni, skal borgardómarinn í Reykjavík tilnefna mann eða menn í staðinn.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að annast vörzlu og ávöxtun sjóðsins á hverjum tíma.

9

16. jan.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og árlega skal leggjast við hann $\frac{1}{5}$ hluti ársvaxta stofnfjárins.

7. gr.

Af ársvöxtum sjóðsins skal verja $\frac{4}{5}$ hlutum til styrktar fátækum börnum, er dvelja á væntanlegum barnaspítala Hringins í Reykjavík. Skal veita þeim styrki til að fullnægja persónulegum þörfum þeirra, sérstaklega fatnaðarþörf. Ef öllum vöxtum ($\frac{4}{5}$) verður ekki úthlutað árlega, skal afgangurinn leggjast við höfuðstólinn. Allir vextir leggjast við höfuðstólinn, þar til spítalinn tekur til starfa.

8. gr.

Stjórn sjóðsins veitir styrki úr sjóðnum og annast allar fjárreiður hans og reikningshald. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og birtir í B-deild stjórnartíðindanna.

9. gr.

Um styrkveitingar ræður einfaldur meiri hluti sjóðstjórnar. Styrkurinn skal veittur í peningum eða á annan hátt, eftir því sem sjóðstjórnin ákveður hverju sinni.

10. gr.

Þar til væntanlegur barnaspítali Hringins tekur til starfa og sjóðstjórnin samkvæmt 4. gr. er ekki fullskipuð, tilnefni borgardómarinn í Reykjavík þriðja mann í sjóðstjórnina.

11. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 14. janúar 1948.

Í stjórn Frjálslynda safnaðarins í Reykjavík.

St. A. Pálsson. Guðm. Guðjónsson. Guðný Vilhjálmisdóttir. Ingi Árdal.
Sólm. Einarsson. Hulda Ingvarsdóttir. Lúðvík Bjarnason.

10

2. jan.

AUGLÝSING

um lækun aðflutningsgjalda á kornvörum og sykri.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 129 29. des. 1947, um breyting á þeim lögum, hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður frá 1. janúar þ. á. að telja til ársloka 1948 verðtoll af: baunum, ertum, linsum, hveiti, rúgi, rís með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru; mjöli úr hveiti, úr rúgi, úr rís, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjónum úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr rís og öðru ótöldu.

Enn fremur að lækka um helming á sama tímabili aðflutningsgjöld af sykri, strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppasykri.

Auk þess hefur verið ákveðið, að ekki skuli innheimta verðtoll af farmgjaldi af ofangreindum sykri á sama tímabili.

Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

AUGLÝSING

um slit á skemmtunum og samkomum.

11

15. jan.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 120 22. des. 1947, um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, hefur dómsmálaráðherra ákveðið, að skemmtunum, dansleikjum og öðrum samkvæmum, sem fram fara á almennum skemmtistöðum, félagsheimilum eða veitingahúsum, skuli slitið í síðasta lagi klukkan eitt eftir miðnætti.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum allt að kr. 10000.00.

Reglur þessar taka gildi 1. febrúar n. k.

Dómsmálaráðuneytið, 15. janúar 1948.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

um lágmarksverð á nýjum fiski.

12

19. jan.

Samkv. IV. kafla laga nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir, er hér með ákveðið, að frá og með 1. janúar 1948 skuli lágmarksverð á nýjum fiski vera sem hér segir: Þorskur, ýsa, langa og sandkoli:

Slægður með haus	kr. 0.65	hvert kg
Slægður og hausaður	— 0.845	— —
Óslægður	— 0.55	— —
Flattur	— 0.96	— —
Karfi og keila:		
Slægður með haus	— 0.27	— —
Slægður og hausaður	— 0.36	— —
Ufsi:		
Slægður með haus	— 0.34	— —
Slægður og hausaður	— 0.45	— —
Skötubörð:		
Stór	— 0.50	— —
Smá	— 0.35	— —
Steinbítur í nothæfu standi, slægður með haus	— 0.45	— —
Flatfiskur (allur annar en stórkjafta, langlúra, sandkoli og lúða yfir 15 kg)	— 1.60	— —
Stórkjafta og langlúra	— 0.85	— —
Háfur	— 0.20	— —

Ákvæði þessi gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 19. janúar 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1948.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun, undirskrifuð af forsetanum 7. janúar 1948, nr. 1.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtiðarráðstafanir, undirskrifuð af forsetanum 16. janúar 1948, nr. 2.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda, undirskrifuð af forsetanum 9. janúar 1948, nr. 3.

Auðlýsing um samkomulag viðvikjandi sölu nýrrar sildar til hernámssvæða Bandaríkja Ameríku og Stóra-Bretlands í Þýzkalandi, undirskrifuð af utanríkisráðherra 22. janúar 1948, nr. 4.

Forsetabréf um viðauka við forsetabréf frá 11. júlí 1944, um hina íslensku fálkaorðu, undirskrifuð af forsetanum 23. janúar 1948, nr. 5.

Lög um tekjuskattviðauka árið 1948, undirskrifuð af forsetanum 2. febrúar 1948, nr. 6.

Auðlýsing um vegabréfsáritanir, undirskrifuð af utanríkisráðherra 10. febrúar 1948, nr. 7.

Lög um heimild handa samöngumálaráðherra til þess að veita stýrimannskirteini og vélstjórnaskirteini, undirskrifuð af forsetanum 13. febrúar 1948, nr. 8.

Lög viðvikjandi nafnbreyting Vinnuveitendafélags Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 9.

Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1948, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 10.

Auðlýsing um gildistöku stofnskrár alþjóða-veðurfræðistofnunarinnar, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 11.

Auðlýsing um afnám visum-skyldu í Sviss, undirskrifuð af utanríkisráðherra 1. marz 1948, nr. 12.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 13.

Lög um ákvörðun fésekta, undirskrifuð af forsetanum 8. marz 1948, nr. 14.

Lög um innflutning búfjár, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 15.

Lög um smíði tveggja þúfara togara í tilraunaskyni, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 16.

Lög um skráning skipa, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 17.

Lög um breyting á lögum nr. 60/1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 18.

REGLUR

13

15. jan.

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins.

Samkvæmt 64. gr. laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, eru hér með settar eftirfarandi reglur um laun fyrir skoðun á skipum, sem framkvæmd er af hinum lögskipuðu skipaskoðunarmönnum, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði.

1. gr.

Fyrir skoðun á skipi eða opnum bát greiðir lögreglustjóri f. h. ríkissjóðs laun svo sem hér segir til skipaskoðunarmanna, er hann hefur fengið vottorð um, að skoðunin hafi farið fram:

A. Fyrir opinn bát án vélar	kr.	4.00
B. Fyrir opinn bát með vél	—	6.00
C. Skip með þilfari, sem ganga fyrir vélaflí:		
Skip minni en 15 rúmlestir	kr.	22.00
— 15— 30 rúml. kr. 1.20 pr. rúml., minnsta gjald	—	25.00
— 30— 50 — — 1.00 — — —	—	36.00
— 50— 100 — — 0.90 — — —	—	50.00
— 100— 200 — — 0.70 — — —	—	90.00
— 200— 400 — — 0.60 — — —	—	140.00
— 400— 800 — — 0.50 — — —	—	240.00
— 800— 1200 — — 0.40 — — —	—	400.00
— 1200— 1600 — — 0.35 — — —	—	480.00
— 1600— 2000 — — 0.30 — — —	—	560.00
— 2000 rúml. og yfir — 0.20 — — —	—	600.00
D. Fyrir botnskoðun á skipi og skráfuöxli, ef skoðunin fer ekki fram um leið og aðal- eða aukaskoðun, skal greiða:		
Fyrir skip allt að 50 rúml.	kr.	30.00
— — — — 50—200 rúml.	—	40.00
— — — — 200—500 —	—	50.00
— — — — 500—1200 —	—	75.00
— — — — 1200 rúml. og þar yfir	—	90.00
E. Fyrir skoðun á eimkatli:		
Þegar vélar eru minni en 100 indiceruð hestöfl	kr.	25.00
— — — — 100— 200 — —	—	30.00
— — — — 200— 400 — —	—	60.00
— — — — 400— 800 — —	—	75.00
— — — — 800—1200 — —	—	90.00
— — — — 1200 og þar yfir — —	—	120.00

Séu tveir katlar í sama skipi, skal greiða hálf gjald fyrir síðari ketilinn, ef báðir katlarnir eru skoðaðir í sömu ferð skoðunarmannsins, annars fullt gjald.

Nú er skoðunarmaður kvaddur til að skoða skip, en ekki er hægt að byrja á skoðuninni af ástæðum, sem eru skoðunarmanninum óviðkomandi, og greiðir þá útgerðarmaður hálf skoðunargjald, ásamt ferðakostnaði, sé um hann að ræða. Þó greiði útgerðarmaður ekki ferðakostnað hafi skipaskoðunarmaður framkvæmt skoðun á öðru skipi í sömu ferð.

13 15. jan. Þurfi skoðunarmaður að fara fleiri en tvær ferðir til að skoða sama skip eða hluta þess, skal útgerðarmaður greiða kr. 8.00 fyrir hverja ferð fram yfir tvær, og ferðakostnað, sé um hann að ræða.

Fyrir flokkuð skip er gjaldið helmingi minna en tekið er fram í C-lið, haldi skipið flokki, er skoðun fer fram.

Fyrir fyrstu skoðun á nýsmíðuðu skipi, hvort heldur það er smíðað hér á landi eða erlendis, eða skipi innfluttu frá útlöndum, skal greiða gjald samkvæmt C-lið, að viðbættum 50%, og skiptir þá ekki máli, hvort skipið er í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi eða ekki.

Sé skip aðeins skoðað að nokkru leyti, eða einstakir hlutar þess, greiðist gjaldið að tiltölu og ákveður skipaskoðunarstjóri þá gjaldið eftir ástæðum.

Skoðunarmenn skulu fá ferðakostnað sinn endurgreiddan eftir reikningi, er skipaskoðunarstjóri samþykkir. Ríkissjóður greiðir þennan kostnað.

2. gr.

Fyrir skoðun og mælingu á skipi til ákvörðunar á hleðslumerkjum skal greiða skoðunarmanni hálf gjald, eins og það er ákveðið í 58. gr. laga nr. 68/1947, um eftirlit með skipum.

3. gr.

Fyrir eftirlit með smíði tréskipa og óflokkaðra stálskipa skal $\frac{1}{3}$ hluti gjaldsins, eins og það er ákveðið í 55. gr. l. nr. 68/1947, renna í ríkissjóð, en $\frac{2}{3}$ hlutar til þess manns, sem eftirlitið hefur, en taki hann laun úr ríkissjóði, rennur allt gjaldið í ríkissjóð.

4. gr.

Á öll ofangreind gjöld skal greiða verðlagsuppbót.

5. gr.

Með þessum reglum er reglugerð nr. 56 frá 15. apríl 1939, um þóknun til skoðunarmanna, skipa og báta o. fl., numin úr gildi.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. janúar 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

14
24. jan.

um greiðslu sjúkrasamlagsiðgjalda fyrir elli- og örorkulífeyrisþega o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 126 frá 22. desember 1947 greiðir Tryggingastofnun ríkisins á árinu 1948 sjúkrasamlagsiðgjöld fyrir þá ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og ekki hafa hærrí tekjur en svo, að þeir njóta óskerts lífeyris.

Enn fremur greiðir Tryggingastofnunin sama ár sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra annarra gamalmenna og öryrkja, sem uppfylla lífeyrisskilyrði laganna um aldur og örorkustig og njóta eftirlauna eða lífeyris samkvæmt fjárlögum eða úr opinberum sjóðum, ef heildartekjur þeirra, þ. e. lífeyrir, eftirlaun og aðrar tekjur árið 1947 hafa eigi farið fram úr tvöfaldri lífeyrisupphæð.

Iðgjaldagreiðslur þessar af hálfu Tryggingastofnunarinnar eru þó því skilyrði 14 bundnar, að því er varðar þá, sem ekki hafa verið meðlimir sjúkrasamlaga undan- 24. jan. farið, að hlutaðeigandi sjúkrasamlag fallist á, að biðtími þeirra verði eigi lengri en einn mánuður, þannig að þeir fái full samlagsréttindi eigi síðar en 1. febrúar næstkomandi.

Þeir, sem njóta vilja friðinda þeirra, sem að framan getur, snúi sér til hlutaðeigandi sjúkrasamlags.

Tryggingastofnun ríkisins, 24. janúar 1948.

Haraldur Guðmundsson.

AUGLÝSING

um lækkun á húsaleigu.

15

10. jan.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild þá til niðurfærslu á húsaleigu, sem henni er veitt í 15. gr. laga nr. 128 29. des. 1947, um dýrtiðarráðstafanir.

Samkvæmt því leggur félagsmálaráðuneytið hér með fyrir allar starfandi húsaleigunefndir, að hlutast til um það hver í umdæmi sínu, að færð verði niður um 10% — tíu af hundraði — húsaleiga í þeim húsum, sem reist hafa verið eftir árslok 1941, svo og húsaleiga í eldri húsum, þar sem nýr leigusamningur hefur verið gerður eftir árslok 1941. Niðurfærsluskyldan tekur til allra húsaleigusamninga, sem gerðir hafa verið eftir árslok 1941, hvort sem þeir hafa verið staðfestir af húsaleigunefnd eða eigi.

Ákvæði þessi komi til framkvæmda í fyrsta sinn við greiðslu á húsaleigu fyrir janúarmánuð 1948.

Þá ber og að taka tillit til niðurfærslu þessarar við húsaleigu, sem hér eftir verður metin af húsaleigunefndum.

Húsaleigunefndum er falið, að sjá um framkvæmd ákvæða þessara hver í sínu umdæmi á þann hátt, er þær telja best við eiga.

Félagsmálaráðuneytið, 10. janúar 1948.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóns Þorlákssonar verkfræðings“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. janúar 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Jóns Þorlákssonar verkfræðings.

16

23. jan.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frú Ingibjörgu Cl. Þorláksson, haustið 1944, á 40 ára afmæli Iðnskólans í Reykjavík, til minningar um starf Jóns sál. Þorlákssonar við skólann, en hann var aðalstofnandi hans og fyrsti skólastjóri.

16

23. jan.

2. gr.
Stofnfé sjóðsins er 10.000 — tíu þúsund — krónur, sem frú Þorláksson gaf við frammanefnt tækifæri.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en af vaxtatekjum hans má verja $\frac{4}{5}$ til þess að verðlauna þann eða þá nemendur, er beztum árangri ná við burtfararpróf úr væntanlegum framhaldsskóla Iðnskólans í Reykjavík. Eftir að $\frac{4}{5}$ vaxtatekna sjóðsins nema 500 krónum eða meira, skal ekki veita lægri verðlaun en 500 krónur til hvers einstaks, en að öðru leyti ræður stjórn sjóðsins hve há verðlaun hún veitir og hve mörg, innan þeirra takmarka, er skipulagsskrá þessi setur.

4. gr.

Þeir einir, er lokið hafa burtfararprófi úr kvöldskóla Iðnskólans í Reykjavík sem iðnnemar, og stundað hafa framhaldsnám við dagskóla hans, geta hlotið verðlaun úr sjóði þessum.

5. gr.

Á meðan ekki er starfræktur neinn framhaldsskóli við Iðnskólann í Reykjavík, leggjast allar árstekjur sjóðsins við höfuðstól hans.

6. gr.

Skólanefnd Iðnskólans í Reykjavík ásamt formanni Verðfræðingafélags Íslands stjórnar sjóðnum og úthlutar verðlaunum úr honum, og ræður afl atkvæða. Stjórnin skiptir sjálf með sér störfum.

7. gr.

Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans. Peningum sjóðsins skal komið á vöxtu á þann hátt, sem sjóðsstjórnin telur tryggilegan.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga hans skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og tíma og reikninga Iðnskólans í Reykjavík. Skulu reikningarnir skráðir í sömu bók og reikningar skólans. Reikningarnir skulu birtir árlega í B-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún löggildir, og skrá í hana ákvarðanir sínar um ávöxtun sjóðsins, úthlutun úr honum og annað sjóðnum viðvíkjandi, er máli skiptir.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má aldrei breyta nema til samrýmingar löggjöf, er kynni að koma í bága við ákvæði hennar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisforseta á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

17

29. jan.

um slit á skemmtunum og öðrum samkomum.

Í framhaldi af auglýsingu um slit á skemmtunum og samkomum, frá 15. jan. þ. á., er lögreglustjórum hér með fengin heimild til að veita þá eina undanþágu frá þeim ákvæðum, sem þar voru sett, að leyfa að skemmtanir og önnur samkvæmi, sem haldin eru á laugardagskvöldum, megi standa til kl. 2 eftir miðnætti.

Reglur þessar taka gildi 1. febrúar n. k.

Dómsmálaráðuneytið, 29. janúar 1948.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

HAFNARREGLUGERÐ

18

30. jan.

fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Seyðisfjarðarhöfn tekur yfir Seyðisfjörð vestan línu, sem hugsast dregin frá Grýtá í Borgartanga.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins.

Hafnarnefnd er, auk bæjarstjóra, skipuð þrem mönnum, sem bæjarstjórn kýs jafnframt öðrum fastanefndum sínum og til sama tíma. Til aðstoðar þeim skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Skulu þeir ráðnir af bæjarstjórn eftir tillögu hafnarnefndar, sem setur þeim erindisbréf.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmálefna og eftirlit með höfninni og hafnarmannvirkjum, sér um viðhald og umbætur á hvoru tveggja og stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta. Bæjarstjóri annast fjárhald og reikningsskil hafnarsjóðs. Dagleg störf við framkvæmdastjórn og eftirlit annast bæjarstjóri einnig, í samráði við hafnarnefnd.

3. gr.

Eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

4. gr.

Óheimilt er án samþykkis samgöngumálaráðuneytisins að selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af tekjum ársins, sem í hönd fer, að endurnýja lán eða fresta greiðslu þeirra. Enn fremur er óheimilt án samþykkis ráðuneytisins að

18 hefja framkvæmd mannvirkja við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar 30. jan. nægi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

III. KAFLI

Almennar reglur.

5. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða tafarlaust boði og banni hennar eða þeirra starfsmanna, sem hún setur til þess að gæta reglu.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar á því svæði sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu. Telji hafnarnefnd hættu geta stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Enn fremur má banna að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni eða á landi hafnarinnar.

Bannað er stranglega að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni.

7. gr.

Seglfestu eða öðru, sem valdið getur skemmdum, má hvergi kasta út á höfninni. Seglfestu má hvergi taka, nema með leyfi hafnarnefndar.

Bannað er að kasta fiskúrgangi eða öðrum óþrifnaði við hafnarbryggjur.

8. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka, nema samkvæmt tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar. Beiðni um að gera slík mannvirki skal senda hafnarnefnd, er sendir hana áfram til bæjarstjórnar með tillögum sínum.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hættu stafi af því. Sé leyfið ekki notað innan 2 ára frá veitingu þess, fellur það úr gildi, og er óheimilt að framkvæma mannvirkið eftir þann tíma, nema nýtt leyfi komi til.

Heimilt er að nema burt án endurgjalds bryggju eða önnur mannvirki í sjó fram, sem staðið hafa ónotuð í 5 ár eða lengur.

Brot gegn þessari grein varða sektum, allt að 10 þús. krónum, og getur stjórn hafnarmálefna látið nema á burt á kostnað eiganda mannvirki, sem byggt er í óleyfi eða án þess að settum skilyrðum sé fylgt.

IV. KAFLI

Lega skipa og umferð þeirra á höfninni.

9. gr.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa og skal þeim í hvert skipti skylt að hlýða boði hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar um það,

hvar þau megi leggjast. Ekki mega slík skip liggja svo nærri bryggjum, að ekki sé, að dómi starfsmanna hafnarinnar, nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að og frá. 30. jan.

Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina, né þar sem sæsimanum er hætta búin af þeim.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boði hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarnefnd látið gera það á kostnað hans.

10. gr.

Í sérhverju skipi (að undanteknum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til þess að liggja mannlauð í lægi á höfninni), skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, sem tekið gæti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

11. gr.

Vélbátum, sem heima eiga í Seyðisfjarðarkaupstað eða gerðir eru út þaðan og liggja við sérstök legufæri á höfninni, má ekki leggja svo, að hindri eða tefji umferð um höfnina. Skal hafnarnefnd ákveða, hvar og hvernig legufæri þeirra skuli lögð.

Enginn má leggja eða flytja legufæri báts síns, nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda þeirra að taka þau upp, án leyfis hennar.

12. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða bólvirki. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast þess, að bætt sé úr tafarlaust. Skytt er að hafa tryggar hlífar milli skips og bryggju eða bólvirkis.

13. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það brott, svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefnd látið færa skipið brott á kostnað eiganda.

V. KAFLI

Notkun hafnarbryggna.

14. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrir fram ákveðinni, auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, að öðru jöfnu hafa rétt til þess að leggjast að bryggju, þótt önnur liggja þar fyrir, og verða þau skip að víkja meðan áætlunarskipin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að dómi hafnarnefndar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd vísað skipum frá bryggjunni, telji hún það nauðsynlegt vegna veðurs eða annars. Ef ágreiningur rís, ræður hafnarnefnd, í hverri röð skip komast að bryggju.

15. gr.

Ef nauðsyn ber til þess, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa,

18 sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum 30. jan. þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, sem nær liggja.

16. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notað hefur verið. Farist það fyrir, má hafnarnefnd gera það á þeirra kostnað.

17. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og ekki á öðrum stöðum á landi hafnarinnar en þeim, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar. Skal flytja brott vörur og muni jafn skjótt og hún krefst þess.

VI. KAFLI

Geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

18. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn, til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi, og skal leyfið bundið því skilyrði, að eigandi láti taka það upp eða sprengja það sundur, ef það sekkur, svo að það skemmi ekki höfnina, og sé því ekki fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ákveður hverju sinni, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera, og hvernig þeim skuli vera fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, sem útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af, hvað leka snertir, þótt það sé mannaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn séu á því, á þeim tíma árs, þegar ekki verður heimtað ljós á skipum. Skytt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd krefst þess.

Ljós skulu tendruð á skipum þessum, þegar hafnarnefnd krefst.

19. gr.

Meðan skip liggur mannaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en vikulega fara út í það, til þess að líta eftir því, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Hafnarsjóður ber enga ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lægi á höfninni.

VII. KAFLI

Hafnargjöld.

20. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip og vélskip, stærri en 12 smál. brúttó, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni. Undanþegin eru þó herskip, varðskip, skemmtiferðaskip og björgunarskip.

a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Seyðisfirði og skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 1 krónu af hverri brúttó smálest.

- b. Önnur fiskiskip, 12—50 brúttó smálestir, greiða 15 aura af hverri brúttó smálest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar. 18
- c. Skip, sem sigla eftir opinberum áætlunum, skulu greiða 10 aura af hverri nettó smálest, í hvert sinn, sem þau leggjast á höfnina. Innlend strandferðaskip greiði þó ekki gjaldið oftár en einu sinni á mánuði. 30. jan.
- d. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, skulu greiða 20 aura lestagjald af hverri nettó smálest.

Ef skip liggur á höfninni lengur en 14 daga, skal það greiða hálfst lestagjald að nýju fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skip verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi, né heldur þegar skip liggja á höfn, vegna þess að hafís lokar henni.

21. gr.

Hvert skip, sem leggst við hólvirki eða bryggju eða við hlið annars skips, sem liggur við bryggju á höfninni, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins, taldri í heilum smálestum, en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 10 aura af hverri smálest, þó ekki minna í hvert skipti en 20 krónur fyrir skip minni en 70 smálesta, og 40 krónur fyrir stærri skip.

Herskip, varðskip og skemmtiferðaskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

22. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu grein.

23. gr.

Af vörum, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfst gjald. Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- Vörur, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé svo ákveðið í farmskrá.
- Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
- Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- Allar nauðsynjar herskipa og skemmtiferðaskipa.
- Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.
- Vörur og tæki til hafnarinnar og annarra fyrirtækja bæjarins.

24. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjald-einingu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta bæjarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips hans. Vanti farmskrá skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki bæjarstjóra ástæða til, getur hann, hve nær sem er, látið ákveða vörumagn á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vara meiri en upp var gefið, greiðir skipið kostnað við mælingu hennar.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu umbúðum, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

Ef vafi leikur á því, í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar bæjarstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

18 Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur, og 30. jan. gjald greiðast, eins og þar segir.

25. gr.

Vörugjaldskrá.

A. Aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 10 aurar af hverjum 100 kg:
Kol, salt, sement.
2. flokkur. Gjald 15 aurar af hverjum 100 kg:
Alls konar óunnið járn, bárujárn, eldavélar, saumur, timbur, sem reiknað er eftir þyngd, legsteinar, eldfastur leir, gólf- og veggflísar, eldfastir steinar, garðávextir.
3. flokkur. Gjald 20 aurar af hverjum 100 kg:
Korn- og mjölvörur, kjöt, gufuvélar, benzínvélar, varahlutir til véla, tjara, bik, asfalt, asbest, kaðlar, pappi til húsagerðar, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, heyvinnuvélar, plógar, herfi, sykur, fóðurbætir, kalk, fræ, tilbúinn áburður, olíur og benzín til eldsneytis, til ljósa eða á mótorá.
4. flokkur. Gjald 30 aurar af hverjum 100 kg:
Bifreiðar og varahlutir til þeirra, feiti og olíur til smjörlíkisgerðar og sápugetar, strigi, tvistur, hessian, bindigarn.
5. flokkur. Gjald 10 aurar af hverjum 10 kg:
Málningarvörur og efni til málningar, lakk, kitti, lím, gips, veggfóður, hráefni til iðnaðar, svo sem sýrur, essensar, breinnisteinn o. þ. h., hráefni til kaffibætisgerðar, korkvörur og óunnið kork, brauðvörur, kex, linoleum, gúmmi og gúmmívörur, pappír og pappírsvörur, blek, baðlyf, ljósaefni, svo sem vax, carbid, glykose o. þ. h., olíufatnaður, maccaroni, útgerðarvörur, svo sem línur, önglar, net, nætur, lengdar- og hraðamælar til skipa.
6. flokkur. Gjald 15 aurar af hverjum 10 kg:
Niðursuðuvörur, blikkvörur, tin, zink, hjólhestar og varahlutir til þeirra, seglgarn, umbúðagarn, ger og efni í það, olíuofnar, verkfæri, svo sem smíðatól, rekur, skóflur o. þ. h., vörur úr eir, messing, bronze o. þ. h., emalleraðar vörur, leirvörur, smávélar, svo sem prjónavélar, saumavélar, skilvindur, smá-iðnaðarvélar o. þ. h., hreinlætisvörur, svo sem þvottaefni, skó-, gólf- og húsgagnaáburður, gólfklútar, glervörur, ölgerðarvörur og hráefni til ölgerðar, burstavörur og efni til burstagerðar, smá járnvara (isenkram), svo sem skrár og lamir, eldhúshöld, barnavagnar, dívanar og efni í þá, skóáburður, leður og leðurvörur, bökunarvörur, lyfjavörur, ávextir.
7. flokkur. Gjald 25 aurar af hverjum 10 kg:
Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, viðtæki, eldspítur, smá hljóðfæri og tónvélaþlötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, klukkur, mælar og símar, áttavitar, sportvörur, skot, skotfæri, sprengiefni, sælgæti, súkkulaði, kakaóduft, te, kaffi, kaffibætir, húsgögn, peningaskápar, jólatré, leikföng, sýnishorn o. þ. h.
8. flokkur. Gjald 100 aurar af hverju kg:
Tóbaksvörur, tóbak, vín og spíritus.
9. flokkur. Gjald 4 aurar af hverju teningsfeti:
Trjáviður, sem reiknast í teningsfetum.
10. flokkur. Gjald 10 aurar af hverju teningsfeti:
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
11. flokkur. Gjald 5 aurar af hverju stykki:
Tómar tunnur og föt.

B. Útfluttar vörur:

18

30. jan.

1. flokkur. Gjald 20 aurar af hverjum 100 kg:
Ull, ullarvörur, hert skinn, sundmagi.
2. flokkur. Gjald 20 aurar af hverjum 100 kg:
Síldarmjöl, fiskmjöl, lýsi.
3. flokkur. Gjald 10 aurar af hverjum 100 kg:
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
4. flokkur. Gjald 25 aurar af hverri tunnu:
Krydduð, sykursöltuð eða flött síld.
5. flokkur. Gjald 15 aurar af hverri tunnu:
Kjöt.
6. flokkur. Gjald 10 aurar af hverri tunnu:
Saltsíld.
7. flokkur. Gjald 2 aurar af hverju teningsfeti:
Rjúpur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
8. flokkur. Gjald 50 aurar af hverjum grip:
Hestar, nautgripir.
9. flokkur. Gjald 10 aurar af hverri kind:
Sauðfé.

Lægsta gjald í öllum flokkum aðfluttra og útfluttra vara skal þó aldrei vera lægra en 50 aurar. Aldrei skal tekið tvisvar gjald af sömu vöru. Hafnarnefnd er heimilt að undanþiggja vörugjaldi innlendir afurðir, sem fluttar eru að eða frá bænum í smærri stíl.

VIII. KAFLI

Innheimta og reikningshald.

26. gr.

Bæjarstjóri sér um innheimtu allra tekna hafnarsjóðs, og ber að greiða öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari á skrifstofu hans. Öll þessi gjöld má taka lög-taki, og hafa þau sama forgangsrétt sem opinber gjöld.

27. gr.

Gjalddagi lestagjalds er, þegar skipið hefur lagzt á höfnina, gjalddagi bryggju-gjalds, þegar skipið hefur lagzt við bryggju eða skip, og gjalddagi vörugjalds, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið á höfnina, ef um aðfluttar vörur er að ræða. Sé um útfluttar vörur að ræða, fellur vörugjald af þeim í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

Gjalddagi þeirra gjalda, sem eiga að greiðast einu sinni á ári, er 1. júlí.

28. gr.

Skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds og bryggjugjalds. Ef enginn skipstjóri er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna.

Móttakandi ábyrgist vörugjald af aðfluttum, en sendandi af útfluttum vörum, auk þess skipstjóri, sé farmur skips ekki skráður.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi fyrir lestagjaldi og bryggjugjaldi, en í vöru fyrir vörugjaldi, unz gjöldin eru greidd að fullu.

29. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

Halda skal reikning yfir allar tekjur og öll gjöld hafnarsjóðs.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert

18 skal gera reikning yfir tekjur og gjöld og efnahagsreikning hafnarsjóðs á sérstöðk 30. jan. eyðublöð, er ráðuneytið lætur gera.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga bæjar-sjóðs, og skal jafnan senda ráðuneytinu afrit af reikningunum þannig.

30. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að hafa samið og lagt fyrir bæj-arstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneyt-inu til staðfestingar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

31. gr.

Nú eru í ráði meiri háttar framkvæmdir eða ráðstafanir, sem samþykki ráðu-neytisins þarf til, og skal þá bæjarstjórn senda ráðuneytinu tillögu um það svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins verði fengið, áður en bæjarstjórn gengur endanlega frá fjárhagsáætlun hafnarsjóðs.

32. gr.

Eigi má hefja framkvæmdir utan fjárhagsáætlunar eða fara fram úr tiltekn-um fjárhæðum án samþykkis bæjarstjórnar og samgöngumálaráðuneytisins.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

33. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til þess að gera höfnina, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til þess að leyfa, að tekið verði í landi hans grjót, mól og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um hæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvödd-um báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnarsjóði. Nú vill annar hvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en það skal gera innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmatið greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil meiru en nemur 10 af hundraði hinnar ákveðnu endurgjaldsfjárhæðar, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði.

Sömu reglum og að framan greinir, skal beitt eftir því sem við á um mat skaða-bóta fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum.

34. gr.

Sá, sem hefur bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má ekki fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem bæjarstjóri tekur gilda.

35. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglu-stjóra, nema hann sanni, að hann hafi greitt gjöld þau, sem innheimtumaður hafnarsjóðs á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum kann að bera að greiða.

36. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki í skipi né umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er íjarverandi, má gefa einhverjum öðrum skipverja skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

18

30. jan.

37. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10 þús. króna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð Seyðisfjarðar.

38. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

39. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og er þá um leið úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 21 22. jan. 1941, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að fara í bág við reglugerð þessa.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. janúar 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

19

6. febr.

um ákvörðun fæðishlunninda sjómanna til skatts samkvæmt 14. gr. laga nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

1. gr.

Nú stundar sjómaður atvinnu fjarri heimili sínu og skal þá ekki telja honum til skattskyldra tekna fæðishlunnindi, sem hann kann að hafa hjá atvinnurekanda.

En verði hann hins vegar að sjá sér sjálfur fyrir fæði, skal hann eiga rétt á því, að frá tekjum hans sé dregin hæfilegur fæðiskostnaður áður en skattur sé á þær lagður og skal fæðisfrádrátturinn metinn til gjalda jafnt og fæðishlunnindi til tekna, eins og þau eru metin í því skattumdæmi, þar sem atvinna er stunduð.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 128/1947, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 6. febrúar 1948.

Jóhann P. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

20 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrasjóð Staðarfallsskólans“,
9. febr. útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. febr. 1948.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrasjóð Staðarfallsskólans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður Staðarfallsskólans. Stofnfé hans er 1000.00 — eitt þúsund — krónur, gefið 29. maí 1944 af hjónunum Steinunni Þorgilsdóttur og Þórði Kristjánssyni á Breiðabólstað í minningu dóttur þeirra Ingibjargar Halldóru (f. 29. maí 1919, d. 31. ágúst 1936).

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja námsmeyjar Staðarfallsskólans, sem veikjast á meðan þær dvelja á skólanum eða eiga við örðugleika að etja sökum heilsubrests.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í tryggri peningastofnun. Áskotnist honum eignir svo sem gjafir, áheit eða á annan hátt, skulu þær eignir lagðar við höfuðstól sjóðsins, og lúta sömu lögum og reglum, sem aðrar eignir hans.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

5. gr.

Skólaráð Staðarfallsskólans hefur á hendi yfirstjórn sjóðsins í samráði við forstöðukonu skólans, og hefur formaður skólaráðs reikningshald hans. Endurskoðendur sjóðsins skulu vera sóknarpresturinn í Staðarfallssókn og oddvitinn í Fellsstrandarhreppi. Úthlutar það styrkjum úr sjóðnum, þegar hann er orðinn það stór, að um þá styrki muni.

6. gr.

Hætti kvennaskólinn á Staðarfalli störfum, skal sjóðnum ráðstafað, ásamt öðru fé skólans, þó í sem mestu samræmi við tilgang sjóðsins og skipulagsskrá þessa.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í Sjórnartíðindum.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Hólmfríðar Sigurðardóttur og Kristjáns Jónassonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af 9. febr. dómsmálaráðherra 9. febr. 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hólmfríðar Sigurðardóttur og
Kristjáns Jónassonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hólmfríðar Sigurðardóttur og Kristjáns Jónassonar. Er hann stofnaður af dóttur hjónanna, Guðrúnu Kristjánsdóttur, og manni hennar, Kristni Einarssyni, á Draflastöðum í Saurbæjarhreppi.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka menn í Saurbæjarhreppi, er leita þurfa læknishjálpar við sjóndepru, og að gleðja blinda menn í hreppnum.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur.

Sjóðinn má lána út gegn tryggu veði í fasteign.

Það af honum, sem ekki er þannig í útlánnum skal ávaxta í þeim peningastofnunum, er stjórnarnefnd telur best við eiga. Gjöfum og áheitum veitir sjóðurinn móttöku.

4. gr.

Við höfuðstól skal leggja hálfu vexti, unz hann er orðinn kr. 10000.00.

Frá 10000.00—20000.00 ber að leggja $\frac{1}{3}$ vaxta við höfuðstól og eftir það $\frac{1}{4}$ vaxta. Hinum hluta vaxtanna ber að úthluta samkv. 2. gr. með þeirri undantekningu, sem um ræðir í 6. gr.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn, sóknarprestur Saurbæjar- og Grundarþinga, hreppstjóri Saurbæjarhrepps og þriðji maður kosinn til 4 ára í senn af atkvæðisbærum mönnum í Saurbæjarhreppi.

6. gr.

Stjórn sjóðsins sér um útlán og innheimtu skulda. Skal hún halda gerðabók, er í skulu ritaðir reikningar sjóðsins og skýrslur um úthlutun styrktarfjár. Enn fremur skal í hana rita allar ákvarðanir sjóðstjórnarinnar.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Þóknun fyrir ritstörf, bækur og ritföng greiðist af vöxtum sjóðsins. Fyrir janúarmánaðarlok ár hvert skal senda sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu reikninginn er lætur endurskoða hann. Skal reikningurinn birtur á þann hátt, er sýslunefnd ákveður.

8. gr.

Heimilisfang og varnarþing sjóðsins skal vera í Saurbæjarþinghá.

9. gr.

Tilgangi sjóðsins má aldrei breyta.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

- 22 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Raforkusjóð Saurbæjarhrepps“,
9. febr. útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. febr. 1948.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Raforkusjóð Saurbæjarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Raforkusjóður Saurbæjarhrepps.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af undirritaðri Sesselju Sigurðardóttur frá Jökli. Tilgangur hans er að létta kostnað við rafleiðslu í Saurbæjarhreppi, hvort sem orkustöð verður komið þar upp fyrir sveitarfélagið eða keypt verður afl, leitt frá annarri stöð. Orkustöðvar fyrir einstaka bæi má og styrkja, ef stjórn sjóðsins telur almenna raforkuleiðslu óframkvæmanlega eða ótímabæra.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100.00. Veitir sjóðurinn móttöku hvers konar gjöfum og framlögum, er honum berast, hvort sem er frá einstökum mönnum eða stofnunum, er vilja flýta fyrir því, að raforkan komi sveitarfélaginu sem fyrst til nota. Sjóðinn skal jafnan ávaxta í banka, sparisjóði, innlánsdeild eða í auðseldum verðbréfum.

4. gr.

Verði raflína lögð um hreppinn þannig, að flestir eða allir bæir fái notið rafmagns, hefur stjórn sjóðsins heimild til að verja eins miklu af höfuðstól sjóðsins eins og henni sýnist hyggilegt, í stofnkostnað rafleiðslunnar, enda hafi hún vald til að styrkja með því sérstaklega fátækustu heimilin í hreppnum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: Hreppstjóri Saurbæjarhrepps, sóknarpresturinn í Grundarþingaprestakalli og einn maður kosinn á vorhreppaskilafingi í Saurbæjarhreppi. Gildir kosning hans til fjögurra ára.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal stjórn sjóðsins í janúarmánuði ár hvert gera reikning sjóðsins fyrir liðið ár og senda hann síðan til sýslunefndar, sem lætur endurskoða hann og leiðrétta, ef með þarf. Skal birta reikninginn á þann hátt, er sýslunefnd ákveður. Þóknun fyrir ritstörf, bækur og ritföng greiðist úr sjóðnum.

7. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Saurbæjarhreppi.

8. gr.

Tilgangi skipulagsskrár þessarar má ekki breyta. Óskað er eftir staðfesting forseta Íslands á henni.

Arnarstöðum, 19. júní 1947.

Sesselja Sigurðardóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ásgerðar Valdimarsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. febr. 9. febr. 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ásgerðar Valdimarsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ásgerðar Valdimarsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöfum fjölmargra vina og vandamanna, til minningar um Ásgerði, dóttur hjónanna Valdimars Pálssonar og Guðrúnar Jónasdóttur að Möðruvöllum, fædd 16. maí 1914, dáin 6. desember 1926.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gleðja fátæk börn í Saurbæjarhreppi með jólagjöfum um ár hvert.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er 921 — níu hundruð tuttugu og ein — króna. Sjóðinn má lána út gegn tryggu fasteignaveði og skulu bændur í Saurbæjarhreppi hafa forgangsrétt að þeim lánnum. Það af sjóðnum, sem ekki er þannig í lánnum, skal jafnan ávaxta í banka, sparisjóði, innlánsdeild eða auðseldum verðbréfum, eftir því sem stjórnarnefnd telur best við eiga.

5. gr.

Við höfuðstól skal leggja hálfu vexti unuz sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00 Frá 10000.00—20000.00 ber að leggja $\frac{1}{3}$ vaxta við höfuðstól og eftir það $\frac{1}{4}$ vaxta. Hinum hluta vaxtanna ber að úthluta samkvæmt 3. gr., með þeirri undantekningu, sem ræðir um í 7. gr.

6. gr.

Sjóðnum stjórnar þriggja manna nefnd, og skal kosning fram fara á vorhreppaskilum, til 4 ára í senn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á honum, sér um útlán og innheimtu skulda, og ákveður hve mörg börn verða jólagjafanna aðnjótandi í hvert skipti, og á hvern hátt þær verða úti látnar. Þóknun fyrir ritstörf, bækur og ritföng greiðast af hvers árs vöxtum sjóðsins. Reikningsárið er almanaksárið. Fyrir janúarmánaðarlok ár hvert skal senda sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu reikninginn, sem lætur rannsaka hann og leiðréttu, ef með þarf. Skal birta reikninginn á þann hátt, er sýslunefnd ákveður.

8. gr.

Heimilisfang og varnarþing sjóðsins skal vera í Saurbæjarþinghá.

9. gr.

Tilgangi skipulagsskrár þessarar má aldrei breyta. Óskað er eftir staðfestingu forseta Íslands á henni.

Saurbæjarhreppi, 16. maí 1947.

24

10. febr.

AUGLÝSING

um söluskatt ríkisstofnana.

Samkvæmt heimild í 6. gr. bráðabirgðalaga um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtiðarráðstafanir, tilkynnist hér með, að ákveðið hefur verið, að eftirtaldar ríkisstofnanir skuli greiða söluskatt samkvæmt VII. kafla dýrtiðarlaganna:

Tóbakseinkasalan.

Viðtækjaverzlunin.

Grænmetisverzlunin.

Áburðarsalan.

Landssmiðjan.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Skipaútgerð ríkisins.

Ferðaskrifstofa ríkisins.

Ríkisútvarpið.

Viðgerðarstofa útvarpsins.

Viðtækjasmíðjan.

Enn fremur flutningar á vegum póstsins, þó ekki fólksflutningar á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Þetta tilkynnist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 10. febrúar 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

25

11. febr.

REGLUGERÐ

um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum söluverð það á framleiðslu þeirra til útflutnings, sem ákveðið er í 2. grein reglugerðar þessarar.

2. gr.

- | | |
|---|----------|
| 1. Þorsk- og lönguflök með roði, vafin í pergamentpappír í 3 kg eða 7 enskra punda (lbs.) stykkjum, 8 í ks. á 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob. | kr. 1.33 |
| 2. Þorskflök með roði í 1 kg öskjum án cellophan, 25 öskjur í ks. á 25 kg nettó, pr. lb. fob. | — 1.46 |
| 3. Þorskflök með roði í 2 lbs. öskjum án cellophan, 25 öskjur í ks. á 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. | — 1.50 |
| 4. Þorsk- og lönguflök, roðlaus, vafin í cellophan í 5 lbs. öskjum 10 í ks. á 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. | — 1.90 |
| 5. Þorsk- og lönguflök, roðlaus, vafin í cellophan í 1 kg öskjum, 25 í ks., 25 kg nettó, pr. lb. fob. | — 1.92 |
| 6. Þorsk- og lönguflök, roðlaus, vafin í cellophan í 2 lbs. öskjum, 25 í ks., 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. | — 1.95 |
| 7. Þorsk- og lönguflök, roðlaus, vafin í cellophan, í ½ kg öskjum, 50 í ks., 25 kg nettó, pr. lb. fob. | — 1.98 |

		25
8. Þorsk- og lönguflök, roðlaus, vafin í cellophan, í 1 lbs. öskjum, 50 í ks., 50 lbs. nettó, pr. lb. fob.	kr. 2.02	11. febr.
9. Ýsufllök, vafin í pergamentpappír í 3 kg eða 7 lbs. stykkjum, 8 í ks. á 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.40	
10. Ýsufllök í 2 lbs. öskjum án cellophan, 25 öskjur í ks. á 50 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.60	
11. Ýsufllök, roðlaus, vafin í cellophan í 5 lbs. öskjum, 10 í ks., 50 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.97	
12. Ýsufllök, roðlaus, vafin í cellophan í 2 kg öskjum, 25 í ks., 25 kg nettó, pr. lb. fob.	— 1.98	
13. Ýsufllök, roðlaus, vafin í cellophan í 2 lbs. öskjum, 25 í ks., 50 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 2.01	
14. Ýsufllök, roðlaus, vafin í cellophan í ½ kg öskjum, 50 í ks., 25 kg nettó, pr. lb. fob.	— 2.04	
15. Ýsufllök, roðlaus, vafin í cellophan í 1 lb. öskjum, 50 í ks., 50 lbs. nettó pr. lb. fob.	— 2.08	
16. Steinbítisflök, roðlaus, vafin í pergament í 3 kg eða 7 lbs. stykkjum, 8 í ks., 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.52	
17. Steinbítisflök, roðlaus, vafin í cellophan, í 5 lbs. öskjum, 10 í ks., 50 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.87	
18. Steinbítisflök, roðlaus, vafin í cellophan í 1 kg öskjum, 25 í ks., 25 kg nettó, pr. lb. fob.	— 1.88	
19. Steinbítisflök roðlaus, vafin í cellophan í 2 lbs. öskjum, 25 í ks., 50 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.91	
20. Steinbítisflök, roðlaus, vafin í cellophan í ½ kg öskjum, 50 í ks., 25 kg nettó, pr. lb. fob.	— 1.94	
21. Steinbítisflök, roðlaus, vafin í cellophan í 1 lb. öskjum, 50 í ks., 50 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.98	
22. Karfaflök, roðlaus, vafin í pergament í 3 kg eða 7 lbs. stykkjum, 8 í ks. 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.27	
23. Karfaflök, roðlaus, vafin í cellophan í 5 lbs. öskjum, 10 í ks., 50 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.61	
24. Karfaflök, roðlaus, vafin í cellophan í 1 kg öskjum, 25 í ks., 25 kg nettó, pr. lb. fob.	— 1.61	
25. Karfaflök, roðlaus, vafin í cellophan í 2 lbs. öskjum, 25 í ks. 50 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.64	
26. Karfaflök, roðlaus, vafin í cellophan í ½ kg öskjum, 50 í ks., 25 kg nettó, pr. lb. fob.	— 1.68	
27. Karfaflök, roðlaus, vafin í cellophan í 1 lb. öskjum, 50 í ks., 50 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.72	
28. Ufsaflök, vafin í pergament í 3 kg eða 7 lbs. stykkjum, 8 í ks., 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.01	
29. Keilufllök, vafin í pergament í 3 kg eða 7 lbs. stykkjum, 8 í ks., 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.02	
30. Flatfiskur I, (skarkoli, þykkvalúra og smálúða) heilfrystur í 21 lbs. stykkjum (3×7 lbs. í hverju stk.), 3 stk. í ks., 63 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.40	
31. Flatfiskur II, (stórkjasta og langlúra) heilfrystur í 21 lbs. stykkjum, (3×7 lbs. í hverju stk.), 3 stk. í ks., 63 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.01	
32. Flatfiskflök (skarkoli og þykkvalúra) vafin í pergament, í 7 lbs. öskjum, 8 í ks., 56 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 3.04	
33. Lúðufllök, vafin í pergament í 7 lbs. stykkjum, 8 í ks., 56 lbs., nettó, pr. lb. fob.	— 3.10	

- 25** 34. Lúða, heilfryst í 21 lbs. stykkjum (3×7 lbs. í hverju stk.), 3 stk. í ks.,
 11. febr. 63 lbs. nettó, pr. lb. fob. kr. 1.72

Verð það á flökum af bolfiski, sem um ræðir í þessari grein, miðast við, að flökin séu þunnildalaus.

3. gr.

Ríkissjóður tekur að sér, frá og með ágústmánuði 1948, að greiða hraðfrysti-húsunum kr. 30.00 á mánuði upp í geymslukostnað á hverri smálest af frystum fiski, sem frystur hefur verið á vetrarvertíð 1948 og ekki verið fluttur út fyrir 1. ágúst 1948.

4. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfisksframleiðendum söluverð það á fiskframleiðslu þeirra til útflutnings, sem ákveðið er í 5. gr. reglugerðar þessarar.

5. gr.

- | | |
|---|----------|
| 1. Þorskur, stór og smár, en þó eigi undir 12" og langa I. fl. incl. 10% II. fl., pr. kg fob. | kr. 2.25 |
| 2. Þorskur, stór og smár, en þó eigi undir 12" og langa II. fl. það, sem fram yfir er 10%, er um getur í 1. tölulið, pr. kg fob. | — 2.00 |
| 3. Þorskur, stór og smár, en þó eigi undir 12" og langa III. fl., pr. kg fob. | — 1.80 |
| 4. Þorskur, stór og smár, en þó eigi undir 12" og langa IV. fl., pr. kg fob. | — 1.60 |
| 5. Þorskur og langa, handfiskur undir 12", pr. kg fob. | — 1.80 |
| 6. Ýsa, eigi undir 12", I. fl. incl. 10% II. fl., pr. kg fob. | — 2.25 |
| 7. Ýsa, eigi undir 12", II. fl., það sem fram yfir er 10%, er um getur í 6. tölul., pr. kg fob. | — 2.00 |
| 8. Keila, eigi undir 12", I. fl. incl. 10% II. fl., pr. kg fob. | — 1.30 |
| 9. Keila, eigi undir 12", II. fl., pr. kg fob. | — 1.20 |
| 10. Keila, eigi undir 12", III. fl., pr. kg fob. | — 1.10 |

6. gr.

Ríkissjóður tekur að sér að greiða saltfiskseigendum rýrnun á saltfiski, sem framleiddur er á árinu 1948, sem hér segir:

1.—31. maí	1.00 %
1.—30. júní	1.50 %
1.—31. júlí	2.00 %
1.—31. ágúst	1.75 %
1.—30. sept.	1.25 %

Eftir 30. september greiðist 1% á mánuði hverjum þar til fiskurinn hefur verið fluttur út.

Ekki greiðist rýrnun á yngra fiski en tveggja mánaða, miðað við lok framleiðslumánaðar og þann dag, sem fermingu hvers farms er lokið að fullu. Hver byrjaður mánuður telst sem heill mánuður.

Rýrnun greiðist þó því aðeins að útflytjandi eigi enga sök á þeim drætti, sem verða kann á útflutningi fisksins.

7. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt 1. til 6. gr., miðast við að heimilt sé að verðjafna milli fisktegunda og verkunaraðferða, enda gildir þá ábyrgðin sem meðaltalsábyrgð. Óheimilt er að salta ýsu, ef með nokkru móti er unnt að frysta hana eða selja hana ísvarða til útflutnings.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur ákveðið hversu haga skuli fiskframleiðslunni á hverjum stað og tíma með tilliti til verkunar hinna ýmsu fisktegunda, svo og pökkunar

og er þá óheimilt að framleiða aðrar fisktegundir til útflutnings eða verka fiskinn 25 á annan hátt, en ráðuneytið hefur ákveðið. Ráðuneytið getur einnig sett reglur um 11. febr. móttöku fisks hjá fiskvinnslustöðvum.

9. gr.

Ábyrgð sú, er um ræðir í 1. og 2. gr., miðast við að fiskurinn fullnægi kröfum þeim, sem gilda á hverjum tíma um mat á freðfiski til útflutnings.

10. gr.

Ábyrgð sú, er um ræðir í 5. gr., miðast við saltfisk, sem er fullsaltaður og fullstaðinn, metinn af löggiltum matsmönnum og pakkaður í hessianstriga.

Ríkisstjórnin getur síðar ákveðið, hvort þurrka skuli einhvern hluta saltfisksins og mun þá ákveða verðtryggingu hans.

11. gr.

Selji hlutasjómenn og útgerðarmenn fisk sinn öðrum, skal kaupandinn, ef krafizt verður, færa sönnur á, sem ráðuneytið metur gildar, að hann hafi greitt það lágmarksverð á fiskinum, sem auglýst hefur verið af ráðuneytinu.

12. gr.

Allir þeir, sem framleiða fisk, er ábyrgð ríkissjóðs samkv. IV. kafla laga nr. 128/1947 tekur til, skulu gefa skýrslur um framleiðslu sína í því formi og svo oft, sem ráðuneytið telur nauðsynlegt.

13. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná einungis til þess fisks, sem aflað er af bátaútveginum.

14. gr.

Ríkisstjórnin getur falið sérstakri nefnd, að annast alla framkvæmd reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi er sett samkv. lögum nr. 128/1947 til að öðlast gildi þegar í stað, og er jafnframt felld úr gildi reglugerð nr. 21 17. febr. 1947.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 11. febrúar 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

AUGLÝSING

um söluskatt af innfluttum vörum.

26

12. febr.

A.

Til ársloka 1948 skal greiða 2% söluskatt af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði, og tekur gjaldskyldan einnig til vara til ríkisstofnana og annarra aðila. Undanþegnar söluskattinum eru vörur þær, sem taldar eru í 2. og 3. gr. tollskrárlaganna, svo og vörur þær, sem taldar eru undir B hér á eftir.

Í 1. málsg. 10. gr. tollskrárlaganna segir fyrir um það, hvað sé tollverð vöru. Frá þeirri reglu gildir sú undantekning, að ekki skal telja farmgjald í tollverði sykurs, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrárinnar.

12. febr. Undanþegnar söluskatti eru þessar innflutningsvörur auk þeirra, sem taldar eru í 2. og 3. gr. tollskrárlaganna:

Tollskrá		
Kafli	Nr.	
25	9	Borðsalt.
	10	Annað salt.
27	14	Steinolía, óhreinsuð, (hráolía).
	17	Aðrar brennsluolíur til véla, ót. a.
	18	Smurningsolíur.
40	21	Tunnustafir, tunnubotnar og tunnusvigar úr trjáviði.
	22	Spons úr trjáviði.
	23	Siglugjarðir úr trjáviði.
	24	Annað tilsniðið tunnuefni úr trjáviði
	26	Trékassar, hálfunnir eða tilsniðnir.
	27	Aðrir trékassar.
	28	Síldartunnur.
	46	Botnrúllur (bobbingar) úr trjáviði.
	47	Botnvörpuhlerar úr trjáviði.
41	6	Netja- og nótakorkur alls konar.
42	2	Strámottur til umbúða.
44	34	Ófóðraðir og óskreyttir pappakassar til umbúða, einnig tilsniðnir.
48	6	Netjagarn úr baðmull.
49	2	Hampur.
	5	Netjagarn úr hör eða rami.
	8	Netjagarn úr hampi.
	9	Botnvörpugarn úr hampi.
	16	Mottur til umbúða.
	22	Umbúðastrigi úr jútu.
50	12	Færi og línur til fiskveiða.
	13	Óngultaumar.
	18	Kaðlar, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður.
	19	Fiskinet og fiskinetjaslóngur.
	21	Netjateinungar með blýi eða korki.
	22	Lóðarbelgir.
60	15	Netjakúlur.
63	27	Vírkaðlar, einnig þótt í þeim séu spunaefnaþræðir.
	92	Vörpujárn, „bobbingar“ og aðrir botnvörpuhlutir úr járn, ót. a.
	97	Netjakúlur.
64	13	Veiðarfæralásar og hringir í herpinætur o. þ. h.
66	6	Netjakúlur.
67	5	Blýlóð (sökku).
84	9	Fiskiönglar.

Fjármálaráðuneytið, 12. febrúar 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1948.

Lög um búfjárrækt, undirskrifuð af forsetanum 22. marz 1946, nr. 19.

Lög um breyting á lögum nr. 47 1939, um fasteignasölu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 20.

Lög um breyting á lögum nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 21.

Lög um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 22.

Lög um breyting á lögum nr. 23 1947, um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 23.

Lög um bændaskóla, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 24.

Lög um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip, undirskrifuð af forsetanum 1. apríl 1948, nr. 25.

Lög um breyting á lögum nr. 108 frá 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 26.

Lög um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 27.

Lög um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 28.

Lög um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðar-samþykktir í sveitum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 29.

Fjárlög fyrir árið 1948, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 30.

Lög um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 31.

Lög um breyting á lögum nr. 85 1936, um meðferð einkamála í héraði, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 32.

Lög um viðauka við lög nr. 128 1947, um dýrtiðarráðstafanir, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 33.

Lög um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmála-sjóðs, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 34.

Lög um sementverksmiðju, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 35.

Lög um sóknargjöld, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 36.

Lög um brunavarnir og brunamál, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 37.

Lög um breyting á lögum nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, undirskrifuð af forsetanum 5. apríl 1948, nr. 38.

Lög um eignarnám á ræktuðum og óræktuðum byggingarlóðum á Sauðárkróki sunnan Sauðár, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 39.

Lög um kauprétt á jörðum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 40.

Lög um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 41.

Lög um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 42.

Lög um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtiðarráðstafanir, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 43.

Lög um visindalega verndun fiskimiða landgrunnins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 44.

Lög um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 45.

Lög um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 46.

Lög um hitaafstöð og hitaveitu á Ísafirði, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 47.

27 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Keldnahjónanna, Skúla 12. febr. Guðmundssonar og Svanborgar Lýðsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 12. febrúar 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Keldnahjónanna, Skúla Guðmundssonar og Svanborgar Lýðsdóttur.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður á áttæðisafmæli Skúla Guðmundssonar R.F., óðalsbónda á Keldum, hinn 25. okt. 1942.

2. gr.

Höfuðstóllinn er 2000 kr. Geymist annar helmingur hans í Söfnunarsjóði Íslands, en hinn helmingurinn í hinum Almenna kirkjusjóði, og ávaxtast höfuðstóllinn í sjóðum þessum samkvæmt þeim reglum, sem teknar eru fram í skipulagsskrá þessari.

3. gr.

Þann hluta höfuðstólsins, sem ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands má aldrei skerða, en verja má árlega $\frac{1}{2}$ vöxtum hans til þess að prýða kirkjuna á Keldum. Þegar innstæða þessi er orðin 2000 kr., má verja $\frac{3}{4}$ vaxtanna í þessum tilgangi.

4. gr.

Þann hluta höfuðstólsins, sem geymist í hinum Almenna kirkjusjóði, skal ávaxta þar, þangað til Keldnakirkja verður endurbyggð. Má þá nota alla innstæðuna — höfuðstól og vexti — til þeirrar byggingar.

5. gr.

Þegar Keldnakirkja verður endurbyggð, eru heimildir þær, sem getið er í 3. og 4. gr. því skilyrði bundnar, að kirkjan verði reist á sama stað og hún stendur nú og í sem allra líkustum stíl, sem nú er hún

6. gr.

Verði kirkjunni breytt verulega að formi til — turni eða húsi —, verði hún lögð niður eða flutt á annan stað, skal allur sjóðurinn falla til jarðarinnar Keldna, þannig: Innstæðan skal þá tekin öll úr hinum Almenna kirkjusjóði og lögð við innstæðuna í Söfnunarsjóði Íslands. Geymist þar þá og ávaxtist höfuðstóll sá allur óskertur, en taka má árlega $\frac{1}{2}$ vexti hans og verja þeim jörðinni Keldum til gagns og prýði. Þegar sjóður sá er orðinn 4000 kr. má verja allt að $\frac{3}{4}$ vaxtanna árlega í sama markmiði.

7. gr.

27

Ef til þess kemur að ríkið taki hluta af Keldnalandi, til eignar eða yferráða, vegna sandgræðslu eða á annan hátt, þá skal sá jarðarhluti, sem tilheyrir bænda-ábúðinni hafa forgangsrétt að vöxtum þeim, er jörðinni tilheyrir.

12. febr.

8. gr.

Auka má gjafasjóð þennan, hvora deildina sem er, eftir vilja gefenda, er eitthvað kynnu vilja leggja í hann.

9. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera 3 menn: Oddviti sóknarnefndar Keldnasóknar, sóknarpresturinn og eigandi Keldna eða fulltrúi þeirra, ef fleiri eiga jörðina.

10. gr.

Ef nefndur oddviti eða prestur verða eigendur Keldna, þá greiða þeir ekki atkvæði með breyting kirkjunnar á þann hátt, að fyrir breytinguna hverfi sjóður kirkjunnar til jarðarinnar. Í þeirra stað tekur þá sæti í stjórninni eldri meðstjórnandi sóknarnefndar, meðan fara fram umræður og atkvæði um breyting kirkjunnar.

11. gr.

Stjórn gjafasjóðsins gerir reikninga beggja deilda hans, eftir hver áramót, og skal þar gera nákvæma grein fyrir því, hversu varið hefur verið vaxtatekjum kirkju og jarðar.

Heimilt er að draga saman vexti hvorrar deildar um fleiri en eitt ár, til meiri-háttar framkvæmda.

Reikningarnir leggist fram á héraðsfundi, til samþykktar.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Keldum, 25. október 1942.

Skúli Guðmundsson. Svanborg Lýðsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Margrétar Björnsdóttur og Ólafs Guðmundssonar frá Hvammsdalskoti“, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómismálaráðherra 20. febr. 1948.

28

20. febr.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Margrétar Björnsdóttur og Ólafs Guðmundssonar frá Hvammsdalskoti.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Margrétar Björnsdóttur og Ólafs Guðmundssonar frá Hvammsdalskoti.

2. gr.

Þessi sjóður er stofnaður árið 1947 með gjöf, er við undirrituð hjón gefum til minningar um látna foreldra og tengdaforeldra okkar. Upphæð sjóðsins er kr. 1000.00.

28

20. febr.

Sjórn sjóðsins skipa sóknarpresturinn í Staðarhólsþingum, formaður, hreppstjóri Saurbæjarhrepps og formaður kvenfélags Saurbæjarhrepps. Sé þar ekkert kvenfélag, kemur hreppsnefndaroddviti Saurbæjarhrepps í stjórnina.

3. gr.

4. gr.

Þar til sjóðurinn er orðinn kr. 25000.00 má verja $\frac{3}{4}$ hluta ársvaxta hans til glaðnings fátækustu konum í Saurbæjarhreppi og þeim, er þar hafa á annan hátt erfiðastar ástæður.

Úthlutar stjórnin glaðning þessum fyrir jól ár hvert Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 25000.00 má úthluta öllum vöxtum hans.

5. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum frá þeim, er vilja efla vöxt hans og viðgang.

6. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í sparisjóði Dalasýslu eða annarri tryggðri opinberri lánsstofnun. Þó er heimilt að lána allt að $\frac{3}{4}$ hlutum hans út gegn öruggum 1. veðrétti í fasteign, að fengnum tillögum formanns sparisjóðs sýslunnar.

Gera skal árlega reikningsskil fyrir sjóðnum til nefndar þeirrar, er hefur eftirlit með slíkum sjóðum.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi 1. nóv. 1947.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands fyrir skipulagsskránni.

Staðarhóli, 16. september 1947.

Sigrún Lovísa Ólafsdóttir. Einar Sörensen.

29

7. apríl

AUGLÝSING

um notkun heimildar til þess að innheimta gjöld af innlendum tollvöru-
tegundum með álagi.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 18/1948, og innheimta frá 1. jan. til 10. apríl 1948 með 100% álagi gjald samkv. lögum nr. 60/1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, að viðbættu 50% álagi samkvæmt lögum nr. 121/1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1948 með viðauka. Hækkun þessi tekur þó ekki til gjalds af kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla greindra laga.

Enn fremur hefur verið ákveðið að nota heimild laga frá 5. apríl 1948 og innheimta frá 10. þ. m. til ársloka 1948 sömu gjöld með 200% álagi, að viðbættu 50% álagi.

Þetta tilkynnist þeim, er hlut eiga að máli

Fjármálaráðuneytið, 7. apríl 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1948.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á tækjum til sildarvinnslu o. fl., undirskrifuð af forsetanum 5. apríl 1948, nr. 48.

Lög um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 49.

Lög um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 50.

Fjárukalög fyrir árið 1944, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 51.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1944, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 52.

Auglýsing um afnám visumgjalds, undirskrifuð af utanríkisráðherra 2. apríl 1948, nr. 53.

Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifað af forsetanum 22. marz 1948, nr. 54.

REGLUGERÐ

30

16. febr.

fyrir Vélbátatryggingu Reykjaness, Keflavík.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Allir bátaeigendur, sem eru í félaginu, eru skyldir til að láta báta sína fullnægja þeim ákvæðum, sem gilda á hverjum tíma um eftirlit með skipum, bátum og öryggi þeirra.

2. gr.

Þegar skip er tekið í váttryggingu í fyrsta sinn, skal greiða félaginu í inntökugjald 1% af váttryggingarupphæð skipsins. Nú flyzt skip milli váttryggingarfélaga vegna þess, að eigandi hefur bústaðaskipti, og skal þá eigandi greiða 1% í inntökugjald af váttryggingarupphæð skipsins, eins og hún verður ákveðin hjá félaginu. Þetta á þó ekki við um þá báta, sem eru í tryggingu hjá þeim félögum, sem sameinast í Vélbátatryggingu Reykjaness. Ef váttryggingarupphæð skips hækkar, skal því aðeins greiða inntökugjald af hækkuninni, að hún stafi af umbótum á skipinu, en ekki vegna verðbólgu e. þ. h.

3. gr.

Bátseiganda ber skylda til þess að tilkynna félagsstjórninni bréflega, ef formannskipti verða á bát hans á váttryggingartímabilinu. Stjórnin getur hafnað formanni með samþykki Samábyrgðar Íslands

4. gr.

Virðingarmenn skulu í starfi sínu fara eftir þeim reglum, sem félagsstjórnin setur.

5. gr.

Um váttryggingu opinna vélbáta gilda þessi ákvæði:

Opnir vélbátar skulu ekki liggja við bryggjur eða bólverk nema á meðan

30 búist er í róður, og afli losaður í land. Að lokinni affermingu skal báturinn tafar-
16. febr. laust settur á land.

6. gr.

Hver þilfarsbátur, sem tryggður er hjá félaginu, er skyldur til að hafa innan-
borðs sérstakan dráttarkaðal, sem hæfir stærð og afli vélarinnar. Þennan dráttar-
kaðal má ekki nota til annars, og skal geyma hann vel varinn uppi á stýrishúsi,
eða á öðrum stað á skipinu.

7. gr.

Bátar, sem þarfnast aðstoðar, skulu fyrst og fremst leita eftir henni hjá skip-
um, sem að lögum er skylt að veita slíka aðstoð fyrir kostnaðarverð.

8. gr.

Þegar bátar liggja við bryggjur eða bólverk, er skipstjóra og eiganda skylt
að sjá um, að vagtmaður gæti bátsins. Tjón, er verða á bátum, er þeir liggja vagt-
mannslausir við bryggjur eða bólverk, er ekki skylt að bæta af váttryggjendum.

9. gr.

Uppliði fastra legufæra (múrning) skal skoða a. m. k. einu sinni á ári af
trúnaðarmanni félagsins, en legufærin skulu tekin algerlega upp til skoðunar
þriðja hvert ár.

II. KAFLI

Ákvæði um, hvernig skipum skuli skipt í váttryggingarflokka.

10. gr.

Flokkar. Aðalflokkar eru tveir:

A-flokkur: Skip 30 rúmlesta og stærri.

B-flokkur: Skip undir 30 rúml. brúttó.

A-flokkur skiptist í tvo flokka:

A1-flokkur, eikarskip.

A2-flokkur, furuskip.

B-flokkur skiptist í tvo flokka:

B1-flokkur, eikarskip.

B2-flokkur, furuskip.

11. gr.

Eikarskip er skip, smíðað úr eik, þ. e. kjölur, kjalbak, bönd og byrðingur sé
úr eik eða jafnendingargóðu efni.

Furuskip er skip, smíðað úr furu, eða jafnendingargóðu efni.

12. gr.

Tímabil flokka:

A1-flokkur: Eikarskip 30 brúttó smálestir og stærri eru í:

1. iðgjaldsflokkki til 16 ára aldurs;

2. iðgjaldsflokkki til 28 ára aldurs;

3. iðgjaldsflokkki til 40 ára aldurs.

A2-flokkur: Furuskip 30 rúml. br. og stærri eru í:

1. iðgjaldsflokkki til 8 ára aldurs;

2. iðgjaldsflokkki til 17 ára aldurs;

3. iðgjaldsflokkki til 30 ára aldurs.

B1-flokkur: Eikarskip undir 30 rúml. br. eru í:

2. iðgjaldsflokkki til 16 ára aldurs;

3. iðgjaldsflokkki til 30 ára aldurs.

B2-flokkur: Furuskip undir 30 rúml. br. eru í:

2. iðgjaldsflokki til 8 ára aldurs;

3. iðgjaldsflokki til 24 ára aldurs.

Nú er óskað tryggingar á skipi, sem ekki fellur undir neinn framangreindra flokka, og skal félagsstjórnin þá ákveða iðgjaldið í hvert sinn.

13. gr.

Sé skip ekki smíðað eftir íslenskum reglum, eða reglum viðurkennds flokkunarfélags, og undir eftirliti skipaskoðunar ríkisins, eða eftirliti, sem viðurkennt er af henni, lækkar ofangreint tímabil um 4 ár í hverjum iðgjaldsflokki, 1., 2. og 3.

14. gr.

Þegar skip hefur náð hæsta aldursári í sínum flokki, skal það gaumgæfilega skoðað, og ásigkomulag þess rannsakað á kostnað eiganda. Komi þá í ljós við skoðunina, að allt viðhald á skipinu, ásigkomulag efnis, styrkleiki þess og allur útbúnaður sé þannig, að öruggt megi teljast að hafa skipið í þeim váttryggingarflokki, sem það var í, má framlengja aldurshámarkið um allt að sex ár fyrir eikarskip, en allt að fjögur ár fyrir furuskip.

15. gr.

Skipaæftirlit ríkisins hefur á hendi þá rannsókn á hæfni skipa til þess að vera lengur í sama tryggingarflokki, sem um getur í 14. gr., og lætur það félaginu í té rökstutt álit í því efni. Ef ágreiningur rís um það milli skipseiganda og váttryggjanda, í hvaða iðgjaldsflokki beri að telja eitthvert skip, sker skipaskoðunarstjóri úr þeim ágreiningi.

III. KAFLI

Um iðgjöld, iðgjaldagreiðslur og endurgreiðslur (ristorno).

16. gr.

Árs-iðgjaldið skal vera:

Í 1. iðgjaldsflokki 5%

Í 2. iðgjaldsflokki 6%

Í 3. iðgjaldsflokki 7%

Opnir vélbátar 8%

Tryggingarárið skal vera frá 1. jan. til 31. des. Skal ávallt gefa út nýtt skirteini fyrir hvert tryggingarár. Þegar skirteinið hefur verið gefið út, er allt ársiðgjaldið fallið í gjalddaga, en veita má eigendum báta gjaldfrest á iðgjaldinu þannig, að þeir greiði iðgjaldið í fernu lagi með gjalddögum 1. jan., 1. apríl, 1. júlí og 1. okt. Láti bátseigandi hjá líða að greiða iðgjöld sín á tilsettum gjalddögum, er bátseiganda skylt að greiða félaginu í dráttarvexti 1% af hinu ógreidda iðgjaldi fyrir hvern mánuð eða part úr mánuði frá gjalddaga til greiðsludags.

Iðgjald fyrir hafnar- og/eða uppsátursáhættu er $\frac{1}{8}$ % fyrir þilfarsháta fyrir hverja 30 daga samfleytt, en $\frac{1}{4}$ % fyrir opna vélbáta.

17. gr.

Endurgreiða skal iðgjald fyrir skip, sem staðið hefur á landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem stjórn félagsins tekur gildan, ef slík hafnarlega eða landstaða hefur varað að minnsta kosti einn mánuð samfleytt.

Endurgreiðslu (ristorno) skal reikna hlutfallslega af greiddu ársiðgjaldi. Vottorð tveggja manna, sem stjórn félagsins tekur gilda um uppistöðu eða

30 hafnarlegu, skal afhenda stjórn félagsins, og er það skilyrði fyrir því, að endurgreiðslan verði látin af hendi. Ekki geta önnur skip en þau, sem lagt er trygglega fyrir festum á öruggum stað, eða við bryggjur þar sem þau mega teljast örugg að dómi trúnaðarmanna félagsins, orðið aðnjótandi endurgreiðslu iðgjaldsins fyrir hafnarlegu.

Hafi skip orðið fyrir tjóni, sem bætt verður af váttryggingarfélagins hálfu, og sem fer fram úr helmingi greidds ársiðgjalds, fellur öll endurgreiðslan niður það tryggingarár. Ef skip hefur orðið fyrir tjóni, sem er minna en helmingur ársiðgjaldsins, má endurgreiða iðgjald, þó aldrei meir en svo, að samanlögð endurgreiðsla og tjónbætur fari ekki fram úr helmingi ársiðgjaldsins.

18. gr.

Til hafnar- og/eða uppsátursáhættu telst eigi sá tími, sem skip liggur í höfn, eða stendur á landi til viðgerðar á tjóni, sem bæta skal af váttryggingdum.

19. gr.

Nú flyzt skip með váttryggingu sína milli félaga, og skal félag það, sem tryggingunni sleppir, fella niður iðgjald fyrir þann tíma, sem eftir er af tryggingarárinu, miðað við þann dag, sem viðtakandi félag tók við tryggingunni.

Skip eru ávallt tryggð fyrir venjulegri hafnaráhættu (revier), þegar þau standa uppi, en fyrir þá áhættu skal greiða iðgjald eins og ákveðið er í iðgjalda-skránni.

20. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að leyfa skipi, sem váttryggt er í félaginu, siglingu utan þeirra takmarka, sem í váttryggingarskírteininu greinir, en hafi það, að dómi félagsstjórnarinnar, aukna áhættu í för með sér, greiðir váttryggður aukagjald, sem félagsstjórnin ákveður í samráði við Samábyrgð Íslands í hvert sinn. Samkvæmt 30. gr. laga nr. 61 frá 31. maí 1947 ákveðast iðgjöld í hinum fjórum váttryggingarflokkum, svo sem segir í 12. og 16. gr. reglugerðar þessarar, og er ráðuneytið henni að öðru leyti samþykkt. Gildir iðgjaldaákvörðun þessi frá 1. janúar 1948.

Jafnframt falla úr gildi eldri ákvæði um þetta efni.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1948.

Jóhann P. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

31

AUGLÝSING

17. febr.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 3. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941 og nr. 73 13. maí 1942.

Vörugjald af ísvörðum fiski og hraðfrystum fiski skal vera kr. 2.00 fyrir hver 100 kg, og af fiski upp úr salti og fullverkuðum saltfiski kr. 1.20 fyrir hver 100 kg, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið, þó ekki lengur en til ársloka 1948.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 17. febrúar 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Árna M. Mathiesen“, 32
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. febr. 1948. 17. febr.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Árna M. Mathiesen, er andaðist 8. apríl 1946.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Árna M. Mathiesen.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður 27. júlí 1947 með gjöf, er frú Svava E. Mathiesen afhenti barnastúkunnni Kærleiksbandið nr. 66, samkv. bréfi, dags. 27. júlí 1947, að upphæð kr. 12000.00.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Tveimur kjörnum af forráðamönnum barnastúkunnar, en frú Svava E. Mathiesen skal eiga sæti í henni meðan hennar nýtur við, og eftir hennar dag skal ætíð einhver náinn afkomandi eða ættingi Árna M. Mathiesen eiga sæti í henni, í samráði við stjórn barnastúkunnar.

4. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum, áheimum og minningargjöfum um látna menn og konur frá öllum þeim, sem efla vilja vöxt hans og styðja tilgang hans. Gjaldkeri skal halda skrá yfir allar minningargjafir um látna menn, þar sem getið sé dánardags þeirra o. fl., ef óskað er.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla starfsemi barnastúkunnar Kærleiksheimilið nr. 66 í Hafnarfirði, og ræður framkvæmdanefnd stúkunnar hvernig það er bezt gert.

6. gr.

Úr sjóðnum skal ekkert fé greiða, nema beinan kostnað við stofnun sjóðsins, svo sem prentunarkostnað o. fl., þar til hann er orðinn 20000 krónur. Þá má veita úr honum árlega allt að helmingi ársvaxta, en þegar sjóðurinn er orðinn 40000 kr. má verja úr honum allt að þremur fjórðu hlutum ársvaxta. Einn fjórða hluta ársvaxta, og árleg innlög í sjóðinn má aldrei skerða, heldur leggjast þær upphæðir við höfuðstólinn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána. Einnig skal færa í hana fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Einnig ber stjórninni að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld ásamt ársreikningi sjóðsins. Henni ber einnig að varðveita bækur sjóðsins, verðbréf og önnur skilríki á tryggum og eldtraustum stað.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og ber gjaldkera að skila reikningum yfir tekjur hans og gjöld fyrir janúarlök ár hvert, og skal endurskoða þá og úrskurða af gæzlumanni barnastúkunnar.

33

19. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð frá 30. okt. 1947, um breyting á reglugerð um gerð og notkun bifreiða, nr. 72 24. júní 1947.

1. gr.

Í stað orðanna: „Hægri ljósgeisli skal vísa $2\frac{1}{2}$ gráðu til vinstri“ í 3. mgr. 1. gr. komi: „Lægri ljósgeisli skal vísa $2\frac{1}{2}$ gráðu til vinstri.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, og birtist hún til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Dómsmálaráðuneytið, 19. febrúar 1948.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

34

20. febr.

REGLUR

um gjald fyrir heimavinnu við leiðrétting stíla.

1. gr.

Heimilt er að greiða hverjum stundakennara fyrir heimavinnu við leiðrétting stíla, er verða umfram 80 á mánuði að jafnaði, eins og hér segir:

- a. 30 aura fyrir hvern stíl í íslenzku.
- b. 20 aura fyrir hvern stíl í erlendum málum, svo og hverja stærðfræði- og eðlisfræðiúrlausn í menntaskólum (lærdómsdeild).
- c. 15 aura fyrir úrlausn hvers nemanda í reikningi og stærðfræði í gagnfræðaskólum.

Auk þess greiðist verðlagsuppbót.

Tala stíltíma í hverri námsgrein skal ákveðin með samþykki skólustjóra.

Stíll tákna hér skriflegt verkefni, sem unnið er heima og svarar til a. m. k. kennslustundarvinnu nemanda, eða skriflegt verkefni, sem leyst er af hendi í heilli kennslustund.

2. gr.

Greiðsla samkvæmt 1. gr. nær einnig til fastra kennara, að svo miklu leyti sem þeir njóta eigi stundafrádráttar.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 16. gr. laga nr. 58 1946, um menntaskóla, 38. gr. laga nr. 48 1946, um gagnfræðanáam, og 11. gr. laga nr. 16 1947, um menntun kennara, skulu gilda frá byrjun skólaárs 1947—48.

Menntamálaráðuneytið, 20. febrúar 1948.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Árna Böðvarssonar“, 35
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. febr. 1948. 20. febr.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Árna Böðvarssonar.

Eftirfarandi skipulagsskrá var samþykkt á fundi þann 22. nóv. 1931, en tildrög sjóðsstofnunarinnar er að finna í 91—93 fundargerð UFOP.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Árna Böðvarssonar, og er stofnaður í minningu Árna Böðvarssonar frá Hrútsstöðum í Dalasýslu.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla til aukinnar sundkunnáttu meðal ungra manna innan félagssvæðis UMSD, og styrkja sund- og íþróttanáms við sundlaug þess, eftir þeim nánari fyrirmælum, sem fram koma í skipulagsskrá þessari.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 100 króna fjárframlagi frá UMF Ólafur Pái í Laxárdal. Ætlast er til að sjóðurinn fái tekjur sínar með gjöfum einstakra manna og félaga, hverju nafni sem nefnast.

4. gr.

Sjóðurinn skal óhreyfður liggja á vöxtum unz helmingur vaxta hans nemur 60 — sextíu — krónum. Skal þá sú upphæð veitt einum sambandsfélagi til sund- og íþróttanáms við sundlaug UMSD á Laugum. Upp frá því skal smám saman fjölga styrkþegum í hlutfalli við aukning sjóðsins. Nái höfuðstóll sjóðsins að nema kr. 10000.00 eða meir, má árlega verja $\frac{3}{4}$ hluta vaxta hans í nefndum tilgangi, en $\frac{1}{4}$ hluti leggst jafnan við höfuðstól. Nái höfuðstóll sjóðsins kr. 20000.00 upphæð eða meir, má verja nokkrum hluta vaxtanna til fullkomnara íþróttanáms. Falli sundkennsla niður á sambandssvæðinu, má verja hinum umræddu vöxtum til hvers konar menningarstarfsemi meðal ungra manna í Dölum, er stjórn sjóðsins verður ásátt um.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, einn kosinn af UMF Ólafur Pái og tveir kosnir af UMSD, allir til þriggja ára í senn. Ef UMF Ólafur Pái leysist upp, skipar sambandið alla stjórnina, en ef UMSD leggst niður, gengur sjóðurinn, afnot hans og stjórn til UMFÍ, þó að því tilskildu, að Dalamenn gangi fyrir um styrk úr honum að öðru jöfnu.

6. gr.

Stjórn sjóðsins tilnefnir, að undangengnum umsóknum, styrkþega ár hvert. Hún heldur og árlega reikninga sjóðsins og leggur þá fram á héraðsþingi UMSD, sem kys endurskoðendur. Hún varðveitir og önnur skjöl og skilríki, þau er sjóðnum við koma.

7. gr.

Skipulagsskrá þessa má endurskoða að 10 árum liðnum, ef stjórn sjóðsins telur þess þörf. Þó skal 1. gr. jafnan standa óbreytt.

35
20. febr.

8. gr.
Þinglýsa skal skipulagsskrá þessari.
Skipulagsskrá þessi var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum á sam-
bandsþingi UMSD, sem háð var að Sælingsdalslaug hinn 12. júlí 1947.

Stjórn UMF Ólafur Pái.

Hallgrímur Jónsson. Jóhannes úr Kötlum. Óskar Sumarliðason.

36
20. febr. Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Elínar Jóseps-
dóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. febrúar
1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Elínar Jósepsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Elínar Jósepsdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000.00 — eitt þúsund — krónur. Hann er stofnaður til minningar um Elínu Kristjönu Jósepsdóttur, fædd 31. júlí 1915, dáin 4. júlí 1946, af móður hennar og stjúpföður, Amalíu Þorleifsdóttur og Stefáni Tómassyni í Búðardal í Dalasýslu

3. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum, er leggjast skulu við höfuðstól hans.

4. gr.

Allir vextir skulu leggjast við höfuðstól sjóðsins, þar til hann er orðinn að upphæð kr. 5000.00. Úr því má verja $\frac{3}{4}$ árlegra vaxta samkvæmt 6. gr. $\frac{1}{4}$ árlegra vaxta skal leggjast við höfuðstólinn unz hann er orðin nað upphæð kr. 10000.00, eftir það má ráðstafa öllum vöxtum sjóðsins.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Dalasýslu eða annarri hliðstæðri stofnun.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að viðhalda og endurbæta ljósakerfi Hjarðarholtskirkju í Dalasýslu, svo og að prýða og fegra kirkjuna og það sem hennar er, eftir því sem til hrekkur.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera undir yfirstjórn sóknarnefndar Hjarðarholtssóknar, sem sér um ávöxtun sjóðsins og allar fjárreiður og býr til reikninga hans, og skulu þeir endurskoðaðir árlega með reikningum kirkjunnar. Verði þær breytingar á skipun kirkjumála, að störf sóknarnefnda verði lögð niður, fellur stjórn sjóðsins undir hliðstæða aðila.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Búðardal, 21. desember 1947.

Amalía Þorleifsdóttir. Stefán Tómasson.

S A M Þ Y K K T

37

23. febr.

um lokun sölubúða í Sandgerði í Gullbringusýslu.

1. gr.

Sölubúðum í Sandgerði skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Á tímabilinu 1. janúar til 31. maí ár hvert, skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis, og ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag.

Á tímabilinu 1. júní til 31. desember ár hvert, skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, og ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Á laugardögum skal sölubúðum þó lokað eigi síðar en kl. 12.30 e. m. Aðfangadag jóla og gamlársgdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 1 e. m.

Síðasta virkan dag fyrir jól skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 12 á miðnætti.

3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar, sbr. þó. 4. gr.

4. gr.

Brauða- og mjólkurbúðum, sem starfræktar kunna að verða, má halda opnum á dögum þeim, sem nefndir eru í 3. gr. kl. 10 til 12 árdegis, en eingöngu til sölu á mjólk, mjólkurafurðum og brauðum.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða, er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan sölubúða, verzlana, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja kol, oliur, salt, veiðarfæri og vistarforða handa skipum. Sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymsluhúsum verzlana.

6. gr.

Þá, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Sýslumanni er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni, eða ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að hans dómi horfa til almenningsheilla.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 50 til 500 krónum, og renna sektirnar í sveitarsjóð Miðneshrepps. Mál út af brotum á samþykkt þessari skulu rekin sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Miðneshrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

37 Jafnframt eru úr gildi felld öll áður útgefin leyfi, sem fela í sér annan lokunar-
23. febr. tíma sölubúða í Miðneshreppi, en um getur í samþykkt þessari.

Félagsmálaráðuneytið, 23. febrúar 1948.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

38 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningar- og verðlaunasjóð dr.
26. febr. phil. Jóns Ófeigssonar yfirkennara“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af
dómsmálaráðherra 26. febr. 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningar- og verðlaunasjóðs dr. phil. Jóns Ófeigssonar yfirkennara.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af nokkrum lærisveinum og vinum Jóns Ófeigssonar og til minningar um hann. Stofnfé nemur kr. 20000.00.

2. gr.

Verkefni sjóðsins er að verðlauna beztu prófframmistöður við Menntaskólann í Reykjavík. Til verðlaunanna má verja allt að $\frac{3}{4}$ hlutum af árlegum vöxtum. Minnst $\frac{1}{4}$ hluti ársvaxtanna leggst árlega við sjóðinn til eflingar honum, auk þess sem sjóðurinn veitir móttöku þeim upphæðum, er menn vildu í hann leggja til minningar um Jón Ófeigsson eða til að styðja verkefni sjóðsins eins og skipulagsskráin greinir. Fyrsta veiting úr sjóðnum skal fara fram í sambandi við vorprófin vorið 1948.

3. gr.

Veita skal einungis ein verðlaun úr sjóðnum meðan upphæð sú, er veita má, eigi nemur meiru en kr. 500.00. Skulu þau veitt þeim stúdent, er lýkur hæsta stúdentsprófi frá skólanum vor hvert. Hafi tveir stúdentar eitthvert vor jafnháa aðal-einkunn, skal sá stúdent hljóta verðlaunin, sem hefur hærri einkunn í þýzku, en hafi þeir jafnháa einkunn í þýzku, skiptast verðlaunin milli þeirra.

4. gr.

Þegar upphæð sú, er veita má, nemur kr. 500.00, skal veita tvenn verðlaun. Önnur verðlaunin, kr. 500.00, skulu veitt eins og segir í 3. gr., en hin verðlaunin, það sem umfram er kr. 500.00 upp í kr. 1000.00, skulu veitt þeim nemanda Menntaskólans, sem hæsta aðaleinkunn hlýtur við vorpróf í skólanum. Hafi tveir eða fleiri nemendur jafnháar hæstu einkunnir, sker einkunn í þýzku úr um, hver nemandinn hlýtur verðlaunin — sbr. 3. gr. —, en skeri þýzku einkunn ekki úr, eða nemandur hafi ekki haft þýzku til prófs, skiptast þau verðlaun.

5. gr.

Þegar upphæð sú, er veita má, nemur yfir kr. 1000.00, skal veita þrenn verðlaun. Veitast tvenn þeirra eins og að framan greinir, en þriðju verðlaunin, það sem umfram er kr. 1000.00 upp í kr. 1500.00, skulu veitt stúdent, sem bezt er að sér í þýzkri

tungu að dómi þess kennara, er kennir þýzku til stúdentsprófs, enda hafi sá stúdent 38 jafnháa eða hærri einkunn í þýzku til stúdentsprófs og nokkur annar stúdent frá 26. febr. skólanum það sinn.

6. gr.

Öll verðlaun, sem veitt eru, skulu ávallt standa á heilum tug króna.

7. gr.

Þegar $\frac{3}{4}$ hlutar vaxta sjóðsins nema árlega meiru en kr. 1500.00, þá hækka öll hin greindu verðlaun jafnt. Farið getur svo, að sami stúdent hljóti öll þrenn verðlaunin, en einstökum aðila má þó aldrei veita hærri verðlaun en kr. 5000.00. Ef um hærri upphæð væri að ræða til verðlauna, skal fjölga verðlaunum eftir sömu reglum og að framan greinir, einungis væri þá um að ræða þá, er hefðu næst hæstu prófeinkunnir, og svo koll af kolli.

8. gr.

Stjórn sjóðsins og varzla skal vera hjá rektor Menntaskólans, en sjóðurinn skal geymdur og ávaxtaður í bréfum Veðdeildar Landsbanka Íslands eða öðrum jafngóðum ríkistrygðum verðbréfum, sé eigi völ veðdeildarbréfa. Skal færð bók yfir eignir sjóðsins svo og ársreikninga hans. Þar skal og færa skýrslu um allar verðlaunaveitingar úr sjóðnum og annað, er varðar starfrækslu hans. Reikningsárið sé almanaksárið, og skal rektor árlega birta reikninga sjóðsins í skólaskýrslum Menntaskólans í Reykjavík, og skal þar einnig greint, hver eða hverjir hafi hlotið verðlaun úr sjóðnum það ár og hve mikið. Endurskoðun sjóðsins skal vera með sama hætti og annarra sjóða, er hlíta stjórn rektors.

9. gr.

Telji rektor Menntaskólans og meiri hluti kennara skólans heppilegt að breyta skipulagsskrá þessari þannig, að verðlauna beri beztu frammistöður við stúdentspróf í einstökum námsgreinum, frekar heldur en fjölga verðlaunum samkv. síðustu málsgrein 7. gr., skal það heimilt. Sama gildir og, ef þýzkukennsla til stúdentsprófs yrði lögð niður. Þó má aldrei breyta skipulagsskránni þannig, að tilgangi sjóðsins verði í nokkru breytt.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Borgarness.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Borgarness er fyrirtæki, sem Borgarneshreppur starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um kauptúnið og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Borgarneshrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Borgarness og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Borgarness aflar orku til almenningsþarfa í kauptúninu með því að kaupa raforku frá Andakilsárvirkjuninni og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er Borgarneskaupþún og sá hluti nágrennis þess, sem hreppsstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Borgarness hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála Borgarneshrepps er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefnd skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar, a. m. k. Hreppsnefnd setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála kaupþúnsins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Borgarness hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tækjum. Skal tækjum hennar fyrst og fremst varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með

talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd. 25. febr. 39

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Löggilding rafvirkja.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verk-svið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem hafa hlotið löggildingunni rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Borgarness selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af hús-eiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugar-gjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugar-gjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug. Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er raf-

39 magnsstjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notk-
25. febr. unartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja, eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerðir á raflögnum.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagnir í kaптúninu, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veilu, sem úttektarskyld er, fyrir en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það sektum þann, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á, og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess, að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar, sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara, með því skilyrði, að greitt sé lágmarksgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum og annari notkun.

Sé misbrestur á þessu, eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess, að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á

veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

39

25. febr.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Borgarness.

14. gr.

Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $+/-5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni $+/-5\%$, en rafveitan annars.

Hafi kwst.-mælir sýnt $+/-5\%$ skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því sem næst verður komizt, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki geta náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

- 39 6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða
25. febr. raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkunin um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt, þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda, til innheimtu með lögtaki:

- a. Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga.
- b. Þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina.
- c. Þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skuldar, má að jafnaði ekki opna hana aftur, nema:

1. Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd.
2. Að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar, samkvæmt gjaldskrá.
3. Að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar,

svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun. 39

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr. 25. febr.

18. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af brunu eða slysum, sem kunna að verða af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess, að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkunin er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júlí, svo og endranær, þegar þörf gerist

Meðan verið er að leggja heimaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan tíma eða skamman, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá $\frac{1}{300}$ hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreindir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framanskráðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar, með hálf

39 mánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar, og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000.00 krónum, — tíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málssókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 25. febrúar 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Forv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Akraness.

40

25. febr.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Akraness er fyrirtæki, sem Akranesbær starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um bæinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Akranessbæjar, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Akraness og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Akraness aflar orku til almenningsþarfa á Akranesi með því að kaupa raforku úr orkuveri Andakílsárvirkjunar og veitir þeirri orku um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Akranesskaupstaðar og sá hluti nágrennis hans, sem bæjarstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Akraness hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála bæjarins er í höndum bæjarstjórnar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem bæjarstjórn skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar, a. m. k. Bæjarstjórn setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af bæjarstjórn. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa bæjarstjórn þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir bæjarstjórn til úrskurðar samtímis ársreikningum bæjarins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem bæjarstjórn skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögum til bæjarstjórnar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála bæjarins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Akraness hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum reksturskostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar bæjarstjórn.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Löggilding rafvirkja.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi rafveitunnar. Bæjarstjórn setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem hafa hlotið löggildingunni rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagnir en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Akraness selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá raf-

veitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

40
25. febr.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug. Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafmagnsstjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja, eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerðir á raflögn.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagnir á Akranesi, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrir en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það sektum þann, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á, og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess, að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar, sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálstan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

40
25. febr. Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum og annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu, eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess, að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Akraness.

13. gr.

Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 18. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $\pm 5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni $\pm 5\%$, en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt $\pm 5\%$ skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því sem næst verður komizt, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki geta náð því afli, sem fasta greiðslan er

miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða metið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

14. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkunin um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarkskjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

15. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafizt er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má setja í gjaldskrá.

16. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt, þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda, til innheimtu með lögtaki:

- a. Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga.

- 40 b. Þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina.
 25. febr. c. Þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.
 Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðslu-
 skyldu á lokunartímabilinu.

- Sé lokað fyrir veitu vegna skuldar, má að jafnaði ekki opna hana aftur, nema:
1. Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd.
 2. Að greitt sé aukagjald fyrir endurofnun veitunnar, samkvæmt gjaldskrá.
 3. Að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir endurofnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu skal farið með það sem endurtekna óleyfilega straumnotkun samkvæmt 13. gr.

17. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflana vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingar af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem kunna að verða af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess, að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan tíma eða skamman, ákveður bæjarstjórn, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hefi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá $\frac{1}{300}$ hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

18. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrir- 40
vara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal 25. febr.
uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framanskráðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar, með hálfmánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

19. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar, og breytingum þeim, sem bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð bæjarstjórnar.

C. Almenn ákvæði.

20. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 — tíu þúsund — krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

21. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 25. febrúar 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir stúdentagarðana í Reykjavík.

1. gr.

Stúdentagarðarnir eru sjálfstæð stofnun, er hefur sérstakan fjárhag. Um stjórn hennar fer samkvæmt skipulagsskrá þessari.

2. gr.

Hlutverk stúdentagarðanna er:

1. að veita stúdentum húsnæði;
2. að reka mötuneyti fyrir þá;
3. að vera, eftir því sem föng eru á, miðstöð félagslífs þeirra.

3. gr.

Í stjórn garðanna eiga sæti fimm menn. Velur háskólaráð tvo þeirra, stúdentaráð tvo, og skal annar þeirra a. m. k. valinn úr hópi garðbúa, enn menntamálaráðuneytið tilnefnir fimmta manninn til þriggja ára í senn. Háskólaráð og stúdentaráð skulu í febrúarmánuði ár hvert kjósa einn fulltrúa hvort til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Fimm varamenn skulu valdir eftir sömu reglum og aðalmenn.

4. gr.

Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum stúdentagarðanna. Hún ræður, hverjir fái garðvist og með hverjum kjörum. Hún ræður starfsmenn garðanna og setur þeim erindisbréf. Hún sér um reikningshald garðanna.

5. gr.

Reikningsár garðanna er almanaksárið. Stjórnin skal hafa gert reikninga um tekjur og gjöld og efnahag garðanna fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Skulu reikningarnir endurskoðaðir af tveim endurskoðendum. Velur háskólaráð annan þeirra, en stúdentaráð hinn.

6. gr.

Nánari ákvæði um stúdentagarðana skulu sett með reglugerð, er stjórn garðanna semur og háskólaráð og stúdentaráð samþykkja.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi, er háskólaráð og stúdentaráð hafa samþykkt og menntamálaráðherra staðfest hana. Sama máli gegnir um breytingar, sem kunna að verða gerðar á skipulagsskrá þessari.

Þetta er hér með birt þeim, sem hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 20. febrúar 1948.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Jóhannes Eliasson.

REGLUGERÐ

42

2. marz

um viðauka við reglugerð frá 11. febrúar 1948, um ríkisábyrgð vegna
bátaútsvegsins o. fl.

Aftan við 10. tölulið 5. gr. reglugerðarinnar komi nýr töluliður, er verður 11. töluliður, svo hljóðandi:

Þorskþunnildi, himnudregin, fullsöltuð og fullstaðin, þökkuð í hessianstriga 25 kg í pakka, pr. kg fob. kr. 2.00.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 128/1947 til að öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútsvegsráðuneytið, 2. marz 1948.

Jóhann P. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

GJALDSKRÁ

43

3. marz

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. RAFORKA

Rafmagnsveita Reykjavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Þar, sem raforkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

1. Um kwst.-mæli á 93 aura hver kwst.
2. Um hemil eða hemil-mæli á 116 hvert árshektóvatt, og skal hemilstillingin ávallt standa á heilu hw. og bil milli tveggja stillinga eiga vera minna en 15% hinnar hærri. Umframnotkun skal seld samkvæmt gjaldskrárlið A 1. Samkvæmt þessum lið má selja útiljós, enda þótt mælitækjum verði ekki við komið.
3. Um kwst.-mæli á 23 aura hver kwst. auk fastagjalds, er nemi 116 kr. á ári fyrir allt að 25 m² gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og 3,35 fyrir hvern m² umfram 25 m². Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal deila fermetragjaldinu með 3,5.
4. Um tvígjaldsmæla, ef um meira en 2,5 kw. afl er að ræða og notkunartíminn er meiri en 600 klst. á ári, á 93 aura á kwst. á ljósatíma, en 23 aura á kwst. utan ljósatíma. Ljósatími skal talinn þessi:
 - Í apríl til ágúst frá kl. 20½ til kl. 22.
 - Í september og marz frá kl. 19 til kl. 22.
 - Í október og febrúar frá kl. 17½ til kl. 22.
 - Í nóvember og janúar frá kl. 16 til kl. 22.
 - Í desember frá kl. 15 til kl. 22.

Ef ársnotkun er meiri en 20000 kwst. má veita afslátt á notkun utan ljósatíma samkvæmt ákvæðum gjaldskrárliðs C 4.

Verði tvígjaldsmæli ekki við komið, er heimilt að nota einfalda ljósmæla undir þessum gjaldskrárlið og skal þá reikna 7 kwst. ársnotkun á hvern fer-

43
3. marz

metra gólfplatlar, sem notkun á ljósatíma, en alla notkun umfram það, sem notkun utan ljósatíma, eins og ákveðið er hér að ofan.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um tvenna kwst.-mæla, annan til ljósa, en hinn til heimilisvéla. Um ljósamælinn reiknast ljósagjald samkvæmt A 1, á hinn mælinn 23 aurar á kwst. Þennan gjaldskrárlið má einnig nota fyrir skrifstofur, verzlanið og verkstæði, en þó ekki fyrir þrífasa hreyfla.
2. Um einn kwst.-mæli á 19 aura hver kwst., og auk þess fastagjald kr. 24.00 á ári af hverju íbúðarherbergi heimilisins.

Leiga af mælinum er innifalin í fastagjaldinu.

Eftir þessum gjaldskrárlið má selja rafmagn til suðu til veitingahúsa, gisti- húsa og annarra slíkra staða, sem ekki verða taldir heimili, enda sé þá rafmagnið selt um sérmæli, og leiga goldin af sérmælinum, en herbergjagjald ekki reiknað.

3. Um hemil-mæla 660 kr. hvert árskw., og auk þess 19 aura á kwst. fyrir umframnotkun. Hemilstillingin skal vera minnst 500 wött að viðbættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi fram yfir tvö.

Þennan gjaldskrárlið, B 3, má einnig nota fyrir skrifstofur, verzlanið og verkstæði, þó eigi fyrir 3-fasa hreyfla, og skal þá miða stillingu hemilsins við 500 wött fyrir fyrstu 25 m² gólfplatlar eða minna og síðan 100 wött fyrir hverja 12 m² eða minna, og skal m² reiknaður út eftir sömu reglum og settar eru fyrir gjaldskrárlið A 3.

Reglur um útreikning herbergja.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærri en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélar.

Þar, sem raforka er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.-mæli á 46 aura kwst. Hafi vélarar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minna árgjalds frá 55 til 93 kr. á hvert uppsett kw. vélanna.

Eftir þessum gjaldskrárlið má selja raforku til barna- og unglingskóla, sjúkrahúsa, kirkna og annarra þess háttar opinberra stofnana. Svo og til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur.

2. Um mestumæla fyrir mesta notað afl á árinu, þannig:

148 kr. á árskw. fyrir fyrstu	25 kw.,
120 ————— „————— næstu	25 —
93 ————— „————— umfram	50 —

og auk þess skal greiða kwst.-gjald, er reiknast þannig:

Fyrstu	100 000 kwst. ársnotkun á 6,5 aura hver kwst.
Næstu	100 000 ————— „————— 6,0 ————— „—————
—	200 000 ————— „————— 5,5 ————— „—————
—	200 000 ————— „————— 5,0 ————— „—————
Umfram	600 000 ————— „————— 4,6 ————— „—————

3. Um hemilmæla á 446 kr. árskw. og 23 aura á kwst. öll umframnotkun. Raf-

magnsstjóri ákveður stillingu hemilmælisins í hvert skipti í hlutfalli við véla-aflið. 43

3. marz

Þennan gjaldskrárlið má einnig nota til hitunar í iðnaði.

4. Um tvígjaldsmæli, ef um meira en 5 kw.-afl er að ræða, og notkunartíminn er meira en 500 klst. á ári, á 93 aura á kwst. á dýra tímanum, sem talinn skal frá kl. 10,45 til kl. 12,00, en 23 aura á kwst. endrar nær.

Ef ársnotkun utan dýra tímans er meiri en 20 000 kwst., má veita afslátt á þeirri notkun, er reikna skal þannig:

Fyrstu	20 000 kwst.	á ódýra tímanum	23 aura á kwst.
Næstu	30 000	—————,—————	19 ———,—————
Umfram	50 000	—————,—————	13 ———,—————

Við þennan gjaldskrárlið má einnig nota einfalda kwst.-mæla, en þá skal reikna gjaldið 30 aura á kwst.

Afslátt skal reikna þannig:

Fyrstu	22 000 kwst.	á 30 aura á kwst.
Næstu	33 000	—,—— 25 ———,—————
Umfram	55 000	—,—— 20 ———,—————

D. Hitun.

- Um kwst.-mæli á 11 aura á kwst, enda sé þá minnsta notkun 10 000 kwst. á ári.
- Um kwst.-mæli á 9 aura á kwst., ef straumur er rofinn með klukkurofa, frá kl. 10,45 til kl. 12,00, og frá kl. 18,30 til kl. 19,45. Sameina má þennan gjaldskrárlið B 2, enda skal þá talið á B 2-lið 1000 kwst. notkun fyrir eins herbergis íbúðir og 600 kwst. að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er framyfir, allt að 3000 kwst. á ári.
- Um kwst.-mæli á 5 aura kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa, frá kl. 9 til kl. 12 og 6 klst. á tímanum frá kl. 15 til kl. 23.
- Um kwst.-mæli á 3—7 aura á kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa, frá kl. 8 til 23, enda séu nægilega stórir hitageymar settir upp fyrir dagnotkunina. Þegar um er að ræða hitun í húsrúmi, sem er yfir 2000 m² að stærð eða aðra hliðstæða notkun á afli, er heimilt að láta í té straum á tímanum 12½ til 15½ ef þörf gerist.
- Um tvígjaldsmæla á 5,5 aura hver kwst. frá kl. 23 til kl. 8, og 23 aura hver kwst. frá kl. 8 til kl. 23.

Selja má rafmagn samkvæmt þessum gjaldskrárlið til véla, sem uppfylla skilyrði fyrir gjaldskrárlið C 4, ef straumurinn er rofinn af lögninni með klukkurofa, frá kl. 10,45 til kl. 12.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra;
- Að notandinn kosti tengingu klukkurofa og greiði leigu fyrir hann samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla;
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafmagnsveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Þegar sérstaklega stendur á, má rafmagnsstjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki bæjarráðs.

43 F. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögum bæjar-
3. marz ráðs.

G. Fyrir hver 10 stig, sem verðlagsvisitala Hagstofunnar hækkar eða lækkar, er heimilt að hækka eða lækka raforkureikninga Rafmagnsveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafmagnsstjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækinu samkv. eftirfarandi skrá:

	upp að	Ársleiga í kr.	yfir
	30 amp.	35.75 amp.	75 amp
Einfasa kwst.-mælar, hemilmælar og hemlar	15.00	„	„
Þrífasa kwst.-mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frá- dráttarmælar, lausir	30.00	45.00	60.00
Tvígjaldsmælar, mestumælar	45.00	60.00	75.00
Lausar skiptiklukkur, einar sér	15.00	„	„

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafmagnsstjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

- Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, 5 krónur.
- Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 5 krónu gjald á skrifstofu Rafmagnsveitunnar.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá um sama efni, útgefin 7. marz 1947.

Félagsmálaráðuneytið, 3. marz 1948.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

44

4. marz

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

- Um kwst.-mæli á kr. 1,20 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki fellur undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
- Um kwst.-mæli á 45 aura hver kwst., auk fastagjalds er nemi kr. 6,00 á ári á m²

gólfflatarmáls í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólf- 44
fleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal 4. marz
greiða kr. 2.00 á ári af m².

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.-mæli á 27 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, 5 kr. á mánuði af fyrsta herbergi hverrar íbúðar og 3 kr. á mánuði af hverju herbergi, sem umfram er.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minna en 10 m² má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi.

C. Rafmagn til notkunar í gistihúsum og matsölum.

Til suðu um kwst.-mæli á 25 aura hver kwst., lýsing samkvæmt A-lið.

D. Rafmagn til véla.

Um kwst.-mæli á 65 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 130.00 til 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna. Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja rafmagn til götulýsinga, svo og til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur.

E. Rafmagn til hitunar.

1. Um kwst.-mæli á 12 aura hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Notkun umfram 10 000 kwst. á ári greiðist með 10 aurum hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrárlíð er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 10,30 til 12 og frá 18 til 19,30.
2. Um kwst.-mæli á 4 aura hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrárlíð er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 8 til 23.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að klukkurofar séu fánlegir, og notandi kosti tengingu þeirra, og greiði leigu eftir þá, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

F. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja rafmagn eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki hreppsnefndar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 Amp.	kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 Amp. og minni	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 Amp.	— 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 Amp.	— 10.00 — —

- 44 Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera
4. marz sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir: Grunn gjald kr. 800.00 og auk þess 8 kr. af hverjum þúsund kr. af brunabótamati húsa og mannvirkja upp að 500 þús. kr., en 4 kr. af hverjum þús. kr. þar yfir.

Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þús. eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný skal þó miðað heimtaugargjaldið við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar heimtaugaruppsetningu er lokið, eða þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt. Heimilt er að veita gjaldfrest á helmingi heimtaugargjalds í allt að 6 mánuði.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 m, og loftlínuheimtaugar meiri en 60 m, og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. ÝMIS GJÖLD

1. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun 10 kr.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Fyrst um sinn skal útiloka frystihúsvélar á tímanum kl. 10,45 til kl. 12 fyrir hádegi og enn fremur ber að útiloka allar aðrar vélar, eftir því sem hægt er, þegar spennan er lág og aðrar ástæður gera það nauðsynlegt að dómi rafveitustjóra.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20 af hundraði, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. marz 1948.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

AUGLÝSING

45

um breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað.

9. marz

Á eftir 33. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Óheimilt er að selja kjöt af nautgripum, hrossum, svinum og sauðfé í opinberum kjötsölustöðum, nema slátrað hafi verið í viðurkenndu sláturhúsi, enda hafi kjötið verið flokkað og stimplað af dýralækni eða öðrum löggiltum kjötskoðunarmanni. Ef selja á kjöt í kjötsölustöðum bæjarins frá sláturhúsum utan hans, skal heilbrigðisskoðun fara fram að nýju, áður en sala þess hefst.

Breyting þessi, sem er gerð samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 9. marz 1948.

Eysteinn Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Nemendasjóð Samvinnuskólans“, 46
útfegin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. marz 1948.

18. marz

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nemendasjóð Samvinnuskólans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Nemendasjóður Samvinnuskólans.

2. gr.

Stofnfé hans eru kr. 1000.00, sem nemendur og kennarar skólans hafa lagt fram. Í sjóðinn skal renna hagnaður allur, sem verða kann af árhátíðum skólans. Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum.

3. gr.

Verkefni sjóðsins er að styrkja nemendur Samvinnuskólans, ef veikindi her að höndum, og að veita þeim námsstyrki.

4. gr.

Eigi má verja ár hvert meira fé úr sjóðnum en nemur $\frac{3}{4}$ ársvaxta hans. Hinn hluti vaxta og aðrar tekjur leggst við höfuðstól.

Styrki skal eigi veita fyrr en sjóðurinn er orðinn 20000 kr.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn.. Tvo kjósa nemendur úr sínum hópi til árs í senn, en skólastjóri er sjálfkjörinn formaður.

46

18. marz

6. gr.
Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur skulu kjörnir til árs í senn. Velja nemendur annan úr sínum hópi, en kennarar hinn innan sinna vébanda. Reikning sjóðsins skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í ríkistryggðum verðbréfum eða á annan hátt jafnöruggan, að dómi sjóðstjórnar.

8. gr.

Skipulagsskrá sjóðsins getur almennur fundur nemenda skólans breytt, ef til hans er boðað með viku fyrirvara, fundarefnis getið og $\frac{3}{4}$ fundarmanna samþykkja breytinguna.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum, er á henni kunna að verða gerðar.

Reykjavík, 9. marz 1948.

F. h. nemenda Samvinnuskólans

Jónas Jónsson. Baldur Teitsson. Áskell Einarsson.

47

22. marz

AUGLÝSING

um breyting til bráðabirgða á gjaldskrá fyrir Rafveitu Neskaupstaðar,
nr. 5 22. jan. 1929.

1. gr.

Gjald fyrir raforku, sem Rafveita Neskaupstaðar selur, skal frá og með 1. apríl n. k. vera sem hér segir:

1. Til ljósa	150	aurar	hver	kwst.
2. — heimilisnotkunar	40	—	—	—
3. — iðnaðar	75	—	—	—
4. — frystihúsa	33 $\frac{1}{4}$	—	—	—

2. gr.

Gjaldskrá rafveitunnar skal endurskoðuð, þegar rafstöð sú, sem nú er í smiðum í Neskaupstað, verður tekin í notkun.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi 1. apríl n. k., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. marz 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Gunnl. E. Briem.

AUGLÝSING

fyrir Rafveitu Eskifjarðar.

48

23. marz

I. RAFORKA

Rafveita Eskifjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.-mæli á kr. 1.75 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Suða og hitun.

Um kwst.-mæli á 40 aura hver kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið er einungis seld raforka til fasttengdra suðu- og hitunartækja.

C. Vélar.

Um kwst.-mæli á 80 aura hver kwst. Vélarnar skulu vera fasttengdar. Sé notkunartími þeirra mjög stuttur, má krefjast minnsta árgjalds kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

D. Götu- og hafnarlýsing.

Um kwst.-mæli á kr. 1.00 hver kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur.

E. Fast gjald.

Selja má raforku án mælis gegn föstu gjaldi, er nemi kr. 2.00 á ári fyrir hvert ástimplað watt þeirra tækja, sem tengd eru við veituna.

Gjalddagi raforkugjaldanna er við álestur mæla, þar sem orkan er mæld. Þar sem orkan er ekki mæld greiðist gjaldið einu sinni á ári, og er gjalddagi þess 31. desember.

II. MÆLALÆIGA

Stjórn rafveitunnar ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum allt að 30 Amp. | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 Amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 Amp. | — 7.00 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 Amp. | — 10.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

48 Grunnjald kr. 50.00 á ári af hverri heimtaug og auk þess kr. 1.00 af hverju þús-
23. marz undi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna, af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund. Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjórn samrýmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný skal þó heimtaugargjaldið miðað við það mat.

Heimtaugargjald það, sem að ofan getur, nær aðeins til einnar heimtaugar fyrir hvert hús. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Vanskil.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 10.00.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrir en notandinn hefur greitt kr. 10.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Eskifjarðar nr. 197 23. desember 1940.

Atvinnumálaráðuneytið, 23. marz 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

49
30. marz

um breyting á reglugerð um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, frá 23. sept. 1947, nr. 131.

Í stað orðanna „kl. 23“ í 6. gr. 1. mgr. reglugerðarinnar komi: kl. 24.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 30. marz 1948.

Emil Jónsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

50

30. marz

um undanþágu frá greiðslu söluskatts af nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í 47. gr. laga nr. 128 1947, um dýrtiðarráðstafanir, hefur ráðuneytið ákveðið, að eftirgreindar vörutegundir skuli undanþegnar söluskatti:

Egg,
Tilbúinn áburður,
Slátur, óunnið,
Flugvélabenzín.

Þetta tilkynnist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 30. marz 1948.

Jóhann P. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

GJALDSKRÁ

51

30. marz

fyrir Rafveitu Ólafsfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Ólafsfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Þar sem orkan er aðallega notuð til lýsingar og suðu, skal hún seld um einn kwst.-mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 25 aura hver kwst. Auk þess greiðist fastagjald, 25 aurar á hvern fermetra gólfflatar íbúðarherbergja. Til íbúðarherbergja teljast allar stofur og eldhús, en ekki gangar, geymslur og baðherbergi.

Undir þennan gjaldskrárlið falla og vinnustofur, skrifstofur og verzlanir.

B. Vélar.

Þar sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld um kwst.-mæli á 80 aura hver kwst. allt að 150 kwst. á hvert kw. í málraun vélanna, en 24 aurar hver kwst., sem notuð er fram yfir það. Þó skal minnsta árgjald vera kr. 120 á hvert kw. í málraun vélanna.

C. Orkusala til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu.

Rafveitustjórn getur, í samráði rafveitustjóra, með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi orkusöluna til þeirra, hvenær sem nauðsynlegt er að dómi rafveitustjóra.

D. Næturráfmagn.

Til upphitunar, um kwst.-mæli á 8 aura hver kwst.

Til bökunar og vélareksturs, um kwst.-mæli á 8 aura hver kwst., og auk þess fastagjald, kr. 5.00 á mánuði á hvert uppsett kw. ofna eða véla.

51 E. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjórn, í samráði við rafveitustjóra,
30. marz selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti.

F. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitustjórnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 Amp | kr. 1.50 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 Amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 Amp. | — 7.00 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 Amp. | — 10.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

1. Vanskil.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, 10 krónur.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í fyrsta kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Ólafsfjarðar, nr. 90 27. apríl 1945.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. marz 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

Sundhallar Reykjavíkur.

52
31. marz

I. Aðgangseyrir.

1. Fullorðnir, einstök skipti:		
a. í eins manns klefum	kr.	2.50
b. í hópklefum	—	2.00
2. Börn, einstök skipti	—	0.50
3. Afsláttarmiðar fyrir fullorðna, 12 skipti	—	21.00
4. Afsláttarmiðar fyrir börn, 12 skipti	—	5.40
5. Mánaðarkort fullorðinna (bundið við mánaðardag)	—	30.00
6. Áhugakort barna (bundið við 30 skipti + 20%)	—	12.00
7. Sjúklingakort (sérstaklega lómunarsjúklingar)		Ókeypis.
8. Námskeið miðað við 20 skipti:		
a. til rekstrar fyrir fullorðna	kr.	30.00
b. til rekstrar fyrir börn	—	7.00
		Við þetta bætast kennslulaun.
9. Skólasund:		
Námskeið miðað við 15 skipti og 15 sundnemendur:		
a. barnaskólar til rekstrar, á hvern sundtíma	—	5.25
b. aðrir skólar til rekstrar, á hvern sundtíma	—	22.50
10. Hópsund einu sinni í viku, hámarksfjöldi nemenda í hverri sundstund 70:		
a. til rekstrar	kr.	67.50
b. kennaralaun samkvæmt launatexta.		

II. Leiga handklæða, sundfata o. s. frv.

1. Leiga handklæða	kr.	1.25
2. Leiga sundfata:		
a. fullorðinsskýlur og ullarbolir	—	1.00
b. barnaskýlur og baðmullarbolir	—	0.75
3. Leiga hólfa undir handklæði og sundföt, hirðing innifalin	—	15.00

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi frá og með 1. apríl 1948.

Þetta tilkynnist öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. marz 1948.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

GJALDSKRÁ

Héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir Árnes- og Rangárvallasýslur.

I. RAFORKA

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.-mæli á kr. 1.25 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki fellur undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.-mæli á 45 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 6.00 á ári á m² gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af m².

B. Rafmagn til heimilisnotkunar.

1. Um kwst.-mæli á 30 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, 5 kr. á mánuði af fyrsta herbergi hverrar íbúðar og 3 kr. á mánuði af hverju herbergi, sem umfram er.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m² má miða við samantlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi.

Rafmagnsnotkun í gripahúsum og öðrum húsum, sem notuð eru við búskap, er heimilt að selja samkvæmt þessum gjaldskrárlið. Rafmagnsveitustjóri setur reglur um útreikning fastagjalda af þeim húsum.

2. Heimilt er að selja gistihúsum og matsölustöðum raforku til suðu á 28 aura hverja kwst. og aðra notkun samkv. A-lið.

C. Rafmagn til véla.

Um kwst.-mæli á 65 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 130.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja rafmagn til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur.

D. Rafmagn til hitunar.

1. Um kwst.-mæli á 15 aura hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Notkun umfram 10000 kwst. á ári greiðist með 12 aurum hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrárlið er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 10.45 til 12 og frá 18.30 til 19.45.
2. Um kwst.-mæli á 5 aura hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrárlið er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 8.30 til 23.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsveitustjóra.
- b. Að klukkurofar séu fánlegir, og notandi kosti tengingu þeirra, og greiði leigu eftir þá, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum héraðs-rafmagnsveitna ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillum.

53

1. apríl

II. MÆLALEIGA

Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal, fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni — 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. — 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. — 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins og reglugerð rafveitusjóðs viðkomandi sýslu.

IV. Ýmis gjöld.

1. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 10 kr.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 10 kr. gjald. Gjaldið skal greitt á aðsetursstað umboðsmannsins.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

1. Fyrst um sinn skal útiloka stóra hreyfla á tímanum kl. 10.45 til 12 fyrir hádegi og enn fremur þer að útiloka allar aðrar vélar, eftir því sem unnt er, þegar spennan er lág og aðrar ástæður gera það nauðsynlegt að dómi rafmagnsveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar um heypurrkun, gatnalýsingu o. fl. er að ræða, getur rafmagnsveitustjóri selt rafmagn eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins ár í senn.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 1. apríl 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

54

1. apríl

G J A L D S K R Á

Héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir Staðaveitu í Suður-Þingeyjarsýslu.

I. RAFORKA

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja fyrst um sinn raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.-mæli á kr. 1.25 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki fellur undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.-mæli á 30 aura hver kwst. af fyrstu notkun, er nemi:
Í íbúð, sem er 1 herbergi og eldhús 1200 kwst. á ári.

—————	2	—————	1500	—————
—————	3	—————	1800	—————
—————	4	—————	2000	—————
—————	5	—————	2200	—————
—————	6	—————	2300	—————
—————	7	—————	2400	—————

Notkun umfram þetta greiðist með 16 aurum hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 5.00 á mánuði af fyrsta herbergi hverrar íbúðar og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi, sem umfram er.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m² má miða við samantlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi.

Rafmagnsnotkun í gripahúsum og öðrum húsum, sem notuð eru við búskap, er heimilt að selja samkvæmt þessum gjaldskrárlið. Rafmagnsveitustjóri setur reglur um útreikning fastagjalda af þeim húsum.

C. Rafmagn til véla.

Um kwst.-mæli á 65 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 130.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja rafmagn til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur.

II. MÆLALÆIGA

Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera **54** sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir 1. apríl raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins og reglugerð rafveitusjóðs viðkomandi sýslu.

IV. ÝMIS GJÖLD

1. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 10 kr.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 10 kr. gjald. Gjaldið skal greitt á aðsetursstað umboðsmannsins.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

1. Fyrst um sinn er heimilt 20 kw. mesta álag á veituna í Laxárstöð. Skulu notendur, hver um sig, miða álag sitt við þetta og er því t. d. ekki heimilt að nota hita á suðutíma.
2. Þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar um heypurrkun er að ræða, getur rafmagnsveitustjóri selt rafmagn eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 1. apríl 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Dalvíkur.

55

6. apríl

I. RAFORKA

Rafveita Dalvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.-mæli á kr. 1.80 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

55

B. Suða.

6. apríl

Um kwst.-mæli á 40 aura hver kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið er einungis seld raforka til fasttengdra suðutækja.

C. Vélar.

Þar sem orkan er seld til vélareksturs skal hún seld um kwst.-mæli á kr. 1.00 hver kwst. Hafi vélarinnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til götu- og hafnarlýsingar, svo og til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni. — 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. — 7.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem hér eru nefnd, skal leigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við taugakerfi rafveitunnar, skal greiða heimtaugargjald. Skal það vera sem hér segir:

1. Grunn gjald fyrir hverja loftlínuheimtaug kr. 400.00
2. Grunn gjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug — 600.00

Auk þessa grunn gjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamat skal sleppt í útreikningi þessum, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat. Húseigandi greiðir grunn gjald heimtaugar um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið. Hinn hluti heimtaugargjaldsins fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meira en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meira en 60 metrar, og (eða) gildleiki víra meira en $3 \times 70 \text{ mm}^3$, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD**1. Vanskil.**

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 10.00.

2. Óleyfileg vör.

55

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 10.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

6. apríl

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í fyrsta kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20 af hundruði, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. apríl 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þorbjargar Björnsdóttur frá Kirkjubóli“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. apríl 1948.

56
6. apríl

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þorbjargar Björnsdóttur frá Kirkjubóli í Kirkjubólshreppi í Strandasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þorbjargar Björnsdóttur og er stofnaður af hjónunum Margréti Þorsteinsdóttur og Matthíasi Helgasyni í Kaldrananesi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Kirkjubóls og Fellshrepps. Þó má ávaxta hann annars staðar, en ávallt skal þess gætt, að hann sé ávaxtaður á sem tryggastan og hagkvæmastan hátt.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega unglunga innan Fellshrepps til framhaldsnáms, eftir að barnafræðslu er lokið, með styrkjum og verðlaunum. Skulu þeir, sem erfiðasta aðstöðu eiga, ganga fyrir um fjárstuðning eða verðlaun. Einnig má styrkja einstök heimili, sem hafa sérstaklega örðugar ástæður, svo sem vegna veikinda, eða á einhvern hátt hafa misst fyrirvinnu sína. Sjóðstjórnin ákveður hverjir skulu njóta fjárveitinga úr sjóðnum og ræður meiri hluti á fundum hennar.

56

6. apríl

Vextir skulu leggjast við höfuðstól þar til hann er orðinn kr. 20000.00. Eftir það má úthluta $\frac{2}{3}$ vaxta þar til höfuðstóll er orðinn kr. 50000.00, þá skal leggja $\frac{1}{10}$ hluta vaxta við höfuðstólinn. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

5. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: hreppstjóri og oddviti Fellshrepps ásamt formanni skólanefndar hreppsins.

7. gr.

Stjórnin veitir verðlaun og styrki úr sjóðnum, hefur á hendi reikningshald, heldur gerðabók og færir inn í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, styrki og verðlaunaveitingar, ástæður fyrir þeim og annað, sem varðar hag og velferð sjóðsins.

8. gr.

Endurskoðun reikninga skal framkvæmd af þeim, sem endurskoðar reikninga hreppsins.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

57

7. apríl

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Sjúkraskýlissjóð hjónanna Einars Guðmundssonar og Ingibjargar Þorsteinsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. apríl 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkraskýlissjóð hjónanna Einars Guðmundssonar og Ingibjargar Þorsteinsdóttur, Bjargi á Akranesi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkraskýlissjóður Einars Guðmundssonar og Ingibjargar Þorsteinsdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1604.23 — sextán hundruð og fjórar krónur 23 aurar — ánafnað Sjúkraskýli Akraness af Ingibjörgu Þorsteinsdóttur í erfðaskrá hennar, dags. 25. sept. 1934, og lagt inn í Sparisjóð Borgarfjarðarsýslu 31. maí 1938.

3. gr.

Sjóður þessi ávaxtast í A-deild Söfnunarsjóðs Íslands. Höfuðstólinn má aldrei skerða. Leggja skal alla vextina við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur. Má þá fara að verja allt að $\frac{1}{2}$ hluta vaxtanna til styrktar sjúkrahúsi Akraness, eftir því, sem stjórn sjóðsins ákveður.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Héraðslæknir, sóknarprestur og elzta lögskipuð ljós- móðir. Stjórnin skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem skráðir eru ársreikningar

hans, og styrkir, þegar þar að kemur. Skal hann samþykktur af tveimur endurskoðendum, skipuðum af stjórn sjúkrahúss Akraness. Reikningsárið er almanaksárið. 57
7. apríl

5. gr.

Á skipulagsskrá þessari, sem samin er af undirritaðri stjórn sjóðsins, samkvæmt ákvæði í erfðaskrá Ingibjargar Þorsteinsdóttur, skal leitað samþykkis forseta Íslands og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Akranesi, 18. febrúar 1948.

Árni Árnason. Jón M. Guðjónsson. Þuríður Guðnadóttir.

REGLUGERÐ

58

7. apríl

um grenjaleit og eyðing refa í Vestur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi skal skipa fyrir um grenjaleitir, bæði í heimalöndum og afréttum hreppsins, og sjá um, að reglulegar grenjaleitir fari fram ár hvert á tímabilinu frá miðjum maí til júniloka, svo oft og á þann hátt, er henni þykir nauðsynlegt og heppilegt.

2. gr.

Hver, sem býr á jörð, sem metin er til dýrleika, er skyldur til að leita að grenjum í landi sínu á þeim tíma, sem hreppsnefnd fyrirskipar. Sama gildir um eigendur eyðijarða.

Vanræki nokkur grenjaleit, er hreppsnefnd skylt að láta leita grenjanna á hans kostnað og kæra hann til sektar. Slíkan kostnað má taka lögtaki.

Heimilt er hreppsnefndum að láta framkvæma grenjaleit á kostnað sveitarsjóða eða fjallskilasjóða, ef þeim þykir það betur henta.

3. gr.

Hreppsnefnd skal fyrir 1. maí ár hvert hafa ráðið svo marga skotmenn, sem þurfa þykir til grenjavinnuslu í hreppnum. Um leið og hún fyrirskipar grenjaleitirnar, birtir hún hreppsúum, hverjir ráðnir séu skotmenn og á hvaða svæði í hreppnum.

4. gr.

Í hvert sinn, sem greni finnst, skal tafarlaust tilkynna það oddvita eða skotmanni þeim, sem hreppsnefndin hefur ráðið, og er skotmaður sá skyldur til að koma á grenið svo fljótt, sem því verður við komið. Gæta skal grenis, ef kostur er, unz skotmaður kemur til, en að öðrum kosti hafa þar sem skemmsta dvöl.

5. gr.

Hverjum þeim, sem fyrstur finnur eða getur vísað á greni, þar sem melrakkar hafast við með yrðlingum sínum, greiðist að fundarlaunum 10 kr. úr sveitarsjóði. Hæfilega þóknun greiði og hreppsnefnd fyrir kostnað við að senda eftir skotmanni og fyrir að gæta grenis, þangað til skotmaður kemur á það.

6. gr.

Eftir að skotmaður er kominn á gren, ábyrgist hann að öllu leyti gæzlu þess. Hreppsnefnd sér um að láta færa skotmanni mat og veita honum aðra aðstoð, sem þörf er á.

58

7. apríl

7. gr.

Skotmaður kostar flutning sinn á gren og af, en fær í daglaun fyrir hvern sólarhring eftir því, er honum og hreppsnefndinni fyrir fram semur um fyrir grenjavinnsluna. Vinni hann annað fullorðna dýrið, fær hann 6 kr. að verðlaunum, en 15 kr. vinni hann bæði dýrin, og fyrir hvern yrðling, sem drepinn er á greni, greiðist 5 krónur.

Ef yrðlingar nást ekki úr greni, skal skotmaður eitra fyrir þá, ef mögulegt er.

Hreppsnefnd leggur til eitrið. Verðlaun, sem og dagkaup skotmanns, greiðist úr sveitarsjóði, enda skal skotmaður færa hreppsnefnd gildar sannanir fyrir því, að hve miklu leyti hann hafi unnið hvert gren. Fyrir að vinna bitvarg utan grenis, á hvaða tíma sem er, má hreppsnefnd veita allt að 25 kr. verðlaun úr sveitarsjóði.

Nú þykir hreppsnefnd ástæða til að veita hærri verðlaun í þessu skyni, og er henni það heimilt, að fengnu samþykki almenns sveitarfundar.

Á öll verðlaun samkvæmt undanfarandi greinum greiðist uppbót samkvæmt vísitölu.

8. gr.

Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annars staðar á viðavangi, eru eign þess sveitarfélags, er annast um grenjavinnsluna, enda greiði sveitarfélagið allan kostnað við grenjavinnsluna.

Heimilt er þó ábúanda að taka þátt í grenjavinnslunni á þann hátt, að bera helming kostnaðar af greni, er finnst í landi hans.

Yrðlingar og aðrar tekjur af grenjavinnslunni skiptast þá einnig eftir sömu hlutföllum og greiðsla kostnaðar.

Tilkynning ábúanda um, að hann kjósi að taka þátt í grenjavinnslunni, skal vera skrifleg og afhendast hlutaðeigandi hreppsnefnd fyrir fyrsta sumardag áður en grenjavinnsla fer fram.

9. gr.

Þeim, sem sérstaklega skara fram úr öðrum í því, að eyðileggja refi, sem liggja í fé manna, á hverjum tíma árs sem er, má veita heiðurslaun úr sveitarsjóði.

10. gr.

Telji hreppsnefnd brýna nauðsyn til að eitra fyrir refi, skal það heimilt. Eitrunin skal framkvæmd að vetri og falin vel hæfum mönnum. Í þeim hreppum, þar sem eitrad er fyrir refi að vetrinum, er eigi leyfilegt að egna fyrir þá með öðrum niðurburði óeitruðum, nema hreppsnefnd samþykki það.

Allur kostnaður við eitranir fyrir refi greiðist úr sveitarsjóði.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða 20—500 kr. sektum, er renna í sýslusjóð. Með mál út af brotunum skal farið sem almenn lögreglumál.

Með reglugerð þessari er numinn úr gildi II. kafli fjallskilareglugerðar fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu frá 22. marz 1922.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 11. ágúst 1933, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. apríl 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Borgarness.

59

9. apríl

Rafveita Borgarness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

I. RAFORKA

A. Til lýsingar.

1. Um kwst.-mæli á kr. 1.20 hver kwst.
2. Um kwst.-mæli á 35 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 40 aurum á mánuði á fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með 2.

B. Til heimilisnotkunar.

Um kwst.-mæli á 30 aura hver kwst., af fyrstu notkun, er nemi:

Í íbúð, sem er:

1	herbergi og eldhús	1500 kwst. á ári
2	—————	1650 ———
3	—————	1800 ———
4	—————	1950 ———
5	—————	2100 ———
6	—————	2250 ———
7	—————	2400 ———
8	—————	2550 ———
9	—————	2700 ———

Notkun umfram þetta greiðist með 18 aurum hver kwst. Notandi greiði auk þess fastagjald, kr. 4.00 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Til véla.

Þar, sem raforkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.-mæli á 55 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 120.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Um tvígjaldsmæli, ef um meira en 10 kw. afl er að ræða og notkunartíminn er meiri en 500 klst. á ári, á kr. 1.00 hver kwst., af þeirri notkun, sem fram fer á tímanum kl. 10.45 til 12, en á 35 aura á öðrum tímum.
3. Um kwst.-mæli á 35 aura hver kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 10.45 til kl. 12.

D. Til hitunar.

1. Um kwst.-mæli á 12 aura hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Notkun umfram 10000 kwst. á ári greiðist með 10 aurum hver kwst. Heimilt er að rjúfa strauminn frá kl. 10.45 til 12.
2. Um kwst.-mæli á 10 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn frá kl. 10.45 til 12.15 og 2 klst. seinni hluta dags, þegar álag rafveitunnar er mest.
3. Um kwst.-mæli á 5 aura hver kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 23.

59

9. apríl

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélafli, spennar og götulínur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandi tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur rafmagnsnotkun.

1. Raforku til suðu, til veitinga- og gistihúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, má selja eftir gjaldskrárlið B 1, enda sé þá rafmagnið selt um sérmæli og leiga goldin af honum, en herbergjagjald ekki reiknað.
2. Raforku til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, á 45 aura hver kwst.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður hreppsnefnd eftir tillögu rafveitunefndar, þó ekki lægra gjald en 45 aura fyrir hverja kwst.
4. Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1.
5. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, með samþykki rafveitunefndar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi skrá:

- | | | |
|---|-----|-------------|
| 1. Af einfasa kwst.-mælum, allt að 30 amp. | kr. | 1.50 á mán. |
| 2. — þrífasa kwst.-mælum, 50 amp. og minni | — | 3.00 — — |
| 3. — þrífasa kwst.-mælum, yfir 50 amp. til 200 amp. — | — | 7.00 — — |
| 4. — þrífasa kwst.-mælum, yfir 200 amp. | — | 10.00 — — |

Af öðrum mælitækjum, en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan á ári vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforkuna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Fyrir hverja húsveitu, sem tengd er við rafveitukerfi Borgarness, skal greiða heimtaugargjald, miðað við rúmtak húss, samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga:

Rúmmál húss í ten.m.	Heimtaugargjald í krónum
Frá 0 allt að 100	500.00
— 100 — — 150	575.00
— 150 — — 200	650.00
— 200 — — 250	725.00
— 250 — — 300	800.00
— 300 — — 350	900.00
— 350 — — 400	1000.00
— 400 — — 450	1100.00
— 450 — — 500	1200.00

Rúmmál húss í ten.m.	Heimtaugargjald í krónum
Frá 500 allt að 550	1300.00
— 550 — — 600	1400.00
— 600 — — 650	1500.00
— 650 — — 700	1600.00
— 700 — — 750	1700.00
— 750 — — 800	1800.00
— 800 — — 850	1900.00
— 850 — — 900	2000.00
— 900 — — 1000	2200.00
— 1000 — — 1100	2400.00
— 1100 — — 1200	2600.00
— 1200 — — 1500	3000.00
— 1500 — — 1750	3500.00
— 1750 — — 2000	4000.00
— 2000 — — 2250	4500.00
— 2250 og yfir	5000.00

59

9. apríl

Gjald þetta, er miðað við jarðstreng, að gildleika 3×70 mm³ eða grennri og allt að 25 metra að lengd. Fyrir loftlinu skal greiða heimtaugargjald, sem er 30% lægra, enda sé loftlinan ekki gildari en 3×70 mm³, eða lengra en 60 metrar.

Húseigandi greiðir auk þessa allan kostnað af því, ef heimtaug er gildari eða lengri en að framan greinir. Sé fleiri en ein heimtaug lögð að húsinu, greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir. Ef sérstök heimtaug er lögð í peningshús eða bifreiðaskúr á byggingarlóð íbúðarhúss, telst hún aukaheimtaug í húsið.

Gjald þetta fellur í gjalddaga, er heimtaug hefur verið lögð í hús og tengd við húsveituna.

Hreppsnefnd lætur gera skrá yfir öll hús í þorpinu, er tilgreini rúmtak þeirra, þar með ris og kjallara, allt miðað við utanmál.

Verði síðar lögð jarðlína í stað loftlinu, greiðir húseigandi það, sem á vantar til þess að hann hafi greitt fullt jarðlinu-heimtaugargjald.

IV. ÝMIS GJÖLD

1. Vanskil.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 10 krónur.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 10 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

59 Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir notkun raforku í Borgarneskaupþúni, 9 apríl nr. 122 10. ágúst 1944.

Atvinnumálaráðuneytið, 9. apríl 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

60
10. apríl

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akraness.

I. RAFORKUSALA

Rafveita Akraness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Til lýsingar.

1. Um kwst.-mæli á kr. 1.20 hver kwst.
2. Um kwst.-mæli á 35 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 40 aurum á mánuði á fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í húðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með 2.

B. Til heimilisnotkunar.

Um kwst.-mæli á 30 aura hver kwst., af fyrstu notkun, er nemi:
Í íbúð, sem er:

1	herbergi og eldhús	1500	kwst. á ári
2	—————	1650	—————
3	—————	1800	—————
4	—————	1950	—————
5	—————	2100	—————
6	—————	2250	—————
7	—————	2400	—————
8	—————	2550	—————
9	—————	2700	—————

Notkun umfram þetta greiðist með 18 aurum hver kwst. Notandi greiði auk þess fastagjald, kr. 4.00 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Til véla.

Þar, sem raforkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.-mæli á 55 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds, kr. 125.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Um tvi gjaldsmæli, ef um meira en 10 kw. afl er að ræða og notkunartíminn er meiri en 500 klst. á ári, á kr. 1.00 hver kwst., af þeirri notkun, sem fram fer á tímanum kl. 10.45 til 12, en á 35 aura á öðrum tímum.
3. Um kwst.-mæli á 35 aura hver kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 10.45 til kl. 12.

4. Um kwst.-mæli á 14 aura hver kwst. til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl er yfir 40 kw. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 1½ klst. um hádegi, á tíma mesta álags. 10. apríl

D. Til hitunar.

1. Um kwst.-mæli á 12 aura hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Notkun umfram 10000 kwst. á ári greiðist með 10 aurum hver kwst. Heimilt er að rjúfa strauminn frá kl. 10.45 til 12.
2. Um kwst.-mæli á 10 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn frá kl. 10.45 til 12.15 og 2 klst. seinni hluta dags, þegar álag rafveitunnar er mest.
3. Um kwst.-mæli á 5 aura hver kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 23.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur rafmagnsnotkun.

1. Raforku til suðu, til veitinga- og gistihúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, má selja eftir gjaldskrárlið B 1, enda sé þá rafmagnið selt um sérmæli og leiga goldin af honum, en herbergisgjald ekki reiknað.
2. Raforku til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, á 45 aura hver kwst.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitunefndar, þó ekki lægra gjald en 45 aura fyrir hverja kwst.
4. Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi skrá:

- | | |
|---|-----------------|
| 1. Af einfasa kwst. mælum, allt að 30 amp. | kr. 1.50 á mán. |
| 2. — þrífasa kwst.-mælum, 50 amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. — þrífasa kwst.-mælum, yfir 50 amp. til 200 amp. — | 7.00 — — |
| 4. — þrífasa kwst.-mælum, yfir 200 amp. | — 10.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan á ári vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforkuna.

60

II. HEIMTAUGARGJALD

10. apríl

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við rúmmál húss á þann hátt, sem hér segir:

Rúmmál húss m ³		Heimtaugargjald jarðstrengs kr.
Frá	0 allt að 100	500.00
—	100 — — 150	575.00
—	150 — — 200	650.00
—	200 — — 250	725.00
—	250 — — 300	800.00
—	300 — — 350	875.00
—	350 — — 400	950.00
—	400 — — 450	1025.00
—	450 — — 500	1100.00
—	500 — — 550	1175.00
—	550 — — 600	1250.00
—	600 — — 650	1325.00
—	650 — — 700	1400.00
—	700 — — 750	1475.00
—	750 — — 800	1550.00
—	800 — — 850	1625.00
—	850 — — 900	1700.00
—	900 — — 1000	1800.00
—	1000 — — 1200	2000.00
—	1200 — — 1500	2200.00
—	1500 og yfir	2400.00

Fyrir loftlínu skal greiða heimtaugargjald, er nemur 70% af gjaldinu fyrir jarðstreng.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm³, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu taugar er lokið.

IV. ÝMIS GJÖLD

1. Vanskil.

Hafi gjald, samkvæmt gjaldskrá þessari, eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 10 krónur.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 krónu gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir rafveituna á Akranesi, nr. 89 21. sept. 1926, og breyting á þeirri gjaldskrá, nr. 208 16. nóv. 1943.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. apríl 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Forv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

**um breyting á hafnarreglugerð fyrir Bolungarvíkurkaupþún,
nr. 96 2. júlí 1941.**

61

15. apríl

1. gr.

17. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Hvert skip, sem leggst við festar innan takmarkalínu hafnarinnar, skal í hvert sinn, eða í eitt skipti fyrir öll á ári hverju greiða bryggjugjald, sem hér segir:

Árabátar (stórir og smáir) kr. 1.00 eða kr. 6.00 á ári.

Vélbátar undir 5 brúttósmálestum kr. 8.00 eða kr. 40.00 á ári.

Vélbátar 5—12 brúttósmálestir kr. 12.00 eða kr. 60.00 á ári.

Vélbátar 12—30 brúttósmálestir kr. 16.00 eða kr. 80.00 á ári.

Skip 30—120 brúttósmálestir kr. 0.60 af hverri nettósmálest eða kr. 4.00 af nettósmálest á ári.

Skip 120 brúttósmálestir og þar yfir kr. 0.30 af hverri nettósmálest eða kr. 2.00 af nettólest á ári. Brot úr smálest reiknast sem heil. Gjaldið greiðist fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, er skipið liggur á höfninni. Þó skal það teljast ein viðkoma meðan skip, með hæfilegum hraða, eru fermd eða affermd, þó lengri tíma taki en sólarhring. Varðskip eru undanþegin hafnargjaldi. Enn fremur getur hafnarstjóri veitt skipi undanþágu frá hafnargjaldi, sem leggst á höfnina aðeins til þess að taka heimilisfasta Bolvíkinga eða skila þeim í land, enda hafi það þá ekki viðdvöl og hvorki skili öðrum flutningi né taki.

2. gr.

19. gr. orðist svo:

Af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru úr skipi eða í innan hafnarinnar, svo og af afla þeirra báta, er gerðir eru út frá Bolungarvík, skal greiða vörugjald samkvæmt gjaldskrá þeirri, er hér fer á eftir:

1. fl. Afli hvers konar (þorskur, ýsa, lúða, koli, steinbitur, síld og smokkfiskur), 40 aura hver 100 kg.

2. fl. Skelfiskur, alls konar, 40 aura hvert mál.

3. fl. Frosinn fiskur, beitusíld, smokkfiskur, saltfiskur, harðfiskur, fiskimjöl, gærun, skinn, ull, íslenzkar þrjónavörur, kornvörur, sykur, 80 aura hver 100 kg.

4. fl. Kol, salt, sement, steinrör, steyptir steinar og þess konar, hey, mór, hörð fiskbein, olía á tank, 40 aura hver 100 kg.

5. fl. Olía á fötum, benzín, tjara, lýsi, kjöt, síld, gota, grænsápa, fernis, lýsis-kvoða og aðrar vörur, sem fluttar eru í tunnum og ekki falla undir aðra flokka, kr. 1.00 hver tunna og kr. 1.50 hvert fat.

- 61 6. fl. Tómar tunnur og föt, 25 aura hver tunna og 50 aurar hvert fat.
 15. apríl 7. fl. Timbur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli, 10 aura hvert teningsfet.
 8. fl. Nautgripir og hestar, kr. 5.00 fyrir hvern grip.
 9. fl. Kindur, geitur og loðdýr, kr. 1.00 hvert.
 10. fl. Allar aðrar vörur 10—50 kg með umbúðum, 80 aura hvert stk.
 11. fl. Vörur yfir 50 kg með umbúðum, kr. 1.50 hver 100 kg.
 12. fl. Aðkomuskip, er selja afla sinn til Bolungarvíkur eða leggja hann þar á land til verkunar, skulu greiða:
 a. Af fiski alls konar, þar með síld, koli og smokkfiskur, 40 aura hver 100 kg.
 b. Af skelfiski, 40 aura af hverju máli.

3. gr.

3. málsliður 3. málsgreinar 20. gr. orðist svo:

Brot úr gjaldeiningu reiknast sem heil, þó skal aðeins greiða hálf gald af því, sem ekki nær 10 kg þunga, og lægst vörugjald skal vera 40 aurar.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 84 26. maí 1944, um breyting á hafnarreglugerðinni fyrir Bolungarvíkurkaupþún.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. apríl 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

62

15. apríl

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 25 11. febr. 1948, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

Aftan við 10. tölulið 5. gr. reglugerðarinnar koma þrjár nýir töluliðir, svo hljóðandi:

- | | |
|---|----------|
| 11. Ufsi, eigi undir 12", I. fl. incl. 30% II. fl. pr. kg. fob. | kr. 1.55 |
| 12. Ufsi, eigi undir 12", II. fl., það sem fram yfir er 30% sem um getur í 11. tölulið pr. kg fob. | — 1.30 |
| 13. Ufsi, eigi undir 12", III. fl. pr. kg. fob. | — 1.10 |

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 128/1947 til að öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 15. apríl 1948.

Jóhann P. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

AUGLÝSING

63

19. apríl

um afnám reglugerðar nr. 176 14. sept. 1939, um sölu á kolum til húsa.

Reglugerð nr. 176 14. september 1939, er hér með úr gildi numin.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. apríl 1948.

Emil Jónsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

HAFNARREGLUGERÐ

64

21. apríl

fyrir Sandgerði í Miðneshreppi.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hafnarsvæðið er öll Sandgerðisvík, ásamt víkum og vogum, sem takmarkast að sunnan af Búðarhólma, Munkasetri og áframhaldandi af Bjárskerseyri, en að norðan bein lína úr Þorvaldi í fjörumörk milli Sandgerðis og Flankastaða.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Miðneshrepps kjósa 5 menn í hafnarnefnd, og jafnmarga til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs fyrir hönd hreppsnefndar, enda ber sveitarsjóður ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

3. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnarmannvirki og árlegan reksturskostnað, skal stofna hafnarsjóð. Í hafnarsjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar eru með reglugerð þessari. Við lok hvers rekstursárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlök næsta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningar.

Fyrir 1. nóv. ár hvert skal hreppsnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Miðneshrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekju-liðum.

4. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

III. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

5. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip leggjast svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt svigrúm fyrir önnur skip, að komast að eða frá.

Tregðist eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips við að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda.

6. gr.

Enginn má leggja sérstök legugögn í höfnina nema leyfi hafnarnefndar komi til, og skal hún ákveða hvar þau skuli lögð.

Í hverju skipi, að undanskyldum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauis í lægi hafnarinnar, skal jafnan vera einn maður, að minnsta kosti, er geti tekið á móti skipunum hafnarnefndar og látið framkvæma þær, hvort heldur á að færa skipið eða framkvæma eitthvert annað samkvæmt reglugerð þessari.

7. gr.

Ekki má festa skipi við bólvirki né bryggju nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust. Skyld er að hafa tryggar hlífar milli skips og bólvirkis eða bryggju.

8. gr.

Gufuskip eða önnur vélskip, mega ekki láta vélar ganga með svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því. Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

9. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það að álitni hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt, svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

Hrökkvi andvirði hins selda skips ekki fyrir kostnaðinum er eigandi þess ábyrgur fyrir eftirstöðvunum.

IV. KAFLI

Um notkun bryggna og bólvirkja.

10. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggju og bólvirki hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu, að öðru jöfnu, þau skip, sem sigla eftir fastri auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til að leggjast að bryggjum og bólvirkjum, þótt önnur skip liggja þar fyrir, og verða þau þá að vikja, meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að álitni hafnarnefndar, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd eða

umboðsmaður hennar vísað skipum frá bryggjum og bólvirkjum, álíti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

64
21. apríl

11. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hlið við hlið, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför skipanna, sem nær liggja.

12. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og bólvirkis, bryggju eða milli skipa, svo ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki gætt, getur hafnarnefnd stöðvað verkið unz úr er bætt.

13. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggjum né bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með leyfi hafnarnefndar. Skal flytja burt vörur og muni jafnskjótt og hún krefst þess.

V. KAFLI

Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

14. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefndin hafi veitt samþykki til þess, að fengum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð samgöngumálaráðuneytisins. Sé slíkt leyfi ekki notað innan tveggja ára fellur það úr gildi.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slík mannvirki, skal halda því svo vel að engin hætta stafi af því. Brot gegn því varðar sektum, allt að 10 þúsund krónum, og getur hafnarnefndin látið nema mannvirkið burtu á kostnað eiganda.

Til meiri háttar framkvæmda og ráðstafana skal leita samþykkis samgöngumálaráðuneytisins.

15. gr.

Við bryggjur eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð, er þau koma inn og sækja um það. Þó skulu skip, sem sigla eftir fastri auglýstri áætlun, hafa forgangsrétt næst skipum eiganda.

16. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skal vera umsjónarmaður, er hafnarnefnd samþykkir.

Óheimilt skal einstaklingum eða félögum, sem eiga bryggju eða bólvirki innan hafnarinnar, að taka vörugjald af þeim vörum, sem fara þar um, nema samþykki hafnarnefndar komi til.

17. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrífnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrir mælum, er hafnarnefnd setur á hverjum tíma, og gildir jafnt fyrir allar bryggjur, bólvirki og uppfyllingar á hafnarsvæðinu.

VI. KAFLI

Um almenna reglu.

18. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni, og enn fremur annarra þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir hreppstjóra eða sýslumanni, en skipunum hafnarnefndar eða starfsmanna hennar ber að hlýða tafarlaust.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

19. gr.

Öll aðgerð á bryggjum hafnarinnar er bönnuð. Notendum fiskaðgerðahúsa, sem liggja að höfninni, ber að gæta fyllsta þrifnaðar og aka burt öllum fiskúrgangi jafnarðan þangað, sem hafnarvörður vísar til í hverju tilfelli.

20. gr.

- a. Á vertíð, þegar bátar koma úr róðri og þröngt er við bryggjurnar, skulu að minnsta kosti 3 menn kasta fiskinum á hílana, og sé um sjóveður að ræða, skal línan vera komin um borð um leið og síðasti fiskurinn fer í land.
- b. Fyrir að láta bát liggja við bryggju án þess að verið sé að afferma hann, eða afferming gangi óeðlilega seint og tefji þannig afgreiðslu annarra báta, má beita sektargjaldi, allt að kr. 100.00 um hvern klukkutíma, sem hafnarvörður telur að töfin hafi numið.
- c. Enginn má, nema með sérstöku leyfi starfsmanns hafnarinnar, láta skip eða bát standa við bryggju yfir fjöru að óþörfu, og varðar það sektum, minnst kr. 100.00, ef út af er brugðið.

21. gr.

Öll skot við og á höfninni eru stranglega bönnuð.

22. gr.

Skytt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema í eldavélum skipsins eða á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu, enda skal það greinilega auglýst. Álití hafnarnefnd að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

VII. KAFLI

Hafnargjöld.

1. Lestagjald.

23. gr.

Öll skip, 12 brúttósmálestir og stærri, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, er þau leggjast við festar á Sandgerðishöfn og hafa samband við land, með þeim undantekningum, er síðar getur.

24. gr.

- a. Fiskiskip, 12 brúttó-smálestir og stærri, sem eru eign manna búsettra við hafnar-svæðið, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 1 krónu fyrir hverja brúttó-smálest, með gjalddaga í október.

- b. Önnur innlend fiskiskip greiði 20 aura af hverri brúttó-smálest í hvert skipti, 64 sem þau koma til hafnar, og hafa samband við land, þó ekki yfir 1 krónu af 21. apríl smálest á ári.
- c. Innlend strandferðaskip og millilandaskip greiða í fyrsta skipti á ári hverju, er þau koma á Sandgerðishöfn, 50 aura af hverri brúttó-smálest í lestagjald, en ekkert þótt þau komi oftar á því ári.
- d. Önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema þau sem undanþegin eru hafnar-gjöldum, greiða, ef þau hafa samband við land, 60 aura af hverri brúttó-smálest í hvert skipti.

Hálf smálest telst sem heil, minna broti skal sleppt.

25. gr.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip sem gerð eru út til vísindarannsókna, skip, sem leita hafna vegna óveðurs, en hafa ekki samband við land, og skip, sem sanna fyrir sjórétti, að þau hafi orðið að leita hafnar vegna sjótjóns.

26. gr.

Fyrir vélbáta að 12 smálestum brúttó, sem heima eiga við hafnarsvæðið, eru gerðir út þaðan, eða sem liggja þar við festar, í fjöru eða á floti að staðaldri, greiðist 20 króna árlegt gjald með gjalddaga í október. Fyrir alla aðra vélbáta að 12 smálestum brúttó greiðist 10 kr. hafnargjald í fyrsta sinn, er þeir koma að bryggju ár hvert.

Af uppskipunarbátum og öðrum bátum, sem notaðir eru til flutninga að og frá skipum eða annarra flutninga, greiðist 20 krónur af hverjum árlega, með gjald-daga í október.

2. Bryggju- og bólvirkjagjald.

27. gr.

Hvert skip, sem leggst að bólvirki eða bryggju, hvar sem er í höfninni, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum brúttó-smálestum, en broti skal sleppt.

Gjöldin skulu vera sem hér segir:

- a. Bátar og skip 12 brúttó-smálestir og stærri, sem eru eign búsettra manna við hafnarsvæðið, greiði 3 krónur af hverri brúttó-smálest á ári.
- b. Öll aðkomuskip greiða 16 aura af brúttó-smálest fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta af hálfum sólarhring, sem þau liggja við bryggju. Minnsta gjald skal þó vera kr. 10.00 í hvert sinn. Liggi þau skip utan á öðru skipi, greiðist aðeins hálf gjald. Sama máli gegnir um þau aðkomuskip, er fiskveiðar stunda frá Sandgerði, eða eru gerð út þaðan. Þó getur hafnarnefnd, ef hún telur ástæðu til, gert samning um bryggjugjald slíkra skipa. Undanþegin bryggjugjaldi eru sömu skip og um getur í 25. gr., nema er þau flytja vörur eða farþega, er þau taka gjald fyrir. Þó eru herskip og skemmtiferðaskip alltaf undanþegin bryggju-gjaldi og öðrum hafnargjöldum.

28. gr.

Nú eiga einstaklingar eða félög hafskipabryggju innan hafnarsvæðis og má þá ekki taka í hafnarsjóð bryggjugjald né gjald af vörum, sem um þær bryggjur fara fyrri en hafnarsjóður hefur komið upp sambærilegu mannvirki til afgreiðslu skipa.

Heimilt er að innheimta þessi gjöld í hafnarsjóð, þegar byrjað er á frankvæmd-um hafnarmannvirkja.

64

21. apríl

3. *Ljósagjald.*

29. gr.

Öll skip eða bátar, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí og lestagjald greiða, skulu greiða ljósagjald þannig:

- a. Skip, sem getur um í 27. gr. a., greiði kr. 100.00 á ári.
- b. Skip, sem um getur í 27. gr. b., greiði kr. 5.00 í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.
- c. Öll önnur skip greiði 3 aura fyrir hverja brúttó-smálest, þó aldrei meira en 5 krónur í hvert skipti.

4. *Vörugjald.*

30. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem útskipað er, eða afskipað á höfninni, með þeim undantekningum, sem getur um í næstu greinum.

31. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast í land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfvörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land, en eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert vörugjald.

32. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

33. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum af hverri sendingu sérstaklega, brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds, og eru skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skyldir til að láta hafnarnefnd í té afrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, er hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

34. gr.

Vöru skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjald greiðist eftir því, er þar segir:

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má áfrýja til hreppsnefndar.

35. gr.

Vörugjaldskrá.

A. Aðfluttar vörur.

1. flokkur. Gjald 26 aurar hver 100 kg:

Brýni, blý, sement, eldfastur leir, gaddavír, stálvír, gærur saltaðar í pökkum,

hverfisteinar, is, járn, stál, koparvír, járnkeðjur og járnþipur, kaðlar, kitti, kol, krit, litarvörur þungar, prentsverta, salt, sóði, togleður. 64

2. flokkur. Gjald 40 aurar hver 100 kg:

21. apríl

Áburðarolía, baðlyf, benzín, feiti, fernisolía, fiskilínur, hey, kálmeti, kartöflur, kornvörur, alls konar kjöt, leður, leirvörur, linoleum, mör, pappír og bækur, pokar, pokastrigi, vaxdúkar, rúðugler, saumur, sápa, segldúkur, seglgarn, steinolía, tó, tjara, tvistur.

3. flokkur. Gjald 67.5 aurar hver 100 kg:

Ávextir, nýir, þurrkaðir og niðursoðnir, brauðvörur, harðfiskur, kaffi, kókó, lyf og lyfjavörur, mjólk, niðursuðuvörur alls konar, jurtafeiti, smjör, smjörliki, súkkulaði, sykur, te.

4. flokkur. Gjald 100 aurar hver 100 kg:

Eldspitur, glervörur, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, rjól, rulla, reyktóbak, skófattaður, vefnaðarvörur, vindlar, vindlingar.

5. flokkur. Gjald 84 aurar hver 100 kg:

Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.

6. flokkur. Gjald 25 aurar hver 100 kg:

Timbur, tunnuefni og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

7. flokkur. Gjald 50 aurar hver teningsmetri:

Bifreiðar, húsgögn, orgel, píanó, saumavélar, stundaklukkan og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

8. flokkur. Gjald 500 aurar fyrir hvern grip:

Lifandi hestar, nautgripir.

9. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hverja kind:

Lifandi sauðfé.

B. Brottluttar vörur.

1. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg:

Fiskur ísvarinn, hraðfrystur, nýr, slægður og óslægður, saltur, óverkaður og verkaður, þurrkaður, harðfiskur, fiskimjól, lýsi, gætur, gætur saltaðar, í búntum eða pökkum, is, sild.

2. flokkur. Gjald 60 aurar hver 100 kg:

Garnir, hrogn, kjöt (alls konar), mör, tólg.

3. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:

Dúnn, fiður, skinn hert, fuglar, sundmagi, ull, ullarvörur.

4. flokkur. Gjald 5 krónur fyrir hvern grip:

Hestar og nautgripir.

5. flokkur. Gjald 1 króna fyrir hverja kind:

Lifandi sauðfé.

Þótt vörur flokkaðar undir brottluttar vörur, flytjist til staðarins, eða vörur flokkaðar undir aðfluttar vörur, flytjist frá staðnum, breytir það engu um vörugjaldið. Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, sem vafasamt þykir hvernig flokka skuli, ákveður hafnarnefnd.

Allir bátar eða skip gerðir út frá Sandgerði, greiði kr. 7.60 af hverri smálest fiskjar, sem landað er á hafnarsvæðinu, að sild undanskilinni, miðað við slægðan fisk með haus. Verði ágreiningur um aflamagn er gengið út frá að 68 lítrar lifrar jafngildi einni smálest af fiski.

Af sild skulu þessir sömu bátar eða skip greiða kr. 0.70 af hverri tunnu, sem landað er á hafnarsvæðinu.

Gjald þetta skal kræft þegar eftir löndun aflans.

64

21. apríl

36. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar, skal greiða 2 auru fyrir hvern fermetra lands, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burt innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir eða brot úr þeim. Gjald fyrir mikið vörumagn má ákveða með samningi.

37. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

VIII. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

38. gr.

Hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hennar.

39. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds og bryggjugjalds. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum unz gjöldin eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

Hafnarnefnd hefur rétt til að athuga reikninga og uppgjör báta, ef hún óskar þess.

40. gr.

Gjald fyrir vörur, sem um getur í 35. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans, og hefur hafnarsjóður haldsrétt í vörunni unz gjaldið er greitt.

Vörugjald af vörum, sem lagðar eru á land á hafnarsvæðinu, fellur í gjalddaga um leið og varan er sett á land, og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga þegar vöurnar eru komnar í skip. Afgreiðslumaður skips skal standa skil á greiðslu vörugjaldsins.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

41. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

42. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal fara fram af fimm dómkvöddum mönnum.

Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim, er hefur krafizt þess, ef matsupphæðinni verður ekki breytt til hækkunar, en nemi 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

43. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

64

21. apríl

44. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 20—10000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Sandgerðis.

45. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. apríl 1948.

Emil Jónsson.

Páll Palmason.

AUGLÝSING

65

21. apríl

um að Neskaupstaður skuli talinn á I. verðlagssvæði almannatrygginga.

Samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið ákveðið, að Neskaupstaður skuli talinn á I. verðlagssvæði almannatrygginga árið 1948 og eftirleiðis, þar til annað verður ákveðið.

Félagsmálaráðuneytið, 21. apríl 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

AUGLÝSING

66

30. apríl

um breyting á samþykkt fyrir framræslu og áveitufélag Ölfusinga, nr. 62 frá 3. maí 1939.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Félagssvæðið nær yfir eftirtaldar jarðir í Ölfushreppi:

Vindheimar, Hraun, Hraunshóll, Lágur, Hraunshjáleiga, Ytri-Grímslækur, Efri-Grímslækur, Hjalli, Lækur, Bjarnastaðir, Þorgrímsstaðir, Hjalla-Krókur, Gerðakot, Bakki I, Bakki II, Riftún, Þóroddsstaðir I, Þóroddsstaðir II, Ytri-Þurá, Eystri-Þurá I, Eystri-Þurá II, Núpar I, Núpar II, Vötn, Kröggólfsstaðir, Þúfa, Litli-Saurbær, Stóri-Saurbær, Reykir, Reykjahjáleiga, Sogn, Gljúfurárholt, Kotströnd, Bakkárholtspartur, Bakkárholt I, Bakkárholt II, Ingólfshvoll, Strýta, Grænhóll, Egilsstaðir, Arnarbæli,

66 Krókur, Stöðlar, Nýibær, Ósgerði, Auðsholtshjáleiga, Auðsholt, Vorsabær, Vellir.
30. apríl Kross og Öxnalækur.

Breyting þessi staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. apríl 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

67
29. apríl

AUGLÝSING

um undanþágu frá greiðslu söluskatts af kolum.

Samkvæmt heimild í 47. gr. laga nr. 128/1947, um dýrtiðarráðstafanir, sbr. 6. gr. l. nr. 43/1948, hefur ráðuneytið ákveðið, að ekki skuli greiða söluskatt af kolum.

Þetta tilkynnist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 29. apríl 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gislason.

68
5. maí

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga vestan Axarfjarðarheiðar.

Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga gerir á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945 svofellda ræktunarsamþykkt.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Ræktunarsambandið nær yfir eftirgreind hreppabúnaðarfélag á félagssvæði búnaðarsambandsins: Búnaðarfélag Keldhverfinga, Búnaðarfélag Óxfirðinga, Búnaðarfélag Presthólahrepps og Búnaðarfélag Austur-Sléttu. Enn fremur bæina Sveingungsvík, Ormalón, Hól og Vog, sem eru í Búnaðarfélaginu Arður í Svalbarðshreppi.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér, á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt;

2. að framkvæma jarðvinnslu á tünnum jarða á félagssvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluaðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands; 68
5. maí
3. að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar, túna eða garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2;
4. að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum, eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Ræktunarsambandið velur sér þriggja manna framkvæmdastjórn. Skal hún kjörin á aðalfundi þess til þriggja ára. Gengur einn maður úr stjórn árlega. Tvö fyrstu árin eftir hlutkesti og síðan í röð eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa. Um val fulltrúa á aðalfund ræktunarsambandsins fer eftir sömu reglu sem um val fulltrúa á aðalfundi Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns.

5. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða- og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

6. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þeirra eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga, við hina einstöku framkvæmdaaðila á félagssvæðinu og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

8. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn, getur hún falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka, með erindisbréfi.

9. gr.

Allir samningar, er stjórnin og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd ræktunarsambandsins, samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfunda sambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélagin, er að sam-

- 68 þykkt standa, án þess það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórn og fram-
5. maí kvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi ræktunarsambandsins og
aðalfundi Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórnnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert, að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til ræktunarsambandsstjórnar eigi síðar en 1. febr. ár hvert.

Skýrslunni fylgi, frá verkkaupendum, greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig, og enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppabúnaðarfélagans að það tekist á hendur ábyrgð á greiðslum sinna félagsmanna fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 10. gr., ber stjórn ræktunarsambandsins að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan ræktunarsambandsstjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund ræktunarsambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykkttri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra;
2. að túnasléttun að öðru jöfnu sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands;
4. að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI

Um verðlagsákvæðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 7. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætlunum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðsla fari fram samkvæmt kostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnu-

staða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. 68

Heimilt er ræktunarsambandsstjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættupóknun, er nemi allt að 5% af heildarreksturskostnaði hvers árs.

5. maí

15. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því sem vinna á.

16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lókræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélög eða aðra aðila á félagssvæðinu, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarsambandið, enda sé tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf svo það brjóti í bága við hagsmunum samþykktaraðila.

17. gr.

Rekstursafgangur af áhættupóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins og varið samkvæmt þeim ákvæðum, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er kr. 8000.00.

Tekjur stofnsjóðs eru:

1. Helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, jafnóðum og féð greiðist úr framkvæmdasjóði ríkisins, sem styrkur til vélakaupa sambandsins.
2. Hinn hluti stofnfjárins skal lagður fram sem óafturkræft framlag af Búnaðarsambandi Norður-Þingeyinga og hreppabúnaðarfélagum þeim, er að samþykkt þessari standa, í þeim hlutföllum, að búnaðarsambandið leggur fram $\frac{3}{5}$ hluta, en hreppabúnaðarfélagin sameiginlega $\frac{2}{5}$ hluta fjárins.
3. Auk þess leggjast í stofnsjóð árlegar tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 17. gr.

19. gr.

Stofnfjárframlag búnaðarsambandsins og hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til ræktunarsambandsstjórnar þá er samþykkt þessi hefur öðlazi gildi.

Framlag hvers hreppsúnaðarfélags skal greitt í hlutföllum við fasteignamat lands og ræktunarlóða, þó skal hver verðeining ræktunarlóða aðeins bera hálfan gjaldþunga móti einingu í öðru landverði.

20. gr.

Komi það í ljós síðar, að álitu framkvæmdastjórnar og aðalfundar ræktunarsambandsins, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjárukningu til búnaðarsambandsstjórnar, er tilkynni það hreppabúnaðarfélagum, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund búnaðarsambandsins.

68 Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi búnaðarsambandsins ákveða 5. maí stofnfjárukningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr rikissjóði, samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

22. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til framkvæmdastjórnar $\frac{3}{4}$ af áætluðu kostnaðarverði, að frádregnum jarðabótastyrk, þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað, áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast með gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

23. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skal reikningsskilum og endurskoðun reikninga lokið, og aðalfundur ræktunarsambandsins haldinn svo tímanlega ár hvert, að reikningarnir verði lagðir fyrir aðalfund Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga til athugunar og endanlegrar samþykktar.

24. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi ræktunarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt, og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

25. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi ræktunarsambandsins. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI

Um breyting samþykpta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

26. gr.

Tillögur, er fram kunna að, koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélögum eða framkvæmdastjórn, skulu sendar stjórn Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga, er sendir þær til allra aðila, er að samþykkt standa samkvæmt 1. gr., til umsagnar. Þær skulu síðan, ásamt umsögnum búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

27. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggja fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

68

5. maí

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð nr. 36 20. febrúar 1946, um jarðræktarsamþykktir, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. maí 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

VIÐAUKI

69

11. maí

við reglugerð nr. 34 15. febr. 1946, um eyðingu refa í Strandasýslu.

Fari grenjavinnslukostnaður fram úr kr. 50.00 á hvern búanda í hreppi, greiðir sýslusjóður helming af því, sem umfram er þá upphæð, þó aldrei yfir kr. 1000.00 í einstakan hrepp á ári.

Skal hlutaðeigandi hreppsnefndaroddviti senda oddvita sýslunefndar fullnægjandi greinargerð um grenjavinnslukostnaðinn í sínum hreppi í lok reikningsár, og greiðir oddviti sýslunefndar þá úr sýslusjóði þann hluta kostnaðarins, sem sýslusjóði ber að greiða samkv. framanrituðu.

Viðauki þessi, sem sýslunefnd Strandasýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 108 11. ágúst 1933, um refaveiðar, til að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. maí 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Halldórs Kristins 70 Haraldssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. maí 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Halldórs Kristins Haraldssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Halldórs Kristins Haraldssonar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega Svarfdælinga til búnaðarnáms.

70

12. maí

3. gr.

Sjóðurinn er myndaður af 500 — fimm hundruð — króna gjöf frá fjölskyldunni í Bakkagerði og félögum í Ungmennafélaginu Þorsteinn Svörfuður.

4. gr.

Ætlast er til að sjóðurinn fái tekjur sínar á þann hátt, er hér greinir:

- a. Árlegt framlag frá UMF Þorsteinn Svörfuður, er sé 10% af nettótekjum félagsins ár hvert þar til sjóðurinn er orðinn 10000 kr., þó aldrei minna en 25.00 kr. á ári.
- b. Með gjöfum einstakra manna og félaga.
- c. Með áheitungum og dánarminningum.

5. gr.

Ungmennafélaginu Þorsteinn Svörfuður er falin forsjá og efling sjóðs þessa og kys það á aðalfundi sínum ár hvert 3 menn í stjórn sjóðsins og tvo endurskoðendur.

6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10000 kr., má byrja að úthluta styrkjum úr honum, þó ekki meira en $\frac{3}{4}$ hlutum árlegra vaxta, en þegar sjóðurinn er orðinn 15000 kr. er leyfilegt að verja til styrktar úr honum öllum árlegum tekjum hans.

7. gr.

Verkefni sjóðsstjórnar er:

- a. Að ávaxta sjóðinn á sem hagfelldastan hátt hjá tryggri lánsstofnun, og hafa með höndum allt reikningshald sjóðsins og skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga sjóðsins á aðalfundi Ungmennafélagsins Þorsteinn Svörfuður ár hvert.
- b. Stjórninni ber að ákveða, hverjir njóta skulu styrks úr sjóðnum á hverjum tíma.
- c. Stjórnin skal halda skrá yfir allar þær tekjur, er sjóðurinn fær samkvæmt b- og c-lið 4. greinar.
- d. Heimilt er stjórninni að verja fé úr sjóðnum til útgáfu minningarspjalda.

8. gr.

Reglugerð þessa má endurskoða að fimm árum liðnum. Þó skulu þrjár fyrstu greinarnar ætíð standa óbreyttar.

9. gr.

Þó að Ungmennafélagið Þorsteinn Svörfuður leysist upp, skal sjóðurinn halda áfram að starfa undir umsjá hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

SAMÞYKKT

71

19. maí

um laxveiði á félagssvæði Fiskræktarfélagssins Hvítár og þveráa hennar.**1. gr.**

Á félagssvæðinu skal aðeins nota eftirtalin veiðarfæri: lagnet, króknet og stöng.

2. gr.

Net, sem fiskur getur ánetjast í, skal ekki vera meira en 40 metrar að lengd.

3. gr.

Við króknet skal aðeins hafa einn krók. Leyfilegt er að hafa einn leiðara við hvert króknet, sem má þó ekki vera lengri en 20 metrar, og skal leiðarinn vera af sömu gerð og fyrirstöðunetið.

4. gr.

Netjaveiðin á félagssvæðinu hefjist hinn 25. maí og endi hinn 10. ágúst. Frá 25. maí til 30. júní skal friðað fyrir allri netjaveiði frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánu- dagskvölds kl. 9 og frá 1. júlí til 10. ágúst frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudags- morguns kl. 9. Ef netjaveiði hefst síðar en 25. maí, skulu ofangreind ákvæði um styt- tingu veiðitímans og lengingu vikufriðunarinnar færast aftur tilsvareandi.

5. gr.

Fjöldi veiðarfæra í Hvítá skal vera eins og hér segir:

Hamraendar	3 lagnir
Hofsstaðir	2 —
Hvítárbakki	2 —
Stafholt	4 —
Svarfhóll	3 —
Þingnes	6 —
Hvítárvellir	9 —
Ferjukot	6 —
Ferjubakki I	1 lögn
— II	2 lagnir
— III	1 lögn
— IV	1 —
Hvanneyri	3 lagnir
Stafholtsey	2 —
Neðranes	2 —

6. gr.

Stangaveiði skal leyfð til 31. ágúst í snemmgengnu ánum, en til 10. september í þeim síðgengnu. Stjórn félagsins ákveður eftir tillögu veiðimálastjóra, hvenær stanga- veiði skal hætt í hverju fiskihverfi.

7. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt lögum nr. 112/1941.

8. gr.

Samþykkt þessi gildir til eins árs.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 19. maí 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Gunnl. E. Briem.

72

4. maí

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur og fjárskil,
nr. 35 16. apríl 1934.

1. gr.

Inn í reglugerðina bætist ný grein, er verði 15. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Noti fjáreigandi upprekstrarland á utansveitarafrétti, en innan sýslunnar, ber honum að inna þar fjárskil af hendi fyrir þann fjárfjölda, er hann hefur á afréttinn rekið, eftir þeim reglum, sem þar gilda. Þó hefur hreppsnefnd þess hrepps, er hann býr í, rétt til þess að leggja á hann fjárskil í heimasveit sinni. Þó má samanlögð tala fjárskiladagsverka hans ekki vera hlutfallslega hærri en annarra fjáreigenda í þeim hreppi, samkvæmt þeim reglum, sem þar gilda um niðurröðun fjárskiladagsverka.

Nota fjáreigandi afrétt utan sýslu og geri þar fjallskil, má gera honum fjárskil í heimasveitinni eftir sömu reglum og gilda hér að ofan.

2. gr.

Fyrri málsgr. 16. gr., sem verður 17. gr., orðist þannig:

Nú á einhver að gera fjárskil í öðrum hreppi en hann er búsettur í. Skal hann þá um leið og hann rekur á afréttinn, gefa hlutaðeigandi eiganda eða umráðamanni afréttarins upp fjártölu þá, er hann hefur þangað rekið, en umráðamanni afréttar er aftur á móti skylt að gefa hlutaðeigandi hreppsnefnd í tæka tíð sundurliðaða skýrslu um fjártölu þá, er á afréttinn var rekin.

3. gr.

Fyrri málsgr. 18. gr., sem verður 19. gr., orðist svo:

Löggöngur skulu vera tvennar á hausti hverju. Þó getur hreppsnefnd, með samþykki oddvita sýslunefndar, ákveðið þrennar göngur í hreppi sínum. Fyrri gangnadagur skal vera 20. september og skal síðan gengið með viku millibili. Oddviti sýslunefndar getur þó, eftir beiðni hreppsnefnda úr einum eða fleiri hreppum, ákveðið aðra gangnadaga fyrir viðkomandi hrepp eða hreppa, ef fullgildar ástæður liggja til.

4. gr.

Við 20. gr., sem verður 21. gr., bætist svo hljóðandi viðauki:

Heimilt er þó hreppsnefnd að veita leyfi til þess að fjallsöfn séu rekin inn í heimaréttir til sundurdráttar í síðari göngum, ef hlutaðeigandi gangnaforingi samþykkir.

5. gr.

24. gr., sem verður 25. gr., orðist svo:

Aðalréttir og aukaréttir skulu vera þær sömu og nú eru. Þyki þörf á því að fjölga réttum eða færa þær úr stað, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd leggja það fyrir almennan sveitarfund og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum. Sé um aðalrétt að ræða, þarf samþykki sýslunefndar til breytingarinnar.

Kostnaður við viðhald og byggingu skilarétta greiðist úr sveitarsjóði.

Skyldur er hver að leggja til land undir fjárrétt og hleðslufni í hana, valdi það ekki skemmdum á yrktu landi. Sanngjarna þóknun úr sveitarsjóði ber að greiða hlutaðeiganda fyrir jarðrask og átroðning eftir mati tveggja óvilhallra manna, er sýslumaður útnefnir, hafi samkomulag ekki náðst.

6. gr.

25. gr. falli niður.

72

4. maí

7. gr.

Síðari málsgr. 27. gr. orðist svo:

Enginn má reka burt úr rétt fyrr en úrtíningur er upp dreginn, nema fjárskilastjóri leyfi. Ekki má heldur hleypa fé úr dilki fyrr en búið er að kanna það af mönnum, er réttarstjóri kveður til þess.

Fjárskilastjóri hefur einn öll umráð á réttar- og dilkrúmi aðalréttardaga. Öll óhlýðni og þrjózka við fjallskilastjóra varðar sektum.

8. gr.

32. gr. orðist svo:

Gæzlukaup fyrir kindur þær, sem ekki spyrjast uppi í síðari göngum, má eigi herra vera en 10 aurar um sólarhring hvern, talið frá þeim degi, er fjallskilastjóri tók þær í gæzlu eftir síðari réttir, og borgist það þegar eigandi vitjar fjárins, eða það er selt, annars er gæzlumaður ekki skyldur að sleppa fénu. Þó má fjallskilastjóri hækka gjald þetta fyrir fé úr öðrum sýslum til jafnaðar móts við sams konar gjöld í þeim.

9. gr.

Fyrsta málsgrein 33. gr. orðist svo:

Viku eftir að löggöngum er lokið skal hver hreppsnefnd láta gera eftirleit á öllum afréttum hreppsins.

10. gr.

35. gr. orðist svo:

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna svo oft, sem þurfa þykir, og útbýta henni eftir þörfum.

Þeir, sem flytja inn í sýsluna eða taka upp ný mörk milli þess sem markaskrá er prentuð, skulu auglýsa þau fyrir fjárskilastjórum.

Þeir, sem vanrækja að láta prenta mörk sín í markaskrá sýslunnar, mega búast við að farið verði með fé þeirra sem óskilafé.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. september 1948, jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 142 12. ágúst 1940, um breyting á reglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur og fjárskil nr. 35 16. apríl 1934.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. maí 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkarkauptún, nr. 121 7. des. 1935.

1. gr.

32. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald 30 aurar hver 100 kg:
Kol, salt, sement.
2. flokkur. Gjald 45 aurar hver 100 kg:
Korn- og mjölvörur, garðávextir, sykur, kjöt, saltfiskur, ísaður fiskur, síldarmjöl, fiskimjöl, lýsi, freðsild, óunnið járn, eldavélar, bárujárn, saumur, timbur, sem reiknast eftir þyngd, legsteinar, eldfastir steinar og leir, gólf- og veggflísar, gufuvélar, benzínvélar, varahlutir til véla, tjara, bik, asfalt, asbest, kaðlar, pappi til húsagerðar, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, heyvinnsluvélar, plógar, herfi, blý, vír, vírnet, akkeri, kalk, fræ, fóðurbætir, hey, tilbúinn áburður, saltaðar gærur og saltaðar húðir.
3. flokkur. Gjald 60 aurar hver 100 kg:
Olíur, benzín, feiti, smjörlíki, bifreiðar, strigapokar, hessían, tvistur, bindigarn, net, línur, önglar, olíufatnaður og útgerðarvörur ótaldar annars staðar, ull, hert skinn, hertur sundmagi, hraðfrystur fiskur.
4. flokkur. Gjald 15 aurar hver 10 kg:
Málningarvörur og efni til málninga, lakk, kitti, lím, gibbs, veggfóður, hráefni til iðnaðar, svo sem sýrur, brennisteinn o. þ. h., kork, korkvörur, brauðvörur alls konar, gólfúkur, gúmmi, gúmmívörur, pappír, pappírsvörur, bækur, blek, baðlyf, ljósaefni, plötur, ávextir, niðursuðuvörur, blikkvörur, hljólhestar og varahlutir í þá, tin, zink, seglgarn, ger, gerefni, smíðatól, skóflur, hakar og þess háttar, vörur úr kopar, eir, messing, bronse, emalleraðar vörur, glervörur, leirvörur, leðurvörur, smávélar alls konar, smáíðnaðarvélar, hreinlætisvörur, skó-, gólf- og húsgagnaáburður, gólfklútar, ölgerðarvörur og efni til ölgerðar, öl, gosdrykkir, ávaxtadrykkir, burstavörur, smájárnvörur, eldhúsáhöld, barnavagnar, bókunarvörur, kaffi, kaffibætir.
5. flokkur. Gjald 30 aurar hver 10 kg:
Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, lyfjavörur, snyrtivörur, eldspýtur, viðtæki, smáhljóðfæri, hljómvélaplötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, skófataður úr öðru en gúmmi, fatnaður alls konar, klukkur, mælar, símar, áttavitar, sportvörur, skot, skotfæri, sprengiefni, súkkulaði, sælgæti, kakaóduft, te, húsgögn, peningaskápar, jólatré, leikföng, sýnishorn og glysvarningur ótalin annars staðar.
6. flokkur. Gjald 75 aurar fyrir hver 10 kg:
Tóbaksvörur, tóbak, vín og spíritus.
7. flokkur. Gjald 8 aurar stykkið:
Kindaskrokkar, tómar tunnur og föt, uppsett og óuppsett.
8. flokkur. Gjald 8 aurar hvert teningsfet:
Trjáviður.
9. flokkur. Gjald 15 aurar hvert teningsfet:
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
10. flokkur. Gjald 30 aurar hver tunna:
Saltsíld.

11. flokkur. Gjald 75 aurar hvert:

Stórgripir, sauðkindur, geitur, loðdýr.

Þó skal lægsta gjald af aðfluttum og brottfluttum vörum aldrei vera minna en 30 aurar, en ekki skal taka tvisvar gjald af sömu vöru, enda sé þess getið á farmskrá, sé um vöru að ræða, sem vörugjald hefur áður verið tekið af.

73

12. maí

2. gr.

37. gr. orðist svo:

Vélbátar, minni en 12 smálestir brúttó, greiði í hafnar-, bryggju- og ljósgjald kr. 15.00 í hvert sinn, er þeir koma til hafnar.

Vélbátar með þilfari, sem heima eiga á staðnum, greiði frá kr. 95.00 til kr. 190.00 árlegt gjald. Opnir vélbátar kr. 65.00 til kr. 125.00. Róðrabátar kr. 12.00.

3. gr.

Öll önnur gjöld, en samkv. 32. og 37. gr., skulu innheimt með 100% álagi. Þó skulu strandferðaskip ríkisins og skip Eimskipafélags Íslands aðeins greiða 50% álag.

4. gr.

Auglýsing um breytingar á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurhöfn, nr. 220 8. des. 1943, er hér með úr gildi numin.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 12. maí 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Suðureyrarkauptún.

74

18. maí

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru að utanverðu og vestan bein lína, sem hugsast dregin úr Brimnestá yfir Súgandafjörð í innri Skjólklett á Galtarhlið, en að innan og sunnan bein lína úr Stein á Steinsengi yfir fjörðinn í ytri Áreið milli Selárdals og Gilsbrekku.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Suðureyrarhrepps kjósa 3 menn í hafnarnefnd, og jafnmarga til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reiknings-

74 hald og fjárvörzlu hafnarsjóðs, fyrir hönd hreppsnefndar, enda ber sveitarsjóður 18. maí ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

3. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnarmannvirki og árlegan reksturskostnað, skal stofna hafnarsjóð. Í hafnarsjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar eru með reglugerð þessari. Við lok hvers rekstursárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlök læsta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningar.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Suðureyrarhrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

4. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

III. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

5. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip leggjast svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt svigrúm fyrir önnur skip, að komast að eða frá.

Tregðist eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips við að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda.

6. gr.

Enginn má leggja sérstök legugögn í höfnina, nema leyfi hafnarnefndar komi til, og skal hún ákveða, hvar þau skuli lögð.

Í hverju skipi, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauus í lægi hafnarinnar, skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er geti tekið á móti skipunum hafnarnefndar og látið framkvæma þær, hvort heldur á að færa skipið eða framkvæma eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

7. gr.

Ekki má festa skipi við bólvirki né bryggju nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast, að bætt sé úr því tafarlaust. Skyld er að hafa tryggar hlífar milli skips og bólvirkis eða bryggju.

8. gr.

Gufuskip eða önnur vélaskip mega ekki láta vélar ganga með svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannverkjum stafi hætta af því. Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

9. gr.

74

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að álitni hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt, svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

Hrökkvi andvirði hins selda skips ekki fyrir kostnaðinum, er eigandi þess ábyrgur fyrir eftirstöðvunum.

18. maí

IV. KAFLI

Um notkun bryggna og bólvirkja.

10. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggju og bólvirki hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu, að öðru jöfnu, þau skip, sem sigla eftir fastri auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til að leggjast að bryggjum og bólvirkjum, þótt önnur skip liggja þar fyrir, og verða þau þá að vikja, meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að álitni hafnarnefndar, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar vísað skipum frá bryggjum og bólvirkjum, álitni hann það nauðsynlegt vegna óveðurs.

11. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hlið við hlið, er heimilt að flytja farm þeirra skip, sem utar liggja yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför skipanna, sem nær liggja.

12. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og bólvirkis, bryggju eða milli skipa, svo ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki gætt, getur hafnarnefnd stöðvað verkið, unz úr er bætt.

13. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggjum né bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með leyfi hafnarnefndar. Skal flytja burt vörur og muni jafnskjótt og hún krefst þess.

V. KAFLI

Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

14. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefndin hafi veitt samþykki til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð samgöngumálaráðuneytisins. Sé slíkt leyfi ekki notað innan tveggja ára, fellur það úr gildi.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slík mannvirki, skal halda því svo vel, að engin hætta stafi af því. Brot gegn því varðar sektum, allt að 10 þúsund krónum, og getur hafnarnefnd látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

74 Til meiri háttar framkvæmda og ráðstafana skal leita samþykkis samgöngu-
18. maí málaráðuneytisins.

15. gr.

Við bryggjur eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma inn og sækja um það. Þó skulu skip, sem sigla eftir fastri auglýstri áætlun, hafa forgangsrétt næst skipum eiganda.

16. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skal vera umsjónarmaður, er hafnarnefnd samþykkir.

Óheimilt skal einstaklingum eða félögum, sem eiga bryggju eða bólvirki innan hafnarinnar, að taka vörugjald af þeim vörum, sem fara þar um, nema samþykki hafnarnefndar komi til.

17. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrífnað á þeim og ýms nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum, er hafnarnefnd setur á hverjum tíma, og gildir jafnt fyrir allar bryggjur, bólvirki og uppfyllingar á hafnarsvæðinu.

VI. KAFLI

Um almenna reglu.

18. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni, og enn fremur annarra þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir hreppstjóra eða sýslumanni, en skipunum hafnarnefndar eða starfsmanna hennar ber að hlýða tafarlaust.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

19. gr.

Öll skot við og á höfninni eru stranglega bönnuð.

20. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema í eldavélum skipsins eða á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu, enda skal það greinilega auglýst. Álíti hafnarnefnd að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðar-ráðstafanir.

VII. KAFLI

Hafnargjöld.

1. Lestagjald.

21. gr.

Öll skip 12 brúttósmálestir og stærri, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, er þau leggjast við festar á Suðureyrarhöfn og hafa samband við land, með þeim undantekningum, er síðar getur.

22. gr.

74

- a. Skip og bátar, sem eru eign manna búsettra í Súgandafirði, og gerð út þaðan til fiskveiða og flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerð eru út frá Suðureyri a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári 4 kr. af hverri heilli brúttósmálest skips eða báts, þó eigi yfir 100 kr. fyrir eitt skip eða bát. Vélbátar minni en 5 smál. brúttó skulu greiða 10 kr. lestagjald á ári.
- b. Önnur innlend fiskiskip greiða 40 aura fyrir hverja brúttó-smálest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, þó ekki minna en 5 kr. í hvert sinn.
- c. Innlend strandferðaskip og millilandaskip greiða í fyrsta skipti á ári hverju, er þau koma á Suðureyrarhöfn, 40 aura af hverri brúttósmálest í lestagjald, en ekkert þótt þau komi oftar á því ári.
- d. Önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema þau, sem undanþegin eru hafnargjöldum, greiða, ef þau hafa samband við land, 50 aura af hverri nettósmálest í hvert skipti.
- Hálf smálest telst sem heil, minna broti skal sleppt.

23. gr.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsóknar, skip, sem leita hafna vegna óveðurs, en hafa ekki samband við land, og skip, sem sanna fyrir sjórétti, að þau hafi orðið að leita hafnar vegna sjótjóns.

2. Bryggjugjald.

24. gr.

Hvert skip, sem leggst að bólvirki eða bryggju, hvar sem er í höfninni, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum brúttósmálestum, en broti skal sleppt.

Gjöldin skulu vera sem hér segir:

- a. Bátar og skip, 12 brúttó-smálestir og stærri, sem eru eign búsettra manna í Suðureyrarhreppi, greiði 3 krónur af hverri brúttósmálest á ári.
- b. Öll aðkomuskip greiða 16 aura af brúttó-smálest fyrir hvern hálfan sólarhring, eða hluta af hálfum sólarhring, sem þau liggja við bryggju. Minnsta gjald skal þó vera kr. 10.00 í hvert sinn. Liggja þau skip utan á öðru skipi greiðist aðeins hálf gjald. Sama máli gegnir um þau aðkomuskip, er fiskveiðar stunda frá Suðureyri eða eru gerð út þaðan. Þó getur hafnarnefnd, ef hún telur ástæðu til, gert samning um bryggjugjöld slíkra skipa. Undanþegin bryggjugjaldi eru sömu skip og um getur í 23. gr., nema er þau flytja vörur eða farþega, er þau taka gjald fyrir. Þó eru herskip og skemmtiferðaskip alltaf undanþegin bryggjugjaldi og öðrum hafnargjöldum.

25. gr.

Nú eiga einstaklingar eða félög hafskipabryggju innan hafnarsvæðis og má þá ekki taka í hafnarsjóð bryggjugjald né gjald af vörum, sem um þær bryggjur fara, fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp sambærilegu mannvirki til afgreiðslu skipa.

Heimilt er að innheimta þessi gjöld í hafnarsjóð, þegar byrjað er á framkvæmdum hafnarmannvirkja.

3. Vörugjald.

26. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem útskipað er eða afskipað á höfninni, með þeim undantekningum, sem getur um í næstu greinum.

74

18. maí

27. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast í land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfvörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land, en eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert vörugjald.

28. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

29. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum af hverri sendingu sérstaklega, brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og eru skipstjóri eða afgreiðslumaður skipa skyldir til að láta hafnarnefnd í té afrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, er hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

30. gr.

Vöru skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjald greiðist eftir því, er þar segir.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má áfrýja til hreppsnefndar.

V ö r u g j a l d s k r á .

A. Aðfluttar vörur:

1. flokkur. 40 aurar fyrir hver 100 kg: Slægður fiskur með haus eða jafngildi hans, sé fiskurinn fluttur í land í öðru ástandi.
2. flokkur. 50 aurar fyrir hver 100 kg: Kol, salt eða sement.
3. flokkur. 10 aurar fyrir hvert teningsfet: Timbur.
4. flokkur. 15 aurar fyrir hvert teningsfet: Aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmamáli.
5. flokkur. 5 kr. tonnið: Olía og benzín, en í fötum 1 kr. af hverju.
6. flokkur. 25 aurar fyrir hvert stykki: Tómar tunnur.
7. flokkur. 75 aurar fyrir hvert stykki: Vörur alls konar undir 100 kg hvert stykki. Þó skal vörugjald af kornvörum og sykri undir 25 kg vera 40 aurar hvert stykki.
8. flokkur. 10 kr. tonnið: Vörur 100 kg eða þyngri, enn fremur járnvörur og önnur þungavara, sem ekki er áður talin.
9. flokkur. 5 kr. tonnið: Sild og smokkfiskur.

B. Brottfluttar vörur:

1. flokkur. 15 kr. tonnið: Hertur fiskur alls konar.
2. flokkur. 10 kr. tonnið: Hraðfrystur fiskur.
3. flokkur. 7.50 kr. tonnið: Saltfiskur.

4. flokkur. 10 kr. tonnið: Lýsi, síld, hrogn, kjöt, gærur, beinamjöl og aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
5. flokkur. 15 aurar fyrir teningsfet: Aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli. Minnsta vörugjald á stykki er þó 75 aurar.
- Hafnarnefnd er heimilt að undanþiggja vörugjaldi innlendar afurðir, sem fluttar eru að eða frá staðnum í smáum stíl.

74

18. maí

31. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar, skal greiða 10 aura fyrir hvern fermetra lands, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burt, innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hverjar 24 klst. eða brot úr þeim. Gjald fyrir mikið vörumagn má ákveða með samningi.

32. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

VIII. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

33. gr.

Hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar sér um innheimtu allra hafnargjalda.

34. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds og bryggjugjalds. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum, unz gjöldin eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin, áður en skipið fer burt úr höfninni.

35. gr.

Gjald fyrir vörur, sem um getur í 33. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans, og hefur hafnarsjóður haldsrétt í vörunni, unz gjaldið er greitt.

Vörugjald af vörum, sem lagðar eru á land á hafnarsvæðinu, fellur í gjalddaga um leið og varan er sett á land, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip. Afgreiðslumaður skips skal standa skil á greiðslu vörugjaldsins.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

36. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það, áður en einn mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal fara fram af fimm dómkvöddum mönnum.

- 74 18. maí Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim, er hefur krafizt þess, ef matsupphæð-
inni verður ekki breytt til hækkunar, er nemi 10% af hinnu ákveðnu skaðabóta-
upphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

38. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglu-
gerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji
tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

39. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 20—10000 kr., nema þyngri refs-
ing liggji við samkvæmt öðrum lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð Suðureyrar.

40. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um
hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftir-
breytni öllum þeim, sem, hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. maí 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

75

19. maí

AUGLÝSING

um iðgjöld fyrir búfjártryggingar.

Ársiðgjöld fyrir búfjártryggingar af hverjum 100 krónum váttryggingarupp-
hæðar ákveðst til bráðabirgða þannig:

I. Búfé, sem skylt er að váttryggja (kynbótagripir):

Kynbótanaut, þar með taldir tarfkálfar, sem ætlaðir eru til kynbóta	1 %
Kynbótahestar	2,7 %
Hryssur (á kynbótabúum)	2,25 %
Hrútar —	4,25 %
Ær að meðtöldum gimbrum settum á vetur	1,5 %

II. Búfé í frjálsri váttryggingu:

a. Gegn vanhöldum:

Kýr	2 %
Naut	1 %
Hrútar	4,25 %

b. Gegn slysum (sauðfjárhópar):

1. Þar sem beitolönd liggja ekki að sjó	0,3 %
2. Þar sem beitolönd liggja að sjó:	
a. Sé flæðihætt	1,5 %
b. Sé ekki flæðihætt	0,7 %

Landbúnaðarráðuneytið, 19. maí 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1948.

Auglýsing um gildistöku alþjóðasamnings um réttindi Sameinuðu þjóðanna, undirskrifuð af utanríkisráðherra 16. apríl 1948, nr. 55.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 20. apríl 1948, nr. 56.

Auglýsing um staðfestingu endurskoðaðrar stofnskrár Alþjóðavinnumála-stofnunarinnar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 13. maí 1948, nr. 57.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Finnlands og Íslands, undirskrifuð af utanutanríkisráðherra 10. júní 1948, nr. 58.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 16. júní 1948, nr. 59.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 60.

Auglýsing um aðild Íslands að samningi um efnahagssamvinnu Evrópu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 5. júlí 1948, nr. 61.

Auglýsing um samning milli Íslands og Bandaríkja Ameríku, um efnahagssamvinnu, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 62.

Auglýsing um nótuskipti milli Íslands og Bandaríkja Ameríku varðandi beztukjara-ákvæði, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 63.

Auglýsing um staðfestingu Íslands á stofnskrá alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 12. júlí 1948, nr. 64.

Auglýsing um fullgildingu alþjóðapóstsamninga, undirskrifuð af utanríkisráðherra 15. júlí 1948, nr. 65.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á sildarbræðsluskipi, undirskrifuð af forsetanum 16. júlí 1948, nr. 66.

Bráðabirgðalög um innflutningsgjald af benzíni, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 67.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Danmerkur, undirskrifuð af utanríkisráðherra 20. júlí 1948, nr. 68.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Frakklands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 31. júlí 1948, nr. 69.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Póllands, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 70.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, um flutning þingstaðar. 76

7 júní

Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 1. þ. m., og ósk hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Lundi að fundarhúsi ungmennafélagsins í Brautartungu.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar.

77

24. maí

REGLUR**um göngusilungsveiði á félagssvæði Veiðifélags Árnesinga.**

1. gr.

Á félagssvæði Veiðifélags Árnesinga er óheimilt að stunda göngusilungsveiði, nema á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst ár hvert. Á þessum veiðitíma skal þó óheimilt að stunda slíka veiði í net frá kl. 9 á föstudagskvöldi til kl. 9 á mánudagsmorgni í viku hverri.

2. gr.

Til veiði þeirrar, er getur í 1. gr., má aðeins nota stöng og lagnet, er lögð séu frá bakka, og skal möskvastærðin vera þannig, að 4,5—5,0 cm verði milli hnúta í möskvum, þá net eru vot. Kláfa, grjótgarða eða annan lagnarútbúnað má ekki nota.

Heimilt skal þó ráðherra, samkvæmt tillögu veiðimálastjóra að veita undanþágu fyrir lagnarútbúnað, þar sem ekki er hægt að veiða á annan hátt.

3. gr.

Með reglum þessum eru nundar úr gildi reglur nr. 138 7. júní 1943.

4. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt 2. mgr. 69. gr. laga nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 24. maí 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Gunnl. E. Briem.

78

18. ágúst

REGLUGERÐ**um hámarksökuhraða bifreiða við Álafoss í Kjósarsýslu.**

1. gr.

Á veginum frá vegamótum Álafossafleggjara og Vesturlandsvegar upp á hæðina fyrir ofan verksmiðjuhús Álafoss má ökuhraði bifreiða og bifhjóla aldrei vera yfir 15 km á klukkustund.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 26. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, til að öðlast gildi þegar í stað.

Dómsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1948.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

79

3. maí

fyrir Tryggingarsjóð sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Tryggingarsjóður sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík. Tilgangur sjóðsins er að tryggja sjómönnum og útgerðarmönnum í Bolungavík lágmarkstekjur.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- 2% af brúttó línuveiðaafla allra báta þriggja lesta og stærri, sem gerðir eru út frá Bolungavík.
- Framlag rikissjóðs, samkv. lögum nr. 109/1943, um hlutatryggingarfélög, 0.7% af sama afla og undir a-lið að ofan.
- Eignir Tryggingarsjóðs sjómanna í Bolungavík renna allar inn í sjóðinn, samkvæmt þessari reglugerð.
- Óvissar tekjur.

3. gr.

Í lok hvers tryggingartímabils skal af óskiptum afla skipa, samkv. 2. gr. a) greiða 2% af verðmæli aflans í óverkuðu ástandi til Tryggingarsjóðsins. Útgerðarmaður sér um greiðslu gjalds þessa, og skoðast það geymslufé, eftir að skipti hafa farið fram. Lögreglustjórnin í Bolungavík innheimtir gjaldið, og gera má lögtak í eignum útgerðarmanns fyrir því. Ríkissjóður greiðir framlag í Tryggingarsjóðinn, sem nemur 0.7% af sama aflamagni og iðgjöld hinna tryggðu miðast við, eða 35 kr. á móti hverjum 100 kr., sem þeir greiða í sjóðinn.

4. gr.

Þegar hlutir sjómanna á bát, sem tryggður er í sjóðnum, nema ekki því lágmarki, sem þeim er tryggt með kjarasamningi sjómanna og útgerðarmanna hverju sinni, skal þeim bætt það, er á vantar, af fé sjóðsins. Enn fremur skulu útgerðarmönnum bættir hlutir skips, þó þannig, að aldrei sé greitt til hvers skips meira en nemur 35 kr. móti hverjum 100 kr., sem sjómönnum á sama skipi er bætt samanlagt, þótt hlutir skipsins séu fleiri að tiltölu en hér segir.

Enginn sjómaður fær bættan nema einn hlut.

5. gr.

Trygging sjóðsins tekur einungis til línuveiða.

Tryggingin tekur einungis til báta, sem hafa á að skipa a. m. k. eðlilegri áhöfn og búnaði. Stjórn sjóðsins sker úr um, hvort svo sé.

Tilkynna skal stjórn sjóðsins, er bátur byrjar róðra, og ætlazt er til, að trygging á hlutum hans hefjist.

Tryggingartímabil skulu vera þrjú, frá ársbyrjun til júniloka, frá júlíbyrjun til ágústloka og frá septemberbyrjun til ársloka. Skal hlutarbótin miðast við heildarhlut innan hvers tryggingartímabils.

6. gr.

Sjómönnum og útgerðarmönnum báta 3 til 5 lesta að stærð skal aðeins bættir $\frac{1}{2}$ úr lágmarkshlut sjómanna á stærri bátum, skv. gildandi kjarasamningum og útgerðarmönnum þeirra báta aldrei meira en 25 kr. á móti hverjum 100, sem sjómönnum þeirra eru bættar,

79

3. maí

Sé hlutartrygging hærrí í Bolungavík, samkv. kjarasamningum sjómanna og útgerðarmanna þar, en annars staðar á sambærilegum stöðum á landinu, svo sem á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum, má bættur hlutur úr sjóðnum ekki fara íram úr hlutartryggingu á þeim stöðum.

7. gr.

8. gr.
Þegar sjóðurinn hefur eigi yfir nægu fé að ráða til úthlutunar, skal henni hagað þannig, að jafnmikið vanti upp á hluti þeirra, sem styrks njóta, ef þeir ná 90% af umsömdum lágmarkstekjum að meðtöldu bótafénu eða meiru.

Nægi bótaféð ekki til að allir hlutir nái 90%, skal því skipt milli þeirra hluta, sem lægri eru, í beinu hlutfalli við, hve mikið vantar á, að 90% lágmarkshlutir náist. Þeir, sem hafa aflað 90% eða meira, fá þá engar bætur.

9. gr.

Nú stundar bátur eigi línuveiðar, nema hluta af tryggingartímabili, og skal þá hlutarbótin aðeins miðuð við þann tíma, sem báturinn stundaði línuveiðar. Veikist bátverji eða forfallist svo lengi, að hann tapi hlut þess vegna, skv. kjarasamningum sjómanna og útgerðarmanna, skal hann ekki fá hærrí hlutarbót en aðrir bátverjar.

Veikist sjómaður á tryggingartímabili eða fari af bátnum, svo að ráða verði mann í hans stað, án þess þó, að um ráðningarsvik hafi verið að ræða, skal hlutarbótin aðeins miðuð við þann tíma, sem hann hefur verið á bátnum. Flytji maður sig á milli tryggingarskyldra báta, skal hlutarbótin miðuð við samtalda hluti hans á báðum bátunum eða öllum.

Hætti bátur róðrum einn eða fleiri daga til þess að aðstoða við vöruflutninga eða vinna önnur verk, sem kaup er greitt fyrir, skal kaup bátverja talið með hlutnum, þegar uppþótin er reiknuð út.

Gangi maður úr skiprúmi, áður en ráðningartíminn er úti, án lögmætra ástæðna, fer um viðurlög þess eftir kjarasamningum sjómanna og útgerðarmanna.

10. gr.

Aldrei má úthluta meiru úr Tryggingarsjóðnum en nemur 80% af þá verandi eignum hans. Úthlutun fer fram að loknu hverju tryggingartímabili, og skulu áfallin iðgjöld og ríkissjóðstillög talin með eignum hans hverju sinni — enda þótt þau kunni að vera óinnheimt — er reiknað er út, hvaða lágmarksfjárhæð skuli eftirskilin við úthlutun.

11. gr.

Úthlutun úr sjóðnum annast stjórn hans. Útgerðarmenn skulu skyldir til að láta henni í té öll gögn, er skiptin varða til að unnt sé að ákvarða bæturnar eða sannreyna, að skiptin séu rétt.

Hlutarbæturnar skulu greiddar útgerðarmönnum, er sýni kvittanir sjómanna fyrir þeirra hlutum.

12. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Sjávarútvegsmálaráðherra tilnefnir formanninn. 2 eru kosnir af hlutarsjóðmönnum í Bolungavík, sem ekki eru útgerðarmenn, á almennum fundi þeirra. 2 eru kosnir af útvegsmönnum, þar með taldir þeir hlutarsjómenn, er eiga báta sína að nokkru eða öllu leyti og gera þá út. Hefur hver útgerðarmaður 1 atkvæði á fundum þeirra. Varamenn skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt.

Þegar reglugerð þessi hefur hlotið staðfestingu sjávarútvegsmálaráðherra, skal kjör stjórnar fara fram og því lokið eigi síðar en þrem vikum eftir að tilkynning

ráðherra um staðfestinguna barst til Bolungavíkur. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn, en fyrsta stjórnin eftir þessari reglugerð, skal eiga sæti til ársloka 1949. Í desember annaðhvert ár, í fyrsta sinn 1949, skulu allir aðilar kjósa nýja stjórn, er tekur við á aðalstjórnarfundi næsta ár. Stjórnin velur sér ritara og gjaldkera, er annast fjárreiður sjóðsins.

79

3. maí

13. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Í lok hvers reikningsárs skal stjórnin senda sjávarútvegsmálaráðuneytinu reikninga félagsins ásamt skýrslu um úthlutun á árinu, hafi hún farið fram.

Reikninga skal gera í janúarmánuði ár hvert og í febrúarmánuði halda aðalstjórnarfund, þar sem reikningarnir eru lagðir fram endurskoðaðir og ákveðin er þóknun gjaldkera, innheimtumanns og endurskoðenda.

Fyrir aðalstjórnarfund skulu enn fremur lagðir gildandi kjarasamningar sjómanna og útvegsmanna, og skal þá tekin ákvörðun um bótafjárhæð, ef svo stendur á, sem um ræðir í 7. gr.

Aukastjórnarfund skal skylt að halda, ef samningum hefur verið breytt og einn stjórnarmaður krefst þess. Ella er skylt að halda stjórnarfundi við hverja úthlutun úr sjóðnum og ef tveir stjórnarmenn óska þess.

Ný stjórn tekur við á aðalstjórnarfundi, ef svo ber undir, að stjórnarskipti eiga að verða.

Öllum sjóðsfélögum er heimilt að sitja á aðalstjórnarfundum, og skal stjórnin gefa yfirlit yfir starfsemi sjóðsins á liðnu ári. Fundarmenn hafa málfrelsi um skýrsluna, og hafi endurskoðendur gert athugasemdir um reikninga sjóðsins, skulu allir fundarmenn úrskurða þá sameiginlega.

Endurskoðendur Sparisjóðs Bolungavíkur eru jafnframt endurskoðendur Tryggingarsjóðsins.

14. gr.

Fé Tryggingarsjóðsins skal ávaxta í Sparisjóði Bolungavíkur að jöfnum kjörum, ella í ríkistryggðri bankastofnun.

15. gr.

Verði Tryggingarsjóður þessi afdnum með lögum eða gerður óþarfur, má aldrei ráðstafa eignum hans án samþykkis hlutarsjómannanna og útvegsmanna, sbr. næstu málsgr. og 1. gr. 3. mgr. laga 109/1943, og sjávarútvegsmálaráðuneytisins.

Hlutarsjómenn í Bolungavík þurfa að samþykkja þessa ráðstöfun með meiri hluta greiddra atkvæða við skriflega allsherjaratkvæðagreiðslu og fundur útvegsmanna á sama hátt.

16. gr.

Einfaldur meiri hluti ræður á bindandi hátt ályktunum á fundum sjómanna og útvegsmanna, samkv. reglugerð þessari, þar sem annað er eigi tilskilið í reglugerðinni.

17. gr.

Reglugerð þessari verður eigi breytt, nema með samþykki sjómanna og útvegsmanna í Bolungavík, sbr. 12. og 16. gr., enda staðfesti ráðherra breytinguna.

Reglugerðin gildir frá 1. janúar 1948, þar með talin ákvæði 2. og 3. gr. um iðgjöld og 4.—6. gr. um úthlutun.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 109 30. desember 1943, um hlutatryggingafélög, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 3. maí 1948.

Jóhann P. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

80 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Eggerts Jóhannes-
27. maí sonar og Péturs Eggertssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms-
málaráðherra 27. maí 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Eggerts Jóhannessonar og Péturs Eggertssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Eggerts Jóhannessonar og Péturs Eggertssonar“ og er stofnaður af félögum þeirra í Lúðrasveit Reykjavíkur og Skátafélagi Reykjavíkur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er þetta:

Gjöf Lúðrasveitar Reykjavíkur	kr. 1000.00
Gjöf félaga Péturs Eggertssonar (2. fl. Y. R-S.)	— 500.00
Gjöf Yngri R-S í Skátafélagi Reykjavíkur	— 1000.00
Tekjur af minningarhlómleikum í Skátaheimilinu 11. apríl 1948	— 1212.00
— eða samtals 3712.00 — þrjú þúsund sjö hundruð og tólf — krónur. Sjóðurinn eykst af vöxtum, gjöfum og öðrum tekjum, sem honum kann að áskotnast.	

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands með þeim skilmálum, að vextir séu allir lagðir við höfuðstólinn, unz ársvextirnir nema 1000 — eitt þúsund — krónum, en úr því fellur helmingur ársvaxtanna til útborgunar.

4. gr.

Markmið sjóðsins skal vera að efla hljómlistarlíf meðal skáta.

5. gr.

Styrkveitingar skulu fara fram 11. apríl ár hvert eða því sem næst, og má veita hvort heldur eftir umsóknnum eða án þeirra.

6. gr.

Þessir þrír aðilar tilnefna stjórn sjóðsins:

Lúðrasveit Reykjavíkur.

Skátafélag Reykjavíkur.

2. flokkur Yngri R-S í Skátafélagi Reykjavíkur.

Stjórnin annast fjárreiður sjóðsins og ræður úthlutun styrktarfjár. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár. Skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af endurskoðendum Lúðrasveitar Reykjavíkur og Skátafélags Reykjavíkur og birtir í Lögbirtingablaðinu.

8. gr.

Komi sú tíð, að vextir þeir, er til útborgunar falla, verði svo miklir, að sýnt sé, að framvegis verði engin þörf á þeim öllum til að fullnægja markmiði sjóðsins,

má verja nokkru af þeim til styrktar starfsemi Lúðrasveitar Reykjavíkur og Skátafélags Reykjavíkur. **80**

27. maí

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 11. apríl 1948.

AUGLÝSING

81

1. júní

um staðfestingu á skráum yfir lyf, sem teljast til nr. 57 og 58 í 28. kafla tollskrárinnar.

Hér með staðfestast skrár þær, sem birtar eru í II. bindi „Vöruhandbókar með tilvitnunum í lög um tollskrá o. fl.“, Reykjavík 1947, bls. 106—249, yfir lyf, sem teljast til nr. 57 og 58 í 28. kafla 1. gr. laga nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og skulu ekki aðrar vörur en taldar eru í skráum þessum teljast til þeirra tollskrárnúmera, nema samþykki ráðuneytlisins komi til, en ráðuneytið auglýsir í B-deild stjórnartíðindanna viðauka og aðrar breytingar á skráum þessum.

Jafnframt er úr gildi numin skrá nr. 74/1940, yfir lyf, sem falla undir nr. 57 í 28. kafla tollskrárinnar.

Fjármálaráðuneytið, 1. júní 1948.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrasjóð Mývetninga“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. júní 1948. **82**

7. júní

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrasjóð Mývetninga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður Mývetninga. Hann er stofnaður árið 1912 af ungmennafélaginu Mývetningur með kr. 100.00 til minningar um látna félag. Síðan hefur ungmennafélagið aukið sjóðinn með nokkrum hluta árlegra tekna sinna. Minningar-gjafir um dána menn hafa sjóðnum borizt að upphæð kr. 625.00. Árið 1935 samþykkti hreppsfundur í Skútustaðahreppi, að til sjóðsins skyldu renna kr. 2440.00, en það er meiri hluti brunabótasjóðs hreppsins, sem honum féll þá til eignar, er ný landslög um brunatryggingar gengu í gildi. Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 4015.51, þar af kr. 1465.51 í sparissjóðsbók nr. 184 í Sparissjóði K.Þ. í Húsavík og kr. 2550.00 í Innlánsdeild K.Þ. í Húsavík.

2. gr.

Sjóðurinn er sameign hreppsúa í Skútustaðahreppi, en hagnýta má hann þó aðeins á þann hátt, sem skipulagsnskrá þessi mælir fyrir um.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að veita hjálp ungu og gömlu fólki í Skútustaðahreppi, er verður fyrir veikindum. Við úthlutun styrks úr sjóðnum koma þessar ástæður til greina: læknisvitjanir, læknisaðgerðir, lyfjakaup, sjúkrahúsvist, langvarandi lega í heimahúsum og vinnutjón;
2. að veita hjálp, ef þörf er á, konu, börnum eða öldruðum foreldrum hinna sjúku, hafi þau verið á þeirra framfæri.

4. gr.

Við stofnfé sjóðsins skal árlega leggja að minnsta kosti helming ársvaxta. Minningargjafir skulu og ávallt leggjast við höfuðstólinn. Hinum helming ársvaxta og öllum öðrum tekjum má verja árlega til styrktar, ef mikil nauðsyn er á. Komi það ár eða þau ár, að slík nauðsyn sé eigi fyrir hendi, skulu allir ársvextir og aðrar tekjur sjóðsins það ár leggjast við höfuðstólinn.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Þegar hann er orðinn 10000 krónur má verja öllum ársvöxtum og öðrum árstekjum sjóðsins, að undanteknum minningargjöfum, til styrkveitinga samkvæmt skipulagsskránni, ef nauðsyn krefur.

5. gr.

Tekjur sjóðsins, aðrar en vextir samkvæmt 4. gr., eru: Minningargjafir og aðrar gjafir, áheit, ágóði af samkomum og öðru, er hentugt þykir til fjáröflunar slíkum sjóði.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skal einn þeirra kosinn af hreppsnefnd Skútustaðahrepps, annar af almennum sveitarfundi hreppsþúa og hinn þriðji af ungmennafélagi sveitarinnar. Sé ekkert ungmennafélag starfandi í hreppnum, skulu ungir menn frá 15—30 ára að aldri ráða kosningu hins þriðja manns. Kosning í stjórn sjóðsins fer fram samtímis kosningu í hreppsnefnd og gildir sama tíma. Tveir menn skulu og kosnir samtímis af almennum hreppsfundi til endurskoðunar reikninga sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skiptir sjálf með sér verkum. Hún hefur á hendi umsjón sjóðsins og reikningshald og annast um að hann sé ávaxtaður á tryggum stað. Hún skal einnig hafa á hendi úthlutun úr sjóðnum, og bóka í þar til ætlaða bók allar ályktanir, er starf hennar varða. Þar skal og innfæra aðalreikning sjóðsins fyrir ár hvert. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram í desembermánuði ár hvert. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal á ári hverju, meðan sjóðnum er mest þörf á að vaxa, til þess að geta gegnt hlutverki sínu, leggja sig fram um að afla sjóðnum tekna með gjöfum, áheitum, frjálsum framlögum, samkomuágóða eða öðru því líku. Skal gera grein slíkrar starfsemi og árangurs hennar árlega í gerðabók sjóðstjórnar.

9. gr.

Þeir, er óska styrks af sjóðnum, skulu fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert senda stjórninni beiðni um það. Þó má sjóðstjórnin veita styrk samkvæmt skipulagsskránni án þess unsókn hafi borizt frá styrkþurfa.

10. gr.

Að 10 árum liðnum má þáverandi stjórn sjóðsins breyta skipulagsskrá þessari, ef breyttir tímar krefjast breytinga á skipulagsatriðum í þessum efnunum. Þyki þá

eða síðar eigi lengur ástæða til að láta sjóðinn starfa að því marki og á því sviði, **82** sem honum er afmarkað með skipulagsskrá þessari, skal velja sjóðnum sem allra 7. júní skyldast verkefni því, sem hann hefur nú.

11. gr.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi fallin skipulagsskrá fyrir Sjúkrasjóð Mývatnssveitar, dags. 10. febrúar 1937.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Heilsuhællissjóð Náttúrulækninga- **83** félags Íslands“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. júní 7. júní 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir heilsuhællissjóð Náttúrulækningafélags Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Heilsuhællissjóður Náttúrulækningafélags Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Náttúrulækningafélagi Íslands (NLFÍ) og er eign væntanlegs heilsuhælis, sem verði sjálfseignarstofnun.

3. gr.

Stjórn sjóðsins aflar sjóðnum tekna með: Gjöfum, áheitum, samskotum, hlutaveltum og öðrum fjáraflaaðferðum, sem við verður komið, enda renni allur ágóði, sem verða kann af slíkum fjáröflunarleiðum, óskiptur í sjóðinn.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum, vel tryggðum skuldabréfum, og að öðru leyti í Landsbankanum í Reykjavík.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn: Formaður, ritari, gjaldkeri og 2 meðstjórnendur. Formaður skal tilnefndur af stjórn NLFÍ, en hinir 4 kosnir sameiginlega á aðalfundi félagsins og kys sjóðstjórnin sjálf ritara og gjaldkera. Kjörtímabil sjóðstjórnar er eitt ár. Í varastjórn skulu 2 menn kosnir á aðalfundi, en stjórn NLFÍ tilnefnir varaformann.

6. gr.

Endurskoðendur NLFÍ eru um leið endurskoðendur sjóðsins.

7. gr.

Stofnfé sjóðsins er 31. desember 1943 kr. 43171.41.

8. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að stofnun heilsuhælis eða hvíldar- og hressingarheimilis, sem rekið sé undir umsjón og eftirliti heilbrigðisstjórnarinnar, og þar

83 sem viðhafðar verði náttúrulegar lækninga- og heilsuverndaraðferðir (ljós, loft, 7. júní vatn, mataræði, hreyfing, hvíld).

9. gr.

Stjórn sjóðsins aflar sjóðnum tekna samkvæmt 3. gr. Hún annast allar fjárreiður sjóðsins, kemur fé hans á vöxtu samkvæmt 4. gr. og leggur reikninga hans endurskoðaða fyrir aðalfund félagsins til samþykktar árlega. Loks aðstoðar stjórn sjóðsins félagsstjórnina við val á stað fyrir haelið og við annan undirbúning að stofnun haelis eða heimilis samkvæmt 8. gr.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

11. gr.

Greiða skal úr sjóðnum öll nauðsynleg útgjöld við starf sjóðstjórnarinnar og undirbúning að stofnun haelis. Þegar valinn hefur verið staður fyrir stofnun haelis og hann hlotið samþykki lögmæltis félagsfundar, er sjóðstjórn og félagsstjórn í sam-einingu heimilt að verja fé úr sjóðnum til nauðsynlegra framkvæmda á staðnum.

12. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema á lögmætum aðalfundi NLFÍ, og þarf til breytinganna samþykki $\frac{2}{3}$ hluta mætttra félagsmanna.

13. gr.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi fallin skipulagsskrá fyrir heilsuhællissjóð Náttúrulækningafélags Íslands, dags. 22. maí 1944.

14. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

84 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Kristjáns Tryggva 10. júní Jóhannssonar verkfræðings“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. júní 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Kristjáns Tryggva Jóhannssonar verkfræðings.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kristjáns Tryggva Jóhannssonar verkfræðings, er fórst ásamt konu og tveim börnum í flugslysi 29. maí 1947.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 11000 — ellefu þúsund — krónur, er bekkjarsystkini úr Menntaskóla Reykjavíkur, ættingjar og vinir gáfu til minningar um hinn látna, konu hans og börn. Sjóðurinn skal afhentur Menntaskólanum til eignar og skal stjórn hans skipuð samkvæmt ákvæðum í 8. gr.

3. gr.

84

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða annarri tryggri peningastofnun. 10. júní

4. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheimum þeirra manna, sem vilja efla vöxt hans og styðja tilgang hans. Hann gefur út minningarspjöld, og geta þeir, sem óska að minnast látinna vina og vandamanna, fengið slík spjöld keypt og greiði fyrir það gjald, er þeim sjálfum lýzt.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, né það sem við hann er lagt, hvort sem það stafar af viðlögðum vöxtum, áheimum eða öðru, er fellur honum til aukningar. Þegar sjóðurinn er orðinn 30000 — þrjátíu þúsund — krónur, en ekki fyrr, má verja allt að 10% ársvaxtanna samkvæmt ákvæðum 6. gr.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að styrkja efnilega námsmenn, er lokið hafa stúdentsprófi í Menntaskóla Reykjavíkur til náms við háskóla í Noregi. Að öðru jöfnu skulu þeir ganga fyrir er stunda verkfræðinám. Þar til höfuðstóll sjóðsins hefur náð kr. 60000.00, skal þó aðeins einum námsmanni úthlutað styrk árlega.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hverjum styrkur skuli veittur ár hvert, með þeim takmörkunum, sem settar eru í 6. gr. Enginn skal njóta styrks úr sjóðnum lengur en sex ár. Þó skal heimilt að veita styrkinn lengur, ef sérstakar ástæður mæla með því, að dómi stjórnarinnar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum:

1. Rektor og yfirkennarar Menntaskólans í Reykjavík tilnefna 1 mann.
2. Bekkjarsystkini hins látna 1 mann, meðan þeirra nýtur við, en að þeim frágengnum tilnefnir Nemendasamband Menntaskólans 1 mann í þeirra stað.
3. Nánustu ættingjar Tryggva Jóhannssonar, meðan þeir óska þess, en síðan stjórn Verkfræðingafélags Íslands.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og vinnur kauplaust. Hún heldur gerðabók, sem í eru ritaðar allar framkvæmdir stjórnarinnar, svo sem úthlutun styrks, fundargerðir og annað, sem snertir starfsemi sjóðsins. Reikningur sjóðsins skal birtur árlega í skýrslu Menntaskólans.

9. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar stjórn hans fyrir 1. sept. ár hvert. Styrkurinn skal veittur 11. okt. árlega, þegar skilyrði 5. gr. er fullnægt.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari, og birtist hún í B-deild Stjórnartíðinda.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Selfoss.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið Rafveitunnar.

Rafveita Selfoss er fyrirtæki, sem hreppsnefnd Selfosshrepps starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Selfosshrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Selfoss og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Selfoss aflar raforku til almenningsþarfa í Selfosshreppi með því að kaupa raforku frá rafmagnsveitum ríkisins, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Selfosshrepps og sá hluti nágrennis hreppsins, sem hreppsstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Selfoss hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála hreppsins er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefndin skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Hreppsnefndin setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunnar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orku-kaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála hreppsins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum um rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

85

11. júní

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Selfoss hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum, svo sem afborgunum á áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingunni rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Selfoss selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvári eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafmagnsstjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja, eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögnum.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagnir í Selfosshreppi, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er fyrir en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftækja, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Selfoss.

14. gr.

Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $+/-5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila.

Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en $+/-5\%$, en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt $+/-5\%$ skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

- 85 3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á
11. júní föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem líðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- a. þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, **85**
 hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga; **11. júní**
- b. þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- c. þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskuldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema

1. skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir endurofnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvisri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir endurofnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtryggingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júlí, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur erga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá $\frac{1}{300}$ hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða

85 bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur 11. júní rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálfmánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð rafveitunefndar.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 — tíu þúsund — krónum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í rikissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 11. júní 1948.

Bjarni Ásgeirsson,

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

86

15. júní

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Eyrarbakkaheppi,
nr. 142 8. ágúst 1939.

Í 1. mgr. 2. gr. samþykktarinnar á eftir orðunum „kl. 6 síðdegis“ komi: og á laugardögum kl. 4 síðdegis o. s. frv.

2. mgr. sömu greinar orðist svo:

Á tímabilinu frá 15. maí til 1. september skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 á föstudögum og eigi síðan en kl. 12 á hádegi á laugardögum.

Samþykktarbreyting þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eyrarbakkahepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá 15. júní 1948, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

REGLUGERÐ

87

1. júlí

um holræsi og holræsagjald fyrir Hríseyjarhepp.

1. gr.

Þar sem hreppurinn hefur látið leggja holræsi í götu eða á opnu svæði, á kostnað sveitarsjóðs, eða þar sem hreppurinn hefur keypt og tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er hverjum húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Vanræki einhver húseigandi að gera ræsi með hæfilegum fresti, sem hreppsnefnd setur, skal hreppsnefndin láta vinna verkið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita eða þeim, er hreppsnefnd felur umsjá með lagningu holræsa um þorpið, frá því og fá samþykki þar til. Skal allt, sem að holræsum utan húss og innan tilheyrir, ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjá alla með verkinu og er húseiganda skylt að hlýða fyrir mælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur.

Engir mega leggja eða ganga frá holræsum, sem liggja í holræsakerfi hreppsins, nema hreppsnefnd hafi viðurkennt þá hæfa til þess starfs.

Heimilt er hreppsnefnd að taka í sína umsjá núverandi holræsakerfi einstakra manna, samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati, ef ágreininger verður.

3. gr.

Holræsagjald skal greiða árlega af öllum húsum, sem standa við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í. Skal gjaldið lagt á eftir fasteignamati og vera 10 af þúsundi af fasteignamati hvers húss, enda sé lágmarksgjald fyrir hvert hús 60 krónur.

- 87
1. júlí 150 — Auk þess ber húseiganda að greiða í eitt skipti fyrir öll tengigjald, að upphæð eitt hundrað og fimmtíu — krónur, þegar leiðsla frá húsi hans er komin í samband við aðalleiðsluna.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eftir ástæðum um allt að 50%.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og ber hann ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðrétti í húsi og öðrum mannvirkjum húseiganda, svo og lóð húseiganda, ef hún er eignarlóð hans, næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Gjaldtagi holræsagjalds er 1. október ár hvert.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggí við að lögum.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið sem almenn lög-reglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. júlí 1948.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Gisli Jónasson.

- 88
6. júlí

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Flateyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Flateyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Þar, sem orkan er notuð aðallega til lýsingar utan heimila, skal hún seld um kwst.mæli á kr. 1.80 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforku-notkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Heimilisnotkun.

Þar, sem orkan er notuð til heimilisparfa, skal hún seld um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu:

1. Á kr. 1.80 hver kwst.
2. Á 50 aura hver kwst., auk fastagjalds er nemi 60 aurum á hvern fermetra gólf-flatar herbergja í íbúð á mánuði.

Til herbergja í íbúð skal telja eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur.

C. Vélar.

88

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld um kwst.mæli á 80 aura hver kwst. Sé notkunartími vélanna mjög stuttur, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

6. júlí

D. Orkusala til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu.

Til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, getur rafveitustjóri selt orku með sérstökum samningi, með því skilyrði að stöðva megi þá orkusölu, hvenær sem nauðsynlegt er að dómi rafveitustjóra.

E. Götu- og hafnarlýsing.

Um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst. Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 Amp. kr. 2.00 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum 50 Amp. og minni — 3.00 — —
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 Amp. — 7.00 — —
4. Af þrífasa mælum yfir 200 Amp. — 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

1. Af loftlínuheimtaug kr. 350.00.
2. Af jarðlínuheimtaug kr. 500.00.
3. Fyrir fleirbýlishús greiðist auk þess kr. 200.00 fyrir hverja íbúð fram yfir eina og skiptist heildarfjárhæðin jafnt milli íbúðanna.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar, og (eða) gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal greiða allan kostnað af því sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu heimtaugar er lokið.

IV. OPNUNARGJALD**1. Vanskil.**

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 10 krónur.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 krónu gjald á skrifstofu rafveitunnar.

88 Hreppsnefnd er heimilt:

6. júlí
- Að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.
 - Að veita afslátt á rafmagnsverði eftir sérstökum samningi, ef um mikla orkunotkun er að ræða og á þeim tíma, sem hagkvæmt er fyrir rafveituna.
 - Að banna notkun á rafmagni til hitunar, ef um of mikið álag er að ræða, og í því sambandi að beita þeim ráðstöfunum, sem þurfa þykir, svo sem innsiglium á tækjum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. júlí 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

89

8. júlí

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki fellur undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
- Um kwst.mæli á 45 aura hver kwst., auk fastagjalds er nemi kr. 6.00 á ári á m² gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í húðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af m².

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 30 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 5.00 á mánuði af fyrsta herbergi hverrar íbúðar og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi, sem umfram er.

Við útreikning á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Ef meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi, en 5 m² hálfu herbergi.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja rafmagn fyrir vatnsdælur til heimilisnota, enda sé stærð dælnnar ekki yfir 0,5 kw, en greiða skal þá kr. 36.00 á ári í fastagjald af hverri íbúð, sem dælan er notuð fyrir.

C. Rafmagn til véla.

- Um kwst.mæli á 65 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 130.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja rafmagn til götulýsingar, svo og til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur.

2. Til fiskiðnaðar, enda sé uppsett vélaafl 20 kw. eða meira, á 20 aura hver kwst. Heimilt er rafveitustjórn að semja um allt að 10% afslátt af þessu gjaldi, ef árlegur notkunartími mesta álags vélanna er 2500 klst. eða meira. Rafveitunni er áskilinn réttur til að rjúfa strauminn allt að 2 klst. á dag á tímum mesta álags hennar. 8. júlí

D. Rafmagn til hitunar.

1. Um kwst.mæli á 12 aura hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Notkun yfir 10000 kwst. á ári greiðist með 10 aurum hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrárlið er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 10.30 til 12 og frá 18 til 19.30.
2. Um kwst.mæli á 4 aura hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrárlið er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 8.30 til 23. Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
 - a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
 - b. Að notandi láti á sinn kostnað setja klukkurofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og kosti viðhald þeirra, en notandinn kosti tengingu þeirra og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum um leigu mælitækja.
 - c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E.

Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja rafmagn eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema með samþykki hreppsnefndar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 Amp.	kr. 2.00 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 Amp.	— 3.00 — —
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 Amp.	— 7.00 — —
4. Af þrífasa mælum yfir 200 Amp.	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir: Grunn gjald kr. 2000.00 og auk þess kr. 20.00 af hverjum hundrað krónum af samanlögðu fasteignamatverði lands og húsa.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar yfir 100 m og lofflínuheimtaugar yfir 250 m, er rafveitustjóri heimilt að láta húseiganda greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. ÝMIS GJÖLD

1. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 10.00 krónur.

89

2. Óleyfileg vör.

8. júlí Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt 10.00 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 8. júlí 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

90

13. júlí

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 40 auru hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.50 á ári á ferm. gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Þar sem gólfpletir eru tiltölulega stórir, miðað við ljósmagn, er heimilt að veita afslátt á fastagjaldi, samkvæmt reglum, er rafveitustjóri setur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 30 auru hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 5.00 á mánuði af fyrsta herbergi hvernar íbúðar og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 ferm., skal telja sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélar.

Þar, sem orka er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 60 auru hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, 125 kr. til 150 kr. á hvert uppsett kw. vélanna. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til götu- og hafnarlýsingar, svo og til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur.
2. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fiskiðnað er yfir 20 kw: Um kwst.mæli á 16 auru hver kwst. fyrir fyrstu 100 þús. kwst. og 14 auru hver kwst. fyrir notkun umfram það. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund síðdegis.

D. Hitun.

90

13. júlí

1. Um kwst.mæli á 12 aura hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Notkun umfram 10000 kwst. á ári greiðist með 10 aurum hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrárlíð er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 10.45 til 12 og frá kl. 18 til 19.30.
2. Um kwst.mæli á 4 aura hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrárlíð er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 8.30 til 23.
Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
 - a. Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
 - b. Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 Amp. | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. Af þrífasa mælum 50 Amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. Af þrífasa mælum 50 til 200 Amp. | — 7.00 — — |
| 4. Af þrífasa mælum yfir 200 Amp. | — 10.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| 1. Grunnkjald fyrir hverja loftlínuheimtaug | kr. 300.00 |
| 2. Grunnkjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug | — 450.00 |

Auk þessa grunnkjalds skal greiða kr. 8.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamati skal sleppa í útreikningi þessum, ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjaldsins um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, og loftlínutaugar meiri en 60 metrar, og (eða) gildleiki víra meiri en 3×70 qmm, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD**1. Vanskil.**

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, 10 krónur.

90

2. Óleyfileg vör.

13. júlí

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Meðan raforka frá Laxárvirkjuninni er ekki komin í öll hús í kauptúninu, svo að starfrækja þarf rafstöð þá, sem nú er í kauptúninu, er heimilt að selja raforku frá rafstöð kauptúnsins sama verði og raforku frá Laxárvirkjuninni.

Fyrst um sinn skal rafmagn til suðu fyrst og fremst miðað við lagnir í ný hús, er ekki hafa önnur eldfæri, og er óleyfilegt að taka burt nothæfar eldavélar til þess að setja í staðinn rafsúðuvélar, nema með leyfi rafveitunefndar. Fyrst um sinn skal einnig útiloka frystihúsvélar á tímanum 10.45 til 12 fyrir hádegi, og þegar spenna er lág ber að útiloka allar vélar yfirleitt eftir því sem hægt er.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Húsavík, nr. 194 22. nóvember 1945.

Atvinnumálaráðuneytið, 13. júlí 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

91

REGLUGERÐ

20. júlí

um söluskatt.

1. gr.

Ákvörðun skattstjóra eða skattanefndar á fjárhæð söluskatts skal tilkynnt skattgreiðanda með ábyrgðarbréfi, sem skal póstlagt í síðasta lagi 1. n. m. eftir að gjaldið er ákveðið. Ef skattgreiðandi vill kæra skatt sinn fyrir skattstjóra eða skattanefnd, skal hann senda kæru sína fyrir 10. s. m. Úrskurður skattstjóra eða skattanefndar skal kveðinn upp og tilkynntur í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurði skattstjóra eða skattanefndar má áfrýja til yfirskaðanefndar og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kæru-
frestur til þeirra eru 10 dagar og úrskurðarfrestir þeirra eru jafnlangir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 47. gr. laga nr. 128 29. des. 1947, um dýrtiðarráðstafanir, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 20. júlí 1948.

Magnús Gíslason.

Kjartan Ragnars.

REGLUGERÐ

92

21. júlí

fyrir veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar hestamannafélagsins Neisti í Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í: 2 kr., 5 kr., 10 kr. og 25 kr., sem greiðast veðmálstofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um hver hestur verði hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum hvers hlaups skal skipta þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið á þann hest, er vinnur.
- b. Afganginum (20%) skal varið til reksturs kappreiðanna, viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins og til reiðvega Austur-Húnavetninga. Tillagið til reiðvegarsins má aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af veðmálastarfseminni.

4. gr.

Að loknu hverju hlaupi skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst, og vinningar útborgaðir þegar í stað gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd af veðfé, lögðu á hest, sem hleypur upp eða fer ekki af stað, eða af öðrum ástæðum kemur ekki til greina samkvæmt kappreglum félagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt í heild, endurgreiðist veðfé að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningar útborgist aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgt að innskot fáiist að fullu aftur.

8. gr.

Þeir, sem veðja, eru í einu og öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurðum dómnefndar, t. d. missir hestur rétt til verðlauna, er knapi er dæmdur úr leik o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir síðasta hlaup og því aðeins að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.

Ungmenni innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 24. júlí 1948 og gildir til 5 ára.

92 Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 23/1945 og birtist hér með til eftir-
21. júlí breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 21. júlí 1948.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

93 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Björns Hallssonar á
26. júlí Rangá, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 26. júlí 1948.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Björns Hallssonar á Rangá.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður á 70 ára afmæli stofnanda sjóðsins, 21. nóv. 1945, með
gjöfum frá sveitungum hans og öðrum kunningjum og vinum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 4768.65 í árslok 1947.

3. gr.

Sjóðurinn er eign Tunguhrepps í Norður-Múlasýslu og skal hagnýta hann á
þann hátt, sem skipulagsskrá þessi ákveður.

4. gr.

Sveitarstjórn Tunguhrepps hefur á hendi umsjón og stjórn sjóðsins, reiknings-
hald og bókfærslu og gerir grein fyrir honum, bæði gagnvart hreppsþúum og öðr-
um aðilum samkvæmt lögum.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands eða annarri láns-
stofnun, er ríkið hefur ábyrgð á. Vextir sjóðsins leggjast við höfuðstólinn, unz þeir
eru orðnir kr. 500.00 á ári. Þá falla til útborgunar $\frac{3}{4}$ hlutar vaxtanna, en $\frac{1}{4}$ hluti
þeirra leggst við höfuðstólinn, en hann má aldrei skerða.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a. Að verðlauna þá búendur, sem skara fram úr í ræktun búpenings og góðri með-
ferð hans.
- b. Að verðlauna þá húsráðendur, sem skara fram úr í búnaði og snyrtilegri um-
gengni heimila. Að öðru jöfnu sitji efnaminni búendur fyrir.
- c. Að verðlauna eða styrkja þá, sem koma upp vönduðum trjáreitum við býli sin.

7. gr.

Þriggja manna nefnd hefur á hendi úthlutun verðlauna og styrkja úr sjóðnum.
Nefndin skal kosin í fyrsta sinn á almennum hreppsfundi það ár, sem fyrst kemur
til úthlutunar úr sjóðnum. Skulu 2 þeirra kosnir af hreppsþúum, en hreppsnefnd
kýs einn mann úr sínum hóp, og er hann formaður nefndarinnar. Kosningin fylgir
jafnan hreppsnefndarkosningum.

8. gr.

Nú telur sjóðstjórnin ekki ástæðu til að úthluta verðlaunum, eða úthluta styrkjum úr sjóðnum eitthvert ár, og skal henni þá heimilt að ákveða, að féð skuli geymast til úthlutunar þar til síðar, ella skal það lagt við höfuðstólinn.

93

26. júlí

9. gr.

Stjórn sjóðsins heldur gerðabók og færir í hana fundargerðir og ályktanir, svo og reikningabók, sem í eru færðir allir reikningar sjóðsins.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningur sjóðsins fylgja hreppsreikningi til endurskoðunar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gerð og notkun bifreiða, nr. 72 24. júní 1937.

94

26. júlí

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 1. töluliðar 3. gr. bætist: Akraneskaupstaður E, Ólafsfjarðar-kaupstaður Ó.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 23, 16. júní 1941, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. júlí 1948.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

95

26. júlí

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Húsavíkur er fyrirtæki, sem Húsavíkurhreppur starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um Húsavíkurkaupstún og grennd og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Húsavíkurhrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Húsavíkur og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Húsavíkur aflar raforku til almenningsþarfa í Húsavík og grennd með því að kaupa raforku úr orkuveitu frá Laxárvirkjuninni eða öðrum, svo og vinna hana sjálf í orkuverum, er síðar kunna að verða reist, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er Húsavíkurhreppur og sá hluti nágrennis hreppsins, sem hreppstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Húsavíkur hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála Húsavíkurhrepps er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, er hreppsnefndin skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Hreppsnefnd setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefndinni þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefndin skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála hreppsins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Húsavíkur hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tækjum. Skal tækjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið

fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd Húsavíkurhrepps. 26. júlí

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingunni rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Húsavíkur selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnað við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar, eða gera

- 95 meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafmagnsstjóra heimilt að krefjast 26. júlí skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði. Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja, eða rafveituna, er hún tekur slíkt verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögn.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notanda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagningar í Húsavík, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það sektum þann, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt og tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni, vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðhöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálstan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Húsavíkur.

14. gr.

Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé plús eða mínus 5% eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað af prófuninni. Sé skekkjan meiri, skal rafveitan bera kostnað af henni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en plús eða mínus 5%, en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt plús eða mínus 5% skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki neinn rétt á endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt, sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

- 95 6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað
26. júlí hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þingri refsing liggja við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru. Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafizt er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þrem dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- a. Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga.
- b. Þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina.
- c. Þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur nema:

1. Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma,

er heimilt að taka aukagjald, samkv. gjaldskrá, fyrir enduroppnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun. 95
26. júlí

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkunin er almenn minnst, og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppnefndin, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá $\frac{1}{300}$ hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar árið er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á orkuveituvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálfsmánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja

95 notkunarstað, ella skal um flutning gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni 26. júlí um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefndin samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningur verði lagður undir úrskurð rafveitunefndar og hreppsnefndar.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000.00 — tíu þúsund — krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um notkun og meðferð rafmagns í Húsvíkurkaupstað, nr. 52 14. júní 1920.

Atvinnumálaráðuneytið, 26. júlí 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Hveragerðis.

96

27. júlí

I. RAFORKA

Rafveita Hveragerðis selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Til lýsingar.

Um kwst.mæli á kr. 1.20 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki fellur undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Til eldunar.

Um kwst.mæli á kr. 0.30 hverja kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið er einungis seld raforka til fasttengdra suðu- og eldunartækja.

C. Til vélareksturs.

1. Um kwst.mæli á kr. 0.65 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 175.00 til kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til götulýsingar, svo og til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur.

2. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla í frystihúsi er yfir 20 kw. um kwst. mæli á kr. 0.25 hverja kwst.

Rafmagn til hitunar á bökunarofnum kr. 0.25 hverja kwst., enda áskilur rafveitan sér rétt til að rjúfa straum til þessara tækja allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund á kvöldi á tímum mesta álags.

D. Hitun í iðnaði.

Um tvígjaldsmæli á kr. 0.25 hverja kwst. frá kl. 23 til 8 og kr. 0.35 hverja kwst. frá kl. 8 til kl. 23.

Þessi gjaldskrárliður er þó háður því skilyrði, að nægjanlegt rafmagns fáist allan sólarhringinn og jafnframt er heimilt að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund að kvöldi á tímum mesta álags.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni | kr. 1.50 á mánuði. |
| 2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. Af þrífasa mælum yfir 50 amp. | — 7.00 — — |

Af öðrum mælum en þeim, sem nefndir eru í skránni, skal leigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

27. júlí

Af hverri hústaug, sem tengd er við taugakerfi rafveitunnar, skal greiða heima-
taugargjald. Skál það vera sem hér segir:

1. Grunnjald fyrir hverja loftlínuheimtaug kr. 400.00.
2. Grunnjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug kr. 600.00.

Auk þessa grunnjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af bruna-
bótamati húsa og annarra mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamati
skal sleppa í útreikningi þessum, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd sam-
ræmt það nýju mati og miðað heimaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið
á ný, skal þó heimaugargjaldið miðast við það mat.

Húseigandi greiði grunnjald heimaugar um leið og heimaugaruppsetningu er
lokið. Hinn hluti heimaugargjaldsins fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat húss-
ins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en
60 metrar og (eða) gildleiki víra meiri en 3×70 qmm., skal húseigandi greiða að
fullu kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við
síðari heimaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Vanskil.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi
komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 10.00.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafar-
laust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 króna gjald á
skrifstofu rafveitunnar.

V.

Gjaldskrá þessi skal endurskoðuð þegar að því kemur, að rafveitan fái orku
sína frá Sogsvirkjuninni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923,
og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist
til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi bráðabirgðagjaldskrá fyrir Rafveitu Hveragerðis, nr.
118 1. júní 1947.

Atvinnumálaráðuneytið, 27. júlí 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

97

18. ágúst

um fyrirmynd að byggingarsamþykktum.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905, um byggingarsamþykktir, sbr. lög nr. 84 1943, um breytingar á þeim lögum, og lög nr. 55 1921, um skipulag kaupstaða og kaupféluga, og síðari breytingar á þeim lögum, hefur ráðuneytið gert fyrirmynd að byggingarsamþykktum fyrir kaupstaði og kaupféluga, sem prentuð er hér á eftir sem fylgiskjal.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

Fylgiskjal.

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir

I. KAFLI**Stjórn byggingarmála.****1. gr.**

1. Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni staðarins undir yfirstjórn sveitarstjórnar og stjórnarráðs.

2. Ályktanir byggingarnefndar skal bera undir sveitarstjórn til samþykktar eða synjunar. Ef sveitarstjórn samþykkir ályktun byggingarnefndar, öðlast hún gildi. Þó er lóðareiganda eða lóðarleigjanda heimilt, ef honum þykir rétti sínum hallað með ályktuninni, að skjóta henni til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðs. Nú greinir byggingarnefnd og sveitarstjórn á um afgreiðslu máls, og sker þá stjórnarráðið úr.

3. Byggingarnefnd sér um, að byggingarsamþykktinni sé fylgt.

2. gr.

1. Byggingarnefnd skipa 5 menn: bæjarstjóri eða oddviti er formaður nefndarinnar, tveir menn kosnir hlutfallskosningu innan sveitarstjórnar, en 2 menn utan, einnig kosnir af sveitarstjórn árlega, samtímis öðrum föstum nefndum. Byggingarfulltrúi, slökkviliðsstjóri og aðrir sérfræðingar, sem sveitarstjórn ákveður, eiga sæti á fundum byggingarnefndar og hafa þar tillögurétt.

Nú er einhver forfallaður, sem samkvæmt stöðu sinni skipar byggingarnefnd eða á sæti á fundum hennar, og kemur þá í hans stað sá, sem í forföllum gegnir starfi hans. Í stað hinna kjörnu nefndarmanna koma varamenn, sem sveitarstjórn kys samtímis aðalmönnum og á sama hátt.

Byggingarnefnd er ályktunarfer, ef á fundi eru formaður og tveir nefndarmenn aðrir. Afl atkvæða ræður úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns.

- 97 2. Byggingarnefnd heldur fundi tvisvar í mánuði hverjum, eða oftar, ef for-
 18. ágúst maður ákveður. Reglulega fundardaga ákveður nefndin sjálf með fundarsamþykkt. Málefni, sem koma eiga fyrir byggingarnefnd, skulu koma til byggingarfulltrúa a. m. k. tveim dögum fyrir byggingarnefndarfund.
3. Nefndin heldur sérstaka gerðabók yfir athafnir sínar og ályktanir. Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykktur ályktunum meiri hlutans, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt. Allir viðstaddir nefndarmenn undirrita gerðabókina í fundarlok.
4. Gerðabókinni fylgi glögg skrá, svo gerð, að greinilega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar um hverja einstaka fasteign og önnur atriði, er hún tekur til meðferðar.
5. Enn fremur haldi nefndin bréfabók og dagbók yfir öll bréf, er henni berast, og yfir bréf, er hún sendir frá sér.

3. gr.

1. Sveitarstjórn skipar byggingarfulltrúa. Hann er fulltrúi byggingarnefndar og hefur á hendi daglegt eftirlit með því, að fyrirmælum byggingarsamþykktar sé fylgt.

Byggingarfulltrúa skal launa úr sveitarsjóði, en byggingarnefndin setur honum erindisbréf, er sveitarstjórn samþykkir.

2. Byggingarfulltrúi skal undirbúa öll mál, er lögð verða fyrir byggingarnefnd.

3. Bæjarverkfræðingur eða byggingaverkfræðingur skal árita alla útreikninga og uppdrætti viðvíkjandi burðarþoli í byggingunum.

Lóðarskrárritari eða byggingarfulltrúi skal afmarka allar stefnur húsa og girðinga, svo og hæð götu og lóðar við húshlið.

4. Byggingarnefndarmenn og byggingarfulltrúi skulu jafnan hafa frjálstan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

II. KAFLI

Byggingarleyfi.

4. gr.

1. Hver sá, er reisa vill hús, breyta því, gera girðingu eða önnur mannvirki á lóð sinni, skal senda byggingarnefndinni skriflega beiðni um það, og skulu henni fylgja tvíritiðir uppdrættir af hinu fyrirhugaða mannvirki, eftir mælikvarða 1:100, og tvíritið lýsing af öllu því, sem ekki sést greinilega á uppdráttum eða nauðsynlegt er til sönnunar því, að mannvirkið fullnægi ákvæðum þessarar samþykktar og þeim reglum, sem settar eru. Ef mannvirki er stærra á einhvern veg en svo, að fyrir komist á fyrirskipaða pappírstærð eftir mælikvarða 1:100, má gera yfirlitsuppdrátt eftir minni mælikvarða.

2. Uppdrættir að húsi sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneiðingar og allar hliðar og gafla þess.

Á uppdrætti skal rita öll aðalmál í metramáli, og til hvers nota skuli hvert einstakt herbergi, svo og hæð á neðsta gólfi í hlutfalli við götuhæð og jarðhæð.

Sé hús í samfelldri húsaröð, skal á uppdrætti sýna aðliggjandi húshliðar.

3. Séruppdrætti skal gera af:

- a. járnbentri steinsteypu og fleiru viðvíkjandi burðarþoli í byggingum; fylgi útreikningar, þar sem reiknað er með meiri notþunga en venjulegum íbúðarhúsa-notþunga, skal þess getið á uppdráttum og hve mikill hann er;

- b. fyrirkomulag vatns- og skulpveitna og hita-, gas- og rafmagnslagna um fyrir- **97**
hugað hús, að því og frá því, allt eftir nægilega stórum mælikvarða;
- c. sérstökum hlutum húss eða mannvirkis, eftir svo stórum mælikvarða, að vinna **18. ágúst**
megi eftir þeim, ef byggingarfulltrúi krefst þess.

Séruppdrætti samkvæmt þessum lið þarf ekki að senda með beiðninni um byggingarleyfi, heldur nægir, að þeir séu samþykktir af byggingarfulltrúa og afhentir í tæka tíð, að hans dómi (sbr. 20. gr. 2. l.). Byggingarfulltrúi áritar séruppdrættina í umboði byggingarnefndar.

Ef afrennsli frá kjallaragólfi í fyrirhuguðu húsi nær ekki til göturæsis á venjulegan hátt, skal uppdráttur af skolpleiðslu frá húsinu þó fylgja beiðninni um byggingarleyfi.

4. Þegar um breytingar á húsi er að ræða, skal uppdráttur sýna gerð og lögun þess fyrir og eftir breytinguna.

5. Uppdrættir af girðingum, auglýsingaspjöldum og öðrum mannvirkjum skulu glögglega sýna gerð þeirra.

6. Hverri beiðni um byggingarleyfi skal einnig fylgja tvírtaður uppdráttur af lóð þeirri, er byggja skal á, eftir mælikvarða 1:500, eða 1:1000 þar sem annað er ekki til, og sýni hann afstöðu til gatna og nágrannalóða, ásamt öllum mannvirkjum, sem fyrir eru í 20 metra fjarlægð frá lóðinni, og skal rita flatarmál lóðar og byggingar á uppdráttinn. Á uppdrættinum skal og sýnt, hvernig haga skuli aðgangi að húsinu, ef það stendur ekki við götu eða torg.

7. Uppdrættir allir skulu gerðir á haldgóðan, óstökkan pappír og þannig frá þeim gengið, að ekki máist letur eða drættir við geymslu. Stærð þeirra skal vera 42.0×59.4 eða 59.4×84.1 cm, og sé á hverjum uppdrætti afmarkaður 7×10 cm reitur til áritunar fyrir byggingarnefnd og dreginn mælikvarði.

Fylgi meira en eitt uppdráttarblað sömu beiðni, skal tölusetja öll blöðin og rita á hvert þeirra, við hvað uppdrátturinn á.

Standi alveg sérstaklega á, má byggingarfulltrúi leyfa að gera uppdrætti á stærri blöð en að framan er getið, þó í sömu hlutföllum.

8. Uppdrættir og útreikningar skulu gerðir af sérmenntuðum mönnum — húsa-meisturum, verkfræðingum eða öðrum, sem byggingarnefnd telur hafa nauðsynlega kunnáttu til þess, og uppfylla þær kröfur, sem gera verður til „tekniskra“ uppdráttar.

Sá, sem uppdrátt gerir eða útreikning, skal undirrita hann með eigin hendi, enda beri hann ábyrgð á, að árituð mál séu rétt og að uppdráttur og útreikningar séu í samræmi við settar reglur.

9. Byggingarfulltrúi tekur, fyrir hönd byggingarnefndarinnar, við öllum beiðnum um byggingarleyfi.

Hann athugar, að hverri beiðni fylgi nægilegir uppdrættir og lýsingar og leggur hana síðan fyrir byggingarnefnd ásamt tillögum sínum.

10. Umsækjanda skal tilkynnt bréflaga, hverja afgreiðslu mál hans hefur fengið.

Byggingarleyfi skal ritað á hvern uppdrátt og annað eintak uppdráttar síðan afhent byggingarleyfisbeiðanda gegn greiðslu byggingarleyfisgjalds. Hitt eintakið leggist í skjálageymslu nefndarinnar.

11. Ekki má nota fengið byggingarleyfi fyrr en byggingarfulltrúa hefur verið tilkynnt, hver múrarmeistari sjái um múrsmíði, og hver húsasmiðameistari um trésmíði. Þessar tilkynningar skal rita á eyðublöð, sem byggingarfulltrúinn lætur í té.

12. Ekki mega aðrir en meistarar, sem hlotið hafa löggildingu byggingarnefndar, hafa umsjón með múr- eða trésmíði, hver í sinni iðn.

97 Byggingarnefnd má með samþykki sveitarstjórnar setja nánari reglur um þekkingu meistara, sem takast á hendur þessa umsjón.

Meistarar í hvaða grein sem er bera ábyrgð á, að allt verk, sem undir þá heyrir, sé vel af hendi leyst, í samræmi við reglugerðir, samþykktir og lög, og að í öllu sé farið eftir samþykktum uppdráttum. Ekki má meistari á nokkurn hátt breyta eða láta breyta verki, sem heyrir undir annan meistara (sbr. 24. gr. 3. l. og 25. gr. 14. l.).

Meðan á smíði stendur er meisturum skylt að hafa jafnan til taks á vinnustaðnum nothæf eftirrit af samþykktum uppdráttum, árituðum af byggingarfulltrúa. Verði meistari sekur um mjög stórfellt eða ítrekað brot á byggingarsamþykkt, má byggingarnefnd neita að taka hann gildan til umsjónar með smíði.

13. Byggingarleyfi veitir ekki heimild til framkvæmda, er koma í bága við byggingarsamþykkt, enda þótt samþykktur uppdráttur kunni að sýna eitthvað slíkt (sbr. 8. lið).

14. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan árs frá leyfisveitingu.

5. gr.

1. Áður en byrjað er að vinna að byggingu húss eða mannvirkis, skal sá, sem sér um verkið, tilkynna það byggingarfulltrúa. Sé hætt vinnu við húsbyggingar lengri tíma en 2 vikur, eða vegna frosta, skal tilkynna byggingarfulltrúa áður en verk er hafið að nýju (sbr. 17. gr. 6. lið). Meðan á verkinu stendur, skal enn fremur með sólarhrings fyrirvara tilkynna byggingarfulltrúa:

- a. Hvenær byrjað verði á undirstöðu eða breytingu húss.
- b. Hvenær rakavarnarlög verði gerð.
- c. Hvenær grind eða þak er reist.
- d. Hvenær timburgólf verði lögð á bita.
- e. Hvenær járn verði lögð.
- f. Hvenær byrjað verði á hitaeinangrun gólfa, veggja og lofta.

2. Viðvíkjandi alls konar pípuögnum í húsum skal senda byggingarfulltrúa þær tilkynningar, sem fyrirskipaðar eru eða verða í sérstökum reglugerðum eða samþykktum.

3. Pallar, stoðir og annar umbúnaður, sem notaður er við smíði húsa og annarra mannvirkja, skal vera nægilega traustur, og fullnægja kröfum lögreglunnar (lögreglusamþykktar).

Húsasmíðameistari ber ábyrgð á smíði alls slíks útbúnaðar, og verði settar sérstakar reglur um gerð hans, skal meistarin sjá um að farið sé eftir þeim.

4. Húsasmíðameistarar bera ábyrgð á, að steypumót séu gerð svo traust og þétt, að þau skekkist ekki eða leki steypunni, þegar hún er látin í þau.

5. Múrarmeistari ber ábyrgð á því, að allur járnbindingur sé samkvæmt uppdráttum, plötubýkktir séu réttar og steypugæði eins og áskilið er samkv. 18. og 19. gr.

Ofangreinda vinnu má ekki framkvæma að múrarmeistara fjarverandi, nema hann feli það öðrum fagmanni, en þrátt fyrir það ber hann ábyrgð á verkinu.

6. Mótum má ekki raska eða taka utan af steypu fyrr en hún hefur náð nægum styrkleika, sbr. 18. gr.

7. Húsasmíða- og múrarmeistarar skulu sjá um, að á steipt loft, bita, stiga eða palla verði ekki lagður verulegur þungi á meðan steypan er að harðna.

Þurfi nauðsynlega að nota nýsteipt gólf, t. d. við uppsetningu móta, skal gæta ýtrustu varúðar að ofreyna ekki steypuna á einn eða annan hátt.

8. Ekki má taka neitt nýbyggt hús til afnota fyrr en fengið er vottorð byggingarfulltrúa um, að það sé fullgert og fullnægi kröfum byggingarsamþykktarinnar. Sama gildir um viðbyggingar og verulegar breytingar á eldri húsum.

9. Hafi breytingar verið gerðar á áður samþykktum uppdráttum, skal áður en 97 vottorð er gefið, afhenda byggingarfulltrúanum uppdrætti, er sýni bygginguna, eins 18. ágúst og gengið er frá henni.

10. Byggingarfulltrúi má gefa út bráðabirgðaleyfi til þess að taka hluta af húsi til afnota, ef húshlutinn er gerður samkvæmt samþykktum uppdráttum og fullnægir settum reglum.

III. KAFLI

Lóðir.

6. gr.

1. Hverju húsi, sem ætlað er fyrir íbúðir, skrifstofur eða vinnustofur, skal fylgja óbyggð lóð, er sé áföst við byggðu lóðina, og fer minnsta stærð hennar eftir vegg hæð hússins (sbr. 12. gr.).

2. Lágmarksstærð óbyggðrar lóðar í hlutfalli við heildarstærð:

Vegg hæð húsa	Íbúðarhús	Sambyggð verzlunar- eða iðnaðarhús
m	%	%
allt að 3,5	70	50
3,5—5,0	75	50
5,0—7,0	80	50
7,0—10,0	80	55
10,0—13,0		60
13,0 og hærrí		65

Að öðru leyti segir skipulagsuppdráttur fyrir um stærði húsa á lóðum.

3. Þar sem byggingarreitir og lóðir eru svo bundnar samkvæmt skipulagi, að reglum í 2. lið verði ekki við komið, er byggingarnefndinni heimilt að veita nauðsynlegar undanþágur frá þeim.

4. Á óbyggða lóð, er fylgir húsi, má byggingarnefnd leyfa að gera skýli fyrir bifreiðar, reiðhjól, barnakerrur o. fl., enda sé hæð þeirra ekki meiri en 2,50 m að þaki meðtöldu, svo og garðhús og gróðurhús, allt að 2,20 m há, enda sé samanlagður grunnflötur þessara bygginga ekki stærri en svo, að eftir sé óbyggður helmingur af flatarmáli lóðarinnar.

5. Undir óbyggðar lóðir húsa má byggingarnefnd leyfa að gera geymslukjallara, enda séu þeir vatnsheldir og svo frá lofti gengið, að það þoli þá umferð og þau þyngsli, sem til greina koma, og yfirborðshæð í samræmi við yfirborð lóðar eða aðliggjandi gatna. Slíkir kjallarar skulu vera að minnsta kosti 1,80 m á hæð frá gólfi að hita eða lofti. Séð skal um næga birtu og yfirborðsvatni skal veita út í göturæsi.

7. gr.

1. Bil milli húsa, sem annaðhvort eða bæði eru ætluð fyrir íbúð, skrifstofu eða vinnustofur, má eigi vera minna en vegg hæð herra hússins að viðbættum jarðhæðar-mun, ef lóð hallar að herra húsinu, og skal ávallt miðað við hæstu vegg hæð, sem leyfð er á hverjum stað, þótt lægra sé byggt. Bilið má þó aldrei vera minna en 6,30 m.

2. Í eldri hlutum bæjarins, þar sem lóðir eru þegar svo bundnar, að ákvæðum í 1. lið verði alls ekki við komið, má byggingarnefnd veita nauðsynlegar undanþágur (sbr. 6. gr. 3. l.).

8. gr.

1. Inn á hverja lóð skal vera greiður aðgangur frá götu og að hverju húsi á baklóð. Byggingarnefnd ákveður um hverja lóð, hvaða ráðstafanir skuli gera, svo að nægilegt rými sé fyrir slökkvitól og björgunartæki, ef eldsvoða ber að höndum, og getur hún heimilað sameiginlegan gang frá götu fyrir fleiri en eitt hús.

2. Gangur í gegnum hús, sem ætlaður er gangandi fólki eða til þess að fara um með brunaslöngu, skal vera að minnsta kosti 1,20 m á breidd og 2,20 m á hæð, en gangur, sem ætlaður er til umferðar með bifreiðar, eigi mjórri en 2,50 m og ekki lægri en 3,20 m, og sé gólf hans hallalaust. Öll mál eru innanmál, og frágangur skal vera eldtraustur í hólf og gólf. Hurðir mega þó vera úr tré.

3. Ganga og óbyggðar lóðir, sem ætlaðar eru til umferðar eða til afnota fyrir slökkvilið, má ekki nota til neins konar geymslu, heldur skal þar ávallt vera vel greiðfært og nægilega bjart.

9. gr.

1. Ekki má skipta lóð eða húseign, nema hver hlutur fullnægi ákvæðum byggingarsamþykktar, enda komi til samþykki byggingarnefndar.

2. Samþykki nefndarinnar þarf og til þess að breyta lóðarmörkum vegna skipulags eða hentugra fyrirkomulags húsa á lóðum, sem liggja saman.

10. gr.

1. Lóðir og lönd skal girða á þann hátt, er byggingarnefnd samþykkir.

2. Ekki má girða með grjótgörðum eða öðrum girðingum með slíkri gerð, að rottur og mýs geti átt fylgsni í þeim og ekki með gaddavír, nema sérstaklega standi á. og þá með leyfi byggingarnefndar.

3. Hurð eða hlið á girðingu má aldrei opnast út á götu eða gangstétt.

IV. KAFLI

Afstaða húsa og gatna.

11. gr.

1. Hæð húsveggja, er snúa að götu, skal ávallt telja frá gangstétt í götulínu, eins og hún verður þegar gatan er fullgerð. Sé gatan með halla, getur byggingarnefndin ákveðið að byggja skuli hús með stöllum, eftir ákvörðun nefndarinnar í hvert skipti. Liggja hús að fleiri en einni götu, má miða hæðina við þá götu, er lengsta hlið snýr að, eða við breiðari götuna, séu hliðar jafnlangar, en séu göturnar í mismunandi hæð, skal miða hæðina við þá götu, er lægra liggur, nema byggt sé með stöllum.

2. Vegg hæð húss telst á miðju húsi frá gangstétt, eins og ákveðið er í 1. lið þessarar greinar, að skurðlínu milli þaks og veggflatar, en sé rishalli á þaki, eða hluta þess, meiri en 45°, eða sé kvistur á þaki, skal bæta við vegg hæðina mestu hæð, sem verður fyrir ofan línu dregna með 45° halla frá skurðlínu milli þaks og veggflatar.

3. Vegg hæð húss við götu fer eftir ákvæðum skipulags bæjarins, en má þó aldrei vera meiri en götubreidd (sbr. 7. gr.), nema með sérstöku samþykki sveitarstjórnar.

4. Sé forgarður við hús, má telja hann til götubreiddar, er ákveða skal mestu vegg hæð, en halli lóð að götu, skal telja hæðarmuninn frá götulínu að húshlið með vegg hæðinni.

5. Við torg, opin svæði og á gatnamótum má byggingarnefndin leyfa að byggja gafla, turna og þess háttar hærra en ákveðið er í 3. lið.

12. gr.

97

18. ágúst

1. Hús og girðingar, sem standa í götulinu við gatnamót eða torg, skal horn-sneiða þannig, að minnst 2 metrar séu numdir af hvorri hlið, mælt frá horni, enda sé hliðlínan aldrei styttri en 2 metrar.

2. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef byggingarlag mannvirkis eða aðrar ástæður mæla með því og það veldur ekki tálmunum á götu-umferð.

13. gr.

1. Allar byggingar skulu að utan svo gerðar, málaðar eða húðaðar, að sæmi-legalar séu útlits.

2. Sé hús rífið eða það eyðist af öðrum orsökum, svo að ber veggur eða gaff komi í ljós, skal hann gerður að utan svo fullnægi kröfum þeim, sem gerðar eru í 1. lið.

3. Sé um friðaðar byggingar að ræða, skal algerlega óheimilt að breyta þeim á nokkurn hátt, nema réttir aðilar leyfi.

14. gr.

1. Útitröppur skulu að öllum jafnaði gerðar úr steinsteypu eða steini eða álíka haldgóðu efni. Á þeim sé handrið sem þörf krefur, til þess að umferð sé hættulaus (sbr. 30. gr.).

2. Þrep út að götu má ekki ná meira en 25 cm út fyrir götulinu, og gangstéttar-breidd frá þrepi minnst 1,60 m. Horn séu sneidd.

3. Birtuþrær og aðrar þrær í gangstéttum séu lokaðar í gangstéttarhæð með hæfilegum, þéttum og nægilega sterkum umbúnaði. Þær mega ekki ná lengra út í gangstétt en svo, að nægilegt rými sé þar eftir fyrir pípulagnir, síma- og rafmagns-þræði o. þ. h.

4. Þar sem nauðsyn krefur skal afrennsli gert frá hvers konar þróm í sam-bandi við göturæsi.

15. gr.

1. Minni háttar framskot, súlur, bönd o. fl. til skrauts á húsum mega ná til jarðar, ef þau taka ekki nema 20 cm út fyrir húshlið í götulinu, en sé forgarður að götu, mega þau ná allt að $\frac{1}{5}$ af dýpt hans út fyrir húshlið, en þó mest 80 cm.

Að öðrum kosti skal vera minnst 3,00 m að þeim frá jörð, og ekki mega slík framskot, bönd o. fl. ná lengra út fyrir húshlið í götulinu en nemi $\frac{1}{20}$ af götubreidd og mest 80 cm.

2. Lokuð framskot (karnap) mega ekki vera nær lóðarmörkum en 1,60 m og samtalin breidd þeirra ekki meiri en $\frac{1}{3}$ af lengd húshliðar. Þó má leyfa slík framskot á lóðarmörkum, ef þau eru áföst við álíka framskot á nágrannahúsi. Að öðru leyti skulu þau fullnægja ofangreindum ákvæðum (sbr. 1. lið).

3. Byggingarnefnd er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum í 1. og 2. lið, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi með tilliti til skipulagsuppdráttá.

4. Gólf í veggsvölum séu vatnsheld og vatni veitt af þeim í göturæsi.

Af þökum framskota skal veita vatni í göturæsi.

5. Leyfa má að setja hlífðarþök úr gleri út úr húshliðum, enda séu minnst 4,00 m undir þau frá jörð og vatni veitt af þeim í göturæsi.

6. Hurðir mega ekki opnast út á götu eða gangstétt, og ekki gluggar, nema undir þá séu minnst 2,00 m.

Sama gildir um óbyggð svæði milli húsa og götulinu, ef ákveðið er til breikkunar á götu síðar.

V. KAFLI

Efni til húsagerðar.

16. gr.

1. Hús, sem framvegis verða reist, skulu gerð úr steinsteypu, steini eða öðru eldtraustu efni, nema annað verði sérstaklega ákveðið um einstök hverfi eða bæjarhluta.

2. Í sundurlausri byggð má byggingarnefnd þó leyfa að gera einlyft íbúðarhús úr timbri, enda sé grunnflötur húss ekki stærri en 150 fermetrar, ef íbúð er aðeins á einu gólfu, en 100 fermetrar, sé íbúð á tveim gólfum.

17. gr.

1. Steinsteypa til húsagerðar skal gerð úr portlandsementi eða annarri viðurkenndri sementstegund, sandi og mól eða grjótmulningi, í ákveðnum hlutföllum eftir rúmmáli eða þunga. Skal blanda efnunum vel saman og láta hreint vatn í blönduna, svo að hún verði hæfilega rök.

2. Sement skal vera þurrt og óskemmt og fullnægja þeim kröfum, sem almennt eru gerðar til þeirrar vöru eða settar verða með sérstakri reglugerð.

3. Sandur skal vera hreinn, laus við mold, hvers konar lifræn efni, mýrarrauða, jarðsýrur og salt. Sandkorn mega ekki vera stærri en svo, að þau fari í gegnum sigti með 8 mm möskvavidd.

Sandblandan skal vera þannig samsett, að minnst 20% og mest 70% af sandinum fari í gegnum sigti með 1 mm möskvavidd og minnst 55% og mest 90% í gegnum sigti með 3 mm möskvavidd.

4. Mól og grjótmulningur skal vera úr grásteini, eða ekki lakara efni, og laus við öll óhreinindi (sbr. 3. lið). Hver einstakur steinn skal vera það stór, að hann fari ekki í gegnum sigti með 8 mm möskvavidd og ekki stærri en svo, að hann fari í gegnum sigti með 60 mm möskvavidd, eða 30 mm möskvavidd, ef um járnbenta steypu er að ræða.

5. Á byggingarstað skulu vera hölf til geymslu á efni í steinsteypu, svo að hver tegund haldist vel aðgreind frá annarri. Frá hölfunum skal þannig gengið, að ekki mokist upp jarðvegur með steypuefninu.

6. Ekki má steypa húsvegg né nokkurn hluta húsa úr frosnu efni eða í frosti, nema með sérstökum varúðarráðstöfunum, sem byggingarfulltrúinn tekur gildar, og hafi steypuvinnu verið hætt vegna frosta, má ekki byrja vinnu aftur, nema fengið sé til þess leyfi byggingarfulltrúa (sbr. 15. gr. 1. lið og 18. gr. 5. lið).

18. gr.

1. Steinsteypa í veggjum og undirstöðum skal ekki vera lakari en svo, að 1 hluti sements komi móti $3\frac{1}{2}$ hlutum sands og 5 hlutum malar eða mulnings, $1:3\frac{1}{2}:5$.

Járn bent steinsteypa skal ekki vera lakari en svo að 1 hluti sements komi á móti 3 hlutum sands og 3 hlutum malar og mulnings, $1:3:3$.

2. Steypa í undirstöður og oplausum, minnst 30 cm þykkum kjallaraveggjum má drýgja með hreinum, ósprungnum og vættum steinum, er nemi allt að 40% af rúmmáli steypunnar. Enginn einstakur steinn sé þó stærri á nokkurn veg en hálf þykkt undirstöðunnar, eða veggjarins og liggi ekki nær mótunum en 5 cm, og sé þannig fyrir komið í móti, að hvergi snerti steinn annan, heldur sé minnst 3 cm þykk steypa milli einstakra steina.

3. Járn, sem notað er í járnbenta steypu, skal vera hreint og óskemmt. Laust ryð skal strjúka af því. Hvert einstakt járn skal nákvæmlega beygt og því svo fyrir

komið, sem uppdráttur eða lýsing segir til um. Járnin skulu vandlega bundin saman, svo ekki færast úr skorðum, þegar steyp er.

4. Steypustyrktarjárn mega ekki vera nær yfirborði steypu en 1 cm í plötu og 1,5 cm í bitum og stoðum innanhúss, en utan húss skal bæta minnst $\frac{1}{2}$ cm við fyrrgreint mál.

Áður en úttekt byggingarfulltrúa í járnlögn fer fram, skal öllum járnum komið fyrir í réttar skorður, með þar til gerðum steinsteypuflögum og stólum úr steypustyrktarjárn, er tryggir örugglega rétta fjarlægð járnanna frá yfirborði steypu.

Á líkan hátt skal séð fyrir því, að öll járn í bitum haldist innbyrðis í réttum skorðum, eins og uppdrættir gera ráð fyrir. Bil milli járna í bitum sé minnst 2 cm, en þó aldrei minna en þvermál járnanna. Séu járnin í fleiri lögum, skal vera minnst 1 cm bil milli laganna.

5. Steypu skal helzt hræra í hrærvél, í minnst 1 mínútu frá því síðasta efnið er komið í vélna. Verði ekki hjá því komist að handhræra steypu, þá skal auka sementið um 20%. Þess skal gæta sérstaklega, að steypan verði ekki óþarflega vatnsborin. Múrarmeistari skal ávallt hafa viðurkennt sigmál á byggingarstaðnum, til þess að prófa mýkt steypunnar.

Fyrir venjulega járnþenta steinsteypu til íbúðarhúsagerðar er 6–10 cm sig hæfilegt, en sé sig meira en 15 cm, er steypan óþarflega vatnsborin.

6. Mót má ekki taka utan af steypu fyrr en teningsstyrkleiki hennar er um 160 kg/cm², og er þá miðað við teninga, sem eru 10 cm á kant, og steypublöndu 1:3:3.

Á þeim tíma, sem frosts er ekki að vænta, er ekki nauðsynlegt að steypa teninga til prófunar á styrkleika steypunnar, sé eftirfarandi reglum fylgt:

1. Veggjamót og hliðarmót á bitum má taka burt eftir 3 sólarhringa.
2. Burðarmót fyrir plötur og bita má taka burt eftir (4 + 4 L) sólarhringa, þar sem L táknar minnsta haf plötu eða lengsta haf bita í metrum.
3. Súlumót má taka burt eftir (2 + 2 H) sólarhringa, þar sem H táknar hæð súlu í metrum.

Ofangreindar reglur miðast við, að hiti sé minnst + 3° C. Þá sólarhringa, sem hiti er lægri en + 3° C, skal ekki telja með.

Þess skal þó ávallt gætt að hafa öryggisstoðir undir plötum og bitum í minnst 2 vikur, eftir að mót eru tekin burtu. Öryggisstoðum skal koma fyrir áður en mót eru tekin burt. Slíkar ráðstafanir skal gera í samráði við byggingarfulltrúa.

Á þeim tíma árs, sem frosts má vænta, má ekki byrja á steypuvinnu, ef hitastig er lægra en + 3° C, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar, sem byggingarfulltrúi tekur gildar, til þess að forða steypunni frá skemmdum, skyldi hitastig lækka til muna.

Á þessum tíma árs er múrarmeistara skylt að hafa á byggingarstaðnum minnst 6 teningsmót, 10 cm á kant, til þess að steypa teninga til prófunar á styrkleika steypunnar, áður en mót eru tekin burtu. Teninga þessa skal steypa að byggingarfulltrúa viðstöddum, og skal geyma 4 þeirra við sömu skilyrði og hinn steypa hluta mannvirkisins, en tvo þeirra innanhúss, þar sem þeir verða ekki fyrir áhrifum frosts.

Sé fljótharðnandi sement notað í staðinn fyrir venjulegt portlandsement, má taka mót af steypunni þegar hún hefur náð áðurgreindum teningarstyrkleika.

Á þeim tíma árs, sem ekki er krafist að steypa teninga til prófunar á steypu, má rífa mót utan af steypunni fyrr en framangreindar reglur gera ráð fyrir, samkvæmt þeim upplýsingum, sem verksmiðjan er framleiðir sementið, gefur um eiginleika þess og gæði. Slíkar ráðstafanir skal gera í samráði við byggingarfulltrúa.

19. gr.

1. Með sérstöku leyfi byggingarnefndar má nota önnur efni til húsagerðar en gert er ráð fyrir í þessari samþykkt, svo og annað byggingarlag.

- 97 2. Með leyfi nefndarinnar má og blanda steinsteypu öðruvísi en ákveðið er í
18. ágúst 17. og 18. gr., ef efni og steypa eru rannsókuð í viðurkenndri rannsóknarstofu og
vottorð liggja fyrir um gæðin.
3. Synji byggingarnefnd um slík leyfi, má umsækjandi áfrýja máli sínu með
venjulegum hætti.

VI. KAFLI

Undirstöður.

20. gr.

1. Grafa skal fyrir undirstöðum allra burðarveggja eða gera aðrar ráðstafanir, svo að þær standi á föstum botni, enda sé minnst 1,25 m niður fyrir þær frá lægsta jarðveg við húsið fullgert, nema föst klöpp sé ofar.

2. Ekki má byrja á undirstöðum fyrr en byggingarfulltrúi hefur skoðað botninn og fallizt á, að gerð undirstaða sé nægilega traust með tilliti til botnsins, stærðar hússins og fyrirhugaðrar notkunar þess.

Ef byggingarfulltrúa þykir ástæða til, getur hann krafizt rannsóknar á burðarþoli botns og útreikninga á undirstöðum. Verkfræðingur samþykkir slíka útreikninga (sbr. 3. gr. 3. lið).

3. Undirstöður skal hlaða úr grjóti og múra með sementi eða gera úr steinsteypu.

4. Ef byggt er á lóðarmörkum, mega undirstöður ekki ná inn á nágrannalóð, nema með samþykki eiganda hennar.

Séu tvö hús eða fleiri reist áföst og ekki samtímis, eða sé hús reist í pörtum, skal ganga svo frá undirstöðum, að komið verði í veg fyrir skemmdir vegna missigs.

VII. KAFLI

Steinsteyppt hús.

21. gr.

1. Alla múraða og steyppta veggj skal verja gegn jarðraka með því að leggja í þá vatnsheld rakavarnarlög úr efni, sem byggingarfulltrúi tekur gilt. Í kjallaragólf, eða í neðsta gólf á húsi, sem er kjallaralaust, skal leggja slíkt rakavarnarlag.

2. Rakavarnarlög í veggj skal leggja þannig:

a. Í alla veggj, sem ekki liggja að kjallara, 8—12 cm fyrir ofan jarðvegshæð, en þó neðan neðsta gólfs í húsi, eitt lag.

b. Á alla kjallaraveggj í hæð við rakavarnarlagið í kjallaragólfi, eitt lag.

c. Í alla kjallaraveggj, sem liggja að jörð, tvö lög, eins og tilgreint er í a- og b-lið.

3. Alla kjallaraveggj, sem liggja að jörð, skal verja gegn jarðraka á milli rakavarnarlaga (sbr. 2. lið c.) á þann hátt, sem byggingarfulltrúi samþykkir.

4. Í stað þeirra rakavarna, sem nefndar eru í 1.—3. lið þessarar greinar, má steypa veggj og gólf að öllu leyti úr vatnsheldri steinsteypu.

5. Þar sem ekki er kjallari undir húsi, skal gæta þess, að lífræn efni í grunnstæðinu geti ekki valdið skemmdum á húsinu, enda sé bil milli jarðvegs og gólfs vel loftræst.

22. gr.

1. Þykkt og gerð veggja í steinsteypum húsum skulu háðar útreikningi sérfróðs manns (sbr. 4. gr. 3. og 8. lið), nema um venjuleg ójárnþent íbúðarhús sé að ræða, ekki hærri en þrilyft, og sé engin hæðin meiri en 2,75 metrar, mæld af gólfi og á. Portveggur telst hæð.

2. Í slíkum húsum má veggjþykkt útveggja vera minnst 21 cm á efstu hæð og 2 cm meiri fyrir hverja hæð, sem neðar dregur. Undir gluggum ofan kjallara skal

heimilt að þynna veggj í allt að 14 cm, enda séu járn lögð í efri brún steypunnar milli stöpla.

97

18. ágúst

3. Burðarveggir innanhúss í nefndum húsum skulu ekki vera þynnri en 12 cm á efstu hæð og 2 cm þykkari fyrir hverja hæð, sem neðar dregur.

4. Allar veggjaþykktir eru miðaðar við mál í steypumótum, áður en steipt er í þau, og ákvæðin í 2. og 3. lið gilda því aðeins,

að bil milli burðarveggja sé hvergi meira en 5,25 metrar eftir breidd hússins og 10 metrar eftir lengd þess,

að burðarveggir allir hvíli á undirstöðum,

að enginn veggjastöpull sé mjórri en $\frac{1}{3}$ hluti af samanlagðri vidd opanna beggja megin við hann, og

að járnþent steinsteypa sé höfð yfir veggjaopum.

5. Sé hús reist á lóðarmörkum skal vera eldvarnarveggur út að nágrannalóð, og má hann ekki vera sameiginlegur fyrir tvö hús, nema þau séu byggð samtímis.

6. Standi hús á nágrannalóð, nær lóðarmörkum en 3,15 m og án eldvarnarveggs, skal gera eldvarnarvegg við nýja húsið, ef ekki er minnst 6,30 m bil milli hússanna, nema eldvarnarveggur verði jafnframt gerður við eldra húsið. í

7. Þar sem nú er sameiginlegur eldvarnarveggur milli tveggja húsa, má ekki rífa hann, meðan annað húsið stendur.

8. Við hús, sem nú stendur nær lóðarmörkum en 3,15 m eða nær nágrannahúsi en 6,30 m og er án eldvarnarveggs, skal gera slíkan vegg þegar aðalviðgerð fer fram á því.

9. Eldvarnarveggur skal vera úr steinsteypu og minnst 18,5 cm á þykkt, en á honum mega ekki vera gluggar, dyr eða önnur op. Ekki má heldur gera raufar í vegginn, fyrir pípur né annað, nema minnst 18,5 cm þykkt sé eftir óskert af veggnum frá þeirri hlið, er snýr að nágrannalóð. Bitar úr járn eða tré mega og ekki ná lengra inn í vegginn en hér var sagt.

10. Eldvarnarveggur skal ná minnst 15 cm upp fyrir þak hússins, og skal svo frá honum gengið að ofan, að vatn geti ekki sigið í hann. Á tvílyftum húsum eða lægri skal þó nægja, að eldvarnarveggur nái þétt upp að yztu þakklæðningu.

23. gr.

1. Alla útveggi íbúðarherbergja skal einangra gegn hitatapi, þannig að tapið verði ekki meira en 1 hitaeining á klukkustund um 1 fermetra stóran veggjaflöt fyrir hvert hitastig, er mismunar úti og inni. Sama gildir um kjallaragólf í íbúðarherbergjum og loft- og gólf-plötur, sem útiloft liggur að.

2. 7 cm þykkar, vel þurrar vikurplötur fullnægja í útveggi, sem gerðir eru samkvæmt ákvæðum 22. gr. um veggjaþykktir. Sé veggjaþykkt eða veggjagerð önnur en þar um ræðir og þar sem annað efni er haft til einangrunar, skal færa sönnur á einangrunargildi veggjarins.

24. gr.

1. Öll gólf og loft í steinsteyptum húsum skulu gerð úr járnþentri steinsteypu og samkvæmt uppdráttum og útreikningum (sbr. 4. gr. 3. og 8. lið).

2. Við útreikning á járnþentum gólfum og loftum í íbúðarhúsum skal reikna notþunga á gólfum 200 kg/m^2 og þunga steypunnar 2400 kg/m^3 .

3. Heimilt skal vera að leggja pípur fyrir rafmagnsþræði í járnþenta steypu, sé það gert um leið og steipt er, en bannað er að koma þar fyrir vatns-, hitaveitu eða skolppípum. Þar sem slíkar lagnir þurfa að fara í gegnum járnþenta steypu, skal gera op fyrir þær um leið og steipt er. Aldrei má bora eða höggva göt eða raufar í járnþentar plötur, bita, súlur eða veggi, né aðra burðarveggi, nema sérstök nauðsyn krefji og komi þá til leyfi byggingarfulltrúa, er gerir viðeigandi varúðarráðstafanir.

VIII. KAFLI

Timburhús.

25. gr.

1. Í timburhúsum, sem leyfð kunna að verða samkvæmt heimild í 16. gr. 2. lið, skulu stoðir í útveggjum þakhæðar og næstu hæðar þar fyrir neðan ekki vera grennri en 10×10 cm og á hæð þar niður af $10 \times 12,5$ cm, en hornstoðir $12,5 \times 12,5$ cm, enda sé hvorug hæðin meira en 3,0 m, mælt af bita og á, og bil milli burðarveggja ekki meira en 4,25 m.

2. Í burðarveggjum innanhúss skulu stoðir á þakhæð og næstu hæð þar fyrir neðan ekki vera grennri en $7,5 \times 10$ cm, og á hæð þar niður af $10 \times 12,5$ cm, enda sé hvorug hæðin meiri en 3,0 m.

3. Sé lofthæð meiri en 3,0 m og allt að 3,5 m, eða bil milli burðarveggja allt að 5,25 m, skulu stoðir vera 2,5 cm gildari á annan veginn en tiltekið er í 1. og 2. lið. Sé hæðin meiri en 3,5 m eða bilið meira en 5,25 m, skal leggja fram sérupprátt að hásgrind, er verkfræðingur áritar.

4. Stigahúsveggi skal gera eins og burðarveggi innanhúss.

5. Nota má stoðir með öðrum gildleika en tiltekið er í undanförunum liðum, ef samur er styrkleikinn.

6. Stoðir í öllum veggjum skulu ekki vera strjállir en svo, að ein stoð komi á 1,2 m í vegglangd að meðaltali, og hvergi má vera meira bil milli stoða en 1,6 m.

7. Samanlögð breidd glugga- og dyra-öpa má ekki fara fram úr helmingi vegglangdar, nema byggingarnefnd samþykki sérupprátt.

8. Undir bita á grunn eða kjallara komi aurslá, er sé fest við hann með járnholtum, og sé hún ekki grennri en stoðirnar í veggnum upp af. Aursláin skal varin gegn fúa með efni, sem byggingarfulltrúi tekur gilt.

9. Ofan á bita komi undirstokkur, jafnbreiður og stoðir og ekki þynnri en 6 cm og þar ofan á stoðirnar. Þar sem stoð stendur milli bita, skal fella tré undir hana milli undirstokks og aurslár eða vegglægju.

10. Milli allra stoða í vegg sé að minnsta kosti eitt þverband og í hverjum vegg minnst 2 sniðbönd. Þverbönd, Sniðbönd, vegglægjur og syllur skulu vera úr jafngildum við og stoðir.

11. Bitar í gólfum séu ekki strjállir en svo, að bilið milli þeirra, mælt að miðju og á, sé 85 cm að meðaltali og hvergi meira en 1 m.

12. Gildleika bita má reikna eftir formúlunni $b \times h^2 \geq 300 \times e \times l^2$, þar sem b táknar breidd bitans, h hæð hans, hvorttveggja í centimetrum, en e bilið milli bita, mælt af miðju og á, og l bilið milli burðarveggja, hvort tveggja í metrum. Breidd bita má þó aldrei vera minni en $\frac{2}{5}$ af hæð hans ($b \geq 0,4 h$), nema stífur séu látnar liggja milli bita í efri og neðri brún, ekki grennri en 10×5 cm, og skal slíkur frágangur háður samþykki byggingarfulltrúa. Sé hæð bita minni en $\frac{1}{20}$ af bili milli burðarveggja, skal leggja fram útreikning, er sýni, að svignun bitans sé minni en 1:270 af lengd hans.

13. Bitatré mega ekki vera með barkhornum á meira en hálfra lengd bitans, og flötur í toppdanum að minnsta kosti helmingur af óskertum þverfleti hans.

14. Ekki má skerða burðarþol bita með því að gera í þá raufar eða göt, en þar sem aukabitar koma í bita, skal styrkja þá, svo burðarþolið rýrni ekki vegna tappa-gatsins.

15. Máttarvið í húsgrindum skal vandlega festa saman á venjulegan hátt og auk þess með járnum (sinklum), og samþykki byggingarfulltrúinn fráganginn.

16. Utan á grind útveggja komi klæðning úr 2,5 cm þykkum borðum, pappi og listar og síðan bárujárn, ekki þynnra en nr. 26 BWG eða annað skjólefni, er byggingarnefnd tekur gilt. Klæðning og járn sé vandlega neglt.

17. Innan á útveggi komi pappi og minnst 1,8 cm þykk borð eða annað ekki lakara efni.

18. Á grind innveggja skal þilja á sama hátt og innan á útveggi, en sleppa má pappalaginu.

19. Enginn veggur milli íbúðarherbergja má vera lakari en svo, að þil úr 1,8 cm þykkum borðum, eða lag úr ekki lakara efni, sé hvorum megin og 5,0 cm renningur á milli.

20. Í öll bitalög skal setja milligólf úr borðum milli bita og ofan á það tróð úr efni, sem byggingarfulltrúi tekur gilt. Sé notað þungt efni í tróðið, má byggingarfulltrúi krefjast þess, að notaðir séu gildari bitar en ákveðið er í 12. lið þessarar greinar.

21. Ofan á bita skal gera gólf úr minnst 3,2 cm þykkum, hefluðum og plægðum borðum. Sé gólfið haft úr harðviði, eða sé það gert úr fleiri borðalögum, má byggingarfulltrúi leyfa að nota þynnri borð.

22. Neðan á bita skal þilja með minnst 1,8 cm þykkum borðum. Í einbýlishúsum skal byggingarfulltrúa samt heimilt að leyfa að sleppa þessari klæðningu og þá einnig milligólfi, svo loftið verði með sýnilegum bitum að neðan.

IX. KAFLI

Þök.

26. gr.

1. Sperrur og skambita í þökum með pappa- eða bárujárns-klæðningu má reikna eftir formúlunni $b \times h^2 \geq 140 \times e \times l^2$, en $b \times h^2 \geq 155 \times e \times l^2$, ef klætt er með steini, skifu eða annarri álíka þungri klæðningu. Í formúlunni þýðir b breidd og h hæð trésins í centimetrum, en e fjarlægðin milli sperra, mælt af miðju og á, og l hafið milli undirstaða, mælt á loftbitum, eða lofti, þverbeint niður undan sperrum, hvort tveggja í metrum.

2. Bilið milli sperra, mælt af miðju og á, má ekki vera meira en 1 metri, ef klætt er með bárujárni eða pappa, og ekki meira en 80 cm, ef klætt er með steini, skifu eða annarri þungri klæðningu.

3. Ef um stór þök er að ræða eða sérstaklega stendur á, getur byggingarnefndin krafizt burðarþolsreikninga.

4. Sperrur skulu hvíla á syllum eða veggleggjum og festar við þær, en þær séu tryggilega festar við burðarveggi hússins eða efsta gólf, og skal frágangur slíkur, að útvegg húss geti ekki stafað hætta af útspyrnuátaki þaksins.

5. Utan á sperrur komi súð úr 2,5 cm þykkum borðum og þar utan á bikpappi, en síðan skal klæða með bárujárni, ekki þynnra en nr. 24 BWG, eða öðru eldtraustu efni, sem byggingarnefnd samþykkir.

6. Byggingarnefnd má leyfa að nota pappa í yztu þakklæðninguna á steinsteypt hús í sundurlausri byggð, enda gæti nefndin þess, að gerð pappans sé slík, að ekki stafi sérstök eldhætta af, og sé þyngd hans minnst 2 kg á fermetra. Enn fremur skulu þau skilyrði sett, að súð sé úr plægðum borðum, að þakhalli sé ekki meiri en 1:3 og að pappinn sé allur fastlimdur við súðina.

7. Ef íbúð er á þakhæð undir súð, skal setja þil milli sperra og skambita um miðja hæð þeirra og síðan ganga frá þaki að innanverðu eins og frá útveggjum tímurbúsa (sbr. 25. gr. 17. lið), en fylla bilið milli þilveggjarins og innri klæðningar með tróði, er byggingarfulltrúi tekur gilt.

8. Í samfelldri húsaröð má enginn kvistur vera nær lóðamörkum en 3,15 m.

9. Ónotað rúm milli efsta lofts og þaks skal hæfilega loftræst, svo ekki safnist þar saggi, og sé íbúð undir súð, skal hitaeinangra loftið eftir fyrirmælum byggingarfulltrúa (sbr. 23. gr.).

97 10. Á öll þök húsa skal setja nægilega víðar og hallamiklar þakrennur og úr
18. ágúst þeim veggrennur í samband við göturæsi eða afrennsliskerfi hússins.

11. Á hús, sem eru við almannaferi og eldri en þessi samþykkt, en eru þakrennulaus, skal setja þak- og veggrennur, eins og segir í 10. lið, áður en eitt ár er liðið frá gildistöku samþykktarinnar. Sama gildir um hús, þar sem þak- eða veggrennur eru í ónothæfu standi (sbr. 26. gr. lögreglusamþykktar).

12. Snjógrindur skal setja á þök og króka til festingar á stigum eða köðlum, eí byggingarfulltrúi telur þess þörf og byggingarnefnd krefst þess.

X. KAFLI

Reykháfar og eldfæri.

27. gr.

1. Reykháfar í húsum skulu hlaðnir úr brenndum múrsteini eða gerðir úr steinsteypu og standa á fastri undirstöðu. Reykháfur má aldrei hvíla á timburgólfi.

2. Reykháfar mega ekki hallast meira en 15° frá lóðréttri línu og aldrei út yfir stiga. Byggingarnefnd getur þó leyft meiri halla á reykháf, ef sérstaklega er um beðið, og fylgi séruppráttur og útreikningur.

3. Reykháfur skal að jafnaði vera ferstrendur, veggþykkt eigi minni en 12 cm og innanmál 23 cm á hvorn veg. Skal reykháfurinn ekki ná minna en 75 cm upp fyrir húsmæni, og aldrei meira en 3 metra upp úr þakfleti. Af hæð reykháfs ofan efsta gólfs mega þó aldrei meira en $\frac{2}{3}$ hlutar vera ofan þakflatar, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar. Í slíkan reykháf má leiða reyk frá allt að 8 lokuðum eldstæðum, en sé um miðstöðvarhitun að ræða, skal útreikningur skera úr um það, hvort stækka þurfi reykháfinn (sbr. 4. gr. 3. l.).

4. Sé reykháf ætlað að flytja svo mikinn reyk, að 23 cm vidd nægi ekki, eða þurfi reykháfur að ná meira en 3 metra upp úr þaki, skal leggja sérupprátt og útreikning fyrir byggingarnefnd, er ákveður gerð og hæð reykháfsins. Byggingarnefnd getur krafizt þess, að slíkur reykháfur sé fóðraður með eldföstum steini.

5. Þar, sem reykháfur fer í gegnum timburgólf eða þak, skal gera vegg hans svo þykka, að minnst 23 cm séu alls staðar frá innri brún hans að máttarviðum, og þar, sem timburveggur kemur að reykháf, skal svo frá ganga, að hvergi sé minna en 23 cm frá innri brún reykháfsins að máttarviðum.

6. Gólf, loftklæðningar og þil má ganga að reykháf, en ekki festa við hann á nokkurn hátt. Yfir rifuna má leggja lista, er festur sé við reykháfinn, en ekki má nota trétappa til festingar.

7. Reykháf má aldrei þilja eða klæða með pappa eða striga, heldur eiga úthliðar reykháfs ætíð að vera sýnilegar og óþaktar og auðvelt að komast að þeim til viðgerðar. Þó skal heimilt að mála reykháf og líma á hann veggfóður.

8. Utan um hverja pípu frá eldstæði skal múra járnhring í reykháfinn, þannig gerðan, að hvorki pappinn né hringurinn geti ýzt inn fyrir innra borð reykháfsins.

9. Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg 23×23 cm við sótop, svo auðvelt sé að hreinsa vegg hans og ná sóti úr honum. Sótopi skal loka með járnhurð í járnungerð, og skal gerð hennar háð samþykki slökkviliðsstjóra, sem einnig segir fyrir um fjölda sótopa á hverjum reykháf.

10. Í reykháf má ekki festa leiðslur, loftnet eða slíkt, nema gerður sé tryggilegur umbúnaður til festingar og reykháfurinn sé nógu traustur, og er þetta hvort tveggja háð áliti og leyfi byggingarfulltrúa.

28. gr.

97

18. ágúst

1. Frá hverju eldstæði, þar sem kynnt er kolum eða öðrum föstum eða fljótandi efnum, skal leiða reyk í hlaðinn eða steiptan reykháf, annaðhvort múraðar eða steiptar reykþípur, eða um járnþípur, sem mega aldrei vera mjórri en 10 cm.

2. Frá innri brún reykanga og reykþípna skal ávallt vera minnst 23. cm bil að timbri eða viðarlíki, og reykþípur úr járnri mega ekki vera lengri en 3 metrar, nema sérstakt leyfi komi til.

3. Ef ganga þarf undir reykþípu, skal vera minnst 1,90 m frá gólfi að henni, og reykþípa má aldrei fara gegnum gólf, heldur skal hún sett í reykháf á sömu hæð og eldstæðið er.

4. Ekkert eldstæði má standa nær timbri eða viðarlíki en svo, að minnst 23 cm sé milli þess og ytri brúnar eldstæðisins, og á þetta við bæði vegg og gólf. Auk þess skal þekja timburgólf undir eldstæði og kringum það með eldtraustu efni, er nái minnst 30 cm fram fyrir það, en 23 cm til hliða og aftur fyrir. Sé um límofn eða annað eldstæði að ræða á verkstæðum, þar sem farið er með eldfim efni, skal gólfið þakið eldtraustu efni minnst 50 cm út fyrir ytri brún eldstæðisins á alla vegu, og fyrir framan eldholið skal auk þess hafa 50 cm háan kassa úr málm, festan við ofninn, svo að glæður úr honum hljóti að falla í kassann.

5. Sérhvert opið eldstæði (kamína) skal vera í beinu sambandi við reykháf, sem ekki flytur reyk frá öðrum eldstæðum, og skal þess vandlega gætt, að ekki stafi eldhætta af.

6. Þess skal sérstaklega gætt, að svo vandlega sé gengið frá gerð lofthitunarofna, umbúnaði öllum og þípum frá þeim, að eldhætta stafi ekki af.

7. Miðstöðvarköttlum, sem hafa stærri hitaflöt en 1,3 fermetra, skal koma fyrir í sérstökum herbergjum, sem múruð eru eða sementshúðuð í hól og gólf.

Sé ketill kynntur með fljótandi eldsneyti, skal þess sérstaklega gætt, að fyrirkomulag eldsneytisgeymslu sé slíkt, að eldhætta stafi ekki af.

8. Leyfi byggingarnefndar þarf til þess að setja upp brauðgerðarofna, bræðsluofna, gufukatla og önnur slík sérstæð eldstæði, og skal hún gæta þess, að hvorki eldhætta né óhollusta stafi af.

Skulu öll slík mannvirki auk þess fullnægja þeim ákvæðum, sem sett eru í reglugerðum og lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

9. Brennsluoft frá föstum eldstæðum, sem kynnt eru með gasi, skal leiða í reykháf um járnþípu og búa svo um, að ekki geti slegið úr reykháf niður í eldhol. Um slíkar þípur gilda sömu fyrirmæli og um reykþípur.

10. Öll eldunar- og hitunartæki, sem geta orðið heitari en 100° Celsíus, þótt ekki séu hituð með eldi, skal setja minnst 23 cm frá timbri eða viðarlíki.

XI. KAFLI

Stigar, lyftur og veggsvaír.

29. gr.

1. Í öllum húsum, þar sem íbúð er á meira en einni hæð, skal vera að minnsta kosti einn stigi, og á hverri hæð frjáls og óhindraður aðgangur að honum úr hverri íbúð.

Séð skal um, að nægileg birta og loft komist að hverjum stiga og stigahúsi.

2. Einn stigi nægir í húsi, þar sem ekki eru meira en 4 íbúðir á hverri hæð, enda sé húsið ekki hærra en þrílyft. Frá engum stað í húsinu má þó vera meira en 25 metra vegalengd að stiga, og sé greiðfært að honum.

- 97 3. Á öllum stigum skal vera handrið öðru megin, eða beggja megin, ef stiginn
18. ágúst liggur ekki að vegg. Handrið sé minnst 80 cm á hæð, mælt lóðrétt upp af þrepbrún, og minnst 90 cm meðfram stigaopum.

Milli rimla í handriðum má eigi vera meira bil en 15 cm. Sömu reglur gilda um umbúnað veggsvala, eftir því sem við á.

4. Í einbýlishúsum skal minnsta breidd stiga vera 80 cm, en í öðrum tvílyftum húsum 1,00 m og í þrílyftum húsum 1,10 metrar. Liggja stigi að vegg, skal telja breidd hans frá vegg að handriði, en sé handrið beggja megin, milli handriða.

5. Stigar niður í kjallara og upp á þakhæð mega vera mjórri en nú var sagt, enda sé þar engin íbúð.

Á fóstum stigum skal þó alltaf vera handrið.

6. Ganghæð stiga má þó hvergi vera minni en 2,10 m og hvert skref 63 cm. Skrefið er samanlögð hæð tveggja uppstiga og breidd eins þreps. Þrepsbreidd skal mæla í ganglínu, sem er talin 45 cm frá innri brún handriðs þeim megin, sem þrep er mjórri, og má aldrei vera minna en 24 cm, sé hús tvílyft, en 26 cm, sé hús hærra.

Á hverju þrepi, sem er ekki breiðara en 30 cm, skal vera minnst 4 cm breitt innskot, sem ekki telst til þrepsbreiddar í þessu sambandi.

Í stigum, sem liggja um fleiri hæðir, skal sem næst sama þrepsbreidd vera á öllum hæðum. Sé aukastigi settur í hús, þarf hann ekki að fullnægja ákvæðum þessarar greinar.

7. Stigapallar og gangur meðfram stigum skulu vera minnst jafnbreiðir stiganum, en breidd og lengd gangs frá útidyrum að stiga ekki minni en $1\frac{1}{3}$ sinnum breidd stigans og gangurinn hvergi lengri en 2,20 metrar.

8. Í tvílyftum húsum, þar sem aðeins ein íbúð er á efri hæð, mega stigar vera úr tré, en skulu þá þiljaðir og sementshúðaðir að baki.

Í öðrum húsum skal gera stiga úr járnbentri steinsteypu.

9. Útitróppur skulu ávallt vera gerðar úr steini eða steinsteypu og ekki vera hærri en 1,50 m. Að öðru leyti gilda sögu reglur um gerð þeirra og stiga, en byggingarnefnd má leyfa að víkja frá þeim, ef ástæða þykir til (sbr. 14. gr. 1. og 2. lið).

30. gr.

1. Séu lyftur í húsi, skulu þær fullnægja þeim kröfum, sem settar eru í lögum og reglugerðum um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

2. Ákvæðin um stiga í íbúðarhúsum gilda jafnt, þótt einnig sé lyfta í húsinu.

XII. KAFLI

Íbúðir.

31. gr.

1. Íbúðarherbergi er hvert það herbergi í húsi, sem ætlað er til dagvistar eða næturvistar fyrir fólk, eða hvorttveggja, en það er talin sérstök íbúð, ef eldhús fylgir, hvort heldur herbergin eru eitt eða fleiri.

2. Lofthæð íbúðarherbergis má ekki vera minni en 2,50 m, nema um loft- eða kvistherbergi sé að ræða. Í slíkum herbergjum nægir 2,20 m hæð, og sé herbergi undir súð, skal sú hæð vera yfir minnst hálfum gólfleti þess, og sé enginn veggur lægri en 85 cm.

3. Gólfplötur íbúðarherbergis má ekki vera minni en 4 fermetrar, og í hverri íbúð skal vera að minnsta kosti eitt herbergi, er sé ekki minna en 14 fermetrar að gólfleti.

4. Á hverju íbúðarherbergi og eldhúsi skal vera gluggi á útvegg, sem má opna, og skal glerflötur í gluggum íbúðarherbergis vera ekki minna en $\frac{1}{15}$ af gólfleti þess.

5. Íbúðarherbergi má ekki gera á skammbitalofti.

6. Í kjallara má ekki gera íbúðarherbergi, ef gólf hans er meira en 80 cm undir yfirborði jarðvegs við gluggahlið þeirra, og ekki ef gluggahliðin veit á móti norðri — frá norðvestri til norðausturs — eða er nær götu en 3 m.

7. Frágangur veggja, lofta og gólfa í íbúðarherbergjum skal vera sem segir í 24.—26. gr. þessarar samþykktar, og skal svo til haga, að nægilegan hita megi hafa í hverju einstöku íbúðarherbergi.

8. Hverri íbúð skal fylgja forstofa, sem hafi óhindraðan aðgang að stigahúsi eða gangi að stigahúsi eða að útidyrum, og sé hún ekki mjórri en 1,30 m.

9. Hver íbúð skal hafa frjálstan aðgang að vatnssalerni, sem ekki má vera sameiginlegt fyrir meira en tvær íbúðir og þá þannig fyrir komið, að ekki þurfi að fara um forstofu eða herbergi hinnar íbúðarinnar til þess að komast að því.

Vatnssalernisklefi skal vera minnst 0,85 fermetrar að gólfleti, hafa nægilega loftræstingu og svo frá öllu gengið sem fyrir er mælt í heilbrigðissamþykkt eða öðrum reglugerðum bæjarins hér að lútandi.

Sé hús svo í sveit komið, að ekki náist til holræsis fyrir rennsli úr vatnssalerni, skal við það gera önnur nægilega mörg salerni, er fullnægi ákvæðum heilbrigðissamþykktar.

10. Hverri íbúð skal fylgja hæfilega loftræst geymsla, er sé ekki minni að gólfleti en $\frac{1}{20}$ af brúttóflatarmáli íbúðarinnar og manngeng.

11. Þvottahús, sem fylgja íbúðum, skulu hafa vatnsheld gólf með afrennsli, og svo gengið frá lofti og veggjum, að þoli raka og gufu.

12. Ef ekki er gluggi á hjörum í stigahúsi, þvottahúsi eða miðstöðvarherbergi, skal loftræsta þau á fullnægjandi hátt út fyrir vegg eða upp fyrir þak, en ekki inn í reykhláf.

13. Séu skarnpípur settar í hús, skal þess vandlega gætt, að svo sé um þær búíð, að ekki stafi óhollusta af. Skulu pípuop jafnan fara í fullri vídd upp úr þaki.

XIII. KAFLI

Hús til annarra afnota en íbúðar.

32. gr.

1. Hús, sem ætluð eru til annarra afnota en íbúðar, svo sem t. d. verksmiðjur, vinnustofur, skólahús, íþróttahús, verzlunarhús og geymsluhús, eru háð þeim kröfum um styrkleika, gerð og afstöðu, sem byggingarnefndin gerir í hvert skipti, að svo miklu leyti, sem ákvæði þessarar samþykktar ná ekki til þeirra.

2. Í skólahúsum, leikhúsum, kvikmyndahúsum og öðrum samkomuhúsum skulu allar hurðir opnast út.

3. Í þeim húsum, sem ætluð eru til iðnaðar eða einhvers reksturs, sem hefur í för með sér óþrif eða óþef eða sérstök eldhætta stafar af, skal þess sérstaklega gætt, að fylgt sé fyrirmælum heilbrigðissamþykktar eða brunamálasamþykktar, svo engin hætta stafi af.

33. gr.

1. Skýli, önnur en bifreiðaskýli, sem leyfð kunna að verða samkvæmt 6. gr. 4. lið þessarar samþykktar inni á lóðum íbúðarhúsa, má byggingarnefnd heimila að byggja úr timbri, enda þótt að jafnaði sé krafizt, að byggingar séu gerðar úr eldtraustu efni. Eldvarnarveggur skal þó ávallt vera að nágrannalóð, ef nær er en 3,15 m.

2. Byggingarnefnd getur og leyft að þekja slík smáhýsi með pappa (sbr. 26. gr. 6. lið).

3. Vinnuskúra, sem aðeins eru notaðir meðan á byggingu húss stendur, má byggingarfulltrúi leyfa með þeirri gerð, sem honum finnst hæfa í hvert sinn.

97

18. ágúst

Gripahús, fjárhús og fuglahús má hvergi gera í íbúðarhúsaðverfum og ekki fyrir né haugstæði, en þar sem slík mannvirki eru leyfð, skulu þau fullnægja ákvæðum heilbrigðissamþykktar og kröfum heilbrigðisnefndar.

34. gr.

XIV. KAFLI

Óþrif.

35. gr.

1. Sé ætlazt til að framkvæma gagngerða breytingu á húsi eða endurbæta það að verulegu leyti, og séu í því rottur eða mýs eða önnur meindýr (veggjalýs, kakkalakkar), skal húseigandi láta eyða þeim áður en byrjað er á verkinu.

2. Eigi að rífa gamalt hús, skal gæta sömu varúðarreglna áður en niðurrífsverkið er hafið, enda má ekkert hús rífa, nema áður sé tilkynnt byggingarfulltrúa.

XV. KAFLI

Byggingarleyfisgjöld.

36. gr.

1. Fyrir leyfi til að reisa hús eða stækka skal greiða í bæjarsjóð 15 aura fyrir hvern teningsmetra af utanmáli hússins, og skal mæla hæðina frá kjallaragólfi að skurðlínu milli þaks og veggflatar, og sé rishalli á þaki eða hluta þess meiri en 45°, eða sé kvistur á þaki, skal bæta við húshæðina þeirri mestu hæð, sem verður fyrir ofan línu, dregna með 45° halla frá skurðlínu þaks og veggflatar. Sé ekki kjallari undir húsinu, skal mæla hæð þess frá lægsta jarðvegi við húshlið.

Gjald þetta skal talið í heilum krónum, og telst hluti úr krónu sem heil króna. Minnsta gjald er 10 krónur.

2. Fyrir leyfi til að gera breytingu á húsi skal greiða 10 krónur í sveitarsjóð.

3. Ef byggingarfulltrúi er að óþörfu kvaddur til eftirlits samkvæmt ákvæðum byggingarsamþykktar, skal greiða 15 krónur í sveitarsjóð.

4. Byggingarleyfisgjöld verða aldrei endurgreidd, þótt leyfi falli úr gildi vegna þess, að það hafi ekki verið notað innan eins árs. Verði leyfi endurnýjað óbreytt, skal greiða fyrir það 10 krónur, en verði veitt leyfi fyrir breyttu húsi á sömu lóð, er komi í stað hins fyrra, skal greiða fullt gjald samkvæmt 1. lið, en draga frá gjaldinu upphæð þess gjalds, sem greitt var fyrra skiptið.

5. Byggingarfulltrúinn innheimtir öll gjöld samkvæmt þessari samþykkt. En verði vanskil, má hann ekki gefa vottorð um mannvirkið samkvæmt 5. gr., og 8. lið, fyrir en gjöldin eru greidd.

6. Gjöld samkvæmt grein þessari má innheimta með álagi samkvæmt verðlagsvísitölu.

Skal sveitarstjórn í upphafi hvers árs ákveða álagið fyrir það ár, og má það ekki fara fram úr meðalverðlagsvísitölu næsta árs á undan.

XVI. KAFLI

Refsiákvæði o. fl.

37. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til allra nýrra húsaþbygginga og mannvirkja, sem ekki eru fullgerð, þegar hún öðlast gildi, þó svo, að ekki verður krafizt niðurrífs á því, sem verið er að gera með heimild í fyrri byggingarsamþykkt.

2. Hún tekur einnig til hækkunar, stækkunar og höfuðbreytinga á eldri bygg- 97
ingum og mannvirkjum, svo og til annarra breytinga, að svo miklu leyti, sem við 18. ágúst
verður komið án verulegrar röskunar á því, sem fyrir er.

38. gr.

Byggingarnefnd skal þegar í stað kæra fyrir héraðsdómara, ef bygging er hafin
án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, eða byggð er á annan hátt en leyfi stendur til.

Skal þá þegar kveðinn upp úrskurður um, hvort byggingin skuli bönnuð og
rifin niður eða numið á brott það, sem þegar hefur verið gert. Úrskurði þessum má
skjóta til æðri dóms eftir reglunum um kæru, en málskot frestar ekki framkvæmd
úrskurðarins, sem þá fer fram á ábyrgð sveitarsjóðs. Lögreglustjóri annast fram-
kvæmd úrskurðar, og getur hann veitt aðila hæfilegan frest til niðurrifs eða brott-
náms ólöglegar byggingar. Sveitarsjóður greiðir kostnað við framkvæmd héraðs-
dómara á úrskurðinum, en skyldur skal hinn seki að endurgreiða kostnaðinn. Sveit-
arsjóður hefur umfram allar aðrar kröfur forgangsveð í efni, sem komið er í hina
óleyfðu byggingu, fyrir endurgreiðslukröfu sinni.

Sektir fyrir brot á byggingarsamþykkt skulu nema 100 til 30000 krónum, og
skal farið með slík mál sem almenn lögglumál. Ef haldið er áfram byggingu, eftir
að bann hefur verið lagt við henni samkv. ákvæðum þessarar greinar, varðar það
eigi minna en 1000 króna sekt. Veita skal bæjarstjóra eða oddvita kost á því fyrir
hönd sveitarsjóðs að gera í refsimálinu kröfur til þess, að kærði verði dæmdur til að
greiða þann kostnað, sem leitt hefur af broti hans.

39. gr.

Byggingarfulltrúi skal semja skrá yfir allar þær byggingar, sem reistar hafa
verið í óleyfi, áður en samþykkt þessi gekk í gildi og eftir að skipulagsuppdráttur
varð til, eða byrjað að vinna að honum. Síðan skal með venjulegum hætti skorið
úr, hvort unnt er að veita leyfi fyrir einhverjum þeirra. Hinar byggingarnar skal
rifa, þegar sveitarstjórn krefst þess, og er henni skylt að gera slíka kröfu, nema
hún telji, að nauðsyn sé á, að byggingin standi vegna almennra húsnæðisvandræða.
Á meðan einhverjar hinna óleyfðu bygginga standa samkvæmt þessari heimild, skal
það árlega horið undir sveitarstjórn, hverjar þeirra hún vill þá láta rifa. Nú stendur
slík óleyfð bygging á óútvísuðu eignarlandi sveitarsjóðs, og öðlast eigandi bygg-
ingarinnar engan rétt til landsins, þótt hún standi þar.

Um niðurrif og brott nám þeirra bygginga, sem sveitarstjórn samkv. 1. mgr.
krefst, að brott séu teknar, fer eftir því, sem í 38. gr. segir, og varðar það viður-
lögum samkv. henni, ef byggingin er eigi rifin eða numin brott, jafnskjótt og
krafizt er.

98

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1947.

T e k j u r :

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	10600.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	3000.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	—	16094.99	
d. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	10775.13	
			kr. 40470.12
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	415.00	
b. — ríkisskuldabréfum	—	165.00	
c. — innstæðu í Söfnunarsjóði 1946 og 1947	—	1556.12	
d. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	339.14	
			— 2475.26
			Kr. 42945.38

G j ö l d :

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	6100.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	3000.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	—	17651.11	
d. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	16194.27	
			kr. 42945.38
			Kr. 42945.38

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 31. janúar 1948.

Sigurgeir Sigurðsson.

99

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1947.

T e k j u r :

1. Eign í ársbyrjun	kr.	141352.29	
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	997.50	
b. — ríkisskuldabréfum	—	335.00	
c. — innstæðu í Söfnunarsjóði Íslands	—	4416.05	
d. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	608.82	
			— 6357.37
3. Gjafir til sjóðsins	—	1845.00	
			Kr. 149554.66

Gjöld:

99

1. Styrkur veittur á árinu	kr.	100.00
2. Eign í árslok:		
a. Veðdeildarbréf	kr.	14300.00
b. Ríkisskuldabréf	—	7000.00
c. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	—	96814.21
d. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	31340.45
		<hr/>
		149454.66
		<hr/>
	Kr.	149554.66

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 31. janúar 1948.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR

100

yfir tekjur og gjöld hins Almenna kirkjusjóðs Íslands 1947.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun	kr.	988104.78
2. Innlög á árinu	—	322276.65
3. Vextir á árinu:		
a. Af lánum	kr.	14454.43
b. — verðbréfum	—	11347.50
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	7012.71
		<hr/>
		32814.64
4. Endurgreitt af lánum	—	81893.20
5. Til jafnaðar við gjaldalið 2	—	117000.00
6. Til jafnaðar við gjaldalið 4	—	51576.13
		<hr/>
	Kr.	1593665.40

Gjöld:

1. Úttekið af innstæðum	kr.	17733.41
2. Lán veitt á árinu	—	117000.00
3. Kostnaður	—	5331.60
4. Vaxtaafgangur	—	51576.13
5. Til jafnaðar við tekjulið 4	—	81893.20
6. Eign í árslok:		
a. Í lánum	kr.	349854.21
b. Í verðbréfum	—	668100.00
c. Í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands	—	302176.85
		<hr/>
		1320131.06
		<hr/>
	Kr.	1593665.40

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 22. janúar 1948.

Sigurgeir Sigurðsson.

SKÝRSLA

um eign kirkna í hinum Almenna kirkjusjóði árið 1947.

Kirkjur	Eign í árs- lok 1946		Lagt inn	Tekið út	Vextir á árinu		Eign í árs- lok 1947	
	Kr.	au.			Kr.	au.	Kr.	au.
N.-Múlaprófastsdæmi:								
1. Skeggjastaðakirkja ..	5190.72		»	»	155.72		5346.44	
2. Hofteigskirkja	3268.20		»	105.00	97.80		3261.00	
3. Kirkjubæjarkirkja ...	10847.01		»	»	325.41		11172.42	
4. Hjaltastaðarkirkja ...	2780.47		»	»	83.41		2863.88	
5. Eiðakirkja	1476.96		»	»	44.31		1521.27	
6. Áskirkja í Fellum ...	8736.64		»	1000.00	252.10		7988.74	
7. Valbjófsstaðarkirkja .	2912.40		»	»	87.37		2999.77	
8. Hofskirkja í V.f.	2847.37		»	»	85.42		2932.79	
9. Sleðbrjótiskirkja	443.48		»	»	13.30		456.78	
S.-Múlaprófastsdæmi:								
10. Vallaneskirkja	8.74		»	»	0.26		9.00	
11. Þingmúlakirkja	1655.22		»	750.00	49.65		954.87	
12. Klippstaðarkirkja	886.80		»	»	26.60		913.40	
13. Vestdalseyrarkirkja .	38.04		»	»	1.14		39.18	
14. Mjóafjarðarkirkja ...	2.45		»	»	»		2.45	
15. Neskirkja í Norðf. ..	20.55		»	»	0.62		21.17	
16. Stöðvarkirkja	19.71		»	»	0.59		20.30	
17. Eydalakirkja	12332.33		»	»	369.97		12702.30	
18. Hofskirkja í Álftaf. .	650.56		»	»	19.52		670.08	
19. Kolfreyjustaðark. ...	897.48		»	»	26.92		924.40	
A.-Skaftafellsprófastsdæmi:								
20. Stafafellskirkja	5367.52		»	»	161.03		5528.55	
21. Einholtskirkja	1.24		»	»	»		1.24	
22. Kálfafellsstaðarkirkja	79.90		»	»	2.40		82.30	
23. Hofskirkja í Öræfum	10853.36	500.00	»	»	325.60		11678.96	
24. Kirkjusjóður Hafnar í Hornafirði	7841.62	8200.00	»	»	323.25		16364.87	
V.-Skaftafellsprófastsdæmi:								
25. Prestsbakkakirkja ...	6798.94		»	»	203.97		7002.91	
26. Reyniskirkja	4.23		»	»	»		4.23	
27. Grafarkirkja	2949.73		»	»	88.49		3038.22	
28. Kálfafellskirkja	1985.82		»	»	59.57		2045.39	
29. Skeiðflatarkirkja	121.86		»	»	3.66		125.52	
30. Langholtskirkja	8037.15		»	»	241.11		8278.52	
Rangárvallaprófastsdæmi:								
31. Stórolfshvolskirkja ..	922.23		»	»	27.67		949.98	
32. Oddakirkja	77.75		»	»	2.33		80.00	
33. Kálholtskirkja	117.57		»	»	3.53		121.10	

Kirkjur	Eign í árslok 1946		Tekið út	Vextir á árinu		Eign í árslok 1947	
	Kr.	au.		Kr.	au.	Kr.	au.
34. Krosskirkja	3196.11	»	»	»	95.88	»	3291.99
35. Ásólfsskálakirkja	24.50	»	»	»	0.73	»	25.23
36. Eyvindarhólakirkja ..	6219.67	»	»	»	186.59	»	6406.26
37. Breiðabólstaðark.	32.73	»	»	»	0.98	»	33.71
38. Skarðskirkja	3471.94	847.80	»	»	116.87	»	4436.61
39. Landakirkja í Vestm.	21.78	»	»	»	0.65	»	22.43
40. Stóradalskirkja	2706.84	1000.00	»	»	96.20	»	3803.04
41. Keldnakirkja (Bygg- ingarsjóður)	1229.54	»	»	»	36.89	»	1266.43
42. Voðmúlastaðakapella .	107.25	830.00	»	»	19.43	»	956.68
Árnessprófastsdæmi:							
43. Mosfellskirkja í Grn. .	10521.68	»	»	»	315.65	»	10837.33
44. Þingvallakirkja	1458.06	»	396.00	»	37.80	»	1099.86
45. Strandarkirkja	460286.29	82505.11	157.66	14811.04	557444.78	»	»
46. Haukadalskirkja	176.79	»	»	»	5.30	»	182.09
47. Gaulverjabæjark.	4295.90	3000.00	»	»	151.38	»	7447.28
48. Hraungerðiskirkja ...	1139.62	»	»	»	34.19	»	1173.81
49. Stokkseyrarkirkja ...	146.30	»	»	»	4.39	»	150.69
50. Ólafsvallakirkja	2170.71	500.00	»	»	65.12	»	2735.83
51. Miðdalskirkja	908.15	1800.00	»	»	40.74	»	2748.89
52. Eyrarbakakirkja ...	4553.74	»	»	»	136.61	»	4690.35
53. Kotstrandarkirkja ...	48.65	»	»	»	1.46	»	50.11
54. Úthlíðarkirkja	5972.63	371.90	»	»	179.18	»	6523.71
55. Skálholtskirkja	104.29	»	»	»	3.13	»	107.42
56. Hjallakirkja	12.33	»	»	»	0.37	»	12.70
57. Klausturhólakirkja ..	»	675.00	»	»	13.50	»	688.50
Kjalarnessprófastsdæmi:							
58. Grindavíkurkirkja ...	4906.84	»	3000.00	»	72.20	»	1979.04
59. Brautarholtskirkja ..	273.53	»	»	»	8.21	»	281.74
60. Reynivallakirkja	3339.66	»	»	»	100.19	»	3439.85
61. Lágafellskirkja	1062.93	»	»	»	31.89	»	1094.82
62. Njarðvíkurkirkja	63.64	»	»	»	1.91	»	65.55
63. Útskálakirkja	9.53	»	»	»	0.29	»	9.82
64. Hvalsneskirkja	114.25	»	»	»	3.43	»	117.68
65. Kálfatjarnarkirkja ...	875.24	»	»	»	26.26	»	901.50
66. Hafnarfjarðarkirkja .	16440.00	»	»	»	493.20	»	16933.20
67. Saurbæjark. Kjalarn. .	10.17	»	»	»	0.31	»	10.48
Reykjavíkurprófastsd.:							
68. Dómkirkjan	»	160833.33	»	»	1977.08	»	162810.41
Borgarfjarðarprófastsd.:							
69. Saurbæjarkirkja	2704.76	»	»	»	81.14	»	2785.90
70. Hallgrímsk. í Saurbæ .	49093.65	10.00	»	»	1473.06	»	50576.71
71. Reykholtskirkja	5824.79	800.00	»	»	174.74	»	6799.53

100

Kirkjur	Eign i árs- lok 1946	Lagt inn	Tekið út	Vextir á árinu	Eign i árs- lok 1947
	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
72. Lundarkirkja	13.28	»	»	0.40	13.68
73. Bæjarkirkja	47.99	»	»	1.44	49.43
74. Gilsbakkakirkja	5487.36	»	»	164.62	5651.98
Mýraprófastsdæmi:					
75. Stafholtskirkja	14050.55	»	4000.00	416.52	10467.07
76. Síðumúlakirkja	1141.75	»	»	34.25	1176.00
77. Hvammskirkja	3773.98	316.70	1116.00	90.07	3064.75
78. Borgarkirkja	3813.00	»	»	114.39	3927.39
79. Álftártungukirkja	566.30	»	»	16.99	583.29
80. Kirkjusj. Borgarness	21893.73	»	»	656.81	22550.54
Snæfellsnesprófastsdæmi:					
81. Breiðabólstaðarkirkja	4242.18	»	»	127.27	4369.45
82. Narfeyrarkirkja	917.42	»	»	27.52	944.94
83. Ytri-Rauðamelskirkja	2077.22	»	»	62.32	2139.54
84. Kolbeinsstaðakirkja	4.84	»	»	»	4.84
85. Kirkjusj. Kviabryggju	8144.02	»	»	244.32	8388.34
86. Hellnakirkja	4000.00	»	4000.00	90.00	90.00
87. Helgafellskirkja	»	150.00	»	3.38	153.38
88. Setbergskirkja	1094.60	»	»	34.84	1129.44
89. Búðakirkja	»	22500.00	»	»	22500.00
90. Kirkjusj. Grafarness	»	3500.00	»	35.00	3535.00
Dalaprófastsdæmi:					
91. Stóra-Vatnshornsk. ..	26.54	»	»	0.80	27.34
92. Snóksdalskirkja	5091.69	»	»	152.75	5244.44
93. Hvammskirkja	47.43	»	»	1.42	48.85
94. Staðarhólskirkja	237.63	»	»	7.13	244.76
Barðastrandarprófastsd.:					
95. Bildudalskirkja	219.65	»	»	6.59	226.24
96. Selárdalskirkja	5740.96	»	»	172.23	5913.19
97. Sauðlauksdalskirkja ..	4051.46	»	»	121.54	4173.00
98. Staðark. á Reykjan. ..	1527.59	165.00	»	48.30	1740.89
99. Flateyjarkirkja	240.68	125.00	»	9.12	374.80
100. Gufudalskirkja	1327.88	»	»	39.84	1367.72
101. Brjánslækjarkirkja ..	21.02	»	»	0.63	21.65
102. Reykhólakirkja	1492.89	»	»	44.79	1537.68
103. Stóra-Laugardalsk. ..	1584.89	400.00	»	52.55	2037.44
V.-Ísafjarðarprófastsdæmi:					
104. Holtsk. í Öndurarf. ..	1903.29	»	»	57.10	1960.39
105. Mýrarkirkja	15765.91	3000.00	»	472.98	19238.89
106. Sæbólakirkja	446.29	»	»	13.39	459.68

Kirkjur	Eign í árslok 1946		Lagt inn		Tekið út		Vextir á árinu		Eign í árslok 1947	
	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.
107. Staðark. í Súg.f. ...	117.87		»		»		3.53		121.40	
108. Hraunskirkja	3186.16		2221.00		»		105.70		5512.86	
109. Núpiskirkja	65.97		»		»		1.98		67.95	
N.-Ísafjarðarprófastsdæmi:										
110. Ísafjarðarkirkja	31961.04		10000.00		»		1083.83		43044.87	
111. Vatnsfjarðarkirkja ...	1391.90		»		»		41.76		1433.66	
Strandaprófastsdæmi:										
112. Staðark. í Stgrf.	6786.79		»		»		203.60		6990.39	
113. Prestsbakkak.	4585.02		»		»		137.55		4722.57	
114. Staðark. í Hrf.	1964.81		»		694.80		57.21		1327.22	
115. Árneskirkja	6785.51		»		»		203.57		6989.08	
116. Óspakseyrark.	15.79		»		»		0.47		16.26	
Húnavatnsprófastsdæmi:										
117. Staðarbakkakirkja ..	79.04		»		»		2.37		81.41	
118. Melstaðarkirkja	3.15		»		»		»		3.15	
119. Hofskirkja á Skg. ..	1950.19		»		»		58.51		2008.70	
120. Bergsstaðakirkja	1233.13		»		»		36.99		1270.12	
121. Höskuldsstaðak.	3351.33		700.00		»		107.54		4158.87	
122. Efranúpskirkja	31.74		»		»		0.95		32.69	
123. Blönduósskirkja	4969.25		»		»		149.08		5118.33	
124. Spákonufellskirkja ..	21.87		»		»		0.66		22.53	
125. Tjarnarkirkja á Vn.	3.94		»		»		»		3.94	
126. Auðkúlukirkja	2384.30		»		»		71.53		2455.83	
Skagafjarðarprófastsdæmi:										
127. Sauðárkróskirkja ..	2049.31		5000.00		»		73.98		7123.29	
128. Rípurkirkja	13.54		»		»		0.41		13.95	
129. Glaumbæjarkirkja ..	17.56		»		»		0.53		18.09	
130. Mælifellskirkja	39.83		»		»		1.19		41.02	
131. Barðskirkja	3268.18		»		»		98.05		3366.23	
132. Hólakirkja	126.41		»		»		3.79		130.20	
133. Goðdalakirkja	2171.24		»		»		65.14		2236.38	
134. Miklabæjarkirkja ..	2041.64		»		»		61.24		2102.88	
135. Flugumýrarkirkja ..	32.51		»		»		0.98		33.49	
136. Ketukirkja	1243.68		»		»		37.31		1280.99	
137. Viðvíkurkirkja	1147.90		»		»		34.44		1182.34	
138. Hvammskirkja í L.d.	642.45		»		»		19.27		661.72	
139. Knappsstaðakirkja ..	984.96		»		»		29.55		1014.51	
140. Fellskirkja í Sl.	12.62		»		»		0.38		13.00	
141. Viðimýrarkirkja	53.31		»		»		1.60		54.91	
Eyjafjarðarprófastsdæmi:										
142. Grimseyjarkirkja ...	36.85		»		»		1.10		37.95	
143. Glæsibæjarkirkja ..	243.10		»		»		7.29		250.39	

100

Kirkjur	Eign í árslok 1946		Tekið út		Vextir á árinu		Eign í árslok 1947	
	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.
144. Kaupangskirkja	11.69	»	»	»	0.35			12.04
145. Saurbæjarkirkja	8478.62	»	»	»	254.36			8732.98
146. Munkaþveráarkirkja .	4273.17	»	»	»	128.20			4401.37
147. Lögmannshliðark. .	207.87	»	»	»	6.24			214.11
148. Bægisárkirkja	315.82	675.00	»	»	9.47			1000.29
149. Vallakirkja	53.70	»	»	»	1.61			55.31
150. Tjarnarkirkja	17.13	»	»	»	0.51			17.64
151. Stærri-Árskógsk. ...	0.63	»	»	»	»			0.63
152. Möðruvallak. í Hörg.	3083.38	700.00	»	»	97.75			3881.13
153. Hríseyjarkirkja	»	363.95	363.95	»	»			»
S.-Þingeyjarprófastsdæmi:								
154. Laufáskirkja	1115.35	»	»	»	33.46			1148.81
155. Hálskirkja	1279.50	»	»	»	38.38			1317.88
156. Þóroddsstaðarkirkja	329.45	»	»	»	9.88			339.33
157. Skútustaðakirkja ...	85.64	»	»	»	2.57			88.21
158. Bretlingsstaðak.	1813.07	100.00	»	»	55.64			1968.71
159. Illugastaðakirkja ...	18.00	»	»	»	0.54			18.54
160. Grenjaðarstaðark. ..	5785.73	»	»	»	173.57			5959.30
161. Grenivíkurkirkja ...	2254.17	»	2150.00	»	35.37			139.54
162. Þönglabakkakirkja .	3192.67	800.00	»	»	117.78			4110.45
163. Neskirkja í Aðaldal .	256.94	»	»	»	7.71			264.65
164. Flateyjarkirkja	304.51	9686.86	»	»	275.53			10266.90
N.-Þingeyjarprófastsdæmi:								
165. Skinnastaðarkirkja .	1698.44	»	»	»	50.95			1749.39
166. Presthólakirkja	124.24	»	»	»	3.75			127.99
167. Ásmundarstaðakirkja	1.19	»	»	»	»			1.19
168. Svalbarðskirkja	7985.94	»	»	»	239.58			8225.52
169. Viðirhólskirkja	1.38	»	»	»	»			1.38
170. Sauðaneskirkja	163.81	»	»	»	4.91			168.72
Samtals	932558.49	322276.65	17733.41		31453.20			1268554.93

Sé vaxtaafgangsupphæðinni, kr. 51576.13, bætt við ofangreinda upphæð, kr. 1268554.93, verður eign sjóðsins í árslok eins og segir í aðalreikningnum, kr. 1320131.06.

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 22. janúar 1948.

Sigurgeir Sigurðsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1948.

Bráðabirgðalög um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi happdrættislán ríkissjóðs, undirskrifuð af forsetanum 17. ágúst 1948, nr. 71.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins, undirskrifuð af forsetanum 23. september 1948, nr. 72.

Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1948 skuli koma saman til fundar mándaginn 11. október 1948, undirskrifað af forsetanum sama dag, nr. 73.

Reglugerð fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 14. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 94 9. júlí 1941, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, undirskrifuð af fjármálaráðherra 15. júní 1943, nr. 74.

Reglugerð fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 15. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 94 9. júlí 1941, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, undirskrifuð af fjármálaráðherra 25. apríl 1944, nr. 75.

Reglugerð fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 16. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 55 3. marz 1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, undirskrifuð af fjármálaráðherra 26. nóvember 1946, nr. 76.

Reglugerð fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 17. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 55 3. marz 1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, undirskrifuð af fjármálaráðherra 2. febrúar 1948, nr. 77.

Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, um skiptingu Hofshrepps í tvö hreppsfélög.

101
15. október.

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Hofshrepps og meðmælum sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, um skiptingu Hofshrepps í tvö hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927, skipa svo fyrir, sem hér segir:

1. Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu skal skipt í tvö hreppsfélög, er nefnast Hofshreppur og Hofsóshreppur. Hreppamörk hinna nýja hreppa eru, sem hér segir: Að vestan ræður sjórinn frá Grafarósi norður, þar til landamerki Þönglaskála og Bæjar koma í sjó. Þaðan ráða að norðan landamerki Þönglaskála og Bæjar. Að austan ráða landamerki Þönglaskála, þar til komið er að landamerkjum Þönglaskála og Nausta. Þaðan ræður merkjum vestur-jaðar Hofsósskógar, suður að Þjóðveginum að Hofi (Unadalsveg). Þaðan ræður bein merkjalína frá áður nefndum Þjóðvegi (vestanvert við mjólkurpall frá Hofi) um 4. símastaur frá Hofi, talið frá landssímalínu, suður yfir Hofsá að hreppsveginum, á syðri gilbarmi Hofsár og fylgja merkin veginum austur að svonefndu Hofskerðissíki, sem rennur í Hofsá neðst á Hofseyrum og er jafn framt syðsti og elzti farvegur árinna. Ræður þá Hofskerðissíki austur á móts við landamerki Ártúns og Nýlendis. Þaðan ræður bein lína suður flóann eftir landamerkjum Nýlendis og Ártúns að Grafará. Grafará ræður mörkum að sunnan til sjávar.

Skyllt er hreppsnefndum beggja hreppa að koma upp innan árs greinilegum merkjum hæfilega mörgum, meðfram vesturjaðri Hofsskógar suður að Þjóð-

101
15. okt.

- veginum að Hofi, og enn fremur þaðan suður yfir Hofsá að Hofsgærðissíki. Kostnaður við uppsetningu merkjanna greiðist eftir skiptitölu hreppanna, en viðhald þeirra eftir það hvílir á Hofsóshreppi.
2. Eignum Hofshrepps, er til skipta koma, skal skipta á milli hreppanna þannig, að $\frac{2}{5}$ hlutar falli til Hofshrepps og $\frac{3}{5}$ hlutar til Hofsóshrepps.
 3. Framfærsla styrkþega skiptist eftir lögheimili, en framfærsla, er úrskurðuð kann að verða á hinn forna Hofshrepp, skiptist eftir hlutfallstölunum $\frac{3}{5}$ og $\frac{2}{5}$.
 4. Elli- og örorkustyrkþegar tilheyri hinum nýju hreppum, eftir því sem þeir eiga lögheimili.
 5. Um skiptingu fasteigna fer sem hér segir:
 - a. Hofsóshreppur tekur við öllum skuldum, eignum og skuldbindingum hins forna Hofshrepps vegna hafnarsjóðs Hofsóshafnar.
 - b. Þinghús í Hofsósi (barnaskólahús) sé sameign þannig, að Hofsóshreppur eigi $\frac{1}{2}$ og Hofshreppur $\frac{1}{2}$. Viðhald og endurbætur skiptast eftir sömu hlutföllum.
 - c. Hofsóshreppur fær húseignina Breiðaból í Hofsósi, og greiðir til Hofshrepps $\frac{2}{5}$ hluta af bókfærðu verði.
 6.
 - a. Hreppsvegasjóður, sýningarsjóður, innstæða í Söfnunarsjóði Íslands og Sparisjóði Sauðárkróks falli óskiptir til Hofshrepps.
 - b. Húsbyggingarsjóður vegna barnafræðslu skiptist þannig, að Hofshreppur fær $\frac{2}{5}$ hluta, en Hofsóshreppur $\frac{3}{5}$ hluta. Hið sama gildir um húsmuni og kennsluáhöld skólans.
 - c. Ábyrgðir, er hinn forni Hofshreppur hefur tekið á sig vegna einstaklinga, skiptast eftir lögheimilum þeirra, þegar skiptin fara fram.
 - d. Útistandandi skuldir og eftirstöðvar, er skipti fara fram, skiptast eftir hlutföllum þannig, að Hofshreppur fær $\frac{2}{5}$ hluta og Hofsóshreppur $\frac{3}{5}$ hluta.
 7. Hofshreppur og Hofsóshreppur taka að sér skuldbindingar gagnvart læknishústaðnum á Hofsósi, hlutfallslega við aðra hreppa læknishéraðsins.
 8. Fjallskil og refaeyðing á afrétti skal vera sameiginleg, þar til hreppsnefndir ákveða annað, með samþykki sýslunefndar Skagafjarðarsýslu. Um mál upprekstrarfélagsins skal fara þriggja manna nefnd, og kýs hreppsnefnd Hofshrepps tvo menn í nefndina, en hreppsnefnd Hofsóshrepps einn mann.
 9. Bókasafn Lestrarfélags Hofshrepps sé sameign og greiði hver hreppur framlag á móti rikissjóði í hlutfalli við meðlimatölu hvers árs eftir búsetu.
 10. Bækur og skjöl hins forna Hofshrepps verði eign Hofshrepps, en hreppsnefnd Hofsóshrepps skal hafa aðgang að þeim eftir þörfum.
 11. Aðskilnað hreppanna skal miða við 1. jan. 1948. Framkvæmd skipta á eignum, skuldum og skuldbindingum annast hreppsnefndir hinna nýju hreppa. Reksturskostnað Hofshrepps hins forna fram til 1. apríl 1948 greiði hinn nýi Hofshreppur að $\frac{2}{5}$ hlutum og Hofsóshreppur að $\frac{3}{5}$ hlutum. Verði ágreiningur út af skiptunum skal úr honum skorið af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra sýslumaður, til frekari aðgerða og birtingar að við viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Hofshreppi sem dómþinghá né manntalsþinghá.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Hriseyjar.

102
9. ágúst

I. RAFORKA

Rafveita Hriseyjar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á 2 kr. hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforku-notkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Suða og hitun.

Um kwst.mæli á 50 aura hver kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið er einungis selt rafmagn til fastengdra suðu- og hitunartækja.

C. Vélar.

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld um kwst.mæli á 80 aura hver kwst. Sé notkunartími vélanna mjög stuttur má krefjast minnsta árgjalds kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

D. Orkusala til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu.

Til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, getur rafveitunefnd selt orku með sérstökum samningi með því skilyrði að stöðva megi þá orkusölu, hvenær sem nauðsynlegt er að dómi nefndarinnar.

E. Götu- og hafnarlýsing.

Um kwst.mæli á 1 kr. hver kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur. Enn fremur er rafveitunefnd heimilt að selja raforku samkvæmt þessum gjaldskrárlið eftir samningi, ef þörf gerist.

II. MÆLALALEIGA

Rafveitunefnd ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 3.00 . — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. | — 7.00 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 10.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| 1. Grunnjald af hverri loftlínuheimtaug | kr. 400.00 |
| 2. Grunnjald af hverri jarðlínuheimtaug | — 600.00 |

102 Auk þessa grunngjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitunefnd samrýmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það mat.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og (eða) gildleiki víra meiri en 2×70 mm², skal húseigandi greiða allan kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal húseigandi greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjaldið fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu taugar er lokið.

IV. OPNUNARGJALD

a. Vanskil.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 10 krónur.

b. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 króna gjald til gjaldkera rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. kafla þessarar gjaldskrár um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 9. ágúst 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

103

19. ágúst

REGLUGERÐ

um eftirlit með innflutningi plantna o. fl.

1. gr.

Lifandi plöntur og plöntuhluta, ásamt mold, sem við þær loðir, t. d. tré, runna, fjölarar jurtir, grænmeti með rót, lauka, kartöflur og önnur hnýði, kál, jurtir til gróðursetningar, pottajurtir o. s. frv., má því aðeins flytja til landsins, að þeim fylgi heilbrigðisvottorð frá opinberri eftirlitsstofnun með jurtasjúkdómum í framleiðslulandinu. Skal vottorðið afhent tollgæzlumanni á innflutningsstaðnum. Mosi, vatnajurtir, stýfður Asparagus og ætisveppir eru undanþegin þessum ákvæðum. Innflutningur moldar, jurtaleifa og búfjáraburðar er bannaður.

2. gr.

Heilbrigðisvottorð skal fylgja farmbréfum og vera gefið út ekki meira en mánuði áður en varan er send frá framleiðslulandinu.

Vottorðið skal gefa fullar upplýsingar um:

- a. Tölu stykkja í sendingunni, umbúðir, þunga, merki og númer.
- b. Tegundir plantna eða plöntuhluta í sendingunni, með greinilegum nöfnum.
- c. Ræktunarstað og nafn framleiðanda og hvar varan er búin til sendingar.
- d. Nafn og heimilisfang móttakanda vörunnar.
- e. Hvenær varan er send frá útflutningsstað, á hvern hátt og hvaða leið, svo og nafn á innflutningsstað.
- f. Að land það, sem plönturnar hafa verið ræktaðar á, hafi á ræktunartímanum verið háð opinberu eftirliti með jurtasjúkdóminum.
- g. Að ræktunarstaður plantnanna sé laus við vörtupest kartaflna (*Synchytrium endobioticum*), kartöfluorm (*Heterodera Scaehtii*) og kartöflubjöllu (*Leptinotarsa decemlineata*) og sé að minnsta kosti í 5 km fjarlægð frá stöðum, þar sem vörtupestar eða kartöfluorms hefur orðið vart síðustu 5 árin, og að minnsta kosti í 50 km fjarlægð frá stöðum, þar sem kartöflubjöllu hefur orðið vart síðustu 5 árin.

Vottorðið skal vera á ensku, þýzku eða frönsku (eða fylgja því þýðing á einhverju þeirra mála). Það skal vera innsiglað eða stimplað með hinu opinbera innsigli eða stimpli hlutaðeigandi jurtaeftirlitsstofnunar.

3. gr.

- a. Búnaðardeild atvinnudeildar háskólans annast eftirlit með innflutningi plantna og plöntuhluta samkvæmt reglugerð þessari.
- b. Þegar sending kemur til landsins skal tollgæzlan gera Búnaðardeildinni viðvart. Hún athugar vottorð þau, er fylgja vörunni. Séu þau í samræmi við gildandi ákvæði, staðfestir Búnaðardeildin með áritun, að svo sé og að innflutningur vörunnar sé leyfilegur. Gjald fyrir áritun skal vera kr. 10.00 fyrir sendingu hverja. Rennur gjaldið til Búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans.
- c. Ef ástæða þykir til framkvæmir Búnaðardeildin skoðun á vörunni. Skal innflytjandi láta í té ókeypis alla nauðsynlega aðstoð við skoðunina.
- d. Vanti vottorð eða sé það ekki í samræmi við reglugerð þessa, úrskurðar Búnaðardeildin hvort vöruna megi flytja inn eða ekki. Leyfi hún ekki innflutning, skal varan kyrrsett í skipi því eða flutningatæki, er flutti hana til landsins, og endursend með því á kostnað innflytjanda.
- e. Sé óumflýjanlegt að flytja vöruna í land, skal hún endursend með fyrstu ferð. Búnaðardeildin skal þá hafa eftirlit með uppskipun, geymslu og endursendingu vörunnar.

Innflytjandi greiðir allan kostnað, er af geymslu og endursendingu vörunnar leiðir.

- f. Sé þess eigi kostur að endursenda vöruna, svo sem fyrir er mælt í staflið d og e, skal Búnaðardeildin láta ónýta hana á kostnað innflytjanda.

4. gr.

Varan skal fyrst flutt til Reykjavíkur til eftirlits. Samt getur landbúnaðarráðuneytið í samráði við Búnaðardeild atvinnudeildar háskólans, veitt undanþágu frá því ákvæði, enda sé eftirlitið framkvæmt eftir sem áður.

5. gr.

Innflutningur gulróta, persille, selleri, steinseljurótar, partinaks, kerfils og annarra sveipjurta er því aðeins heimill, að varan sé sótthreinsuð í framleiðslulandinu til varnar því, að gulrótaflugan (*Psila rosae*) flytjist með henni.

Leyfilegt er að flytja inn lauka og skrautjurtahnýði frá Hollandi og Belgíu, þótt þau lönd geti ekki fullnægt skilyrðum 2. gr. þessarar reglugerðar, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- a. Vöruna má aðeins flytja inn á tímabilinu frá 1. september til 30. apríl ár hvert.
- b. Vörunni skal fylgja vottorð frá opinberri eftirlitsstofnun með jurtasjúkdómum í framleiðslulandinu að varan sé sótthreinsuð með DDT-dufti eða öðru jafngildu skordýraeyðandi lyfi, áður en hún er skoðuð og send úr landi. Skal standa sótthreinsað (desinfected) á vottorðinu, ásamt stimpli eftirlitsins.
- c. Enn fremur skal vottað, að allir kartöfluakrar á ræktunarstaðnum og umhverfis í að minnsta kosti 10 km fjarlægð hafi verið úðaðir eða duftdreifðir með arsenati eða jafngildu lyfi, sumarið sem laukar þeir og hýði, sem um er að ræða, voru ræktaðir.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, ef nauðsyn krefur, veitt Grænmetisverzlun ríkisins undanþágu frá ákvæðum reglugerðar þessarar, varðandi innflutning kartaflna og algengustu tegunda grænmetis, á þann hátt og með þeim skilyrðum, er landbúnaðarráðuneytið setur í hvert sinn, enda skal í öllu gætt fyllstu varúðar við innflutning og sölu vörunnar.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 17 31. maí 1927, um varnir gegn sýkingu nytjajurta, til að öðlast gildi 1. september 1948, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. ágúst 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

um fjárframlög ríkisins til fjárskipta, samkvæmt VI. kafla laga nr. 44 9. maí 1947.

1. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd úrskurðar um rétt fjáreigenda til bóta úr rikissjóði vegna fjárskipta eftir þessum meginreglum:

1. Framlag ríkisins vegna fjárskipta, sem fram fóru á árinu 1947 og fram eiga að fara árið 1948, skal yfirleitt miðað við fjártölu eiganda samkvæmt skattframtali á árinu 1946. Vegna fjárskipta, sem síðar fara fram, skal á sama hátt miðað við fjártölu eigenda samkvæmt skattframtali tveimur árum áður en niðurskurður fer fram.
2. Réttur dánarbúa til bóta vegna fjárskipta yfirfærast á erfingja ef þeir halda áfram búskap á svæðinu.
3. Nú hefur maður átt lögheimili utan fjárskiptasvæðis, en hefur haft þar ábúð á jörð og rekið sauðfjárbú að minnsta kosti tvö ár áður en fjárskipti fara fram, og hefur þá búið allan sama rétt og fjáreigandi búsettur á svæðinu, enda haldi búið áfram starfsemi með svipuðum hætti og áður.
4. Ef verulegar breytingar hafa orðið á fjártölu fjáreiganda næstu tvö ár á undan niðurskurði vegna mikils lambaupplendis, kaupa, slátrunar eða sölu sauðfjár á þeim árum, má sauðfjársjúkdómanefnd taka tillit til þess við ákvörðun bóta-skyldrar fjártölu aðila. Skal þess vandlega gætt, að sömu kindur séu ekki taldar oftar en einu sinni til bótaréttar.

2. gr.

Bótaskyld fjártala hvers fjáreiganda, eins og hún verður ákveðin samkvæmt 1. gr. skal vera til grundvallar fyrir rétti hans til þess að fá líflömb og einnig fyrir rétti hans til bóta úr ríkissjóði vegna fjárskipta.

104

19. ágúst

3. gr.

Hver fjáreigandi á rétt á að fá líflömb fyrir 70% af bótaskyldri fjártölu og skal, er unnt er, útvega $\frac{1}{2}$ af þeim það haust, sem fjárskipti fara fram, en $\frac{1}{4}$ næsta haust á eftir. Kostnað við flutning líffjár inn á fjárskiptasvæði greiðir ríkissjóður og einnig aðstoð sauðfjársjúkdómanefndar vegna kaupanna. Þetta gildir þó eigi um annað fé en það, sem fengið er til að bæta í skarðið fyrir bótaskyld fé. Kostnað við umsjón fjárskiptafélaga vegna líffjárkaupa greiði fjáreigendur sjálfir.

4. gr.

Framlag ríkisins fyrir hverja bótaskylda kind nemur hálfu lambsverði samkvæmt verði líflamba það haust, sem fjárskipti fara fram. Það skal greitt fjáreigendum ári eftir að fjárskipti fóru fram, en vera skal það til tryggingar greiðslu á andvirði seldra líflamba. Bætur þessar skal greiða, hvort sem aðili hefur tekið líflömb eða ekki, enda auki sá sem ekki tekur líflömb búrekstur sinn, sem fjárföguninni svarar, í nautgripærækt eða á annan hátt í stað sauðfjárræktarinnar.

5. gr.

Ef nauðsynlegt verður samkvæmt ákvörðun sauðfjársjúkdómanefndar að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum, vegna afurðatjóns, hálf t lambsverð fyrir hverja bótaskylda kind það ár, sem svæðið er sauðlaust, að öðru leyti skal framlag greitt eins og segir í 4. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 9. maí 1947, til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnumálaráðuneytið, 19. ágúst 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

um happdrættislán ríkissjóðs.

105

20. ágúst

1. gr.

Ríkissjóður gefur út happdrættisskuldabréf, samtals að fjárhæð fimmtán milljónir króna, til sölu innanlands.

2. gr.

Skuldabréfin, sem eru að fjárhæð eitt hundrað krónur hvert, falla í gjalddaga að fimmtán árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

3. gr.

Af skuldabréfunum eru ekki greiddir vextir, en vinningum er úthlutað í samræmi við útdrátt úr öllum skuldabréfum lánsins.

105

20. ágúst

4. gr.

Dregið skal um vinninga og þeim úthlutað tvisvar á ári, í fyrsta sinn 15. október 1948, og síðan á hálfis árs fresti, þar til lánið verður endurgreitt.
Notarius publicus í Reykjavík framkvæmir útdrátt.

Vinningum skal úthlutað samkvæmt skrá þeirri, sem hér fer á eftir:

1 vinningur,	75 000 krónur,	=	75 000 krónur.
1 —	40 000 —	=	40 000 —
1 —	15 000 —	=	15 000 —
3 vinningar,	10 000 —	=	30 000 —
5 —	5 000 —	=	25 000 —
15 —	2 000 —	=	30 000 —
25 —	1 000 —	=	25 000 —
130 —	500 —	=	65 000 —
280 —	250 —	=	70 000 —

461 vinningur.

Samtals 375 000 krónur.

5. gr.

Skuldabréfin eru gefin út á handhafa og má ekki skrá þau á nafn.

6. gr.

Vinningar eru undanþegnir öllum opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti.

7. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um mál til ógildingar skjala o. fl., gilda ekki um skuldabréf samkvæmt reglugerð þessari.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimildum Alþingis um lántökur ríkissjóðs, og bráðabirgðalögum um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi fyrirhugað happdrættislán ríkissjóðs, útgefnum 17. ágúst 1948, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 20. ágúst 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

106

30. ágúst

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingar-samvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaupþúnum, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind byggingarsamvinnufélög:

32. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Akureyrar, Akureyri. Varnarþing Akureyri. Staðfest 16. október 1947.
33. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Egilsstaðakauptúns, Egilsstöðum. Varnarþing Egilsstaðakauptún í Suður-Múlasýslu. Staðfest 29. október 1947.

34. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna SÍs, Reykjavík. Varnarþing Reykjavík. Staðfest 29. júní 1948. 106
30. ágúst
35. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag verkamanna Akureyri. Varnarþing Akureyri. Staðfest 10. júlí 1948.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, Stj.tið. B., bls. 174—179.

Félagsmálaráðuneytið, 30. ágúst 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Mæðrasjóð Norðdælinga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. ágúst 1948.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Mæðrasjóð Norðdælinga.

107

31. ágúst

1. gr.

Sjóðurinn heitir Mæðrasjóður Norðdælinga.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um hjónin Guðrúnu Þórðardóttur og Ólaf Ólafsson bónda á Dysey, Vigdísí Pálsdóttur og Gísli Einarsson prest í Hvammi, Þorbjörgu Sigurðardóttur og Þórð Jónsson hreppstjóra og bónda á Brekku, Herborgu Þórðardóttur og Hákon Jónsson bóndi á Hafþórsstöðum, Sigurborgu Sigurðardóttur og Jóhannes Jónsson bónda í Klettstíu og Guðrúnu Daðadóttur og Guðjón Guðmundsson bónda á Gestsstöðum. Sjóðurinn er stofnaður af börnum og fósturbörnum fyrrnefndra hjóna með 5 500 — fimm þúsund og fimm hundruð — króna stofnsjóði.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja bágstaddar mæður, sem af einhverjum ástæðum þarfnast hjálpar og samúðar. Þegar eigi er þörf fyrir styrk úr sjóðnum til styrktar bágstöddum mæðrum, má verja fé úr sjóðnum til styrktar bágstaddra barna. Einkum þó til náms eða menningar barna, sem einhverra hluta vegna, annað hvort sálrænna eða líkamlegra, þurfa að njóta sérstaks náms til þess að geta unnið fyrir sér.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. $\frac{1}{4}$ hluti vaxtanna leggist árlega við höfuðstólinn, svo og dánar- og minningargjafir og hvers konar gjafir, er sjóðnum kann að áskotnast. Sé ekki þörf fyrir úthlutun úr sjóðnum þá leggist allir vextir við höfuðstólinn, en tillit má taka til þess, þegar næst er úthlutað úr sjóðnum og veita þá þeim mun meiri styrk, ef þörf krefur.

5. gr.

Sjóðurinn má gefa út minningarspjöld.

107

31. ágúst

6. gr.

Stjórnendur sjóðsins eru: Oddviti Norðurárdalshrepps, kona kosin af atkvæðisbærum konum hreppsins og þriðji maður kosinn af gefendum sjóðsins og atkvæðisbærum afkomendum þeirra, meðan þeir eru búsettir í hreppnum, og sé hann formaður stjórnarinnar.

7. gr.

Sjóðnum skulu fylgja tvær bækur. Bók, þar sem skráðir eru fæðingardagar og ár svo og dánardægur og ár ásamt helztu æviatriðum þeirra, sem sjóðurinn er stofnaður til minningar um. Svo og þeirra, sem sjóðnum eru gefnar minningargjafir um, eftir því sem sjóðstjórnin sér það fært, eða ef gefendur óska þess, enda leggi þeir þá til nauðsynlegar upplýsingar.

Þá skal fylgja sjóðnum gerðabók, þar sem skráð er, hverjir fara með stjórn á hverjum tíma, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar, reikningar sjóðsins og fleira, er þurfa þykir.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárreiðum sjóðsins, ber henni að ávaxta hann á öruggum stað eða í vel tryggðum verðbréfum.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af tveim endurskoðendum kosnum af sömu aðilum, sem kjósa stjórn sjóðsins, þannig að konur hreppsins kjósa annan, en stofnendur og afkomendur þeirra hinn.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

11. gr.

Skipulagsskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Sverrir Gíslason. Þórður Ólafsson.

108

2. sept.

REGLUGERÐ

fyrir „Gvendarlaug hins góða“ að Klúku í Bjarnarfirði.

1. gr.

Eigendur sundlaugarinnar eru Kaldrananeshreppur og sundfélagið „Grettir“ í Bjarnarfirði.

2. gr.

Sundlaugin skal rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu „Gvendarlaug hins góða“.

3. gr.

Reksturinn er í höndum þriggja manna sundlaugarstjórnar.

4. gr.

Sundlaugarstjórn er þannig skipuð: Skólanefnd Drangnesskólahverfis og skólanefnd Kaldrananesskólahverfis tilnefna sinn manninn hvor, þriðji skal tilnefndur af sundfélaginu Gretti, og er hann formaður stjórnarinnar. Starfstími stjórnarinnar er fjögur ár og miðast við kosningu hreppsnefndar á hverjum tíma.

5. gr.

108

Sundlaugarstjórnin ber ábyrgð á rekstri sundlaugarinnar. Hún skal halda nákvæma dagbók um störf sín og starfrækslu eignarinnar. 2. sept.

6. gr.

Stjórnin skal árlega gera áætlun um rekstur eignarinnar, er leggist fyrir hreppsnefnd Kaldrananeshrepps og stjórn sundfélagsins Grettis til samþykktar. Afrit af endurskoðuðum ársreikningum sendist sömu aðilum. Tveir endurskoðendur skulu tilnefndir, annar af hreppsnefnd og hinn af sundfélaginu Gretti. Hlutverk sundlaugarstjórnar er enn fremur að:

- a. raða niður sundtímum og baðtímum og gera ákveðnar tillögur um afnotagjöld,
- b. ráða starfsmenn við daglegan rekstur eignarinnar og gefa fastráðnum starfsmönnum erindisbréf,
- c. lána sundlaugina til sýninga og kappmóta,
- d. ákveða um viðhald eignarinnar og áhaldakaup,
- e. gera tillögur um endurbætur.

Þegar raðað er niður sundtímum skólanna, skulu skólastjórar tilkvaddir, og skólunum gefinn kostur á tímum, er bezt samrýmast stundaskrá þeirra og fullnægja kröfum um sundnám.

7. gr.

Eignina má eingöngu leigja til sundiðkana, baða, sundsýninga og sundkeppni. Íþróttafélögin í Kaldrananeshreppi sitja fyrir notkun sundlaugarinnar, að barnafræðslunni undanskilinni.

8. gr.

Ræsting og viðhald skal vera samkvæmt fyrirætlunum um rekstur og notkun sundstaða.

9. gr.

Reikningsár eignarinnar er almanaksárið.

10. gr.

Verði ágóði af rekstrinum, skal honum varið til nauðsynlegra áhaldakaupa, viðhalds og endurbóta á eigninni, utan sem innan.

11. gr.

Sundlaugarstjórn annast kaup á áhöldum, og sé stofnunin eigandi þeirra allra.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 9. gr. íþróttalaganna nr. 25 frá 12. febr. 1940, og öðlast gildi nú þegar.

Menntamálaráðuneytið, 2. september 1948.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

109
6. sept.

REGLUGERÐ

um sölu og útflutning á vörum.

1. gr.

Engar islenzkar afurðir er heimilt að bjóða til sölu á erlendum markaði, selja eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Leyfi ríkisstjórnarinnar þarf einnig til útflutnings á öllum öðrum vörum en islenzkum afurðum.

3. gr.

Leyfi til útflutnings á islenzkum afurðum má binda skilyrðum, er nauðsynleg þykja.

4. gr.

Utanríkisráðherra skipar nefnd til ráðuneytis, er fjalla skal um meiriháttar ákvarðanir í sambandi við afurðasölu.

Nefndarmenn skal velja úr hópi þeirra aðila og samtaka, sem hafa með höndum framleiðslu og sölu islenzkra afurða til útflutnings. Enn fremur skulu eiga sæti í nefndinni fulltrúar þeirra banka, sem hafa löggildingu til að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, og fulltrúar hlutaðeigandi ráðuneyta.

Nefndin starfar undir forsæti utanríkisráðherra eða fulltrúa hans. Nefndin skal vera ólaunuð.

5. gr.

Fyrir útflutningsleyfi, sem veitt eru samkvæmt þessari reglugerð, skal greiða 1% — einn af þúsundi — af útflutningsverðmætinu, þó eigi minna en 2 krónur fyrir hvert einstakt leyfi, og greiðist gjald þetta til lögreglustjóra á útflutningsstað, í Reykjavík til tollstjóra.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 100 þús. krónum eða fangelsi, ef miklar sakir eru, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð nr. 168 12. september 1939, um sölu og útflutning á vörum, og reglugerð nr. 201 24. október 1947.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 11 frá 12. febrúar 1940 og öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 6. september 1948.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

110

6. sept.

um sölu og útflutning á vörum.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, að samninganefnd utanríkisviðskipta skuli hætta störfum frá deginum í dag.

Jafnframt hefur verið ákveðið, samkv. heimild í lögum nr. 11 12. september 1940 og reglugerð dags. í dag, um sölu og útflutning á vörum, að leyfi viðskipta-deildar utanríkisráðuneytisins þurfi til að bjóða íslenzkar afurðir til sölu á erlendum markaði, selja þær eða flytja úr landi.

Leyfi til útflutnings á íslenzkum afurðum má binda skilyrðum, er nauðsynleg þykja.

Viðskiptamálaráðuneytið veitir leyfi til útflutnings á erlendum vörum og enn fremur íslenzkum afurðum, öðrum en sýnishornum, ef þær eiga ekki að greiðast í erlendum gjaldeyri.

Forsætisráðuneytið, 6. september 1948.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Birgir Thorlacius.

ARÐSKRÁ

111

8. sept.

fyrir Fiskrættar- og veiðifélagið Selá í Steingrímsfirði.

1. Bassastaðir	12.5	einingar.
2. Grænanes	10.0	—
3. Bólstaður	21.5	—
4. Geirmundarstaðir	18.0	—
5. Gilsstaðir	19.0	—
6. Kolbjarnarstaðir	19.0	—

Samtals 100.0 einingar.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 8. september 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

112
15. sept.

AUGLÝSING

um söluskatt af radartækjum og dýptarmælum.

Samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 43 1948, um breyting á lögum nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir, hefur ráðuneytið ákveðið, að radartæki, dýptarmælar, pappír og aðrir varahlutir til þessara tækja skuli undanþegnir 1½% söluskatti af smásölu, samkvæmt 2. tölulið 42. gr. laga nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Fjármálaráðuneytið, 15. september 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

113
16. sept.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Keflavíkur, nr. 148 4. nóvember 1946.

Stafliður D. 2. b. í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

Að notandi setji klukkurofa á sinn kostnað fyrir hitalögnina, sem rafveitan ein hafi aðgang að.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 16. september 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

114
20. sept.

GJALDSKRÁ

fyrir dýralækna.

Samkvæmt lögum nr. 124 22. desember 1947, um dýralækna, er hér með sett eftirfarandi gjaldskrá fyrir dýralækna, að því leyti sem ekki er ákveðið gjald fyrir störf þeirra með öðrum lögum eða fyrirmælum:

I. KAFLI

Viðtöl og rannsóknir.

1. gr.

A. Ekkert gjald:

1. Hlýtt á eða athuguð sjúkdómslýsing.
2. Viðtal í síma.

B. Gjald kr. 2.00:

1. Skrifaður lyfseðill með viðtali og ráðleggingu.
2. Hlustun.

3. Rannsakaður hreyfanleiki liða.
4. Þvagrannsókn.
5. Einföld ástunga í útvortis ígerð.
6. Rannsókn á jógri.
7. Annað tilsvarendi.
- C. Gjald kr. 3.00:
1. Tekið þvag.
2. Tekið blóð.
3. Einföld smásjárskoðun.
4. Rannsókn á saur.
5. Rannsókn á holti.
6. Fósturrannsókn (kýr, hryssa).
7. Venjuleg rannsókn á grip og ráðlegging.
8. Annað tilsvarendi.
- D. Gjald kr. 10.00:
1. Almenn skoðun og heilbrigðisvottorð vegna sölu á grip.
2. Skrifleg skýrsla um sjúkdóm að undangenginni rannsókn.
3. Annað tilsvarendi.
- E. 1. Berklaskoðun, kýr, (tuberkulin). Fyrir 5 fyrstu gripina kr. 4.00 fyrir hvern grip, en kr. 2.00 fyrir hvern grip, sem fram yfir er.
- F. 1. Krufning á stórgrip kr. 10.00.
2. Krufning á smærri dýrum kr. 2.00.
3. Krufning með skriflegri rökstuddri greinargerð kr. 15.00.
- G. Fyrir skoðun á hrossum á útskipunarhöfn vegna sölu til útlanda eða fyrir skoðun á marköðum: kr. 1.50 fyrir hvert hross, enda sé heilbrigðis- og aldursvottorð látið af hendi, sé þess óskað.

2. gr.

- a. Nú hefur rannsókn verulegan aukakostnað í för með sér, t. d. fyrir sérstaklega aðkeypt efni, önnur en venjuleg efni til rannsókna og ber þá dýralækni aukreitis gjald fyrir það, þó aldrei meira en lyfjabúðarverð fyrir lyfjavörur, en raunverulegt kostnaðarverð fyrir annað.
- b. Nú er einhver rannsókn ekki við hæfi héraðsdýralæknis, og fær hann annan dýralækni eða rannsóknarstofu til að leysa hana af hendi, ber þá að gjalda honum það, sem honum er gert að greiða fyrir rannsóknina, ásamt kostnaði við útvegum hennar.
- c. Fyrir endurtekna rannsókn á sama sjúkdómi komi hálf gjald.
- d. Fyrir rannsókn vegna fleiri sjúklinga en eins í einu komi fullt gjald fyrir einn sjúkling, en hálf gjald fyrir hina.
- e. Nú þykir dýralækni eða heilbrigðisstjórn ástæða til vegna smithættu, að rannsaka fleiri gripi á heimilinu eða í grenndinni, eða hann fréttir um grunsama dæma sjúkdóma, skal honum þá greiða af opinberu fé samkvæmt IV. kafla gjaldskrárinnar.
- f. Þegar dýralæknir skoðar kýr fyrir mjólkurbú eða mjólkursamsölu, skal hann sjálfur sjá sér fyrir farkosti og gistingu, honum ber og að gefa viðkomandi mjólkurbúi eða mjólkursamsölu skýrslu um fjós, fóðrun, hirðingu, jógur, salerni og, ef óskað er, hirðingu mjólkurinnar, mjólkurilátanna og mjaltavéla, einnig um kælihús og kæliútbúnað, samkvæmt fyrirsögn yfirdýralæknis. Fyrir skoðunina og skýrslugerð ber viðkomandi mjólkurbúi eða mjólkursamsölu að greiða honum tvær krónur fyrir hverja kú, sem hann skoðar.
- g. Nú eru hross skoðuð á útskipunarhöfn, sem áður hafa verið skoðuð af dýralækni á markaðsstað og skal þá eigi greitt nema hálf gjald fyrir skoðunina.

II. KAFLI

Aðgerðir.

3. gr.

- A. Smærri aðgerðir. Gjald kr. 3.00:
1. Búið um minni háttar sár.
 2. Lyfjum dælt í hold eða æð.
 3. Lyfjum dreypt í, eða þau borin í auga eða hlustir.
 4. Skoluð leggöng, leghol, þarfagangur, þvagblaðra eða magi.
 5. Tekin flís úr holdi eða aðskotahlutir úr opum líkamans.
 6. Skafin sár og fistlar.
 7. Búið um beinbrot, minni dýr.
 8. Sorfnar tennur.
 9. Notkun magarörs.
 10. Stungið í kýli.
 11. Opnað blóðkýli.
 12. Fæðingarhjálp, minni dýr.
 13. Gelding (gris, hundur, köttur).
 14. Annað tilsvarendi.
- B. Minniháttar aðgerðir. Gjald kr. 5.00:
1. Teknar hyldir.
 2. Kreistur eggjastokkur.
 3. Uppskurður á spena.
 4. Stífla losuð úr vélinda.
 5. Kýr loftdæld við doða.
 6. Lagað skeiðarsig.
 7. Skorin upp þvagrás (minni dýr).
 8. Tálguð upp naglstunga eða stig.
 9. Fæðingarhjálp (stórgripa, létt, og smærri dýra, erfið).
 10. Lyfjum dælt í júgur.
 11. Annað tilsvarendi.
- C. Meiri háttar aðgerðir. Gjald kr. 10.00:
1. Grip kastað og hann svæfður eða deyfður.
 2. Gelding (hestur eða naut).
 3. Spengdur klaufarhófur.
 4. Meiti háttar aðgerðir á sárum.
 5. Annað tilsvarendi.
- D. Aðrar meiriháttar aðgerðir. Gjald kr. 15.00:
1. Tekin stór útvortis æxli.
 2. Skorið til steins eða aðskotahlutar í þvagrás.
 3. Meiriháttar fæðingaraðgerðir.
 4. Fyrir aðgerð á helti:
 - a. Brennt fyrir spatti.
 - b. Saumað vöðvasár.
 - c. Settur kerí í sinaslíður, lið eða sár.
 5. Leg sett inn.
 6. Aflímanir.
 7. Annað tilsvarendi.
- E. Miklar aðgerðir. Gjald kr. 20.00:
1. Kviðslitsskurður.
 2. Fæðingarhjálp stórgripa, limun eða legsnurða.

3. Skorinn stærri strengur úr hesti.

4. Annað tilsvarendi.

F. Mestu aðgerðir. Gjald kr. 40.00:

1. Geltur laungraður hestur og annað tilsvarendi.

114

20. sept.

4. gr.

- a. Nú eru tvær eða fleiri skýrt aðgreindar aðgerðir gerðar á sama grip og kemur þá fullt gjald fyrir eina aðgerðina (þá, sem hæst er metin), en hálf gjald fyrir hinar.
- b. Fyrir umbúðir, lyf og annan nauðsynlegan aukakostnað við aðgerð ber að greiða dýralækni sérstaklega, enda nemi hann einhverju verulegu.
- c. Fyrir endurteknar aðgerðir á sama sjúklingi komi hálf gjald.

III. KAFLI

Ferðir.

5. gr.

- A. Ef dýralæknir er sóttur út af heimili sínu, eða af því heimili, sem hann er staddur á, ber honum til viðbótar tilskildu ráðleggingargjaldi eða aðgerðargjaldi kr. 2.00.
- B. Fyrir ferð dýralæknis út úr kaupstöðum eða þorpum, sem hann situr í, eða tilsvarendi leið frá heimili hans, ef hann situr í sveit, ber honum tímakaup fyrir þann tíma, sem ferðin og viðdvölin í þágu viðkomnadi tekur og er gjaldið fyrir klukkustundina:
 1. Fyrir fyrstu 10 stundirnar kr. 2.00.
 2. Fyrir hinar næstu 5 kr. 1.50.
 3. Úr því kr. 0.75.

6. gr.

- a. Dýralækni ber ókeypis flutningur á ferðum hans, svo greiðum og svo beina leið frá og til heimilis hans, sem hægt er.
- b. Ef dýralæknir leggur sér til farkost sjálfur ber þeim, er hann ferðast fyrir, að endurgreiða honum þann kostnað, er hann hefur af farartækinu, eða ef hann á það sjálfur, samkvæmt ákvæðum landbúnaðarráðuneytisins.
- c. Á ferðum ber dýralækni að fá ókeypis fæði og gistingu eða greiðslu fyrir það, svo og annan útlagðan kostnað, t. d. símakostnað.

IV. KAFLI

Opinberar ferðir.

7. gr.

Þegar dýralæknir ferðast í þágu hins opinbera, ber honum að fá greiddan fæðis- og ferðakostnað, samkvæmt reikningi, er landbúnaðarráðuneytið samþykkir.

V. KAFLI

Kjötskoðun.

8. gr.

Fyrir að skoða og stimpla hvern skrokk:

Sauðfé, geitur kr. 0.08.

Naut, hross, svín kr. 2.00.

Kálfar, grísir kr. 1.00.

- 114 20. sept. Þurfi dýralæknir að annast kjötskoðun fjarri heimili sínu, ber sláturhúsi því, er hann skoðar kjötið fyrir, að sjá honum fyrir greiðum farkosti eða greiða honum fyrir farkost, ef hann leggur hann til sjálfur.

VI. KAFLI

Vísitala.

Allar greiðslur samkvæmt framangreindri gjaldskrá greiðast með verðlagsvísitölu, eins og hún er ákveðin á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. nóvember 1948.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. september 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

- 115 29. sept.

REGLUGERÐ

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Akranesi.

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt, 1% af fasteignamatsverði hússins.

Sama er og um önnur hús, er fá vatn úr vatnsveitu bæjarins.

Nú er hús, er greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður vatnsveitustjóri þá skattinn.

2. gr.

Auk vatnsskatts, samkvæmt 1. gr., skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verksmiðjur, frystihús, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskattur, samkv. 1. mgr., skal vera 30 aurar fyrir hvern teningsmetra. Þar sem svo hagar til, sem í 1. mgr. segir, skal vatnsveitustjóri ákveða aukavatnsskattinn, eftir áætlaðri notkun og samkvæmt verðlagi í 2. mgr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitustjóra, um aukavatnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitustjóra, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákvarðaður hlutfallslega við þá mælingu.

3. gr.

Verð á vatni, sem selt er til skipa á höfninni, skal vera kr. 5.00 fyrir hverja 1000 lítra.

Bæjarráð ákveður endurgjald fyrir vatnið frá hafnarsjóði til vatnsveitunnar, þó ekki undir 40 aorum fyrir hvern teningsmetra.

4. gr.

Nú er vatni úr vatnsveitu Akraness veitt í hús eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins, og skal þá ákveða vatnsskattinn samkv. því, er í reglugerð þessari segir.

5. gr.

115
29. sept.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, án leyfis slökkviliðsstjóra. Sérstakt leyfi bæjarráðs þarf til að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

6. gr.

Vatnsskattur, samkv. reglugerð þessari, fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

116
4. okt.

Gísli Jónasson.**AUGLÝSING**

um breyting á gjaldskrá fyrir landssímann frá 28. des. 1946.

1. gr.

6. málsgrein í II. kafla B. orðist svo:

Framangreind afnotagjöld miðast í Reykjavík við Reykjavíkurbæ og Seltjarnarnes allt inn að Elliðaám og þaðan um Bústaðaveg, Réttarholtsveg og Fossvogsveg heina leið í Fossvog.

2. gr.

V. kafli C. hljóði svo:

C. Radió-símtöl við skip og báta í hafi.

Gjald fyrir símtöl um íslenzkar strandarstöðvar er fyrir íslenzk skip samanlagt:

- a. Venjulegt símtalagjald milli strandarstöðvarinnar og þess, sem talar í landi, þó minnst kr. 3.00 fyrir viðtalsbilið.
- b. Strandargjald kr. 10.00 fyrir hvert byrjað viðtalsbil.
- c. Skipsgjald. Engin önnur íslenzk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er kr. 2.00 fyrir viðtalsbilið.

Gjöld fyrir radió-símtöl við erlend skip eru tilgreind í alþjóðagjaldskrá fyrir skip og strandarstöðvar.

3. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi er gerð samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjarskipti, og gengur í gildi 1. janúar 1949.

Samgöngumálaráðherrann, 4. október 1948.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.

117
9. okt.

REGLUGERÐ

fyrir Keflavíkurflugvöll, um umferð, öryggi o. fl.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Flugvallarstjóri ríkisins eða fulltrúi hans á Keflavíkurflugvelli fara með umboð flugmálastjórnarinnar (ráðherra, sem fer með flugmál, og flugráðs) á flugvellið, varðandi umráð og rekstur flugvallarins, samkvæmt samningi við Bandaríki Ameríku frá 7. október 1946.

2. gr.

Almennar reglur um aðflug.

Allar leiðbeiningar til loftfara á umráðasvæði hinnar íslensku flugumferðarstjórnar, sem eru að fara inn á aðflugsstjórnarsvæði Keflavíkurflugvallar, skulu samræmdar milli flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík og aðflugsstjórnarinnar á Keflavíkurflugvelli í samræmi við:

a) Reglur tilgreindar í þessari reglugerð;

b) Nákvæmlega sundurliðaðar reglur, sem fylgt er, bæði af flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík og aðflugsstjórninni á Keflavíkurflugvelli. Slíkar reglur skulu kveða á um takmörk aðflugssvæðis Keflavíkurflugvallar.

Öllum loftförum á leið til Keflavíkurflugvallar skal stjórnað af flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík samkvæmt alþjóða flugreglum (ICAO), þar til þau koma að takmörkum aðflugsstjórnarsvæðis Keflavíkurflugvallar.

Til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, getur rafveitustjórn selt orku með sérstökum samningi, með því skilyrði að stöðva megi þá orkusölu, hvenær sem nauðsynlegt er, að dómi rafveitustjóra.

F. Götu- og hafnarlýsing.

Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður hreppsnefnd eftir tillögum rafveitunefndar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjórn ákveður stærð og gerð mælitækja, sem notuð skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

- | | |
|---|-----------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 2.00 á mán. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. — — mælum 50 til 200 amp. | — 7.00 — — |
| 4. — — mælum yfir 200 amp. | — 10.00 — — |

- 148 Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem 5. nóv. næst 20% af verði mælitækisins. Leiguna skal innheimta um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimgaugargjald sem miðast við brunabótamat húsa og mannvirkja samkvæmt eftirfarandi skrá:

Brunabótamat	Heimgaugargjald	
	jarðlína	loftlína
Frá 0—25 þús. kr.	kr. 750.00	kr. 500.00
— 25—30 — —	— 880.00	— 590.00
— 30—40 — —	— 1010.00	— 680.00
— 40—50 — —	— 1140.00	— 770.00
— 50—60 — —	— 1270.00	— 860.00
— 60—70 — —	— 1400.00	— 950.00
— 70—80 — —	— 1530.00	— 1040.00
— 80—90 — —	— 1660.00	— 1130.00
— 90 þús. kr. og þar yfir	— 1800.00	— 1220.00

Heimgaugargjöld fyrir peningshús, hlöður, þurrkbúðir, verbúðir og önnur útihús greiðist eftir reikningi.

Í útreikningi á heimgaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati, og miðað heimgaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimgaugargjaldið miðast við það mat.

Heimgaugargjald fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu heimgaugar er lokið, eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt. Heimilt er að veita gjaldfrest á helmingi heimgaugargjaldsins í allt að 6 mánuði.

Sé lengd jarðlínuheimgaugar meiri en 25 metrar og loftlínuheimgaugar meiri en 60 metrar og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimgaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimgaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 10 kr.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveitu Stykkishólms, nr. 66 10. ágúst 1928.

Atvinnumálaráðuneytið, 5. nóvember 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð norskra stúdenta, út- 149
gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. nóv. 1948. 8. nóv.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð norskra stúdenta.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður norskra stúdenta.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöf hjónanna Guðrúnar og Salomons Brunborgs og sona þeirra, Erlings og Egils, en þau eru öll búsett í Billingsstad í Noregi. Er sjóðurinn helgaður minningu allra þeirra norsku stúdenta, sem lögðu líf sitt í sölu-urnar fyrir föðurland sitt í frelsisbaráttu Norðmanna á árunum 1940—1945.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 100 000 — eitt hundrað þúsund — krónur, og hefur frá Brunborg aflað þess með fyrirlestrahaldi, um frelsisbaráttu Norðmanna, og kvikmyndasýningum víðs vegar um Ísland.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla menningarsamband Íslands og Noregs með því að styrkja norska stúdenta og kandidata til náms við Háskóla Íslands.

5. gr.

Stjórn Háskóla Íslands (nú háskólaráð) skal sjá um vörzlu og ávöxtun sjóðsins. Skal fé sjóðsins jafnan ávaxtað með sem öruggustum og hagkvæmustum hætti, í veðdeildarbréfum, ríkisskuldabréfum og öðrum jafn tryggum verðbréfum.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Við höfuðstólinn skal ár hvert leggja 1% af vaxtatekjum sjóðsins. Að öðru leyti má verja vaxtatekjunum til styrkveitinga. Nú er sú heimild eigi notuð að fullu eitthvert ár, og skulu þá vextir þeir, sem afgangs verða, lagðir við höfuðstólinn.

7. gr.

Styrk úr sjóðnum má veita þeim mönnum einum, er svo eru efnalega staddir, að þeir hafa styrksins þörf, og hafa sýnt það með námi sínu og hegðun, að þeir séu styrksins verðugir. Konur geta ekki orðið aðnjótandi styrks úr sjóðnum.

8. gr.

Styrkveitingum úr sjóðnum skal eftir föngum haga svo, að styrkþegi fái nægilegan styrk til þess að geta stundað fyrirhugað nám sitt. Því skal í fyrstu aðeins einum styrkþega veittur styrkur, en síðan má fjölga þeim, ef sjóðurinn vex svo eða námskostnaður lækkar svo, að fé það, er til úthlutunar kemur, nægi fleiri en einum styrkþega.

9. gr.

Háskóli Íslands tilkynnir Oslóarháskóla í desembermánuði ár hvert, hve miklu fé muni varið til styrkveitinga úr sjóðnum á komandi ári. Oslóarháskóli auglýsir

- 149 styrkinn til umsóknar, tekur á móti umsóknum um hann og gerir tillögur um hverjum styrkur skuli veittur og sendir þær tillögur til Háskóla Íslands. Háskóli Íslands veitir síðan styrkinn eftir tillögum Oslóarháskóla og er það ósk gefendanna, að sú úthlutun fari fram 8. maí ár hvert.

Tillögur um styrkveitingu úr sjóðnum skulu jafnan sendar frá Guðrúnu Brunborg og eftir hennar dag syni hennar, Erlingi Brunborg í Billingsstad, og skal þess síðan jafnan gætt, að einhverjum niðja gefendanna í beinan karllegg sé gefinn kostur á að fylgjast með því, hversu fé sjóðsins er varið.

10. gr.

Hverjum þeim, sem verður aðnjótandi styrks úr sjóðnum, skal skylt að kynna sér tilgang hans og tildrögin að stofnun hans.

Að loknu tímabili því, er styrkur er veittur til, skal styrkþega skylt að senda Háskóla Íslands skriflega skýrslu sína um það, hver not honum hafi orðið að styrkunum. Háskóli Íslands skal senda frá Brunborg og síðan fulltrúa ættarinnar, sbr. 9. gr. 2. mgr., eftirrit af skýrslu þessari.

11. gr.

Háskóli Íslands heldur gerðabók fyrir sjóðinn. Í hana skal rita skipulagsskrá sjóðsins, reikninga hans, styrkveitingar úr honum og annað, er varðar hag sjóðsins og starf.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum háskólareikninganna.

12. gr.

Stofnendur sjóðs þessa hafa stofnað sjóð við Oslóarháskóla, og er honum ætlað sams konar hlutverk í Noregi sem þessum sjóði er ætlað á Íslandi.

13. gr.

Frú Guðrún Brunborg áskilur sér rétt til þess, innan næstu 5 ára, að koma fram með tillögur um breytingar á skipulagsskrá þessari, þó svo, að þær breytingar haggi að engu tilgangi sjóðsins.

14. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og fara þess á leit, að hún verði prentuð í B-deild Stjórnartíðindanna.

- 150 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Bindindismálasjóð Sigurgeirs Gíslasonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. nóv. 1948. 9. nóv. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bindindismálasjóð Sigurgeirs Gíslasonar.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Bindindismálasjóður Sigurgeirs Gíslasonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 534.26 og er það þannig til orðið, að félagar í Kaupfélagi Hafnarfjarðar gáfu eftirstöðvar af úthlutuðu fé við slit kaupfélagsins, sam-

tals að upphæð kr. 8 896.58, til nefndrar sjóðsstofnunar. Gunnlaugur Stefánsson kaupmaður í Hafnarfirði gaf um líkt leyti kr. 1000.00 til minningar um Árna Björnsson prófast frá Görðum og kr. 500.00 til minningar um Guðmund Helgason í Hafnarfirði. Þá hafa vextir lagzt við ofangreindar upphæðir, að upphæð kr. 137.68. Stofndagur sjóðsins telst áttæðisafmælisdagur Sigurgeirs Gíslasonar fyrrverandi sparissjóðsgjaldkera í Hafnarfirði, sem er þann 9. nóvember 1948.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita fé til útbreiðslu bindindis í Hafnarfjarðarbæ, t. d. með því að fá góðan mann á haustin, í byrjun starfstíma stúknanna, til að fara um kaupstaðinn og hvetja menn til að gerast bindindismenn, eða á annan hátt, er sjóðstjórninni þykir henta í hvert sinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum, körlum eða konum, og sé stjórnin kosin af stúkunni Morgunstjórnunni nr. 11, fyrir janúarmánaðarlok ár hvert. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn, þó þannig, að tveir stjórnenda gangi úr eftir hlutkesti, eftir eitt ár, og jafnan kosnir tveir í þeirra stað, á þann hátt er að ofan greinir. Ávallt skulu þrír stjórnarmeðlimir vera félagar í stúkunni Morgunstjórnunni, meðan hún starfar.

Leggist stúkan Morgunstjarnan niður, skal næstelzta undirstúka IOGT, sem starfandi er í Hafnarfirði, kjósa stjórnina á sama hátt, en leggist allar stúkur niður í Hafnarfirði, tekur stjórn Stórstúku Íslands við vörzlu sjóðsins, og skal hún nota fé hans á sama hátt fyrir regluboðun í Hafnarfirði, þar til stúka verður stofnuð þar á ný, sem þá tekur við sjóðnum.

Sjóðurinn skal geymdur í vörzlu stjórnar hans, sem starfandi er í hvert sinn, og ræður hún úthlutun úr sjóðnum.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af inneign, gjafir og áheit og aðrar tekjur, er stjórnin sér sér fært að afla.

6. gr.

Verja má allt að hálfum árstekjum sjóðsins, til ofangreindrar starfsemi, þangað til hann er orðinn kr. 25 000.00, en eftir það allt að $\frac{3}{4}$ árstekna hans.

7. gr.

Sjóðurinn skal geymdur í tryggum verðbréfum eða á annan hátt, er fullnægir fyrirmælum laga um örugga varðveislu og ávöxtun opinberra sjóða.

8. gr.

Fjárveitingar úr sjóðnum skulu fara fram þegar stjórn hans ákveður og á þann hátt, er henni þykir bezt henta, til að ná tilgangi sjóðsins.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir og allar framkvæmdir, sem varða hag og rekstur sjóðsins. Enn fremur skal hún halda nákvæma skýrslu yfir tekjur og gjöld sjóðsins.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveim þar til hæfum mönnum, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar kys til eins árs í senn.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún bit í B-deild Stjórnartíðindanna.

151

10. nóv.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir landssímann frá 28. des. 1946.

1. gr.

Aftan við 8. lið í IV. kafla A. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé ársleiga ekki greidd fyrir 1. apríl og ársfjórðungsleiga ekki fyrir 15. hvers fyrsta ársfjórðungsmánaðar, getur landssiminn lokað senditækjunum þannig, að aðeins megi nota þau í neyð. Verði þrátt fyrir það leiga ekki greidd innan eins mánaðar þar á eftir, getur landssiminn tekið hin leigðu tæki úr skipinu. Sama gildir, ef reikningar fyrir uppsetningu og aðgerðir á radióbúnaði í skipum, sem framkvæmdar eru af landssímanum, eru ekki greiddir innan eins mánaðar eftir að aðgerð fór fram.

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi er gerð samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjar-skipti, og gengur þegar í gildi.

Samgöngumálaráðherrann, 10. nóvember 1948.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.

152

11. nóv.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 25 11. febrúar 1948, um ríkisábyrgð vegna bátaútvægsins o. fl.

1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflýtjendum söluverð það á framleiðslu þeirra 1948 til útflutnings, sem ákveðið er í 2. gr.

2. gr.

Pressufiskur:

I. flokkur	kr.	pr.	kg	fob.	2.97
II. —	—	—	—	—	2.69
III. —	—	—	—	—	2.46

Labraverkaður:

I. flokkur	kr.	pr.	kg	fob.	3.44
II. —	—	—	—	—	3.12
III. —	—	—	—	—	2.88

 $\frac{3}{4}$ verkaður:

I. flokkur	kr.	pr.	kg	fob.	3.91
II. —	—	—	—	—	3.56
III. —	—	—	—	—	3.28

 $\frac{7}{8}$ verkaður:

I. flokkur	kr.	pr.	kg	fob.	4.12
II. —	—	—	—	—	3.75
III. —	—	—	—	—	3.46

Fullverkaður fyrir Spánarmarkað (Norður-Spánn):

I. flokkur	kr. pr. kg fob.	4.39
II. —	— — — —	4.00
III. —	— — — —	3.69

152

11. nóv.

Portúgalsverkaður:

I. flokkur	kr. pr. kg fob.	4.59
II. —	— — — —	4.19
III. —	— — — —	3.86

Cubaverkaður:

I. flokkur	kr. pr. kg fob.	4.76
II. —	— — — —	4.34
III. —	— — — —	4.01
IV. —	— — — —	3.68

Brazilíu- og Argentínuverkaður:

I. flokkur	kr. pr. kg fob.	4.96
II. —	— — — —	4.54
III. —	— — — —	4.19

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 128/1947 til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

S A M Þ Y K K T

153

11. nóv.

um lokunartíma sölubúða á Sauðárkróki.**1. gr.**

Sölubúðum á Sauðárkróki skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. grein samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. Fjórða og síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa opnar sölubúðir til kl. 9 síðdegis.

Á tímabilinu frá 1. maí til 20. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 1 e. h. og á föstudögum eigi síðar en kl. 7 e. h.

Frá 20. október til 30. apríl skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 á laugardögum.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útliti er fyrir að skortur geti orðið á þeim, er bæjarstjórn heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli lengri eða skemmri tíma lokað fyrr en kl. 6 síðd. og þær opnaðar síðar en kl. 9 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar sölubúðir vera opnar. Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

153

11. nóv.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum sumardaginn fyrsta, fyrsta mánudag í ágústmánuði, 1. maí, 17. júní og 1. desember frá kl. 9 árdegis til kl. 1 síðdegis, eingöngu til sölu á brauðum, kökum, mjólk, rjóma og skyri.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó óheimilt að selja eftir lokunartíma sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

5. gr.

Þá, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í lyfjabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, á torgum eða götum eða annars staðar utan sölubúða, nema úr sjálf-sölum, nokkurn þann varning, er ekki má selja án verzlunarleyfis. Heimilt er þó að selja bátum eða skipum, eftir lokunartíma, veiðarfæri, kol, olíu og matvæli, svo og bifreiðum benzín og olíu.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð Sauðárkróks. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um lokun sölubúða á Sauðárkróki, nr. 191 frá 24. nóvember 1942.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

154

11. nóv.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Neskaupstaðar.

I. RAFORKA

Rafveita Neskaupstaðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 50 aura hver kwst. auk fastagjalds, er nemi 50 aurum á mánuði á hvern m² gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með tveimur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

154

Um kwst. mæli á 35 aura hver kwst. auk fastagjalds, er nemi kr. 4.00 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Til herbergja skal ekki telja ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

11. nóv.

C. Vélar.

Þar, sem raforka er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 75 aura hver kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Um kwst.mæli til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 40 kw.:

Fyrstu	50	þús. kwst. ársnotkun á 35 aura hver kwst.				
Næstu	100	— — —	—	30	—	—
Næstu	100	— — —	—	28	—	—
Umfram	250	— — —	—	25	—	—

Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund að kvöldi.

D. Önnur rafmagnsnotkun.

1. Raforka til suðu til veitingahúsa og gistihúsa og annarra slíkra staða má selja eftir gjaldskrárlið B.
2. Raforku til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á 75 aura hver kwst.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitunefndar.
4. Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. 1, nema rafveitustjórn semji sérstaklega um annað í hvert skipti.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi skrá:

1. Af einfasa mælum allt að 30 amp.	kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 4.00 — —
3. — — mælum 50 til 200 amp.	— 9.00 — —
4. — — — yfir 200 amp.	— 13.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleiðan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðað er við rúmmál húss á þann hátt sem hér segir:

154
11. nóv.

Rúmmál húss m ³				Heimtaugargjald jarðstrengs kr.	Rúmmál húss m ³				Heimtaugargjald jarðstrengs kr.		
Frá	0	allt	að	100	500	Frá	600	allt	að	650	1325
—	100	—	—	150	575	—	650	—	—	700	1400
—	150	—	—	200	650	—	700	—	—	750	1475
—	200	—	—	250	725	—	750	—	—	800	1550
—	250	—	—	300	800	—	800	—	—	850	1625
—	300	—	—	350	875	—	850	—	—	900	1700
—	350	—	—	400	950	—	900	—	—	1000	1800
—	400	—	—	450	1025	—	1000	—	—	1200	2000
—	450	—	—	500	1100	—	1200	—	—	1500	2200
—	500	—	—	550	1175	—	1500	og þar yfir			2400
—	550	—	—	600	1250						

Fyrir loftlínu skal greiða heimtaugargjald, er nemur 70% af gjaldinu fyrir jarðstreng.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar, loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar og (eða) gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er. Standi sérstaklega á eða óvenjulegir örðugleikar eru við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar lokið er lagningu heimtaugar.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, kr. 10.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 krónu gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveitu Norðfjarðar, nr. 5 22. janúar 1929, og auglýsing um breyting á þeirri gjaldskrá, nr. 47 22. marz 1948

Atvinnumálaráðuneytið, 11. nóvember 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

155

13. nóv.

um breytingar á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík, með breytingum 12. febrúar 1947.

1. gr.

5. mgr. 4. gr. orðist svo: Laugardaga til kl. 4 síðdegis.

2. gr.

6. mgr. 4. gr. Í stað orðanna „til kl. 5 síðdegis“ komi: til kl. 4 síðdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. nóvember 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

SAMÞYKKT

156

15. nóv.

um lokunartíma sölubúða í Búðardalskaupþúni og annars staðar í Laxárdalshreppi.

1. gr.

Sölubúðum í Búðardalskaupþúni og annars staðar í Laxárdalshreppi skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2. og 3. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu þær undantekningar frá þessu sem nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðd. og laugardag fyrir páska og laugardag fyrir hvítasunnu eigi síðar en kl. 12 á hádegi. Fjórða og síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 12 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. sept. skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 12 á hádegi og á föstudögum eigi síðar en kl. 7 e. h.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar sölubúðir vera opnar. Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

4. gr.

Þá, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

- 156 Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20 til 500 krónum og renna sekt-
15. nóv. irnar í hreppssjóð Laxárdalshrepps. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka
sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er og samþykkt af hreppsnefnd Laxárdalshrepps, stað-
festist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar
í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gíslí Jónasson.

- 157 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Möðruvallaklausturs-
18. nóv. kirkju“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. nóv. 1948.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Möðruvallaklausturskirkju.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Möðruvallaklausturskirkju, og er eign Möðru-
vallaklausturskirkju í Hörgárdal.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður með 6000 — sex þúsund — krónum, af Ólafi Tr. Ólafssyni bónda í Dagverðartungu, og fjölskyldu hans, og Jóni Ólafssyni, bifreiðaeftirlitsmanni í Reykjavík, og fjölskyldu hans, til minningar um Gísla Ólafsson, organista, Dagverðartungu, f. 12. október 1911, d. 4. október 1946, og afa hans, Ólaf Tryggva Jónsson, Dagverðartungu, d. 17. júní 1922, fyrsta organista Möðruvallaklausturskirkju, á aldarafmæli hins síðarnefnda, 30. ágúst 1948.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vinna að eflingu kirkjusöngs í Möðruvallaklausturskirkju, á þann hátt, sem sjóðsstjórnin á hverjum tíma telur hentugast, svo sem með fjárveitingu til kirkjukórsstarfsemi, menntunar organleikara, hljóðfæriskaupa o.s.frv.

4. gr.

Ætlast er til, að sjóðurinn fái einkum tekjur af dánargjöfum, og séu gefin út minningarspjöld í þeim tilgangi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins annast sóknarprestur og sóknarnefnd Möðruvallaklausturskirkju, og sé sóknarprestur formaður sjóðsstjórnar.

6. gr.

Úr sjóðnum má fyrst veita 4. október 1951, en þó aldrei meiru en því, er nemur $\frac{3}{4}$ hlutum árlegra vaxta hans, unz hann er orðinn kr. 10000.00, þá öllum tekjum hans næstliðið almanaksár, ef þurfa þykir, og sé hinn árlegi úthlutunardagur jafnan 4. október, sé það unnt.

7. gr.

157

Verkefni sjóðstjórnar er:

18. nóv.

- a. Að ávaxta sjóðinn á sem hagfelldastan hátt hjá tryggri lánsstofnun, og skal hún leggja fram reikninga hans á hverjum aðalsafnaðarfundi Mökuvallaklausturskirkju, með öðrum reikningum kirkjunnar.
- b. Að ákveða úthlutun úr sjóðnum í hvert sinn eftir 3. gr.
- c. Að halda skrá yfir tekjur sjóðsins samkv. 4. gr. og sérstaka minningabók, er geymi nöfn þeirra manna, sem minnst er með gjöfum til sjóðsins.

8. gr.

Skipulagsskrá þessa má endurskoða að fimm árum liðnum, með samþykki safnaðarfundar, en þó skulu 3 fyrstu liðir hennar ætíð haldast óbreyttir.

9. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Dagverðartungu í Hörgárdal, 29. ágúst 1948.

Ólafur Tr. Ólafsson. Jón Ólafsson.

REGLUGERÐ

158

fyrir vatnsveitu í Hveragerðishreppi.

25. nóv.

1. gr.

Hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt.

2. gr.

Vatnsveitunefnd er kosin af hreppsnefnd, eftir hverjar hreppsnefndarkosningar, og annast hún framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur veitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við oddvita og hreppsnefnd.

Í vatnsveitunefnd skulu vera 3 menn og 3 til vara. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir liggja að. Frá aðalvatnsæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Hveragerðis, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

5. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar og með þeim útbúnaði, er hún telur tryggan.

158

25. nóv.

6. gr.
 Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar með þarf, vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerðar á vatnsæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrir fram, ef þess er kostur. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þó að slík lokun fari fram.

7. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir itrekaðar áminningar eyða vatni að óþörfu eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa vatnsæðum sínum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum tíma.

8. gr.

Skyllt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir, samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Hver sá, er tekur vatn úr vatnsveitunni án heimildar, eða á annan hátt en gert er ráð fyrir, í þeim tilgangi að losna við að greiða gjald fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt hegningarlögunum, auk þess sem honum er skylt að greiða fyrir vatnið samkvæmt mati vatnsveitunefndar.

10. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða bætur fyrir samkvæmt mati dómkvaddra manna og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við.

11. gr.

Vatnsveitunefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og viðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að láta gera við það á hans kostnað.

12. gr.

Af öllum húseignum í Hveragerðishreppi, sem virtar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði er lóð þeirra nær til, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteignamatsvirðingu húsanna. Skatt skal einnig greiða eftir virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því, og nota vatn úr vatnsæðum hreppsins.

13. gr.

Af öllum húsum í Hveragerðishreppi, sem svo er ástatt um, sem um getur í 12. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð 15% — fimmtán af þúsundi —, þó skal lágmarksskattur vera kr. 50.00 fyrir hvert íbúðarhús.

14. gr.

Af gróðurhúsum greiðist kr. 0.45 fyrir hvern fermetra. Af húsum, sem nota vatn til annarra en venjulegra heimilisnota, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin s. s. verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnfyrirtæki o. fl., skal greiða aukaskatt fram yfir það, sem um getur í 13. gr. reglugerðar þessarar, eftir því sem vatnsveitunefnd ákveður hverju sinni, þó skal gjaldið ætíð vera í samræmi við gildandi vatnalöggjöf. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á vatnsskatti af fyrirtæki hans.

15. gr.

158

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldþagi vatnsskatts er 15. júlí ár hvert. Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts af húseign sinni. 25. nóv.

16. gr.

Heimilt er hreppsnefndinni fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskatt um allt að 20% (20 af hundraði).

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða allt að kr. 500.00 sekt, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari, skulu sæta meðferð almennra lög-reglumála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðishrepps, staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. nóvember 1948.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

REIKNINGAR BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS 159

Efnahagsreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands með útibúi 31. des. 1947.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
a. Fasteignaveðslán	kr. 2 286 387.40	
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 1 454 395.67	
c. Sveitarstjórnarlán, sýslu og ríkis	— 340 540.00	
d. Reikningslán	— 4 155 309.58	
		kr. 8 236 632.65
2. Vixlar	— 25 786 804.24	
3. Verðbréf	— 12 609 802.15	
4. Lán í hlaupareikningi	— 5 733 034.32	
5. Kreppulánasjóður bæjar og sveitarfélaga	— 403 408.02	
6. Ýmsir skuldunautar	— 623 472.27	
7. Innanstokksmunir	— 26 700.00	
8. Fasteignir	— 3 190 000.00	
9. Innheimtur	— 190 544.75	
10. Tryggingar fyrir ábyrgðum	— 98 000.00	
11. Bankainnstæða og peningar í sjóði	— 8 361 878.63	
		Kr. 65 260 277.03

159

Skuldir:

1.	Innstöðufé í sparisjóði	kr. 43 229 192.14
2.	— á viðtökuskirteinum	— 3 325 912.81
3.	— í hlaupareikningi	— 9 204 519.37
4.	— í reikningslánum	— 250 949.04
5.	Ræktunarsjóður Íslands	— 98 877.87
6.	Viðlagasjóður	— 624 179.77
7.	Byggingarsjóður	— 935 216.64
8.	Loðdýralánadeild	— 11 217.57
9.	Smábýladeild	— 260 965.17
10.	Veðdeild	— 36 772.54
11.	Nýbýlasjóður	— 19 142.29
12.	Kreppulánasjóður	— 63 059.39
13.	Ýmsir kröfuhafar	— 628 853.58
14.	Ábyrgðir	— 98 000.00
15.	Ógreitt tap	— 400 000.00
16.	Fyrningarsjóður fasteigna	— 940 000.00
17.	Ógreitt tillag til eftirlaunasjóðs	— 150 000.00
18.	Varasjóður	— 4 590 263.20
19.	Flyzt til næsta árs: Fyrir fram greiddir vextir	— 393 155.65
		Kr. 65 260 277.03

Rekstrarreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands með útibúi 1947.

Tekjur:

1.	Vextir f. f. á.	kr. 402 108.23
2.	Forvextir af víxlum	— 1 689 838.33
3.	Aðrir vextir	— 1 154 787.18
4.	Ýmislegar tekjur	— 155 400.92
		Kr. 3 402 134.66

Gjöld:

1.	Vextir	kr. 837 214.36
2.	Rekstrarkostnaður	— 863 450.71
3.	Til fyrningarsjóðs fasteigna	— 300 000.00
4.	Viðbótartillag til eftirlaunasjóðs	— 150 000.00
5.	Lagt til hliðar fyrir væntanlegu tapi	— 100 000.00
6.	Til varasjóðs	— 758 313.94
7.	Flyzt til næsta árs: Fyrir fram greiddir vextir	— 393 155.65
		Kr. 3 402 134.66

Efnahagsreikningur sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík 31. des. 1947.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:	
a.	Fasteignaveðslán	kr. 1 734 827.40
b.	Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 896 079.00
		Flyt kr. 2 630 906.40

	Flutt	kr. 2 630 906.40	159
c. Sveitarstjórnarlán, sýslu og ríkis	—	340 540.00	
d. Reikningslán	—	3 624 381.57	
		<hr/>	kr. 6 595 827.97
2. Vixlar	—	22 137 499.39	
3. Verðbréf	—	12 588 302.15	
4. Lán í hlaupareikningi	—	5 725 171.33	
5. Útibú	—	218 796.85	
6. Kreppulánasjóður bæjar og sveitar félaga	—	403 408.02	
7. Ýmsir skuldunautar	—	623 472.27	
8. Innanstokksmunir	—	25 000.00	
9. Fasteignir	—	3 150 000.00	
10. Innheimtur	—	190 544.75	
11. Tryggingar fyrir ábyrgðum	—	98 000.00	
12. Bankainnstæða og peningar í sjóði	—	7 869 026.72	
		<hr/>	Kr. 59 625 049.45

Skuldir:

1. Innstæða í sparisjóði	kr. 39 696 290.84
2. — á viðtökuskirteinum	— 3 163 629.61
3. — í hlaupareikningi	— 7 884 059.27
4. — í reikningslánum	— 194 050.49
5. Ræktunarsjóður Íslands	— 98 877.87
6. Byggingarsjóður	— 935 216.34
7. Viðlagasjóður	— 624 179.77
8. Loðdýralánadeild	— 11 217.57
9. Smábýladeild	— 260 965.17
10. Kreppulánasjóður	— 63 059.39
11. Veðdeild	— 36 772.54
12. Nýbýlasjóður	— 19 142.29
13. Ýmsir kröfuhafar	— 581 399.17
14. Fyrningarsjóður fasteigna	— 900 000.00
15. Ábyrgðir	— 98 000.00
16. Ógreitt tap	— 400 000.00
17. Ógreitt tillag til eftirlaunasjóðs	— 150 000.00
18. Varasjóður	— 4 207 268.37
19. Flyzt til næsta árs:	
Fyrir fram greiddir vextir	— 300 920.46
	<hr/>
	Kr. 59 625 049.45

Rekstrarreikningur sparisjóðseildar Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík 1947.

Tekjur:

1. Vextir f. f. á	kr. 327 842.97
2. Forvextir af vixlum	— 1 388 854.49
3. Aðrir vextir	— 1 154 787.18
4. Ýmislegar tekjur	— 112 946.94
	<hr/>
	Kr. 2 984 431.58

159

Gjöld:

1. Vextir	kr. 755 404.80
2. Rekstrarkostnaður	— 735 363.35
3. Lagt til hliðar fyrir væntanlegu tapi	— 100 000.00
4. Til fyrningarsjóðs fasteigna	— 300 000.00
5. Viðbótartillag til eftirlaunasjóðs	— 150 000.00
6. Til varasjóðs	— 642 742.97
7. Flyzt til næsta árs: Fyrir fram greiddir vextir	— 300 920.46
	<hr/>
	Kr. 2 984 431.58

Efnahagsreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 31. des. 1947.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
a. Fasteignaveðslán	kr. 551 560.00	
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 558 316.67	
c. Reikningslán	— 530 928.01	
	<hr/>	
		kr. 1 640 804.68
2. Vixlar	— 3 649 304.85	
3. Lán í hlaupareikningi	— 7 862.99	
4. Innanstokksmunir	— 1 700.00	
5. Fasteignir	— 40 000.00	
6. Verðbréf	— 21 500.00	
7. Bankainnstæða og peningar í sjóði	— 492 851.91	
	<hr/>	
		Kr. 5 854 024.43

Skuldir:

1. Innstæða í sparisjóði	kr. 3 532 901.30
2. — á viðtökuskirteinum	— 162 283.20
3. — í hlaupareikningi	— 1 320 460.10
4. — í reikningslánnum	— 56 898.55
5. Skuld við Búnaðarbanka Íslands	— 218 796.85
6. Fyrningarsjóður fasteigna	— 40 000.00
7. Ýmsir kröfuhafar	— 47 454.41
8. Varasjóður	— 382 994.83
9. Flyzt til næsta árs: Fyrir fram greiddir vextir	— 92 235.19
	<hr/>
	Kr. 5 854 024.43

Rekstrarreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 1947.

Tekjur:

1. Vextir f. f. á.	kr. 74 265.26
2. Forvextir	— 300 983.84
3. Ýmislegar tekjur	— 42 453.98
	<hr/>
	Kr. 417 703.08

Gjöld:

159

1. Vextir	kr. 81 809.56
2. Kostnaður	— 128 087.36
3. Til varasjóðs	— 115 570.97
4. Flyzt til næsta árs:	
Fyrir fram greiddir vextir	— 92 235.19
	<hr/>
	Kr. 417 703.08

Efnahagsreikningur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 31. desember 1947.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
1. flokkur	kr. 180 046.37	
2. flokkur	— 1 227 638.36	
	<hr/>	kr. 1 407 684.73
2. Ógreiddir vextir	— 20 000.00	
3. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 36 772.54	
	<hr/>	Kr. 1 464 457.27

Skuldir:

Varasjóður	kr. 1 464 454.27
	<hr/>
	Kr. 1 464 457.27

Rekstrarreikningur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 1947.

Tekjur:

1. Vextir af lánum	kr. 56 921.27
2. Lántökugjald	— 2 860.00
	<hr/>
	Kr. 59 781.27

Gjöld:

1. Kostnaður	kr. 40 000.00
2. Til varasjóðs	— 19 781.27
	<hr/>
	Kr. 59 781.27

Höfuðstóll Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1947.

1. Frá fyrra ári	kr. 3 845 772.78
2. Tekjuafgangur	— 557 977.90
	<hr/>
	Kr. 4 403 750.68

Varasjóður Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1947.

1. Frá fyrra ári	kr. 535 451.09
2. Lántökugjald	kr. 17 267.00
3. Vextir	— 10 762.17
	<hr/>
	— 28 029.17
	<hr/>
	Kr. 563 480.26

159

Efnahagsreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1947.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:	
4% þjóðjarðasölulán	kr. 22 403.40
4% jarðabótalán	— 1 015.44
4½% lán 1. flokks	— 313 936.56
4½% lán 3. flokks	— 451 792.90
4½% lán 4. flokks	— 563 297.52
2½% lán 5. flokks	— 1 723 700.00
	<hr/>
	kr. 3 076 145.82
2. Verðbréf	— 1 173 726.99
3. Ógreiddir vextir	— 55 000.00
4. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 98 877.87
	<hr/>
	Kr. 4 403 750.68

Skuldir:

Höfuðstóll	kr. 4 403 750.68
	<hr/>
	Kr. 4 403 750.68

Rekstrarreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 1947.

Tekjur:

1. Vextir af lánum	kr. 93 257.63
2. Verðbréfavextir	— 10 210.27
3. Ríkissjóðstillag	— 500 000.00
	<hr/>
	Kr. 603 467.90

Gjöld:

1. Kostnaður	kr. 45 490.00
2. Lagt við höfuðstól	— 557 977.90
	<hr/>
	Kr. 603 467.90

Efnahagsreikningur Byggingarsjóðs 31. desember 1947.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:	
a. Endurhýsingarlán, 1. flokkur	kr. 2 230 203.46
b. Nýbýlalán á ræktuðu landi	— 117 822.14
c. Nýbýlalán á óræktuðu landi	— 62 785.00
d. Endurhýsingarlán, 2. flokkur	— 4 801 109.53
	<hr/>
	kr. 7 211 920.13
2. Verðbréf	— 762 448.62
3. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 935 216.64
	<hr/>
	Kr. 8 909 585.39

Skuldir:

1. Ógreitt tap	kr. 3 595.89
2. Landnámssjóður	— 2 144 661.44
3. Höfuðstóll	— 6 761 328.06
	<hr/>
	Kr. 8 909 585.39

Rekstrarreikningur Byggingarsjóðs 1947.

159

Tekjur:

1. Lántökugjald	kr.	49 357.00
2. Vextir af lánum	—	125 795.30
3. Verðbréfavextir	—	10 844.60
4. Ríkissjóðstillag:		
a. Til Byggingarsjóðs	kr.	2 500 000.00
b. Til Landnámssjóðs	—	2 500 000.00
		<hr/>
	kr.	5 000 000.00
		<hr/>
	Kr.	5 185 996.90

Gjöld:

1. Kostnaður við teiknistofu	kr.	183 445.10
2. Rekstrarkostnaður	—	220 785.30
3. Til Landnámssjóðs	—	2 500 000.00
4. Aukin eign	—	2 281 766.50
		<hr/>
	Kr.	5 185 996.90

Höfuðstóll Viðlagasjóðs 31. desember 1947.

Frá fyrra ári	kr.	1 284 446.26
Tekjuafgangur	—	24 932.62
		<hr/>
	Kr.	1 309 378.88

Skipting:

Eign Ræktunarsjóðs Íslands	kr.	1 309 378.88
		<hr/>
	Kr.	1 309 378.88

Efnahagsreikningur Viðlagasjóðs 31. desember 1947.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum	kr.	310 718.80
2. Verðbréf	—	374 480.31
3. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	—	624 179.77
		<hr/>
	Kr.	1 309 378.88

Skuldir:

Höfuðstóll	kr.	1 309 378.88
		<hr/>
	Kr.	1 309 378.88

Rekstrarreikningur Viðlagasjóðs 1947.

Tekjur:

1. Innheimtir vextir af lánum	kr.	18 742.78
2. Vextir af verðbréfum	—	26 316.72
		<hr/>
	Kr.	45 059.50

159

Gjöld:

1. Kostnaður	kr. 20 000.00
2. Afskrifað tap	— 126.88
3. Lagt við höfuðstól	— 24 932.62
	<hr/>
	Kr. 45 059.50

Efnahagsreikningur Loðdýralánadeildar 31. desember 1947.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánnum	kr. 2 140.00
2. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 11 217.57
	<hr/>
	Kr. 13 357.57

Skuldir:

Varasjóður	kr. 13 357.57
	<hr/>
	Kr. 13 357.57

Rekstrarreikningur Loðdýralánadeildar 1947.

Tekjur:

1. Vextir af lánnum	kr. 225.65
2. Tekjuhalli	— 960.35
	<hr/>
	Kr. 1 186.00

Gjöld:

1. Rekstrarkostnaður	kr. 500.00
2. Afskrifað tap á lánnum	— 686.00
	<hr/>
	Kr. 1 186.00

Efnahagsreikningur Smábýladeildar 31. desember 1947.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánnum	kr. 39 943.35
2. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 260 965.17
	<hr/>
	Kr. 300 908.52

Skuldir:

Varasjóður	kr. 300 908.52
	<hr/>
	Kr. 300 908.52

Rekstrarreikningur Smábýladeildar 1947.

Tekjur:

Vextir af lánnum	kr. 1 245.82
	<hr/>
	Kr. 1 245.82

Gjöld:

1. Rekstrarkostnaður	kr. 500.00
2. Til varasjóðs	— 745.82
	<hr/>
	Kr. 1 245.82

Efnahagsreikningur Nýbýlasjóðs 31. desember 1947.

159

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánunum	kr. 758 729.05
2. Viðskiptamenn	— 1 085.55
3. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 19 142.29
	<hr/>
	Kr. 778 956.89

Skuldir:

1. Útgefin nýbýlabréf í umferð	kr. 395 100.00
2. Ógreiddir vaxtamiðar	— 19 755.00
3. Varasjóður	— 364 101.89
	<hr/>
	Kr. 778 956.89

Rekstrarreikningur Nýbýlasjóðs 1947.

Tekjur:

1. Endurgreiddar styrkveitingar	kr. 48 000.00
2. Lántökugjald og teikningar	— 802.00
3. Vextir af lánunum	— 34 564.85
	<hr/>
	Kr. 83 366.85

Gjöld:

1. Rekstrarkostnaður	kr. 20 000.00
2. Vaxtamiðar	— 19 755.00
3. Til varasjóðs	— 43 611.85
	<hr/>
	Kr. 83 366.85

Reykjavík, 2. janúar 1948.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Hilmar Stefánsson.

Framanritaða reikninga Búnaðarbanka Íslands fyrir árið 1947 höfum við yfirfarið og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 3. marz 1948.

Sigurjón Á. Ólafsson. Einar Gestsson.

Með tilvísun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar bankaráð Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 15. marz 1948.

Hermann Jónasson. Þorst. Þorsteinsson. Gunnar Benediktsson.

159

Efnahagsreikningur Kreppulánasjóðs 31. desember 1947.**Eignir:**

1. Skuldabréf fyrir lánum	kr. 3 790.40
2. Ógreiddir vextir	— 700.00
3. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 63 059.39

 Kr. 67 549.79
Skuldir:

Stofnsjóður	kr. 67 549.79
-------------------	---------------

 Kr. 67 549.79
Rekstrarreikningur Kreppulánasjóðs 1947.**Tekjur:**

1. Vextir af lánum	kr. 722.50
2. Rekstrarhalli	— 10 777.50

 Kr. 11 500.00
Gjöld:

Rekstrarkostnaður	kr. 11 500.00
-------------------------	---------------

 Kr. 11 500.00
Stofnsjóður Kreppulánasjóðs 31. desember 1947.

Frá fyrra ári	kr. 87 945.72
Frá dregst: Tap á lánum	kr. 9 618.43
Rekstrarhalli	— 10 777.50

 — 20 395.93

 Kr. 67 549.79

Reykjavík, 2. janúar 1948.

KREPPULÁNASJÓÐUR**Hilmar Stefánsson.**

Framanritaða reikninga Kreppulánasjóðs fyrir árið 1947 höfum við undirritaðir endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 3. marz 1948.

Sigurjón Á. Ólafsson. Einar Gestsson.

Með tilvísun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvíttar bankaráð Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 15. marz 1948.

Hermann Jónasson. Þorst. Þorsteinsson. Gunnar Benediktsson.

Efnahagsreikningur Kreppulánasjóðs bæjar og sveitar félaga 31. desember 1947. 159

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum	kr. 342 007.09
2. Óinnheimtir vextir	— 50 000.00
3. Óhafið ríkissjóðstillag	— 11 400.93

 Kr. 403 408.02

Skuldir:

Skuld við Búnaðarbanka Íslands	kr. 403 408.02
--------------------------------------	----------------

 Kr. 403 408.02

Rekstrarreikningur Kreppulánasjóðs bæjar og sveitar félaga 1947.

Tekjur:

1. Vextir af lánum	kr. 22 622.31
2. Rekstrarhalli	— 11 400.93

 Kr. 34 023.24

Gjöld:

1. Vextir	kr. 24 023.24
2. Rekstrarkostnaður	— 10 000.00

 Kr. 34 023.24

Reykjavík, 2. janúar 1948.

KREPPULÁNASJÓÐUR BÆJAR OG SVEITAR FÉLAGA

Hilmar Stefánsson.

Framanritaða reikninga Kreppulánasjóðs bæjar og sveitar félaga fyrir árið 1947 höfum við undirritaðir endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 3. marz 1948.

Sigurjón Á. Ólafsson. Einar Gestsson.

Með tilvisun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar bankaráð Búnaðarbanka Íslands fyrir reikninginn.

Reykjavík, 15. marz 1948.

Hermann Jónasson. Þorst. Þorsteinsson. Gunnar Benediktsson.

159 Efnahagsreikningur Landnámssjóðs 31. desember 1947.

Eignir:

1. Innstæða á hlr. 920 í Búnaðarbanka	kr.	4 680.68
2. Inneign hjá Búnaðarbanka	—	2 144 661.44
3. Inneign hjá nýbýlahverfum	—	31 535.59
4. Innanstokksmunir	—	4 800.00
5. Vélar og áhöld	—	79 446.68
		<hr/>
		Kr. 2 265 124.39

Skuldir:

Óráðstafað til næsta árs	kr.	2 265 124.39
		<hr/>
		Kr. 2 265 124.39

Rekstrarreikningur Landnámssjóðs 1947.

Tekjur:

Tillag úr rikissjóði	kr.	2 500 000.00
		<hr/>
		Kr. 2 500 000.00

Gjöld:

1. Skrifstofukostnaður, laun o. fl.	kr.	92 373.31
2. Ferðakostnaður	—	6 497.45
3. Styrkir samkv. lögum um landnám og nýbyggðir	—	9 210.00
4. Styrkir samkv. bráðabirgða ákvæðum laganna	—	126 794.85
5. Tekjur umfram gjöld	—	2 265 124.39
		<hr/>
		Kr. 2 500 000.00

Reykjavík, 2. jan. 1948.

Pálmi Einarsson,
landnámsstjóri.

Reikningurinn yfirfarinn og borinn saman við bækur sjóðsins og reynist hann réttur.

Reykjavík, 3. marz 1948.

Sigurjón Á. Ólafsson. Einar Gestsson.

Með tilvísun til ofanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda kvittar nýbýlastjórn fyrir reikninginn.

Reykjavík, 12. marz 1948.

Jón Pálmason. Steingrímur Steinþórsson. Jón Sigurðsson.
Helgi Hannesson. Ásmundur Sigurðsson.

Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands.

159

Yfirlit um tekjur og gjöld árið 1947 og efnahag 31. des. 1947.

Tekjur:

1. Eign 1. jan. 1947:			
a. Verðbréf	kr. 145 466.67		
b. Innstæða í sparisjóði Búnaðarbanka Íslands —	14 057.26	kr. 159 523.93	
2. Vextir	—	9 271.63	
3. Tillög bankans og sjóðfélaga	—	16 833.90	
4. Viðbótartillag bankans	—	150 000.00	
		<u>Kr. 335 629.46</u>	

Gjöld:

Eign í árslok:			
1. Verðbréf	kr. 183 833.34		
2. Innstæða í sparisjóði Búnaðarbanka Íslands	—	9 796.12	
3. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands:			
Óhafið tillag	kr. 150 000.00		
÷ bráðabirgðalán	—	8 000.00	— 142 000.00
		<u>Kr. 335 629.46</u>	

YFIRLIT

160

um hag Búnaðarbanka Íslands, 30. júní 1948.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
a. Sparisjóðsdeild	kr. 6571842.96		
b. Veðdeild	—	1402037.20	
c. Ræktunarsjóður	—	4600677.37	
d. Byggingarsjóður	—	8467069.90	
e. Viðlagasjóður	—	306591.65	
f. Loðdýralánadeild	—	1240.00	
g. Smábýladeild	—	35107.32	
h. Nýbýlasjóður	—	775245.99	kr. 22159812.39
2. Verðbréf:			
a. Sparisjóðsdeild	kr. 19452222.95		
b. Ræktunarsjóður	—	1168226.99	
c. Byggingarsjóður	—	745059.97	
d. Viðlagasjóður	—	322005.28	— 21687515.19
3. Vixlar			— 23913367.65
4. Lán í hlaupareikningi			— 4928949.74
5. Ýmsir viðskiptamenn:			
a. Sparisjóðsdeild	kr. 151563.28		
b. Ræktunarsjóður	—	45000.00	
c. Byggingarsjóður	—	30068.80	
d. Nýbýlasjóður	—	29247.85	— 255879.93
		<u>Flyt</u>	<u>kr. 72945524.90</u>

160

	Flutt	kr. 72945524.90
6. Óinnheimtar tekjur:		
Veðdeild	—	8545.25
7. Teiknistofa	—	89628.70
8. Tryggingar fyrir ábyrgðum	—	98000.00
9. Innanstokksmunir	—	27737.00
10. Sameiginlegur kostnaður	—	610535.24
11. Kreppulánasjóður bæjar og sveitarfélaga	—	382139.80
12. Fasteignir	—	3150000.00
13. Innheimtur	—	253943.05
14. Sparisjóðsinnstæða varasjóðs Ræktunarsjóðs	—	563480.26
15. Bankainnstæða og peningar í sjóði	—	13841185.10
		<hr/>
		Kr. 91970719.30

Skuldir:

1. Innstæða í sparisjóði og á skirteinum	kr. 45948163.00
2. Innstæða í hlaupareikningi	— 9394683.79
3. Innstæða í reikningslánnum	— 502885.55
4. Ýmsir viðskiptamenn:	
a. Sparisjóðsdeild	kr. 915325.67
b. Ræktunarsjóður	— 2500000.00
c. Byggingarsjóður	— 4903381.59
d. Nýbýlasjóður	— 345100.00
	<hr/>
	— 8663807.26
5. Kreppulánasjóður	— 64477.11
6. Ábyrgðir	— 98000.00
7. Fyrningarsjóður fasteigna	— 900000.00
8. Vextir og aðrar tekjur:	
a. Sparisjóðsdeild	kr. 1739219.22
b. Ræktunarsjóður	— 376769.70
c. Byggingarsjóður	— 1308984.77
d. Viðlagasjóður	— 22098.92
e. Loðdýralánadeild	— 82.60
f. Smábýladeild	— 1093.84
g. Nýbýlasjóður	— 8839.49
	<hr/>
	— 3457088.54
9. Útibú á Akureyri	— 460921.11
10. Landnámssjóður	— 3092661.44
11. Skuldlaus eign:	
a. Sparisjóðsdeild	kr. 4207268.37
b. Veðdeild	— 1464457.27
c. Ræktunarsjóður	— 4967230.94
d. Byggingarsjóður	— 6761328.06
e. Viðlagasjóður	— 1309378.88
f. Loðdýralánadeild	— 13357.57
g. Smábýladeild	— 300908.52
h. Nýbýlasjóður	— 364101.89
	<hr/>
	— 19388031.50
	<hr/>
	Kr. 91970719.30

Reykjavík, 30. júní 1948.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1948.

Lög um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948, undirskrifuð af forsetanum 15. desember 1948, nr. 85.

Lög um eyðingu svartbaks, undirskrifuð af forsetanum 17. desember 1948, nr. 86.

Lög um breyting á lögum nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 87.

Lög um breyting á lögum nr. 91 frá 19. júní 1933, um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 88.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis, undirskrifað af forsetanum 20. desember 1948, nr. 89.

Lög um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., undirskrifuð af forsetanum 29. desember 1948, nr. 90.

Lög um tekjuskattviðauka árið 1949, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 91.

Lög um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 92.

Lög um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 93.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 94.

Lög um breyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 95.

Lög um breyting á lögum nr. 85 frá 9. október 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 96.

Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur úr rikissjóði á árinu 1949, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 97.

Lög um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtiðar og erfiðleika atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 98.

Lög um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtiðarráðstafanir, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 99.

Lög um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 100.

Lög um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 101.

Auglýsing um gildistöku alþjóðasamnings um hvalveiðar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 22. desember 1948, nr. 102.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka, undirskrifuð af forsetanum 29. desember 1948, nr. 103.

161
10. des.

Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Kjósarsýslu, um skiptingu Seltjarnarneshrepps í tvö hreppsfélög.

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps og meðmælum sýslu-nefndar Kjósarsýslu um skiptingu Seltjarnarneshrepps í tvö hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Seltjarnarneshreppi í Kjósarsýslu skal skipt í tvö hreppsfélög, er nefnast Seltjarnarneshreppur og Kópavogshreppur.

Seltjarnarneshreppur tekur yfir Seltjarnarnes vestan Reykjavíkur og á sameiginleg mörk með Reykjavíkurkaupstað að austan, en að öðru leyti ræður strandlengja nessins þeim hreppi. Honum fylgja einnig eyjar þær, er áður hafa tilheyrt Seltjarnarneshreppi.

Kópavogshreppur tekur yfir þann hluta Seltjarnarneshrepps hins forna, sem er sunnan og austan Reykjavíkur og eru hreppamörk hins nýja hrepps þessi: Að norðan lögsagnarumdæmi Reykjavíkur að Elliðakotslandi í Mosfellshreppi, en eftir það ráða að norðan og austan landamerki jarðanna Elliðakots í Mosfells-hreppi og Gunnarshólma, Geirlands og Lækjarbotna í Kópavogshreppi. Að sunnan ráða hreppamörkum landamerki jarðanna Vífilstaða, Hofstaða og Arnarness í Garðahreppi og Vatnsenda, Fífuhvamms, Smárahvamms og Kópavogs í Kópavogshreppi til sjávar í Kópavogi, þar sem saman koma landamerki Arnarness og Kópavogslands, en þaðan ræður strandlengjan að vestan í Foss-slækjarós.

2. Eignum og skuldum Seltjarnarneshrepps hins forna, eins og þær voru um áramótin 1947—1948 samkvæmt hreppsreikningi, skal skipt eftir skiptitölunni 60:40, þannig að í hlut Seltjarnarneshrepps hins nýja komi 60%, en í hlut Kópavogshrepps 40%. Skuldakröfur, sem komið hafa fram eftir að hreppsreikningurinn var gerður eða síðar kunna að koma fram, og ekki eru greiddar áður en skiptum lýkur, greiðast af hinum nýju hreppum eftir skiptitölu, enda séu þær réttmætar.
3. Framfærsla þeirra, sem voru styrkþegar Seltjarnarneshrepps hins forna um áramót 1947—1948, eða síðar kunna að verða úrskurðaðir á hann, svo og barnsmeðlög, greiðist framvegis af hinum nýju hreppum í hlutfalli við skiptitölu.
4. Elli- og örorkustyrkþegar tilheyri hinum nýju hreppum, eftir því sem þeir eiga lögheimili.
5. Afföll af útistandandi skuldum, þar með talin útsvör, skiptast milli hinna nýju hreppa eftir skiptitölu.
6. Eignum Sjúkrasamlags Seltjarnarneshrepps hins forna skal skipt milli sjúkrasamlaga Kópavogshrepps og Seltjarnarneshrepps hins nýja þannig:

Helmings eignanna skal skipt í beinu hlutfalli við skiptingu fullgildra meðlima hinn 31. desember 1947, en hinum helmingsnum skal skipt í beinu hlutfalli við innborguð iðgjöld úr hvorum hreppshluta um sig til ársloka 1947.

Skipting þessi fer fram undir eftirliti Tryggingastofnunar ríkisins.
7. Verðbréf öll komi í hlut Seltjarnarneshrepps, en vélar í hlut Kópavogshrepps, hvort tveggja með bókfærðu verði.
8. Um skiptingu fasteigna fer sem hér segir:

Fasteignir þær, sem eru í hvorum hreppi um sig, komi í hans hlut með bókfærðu verði samkvæmt hreppsreikningi 1947.

Í hlut Seltjarnarneshrepps komi:

161

10. des.

1. Mýrarhúsaskóli með lóð,
2. Brekka með lóð,
3. Melagerði,
4. Viðeyjarskóli.

Í hlut Kópavogshrepps komi:

1. Kópavogsskóli í byggingu eins og hann var um áramót 1947—1948,
2. Lækjarbotnar.

Um eignirnar Lækjarbotna og Viðeyjarskóla gildir þó það samkomulag um næstu tvö ár, eða til 1. janúar 1951, að verði þær seldar á þeim tíma við herra eða lægra verði en þær eru bókfærðar samkvæmt hreppsreikningi 1947, skal verðmismunurinn skiptast á hreppana eftir skiptitölunni 60:40. Eignin Lækjarbotnar skal þó ekki seld meðan núverandi ábúandi býr þar og vill nytja jörðina.

Vilji Seltjarnarneshreppur á þessum tilgreinda tíma selja Viðeyjarskóla, þá hefur Kópavogshreppur forkaupsrétt að skólahúsinu, enda segi hann til innan 14 daga frá því honum barst kauptilboðið, hvort hann vill nota forkaupsréttinn.

Þetta sama gildir og um Lækjarbotna út samningstímann, eftir að núverandi ábúandi hættir að nytja jörðina, vilji Kópavogshreppur selja jörðina.

Hætti annar hvor hreppurinn tilvist sinni sem sjálfstætt sveitarfélag innan umrædds tíma eða síðar, eignast hinn hreppurinn þá eign kvaðalaust, er hann hefur fengið í sinn hlut, en getur, ef hann óskar, leyst til sín á bókfærðu verði samkvæmt hreppsreikningi 1947, þá eignina, er kom í hlut þess hreppsins, sem niður var lagður.

Verði önnur hvor eða báðar hinna tilgreindu eigna óseldar hinn 1. janúar 1951, gildir þetta samkomulag áfram að því er snertir þá eign, þangið til annar hvor hreppanna segir upp þessu samkomulagi, en uppsógnin skal gerð með þriggja mánaða fyrirvara.

Náist þá ekki samkomulag, getur Kópavogshreppur leyst til sín kvöðina á Lækjarbotnum fyrir 60% af þeim mismun á bókfærðu verði og kostnaðarverði, sem kominn er fram samkvæmt hreppsreikningi 1947 (60% af kr. 18235.00), nema hann kjósi mat dómkvaddra manna á eigninni.

9. Fjallskil og refaeyðing á afrétti skal vera sameiginleg, þar til hreppsnefndir ákveða annað með samþykki sýslunefndar Kjósarsýslu.
10. Bækur og skjöl Seltjarnarneshrepps hins forna verði eign Seltjarnarneshrepps, en hreppsnefnd Kópavogshrepps skal hafa aðgang að þeim eftir þörfum.
11. Aðskilnað hreppanna skal miða við 1. janúar 1948. Framkvæmd skipta á eignum, skuldum og skuldbindingum annast hreppsnefndir hinna nýju hreppa.

Verði ágreiningur út af skiptunum skal úr honum skorið af sýslunefnd Kjósarsýslu.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra sýslumaður, til frekari aðgerða og birtingar þeim, er hlut eiga að máli.

162

7. des.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Kaldrananeshrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Kaldrananeshrepps og er eiga Kaldrananeshrepps í Strandasýslu. Heimili og varnarþing er í Kaldrananeshreppi.

2. gr.

Trygging fyrir innstæðufé og öðrum kröfum á sjóðinn er:

1. Varasjóður sjóðsins og aðrar eignir hans.
2. Þá ábyrgist Kaldrananeshreppur skuldbindingar sjóðsins, þó aldrei yfir 5000 — fimm þúsund — krónur.

3. gr.

Sparisjóðurinn starfar sem sjálfstæð stofnun með sérskildum fjárhag og leggst ágóði sá, sem kann að verða á rekstri hans, í varasjóð. Þegar landslög leyfa og ástæður eru til, má verja fé úr varasjóði til menningarmála og nytsemdarfyrirtækja í Kaldrananeshreppi, ef ákvörðun um það er samþykkt af meiri hluta stjórnar sjóðsins, enda komi samþykki ráðuneytisins til. Hætti sjóðurinn störfum, skal verja eignum hans á sama hátt.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skal einn þeirra kosinn af hreppsnefnd Kaldrananeshrepps, annar af starfandi stjórn sjóðsins og hinn þriðji af sýslunefnd Strandasýslu. Kosning stjórnar gildir til fjögurra ára. Varamenn skulu kosnir af sömu aðilum og gildir kosning þeirra einnig í fjögur ár.

5. gr.

Stjórn sjóðsins heldur aðalfund fyrir apríllok ár hvert. Er hann því aðeins lögmaður, að allir meðlimir stjórnarinnar séu mættir, en samþykktir allar gilda, sem ná meiri hluta atkvæða. Breytingar á samþykktum sjóðsins ná þó ekki gildi fyrr en þær hafa verið samþykktar af hreppsnefnd Kaldrananeshrepps og staðfestar af ráðuneytinu.

Á almennum hreppsfundi í apríl ár hvert skulu endurskoðaðir reikningar sjóðsins lagðir fram til samþykktar, ákveðin vaxtakjör sjóðsins á komandi ári, þóknun til stjórnar og endurskoðenda og málefni sjóðsins eftir því sem ástæður þykja til.

6. gr.

Um kosningu endurskoðenda fer eftir því, sem landslög mæla fyrir.

7. gr.

Stjórnin kýs sér formann, ræður starfsmenn sjóðsins og setur þeim starfsreglur, sér um að bókhald sé glöggt og í samræmi við gildandi fyrirmæli og að fjárreiður sparisjóðsins séu alltaf í góðu lagi.

Deyi stjórnarnefndarmaður eða flytji burt úr hreppnum, tekur varamaður sæti hans.

Stjórn og starfsmenn mega ekki taka lán úr sjóðnum eða ábyrgjast þau fyrir aðra.

8. gr.

Sparisjóðurinn tekur á móti innlánsfé og ávaxtar það. Vextir greiðast frá innleggsdegi og færast í viðskiptabækur um hver áramót.

Nýir innleggjendur fá löggilta viðskiptabók með númeri og nafni fyrir sann- 162
gjarnt verð, þegar þeir byrja viðskiptin. Skila skulu þeir bókinni, þegar hún er út- 7. des.
skrifuð og fá þeir þá nýja bók ókeypis, ef þeir halda viðskiptum áfram. Þegar við-
skiptum er lokið, verður bókin ógild og eign sjóðsins. Sparisjóðurinn áskilur sér
rétt til að neita að taka á móti innstæðufé, svo og að segja því upp til útborgunar,
en það skal jafnan gert með ábyrgðarbréfi. Hefur stjórn sjóðsins um þetta úrskurð-
arvald. Innstæðufé í sparisjóðsbókum skal greiða þá viðskiptabók er framvísað, og
er það ekki á ábyrgð sjóðsins, þó handhafi bókarinnar hafi ekki leyfi eiganda hennar,
sbr. þó síðustu málsgrein 10. gr. laga nr. 69 frá 1941.

Fyrirvaralaust er sparisjóðurinn ekki skyldur til að greiða út hærri upphæð en
500 krónur úr hverri bók. 1000 króna upphæð er ekki skylt að greiða út nema með
eins mánaðar fyrirvara. Án tveggja mánaða fyrirvara er eigi skylt að greiða meira
en 1000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

9. gr.

Sparisjóðurinn lánar fé gegn vöxtum og góðum tryggingum Vextir greiðast fyrir
fram af vixlum, en af föstum lánum skal gjalddagi vaxta og afborgana vera 1. nóv-
ember ár hvert.

Dragist vaxtagreiðslur fram yfir gjalddaga, greiði skuldunautur 1% árlega
dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

10. gr.

Kvittanir og aðrar yfirlýsingar, sem gefnar eru út í nafni sjóðsins af formanni
hans eða féhirði, eru skuldbindandi fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

11. gr.

Upplýsingar um innstæður viðskiptamanna verða ekki gefnar óviðkomandi,
nema skylt sé að lögum.

12. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vilja eigi sjóðsins í 15 ár, til að
laka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskor-
un í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum
orðin eign sparisjóðsins.

Allar fundargerðir um sparisjóðsmál skal færa greinilega í gerðabók spari-
sjóðsins.

13. gr.

Um þau atriði, sem ekki eru tæmandi ákvæði í samþykktum þessum, fer sem
fyrir er mælt í gildandi landslögum og reglugerðum um sparisjóði, eins og þau og
þær verða á hverjum tíma. Skulu lög þessi og reglugerðir jafnan liggja í skrifstofu
sjóðsins til athugunar.

Framanskráðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 7. desember 1948.

Emil Jónsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

- 163 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Hjúkrunarsjóð Unnar Guðmunds-
9. des. dóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. des. 1948.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Hjúkrunarsjóðs Unnar Guðmundsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Hjúkrunarsjóður Unnar Guðmundsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Guðmundi Magnússyni 1. nóvember 1948 til minningar um Unni Guðmundsdóttur hjúkrunarkonu frá Arnarnesi, dóttur stofnandans.

Heimilt er öllum að styrkja sjóð þennan með minningargjöfum um látna vini sína, gjöfum, áheitum eða á hvern þann hátt, sem þeim sýnist, enda fylgi engin ákvæði þeim gjöfum, er komi í bága við skipulagsskrá þessa, verður sjóðurinn þá jafnframt til minningar um vini þeirra og vandamenn þá, er þeir kynnu að tilnefna í sambandi við gjafirnar.

Stofnfé sjóðsins er 5000 — fimm þúsund — krónur.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hjúkrun sængurkvemma eftir barnsburð í heima-húsum eða annarra, sem þurfa hjúkrunar eða hjálpar við á heimilum sínum í Möðru-vallaklausturssókn.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Arnarneshrepps, eða í öðrum jafntryggum sjóði.

5. gr.

Heimilt er að verja fé úr sjóðnum samkvæmt 3. gr., þegar fé hefur staðið á vöxtum í heilt ár, nær þetta þó aðeins til $\frac{4}{5}$ vaxtanna, enda má ekki öðru úthluta úr sjóðnum. $\frac{1}{5}$ hluti vaxtanna skal ávallt leggjast við höfuðstólinn, en hann má aldrei skerða. Sama gildir um það, sem sjóðnum kann að áskotnast.

Ef ekki telst þörf að veita styrk úr sjóðnum eitthvert ár má veita hærri styrk úr honum næsta ár, ef stjórn sjóðsins telur þess þörf.

6. gr.

Sjóði þessum stjórna: Sóknarprestur Möðruvallaklaustursprestakalls, og skal hann vera formaður sjóðstjórnarinnar, hreppstjóri Arnarneshrepps, einn maður úr hreppsnefnd Arnarneshrepps, sá er hreppsnefnd kýs til þess starfa, og tvær konur, kosnar af kvenfélaginu Freyju í Arnarneshreppi. Leggist það félag niður skulu þær allt að einu valdar af konum í Arnarneshreppi, þeim er atkvæðisrétt hafa í sveitarmálum.

Störf stjórnarinnar eru:

- Að sjá um að sjóðurinn sé ávallt geymdur í tryggum stað.
- Að stuðla að því, að sjóðurinn verði styrktur, með því að kynna hreppsbum efni skipulagsskrárinnar ekki sjaldnar en 5. hvert ár.
- Að leitast við að láta þá sitja fyrir styrkveitingu úr sjóðnum, sem ætla má að hafi hans mesta þörf.
- Að skrá í bók reikninga sjóðsins, ákvarðanir stjórnarinnar og annast það, er við kemur sjóði þessum.

e. Annast um að skipulagsskrá þessari verði framfylgt. 163

Reikningar sjóðsins skulu birtir á hreppsfundi ár hvert, endurskoðaðir af endurskoðanda hreppsreikninga. 9. des.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta næstu 50 ár, og aldrei má breyta tilgangi sjóðsins, en fyrirkomulagi hans má að einhverju leyti breyta eftir þennan tiltekna tíma, ef þáverandi stjórn sjóðsins álitur að sjóðurinn nái betur tilgangi sínum með breytingunni, enda verði þær tillögur samþykktar á hreppsfundi í Arnarneshreppi af meiri hluta atkvæðisbærra hreppshúa.

8. gr.

Leita skal stjórnarstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Arnarnesi, 1. nóvember 1948.

Guðm. Magnússon.

AUGLÝSING

164

um breytingu á reglugerð nr. 167 21. des. 1946, um áhættuiðgjöld og flokkun starfa og starfsgreina samkv. 113. gr. laga nr. 50 1946, um almannatryggingar. 13. des.

Við 1. gr.: 1. gr. orðist svo:

Frá og með 1. janúar 1949 skulu áhættuflokkar og iðgjöld vegna slyshættu vera sem hér segir:

1. áhættuflokkur	110 aurar á viku.
2. —	150 — — —
3. —	220 — — —
4. —	300 — — —
5. —	500 — — —
6. —	600 — — —
7. —	800 — — —
8. —	900 — — —
9. —	1000 — — —
10. —	1500 — — —

Við 6. gr. Í stað „vikugjald 150 aurar“ komi: vikugjald 110 aurar.

Við 7. gr. Í stað „vikugjald 200 aurar“ komi: vikugjald 150 aurar.

Við 8. gr. Í stað „vikugjald 300 aurar“ komi: vikugjald 220 aurar.

Við 9. gr. Í stað „vikugjald 400 aurar“ komi: vikugjald 300 aurar.

Við 14. gr. Í stað „vikugjald 1200 aurar“ komi: vikugjald 1000 aurar.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt 113. gr. laga nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1949, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. desember 1948.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

AUGLÝSING

um notkun heimildar til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 94 29. des. 1948 til að innheimta með viðauka eftirgreind gjöld á árinu 1949:

1. Með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfastgjöld og lesta-gjald.
2. Með 50% viðauka eignarskatt samkvæmt 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1949.
3. Með 200% viðauka gjöld til ríkissjóðs samkvæmt IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna. Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðs-hluta, sem um ræðir í 1. gr. fyrrgreindra laga, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal seppt.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1948.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

AUGLÝSING

um notkun heimildar laga nr. 98/1948 um að fella niður tolla af kornvöru, lækka tolla af sykri o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum frá 29. desember 1948, um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðeika atvinnuveganna, hefur ráðuneytið ákveðið:

1. Að fella niður á árinu 1949 tolla af baunum, ertum, linsum, hveiti, rúgi, ris með hýði eða án hýðis, byggí, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru; mjöli úr hveiti, úr rúgi, úr ris, úr byggí, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjón-um úr hveiti, úr byggí, úr höfrum, úr ris og öðru ótöldu.
2. Að lækka um helming á árinu 1949 tolla af sykri, strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri, (kandís) og toppa-sykri.
3. Að innheimta á árinu 1949 með 50% viðauka gjald af kaffibæli samkv. 3. kafla 2. gr. laga nr. 60 1939.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1948.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

AUGLÝSING

167

29. des.

um notkun heimildar laga til að innheimta með álagi gjald af innlendum tollvörum.

Ráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt lögum nr. 93 29. des. 1948 um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, að innheimta á árinu 1949:

1. Með 600% álagi gjald af öli samkvæmt 3. tölulið 4. kafla 2. gr. laga nr. 60 1939.
2. Með 550% álagi gjald af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið sama kafla.
3. Með 450% álagi gjald af öðrum tollvörum samkvæmt lögnum.

Undanþegið hækkun þessari er gjald af kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla 2. gr. laganna.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1948.

Jóhann P. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

REGLUGERÐ

168

23. des.

fyrir læknisvitjanasjóð Árneshrepps í Strandasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Læknisvitjanasjóður Árneshrepps og er stofnaður samkvæmt lögum nr. 54 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja íbúa Árneshrepps til læknisvitjana eða auðvelda þeim lækniþjónunina á annan hátt, svo og að létta undir með sjúkraflutninga, eftir því sem fjárhagur sjóðsins leyfir.

3. gr.

Í stjórn sjóðsins eru hreppstjórninn í Árneshreppi og tveir menn aðrir, kosnir af hreppsnefnd Árneshrepps. Hreppstjórninn er formaður sjóðstjórnarinnar, en stjórnin kys reikningshaldara og gjaldkera sjóðsins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tillag ríkissjóðs, er nemur á ári 2 kr. á hvern íbúa hreppsins.
2. Tillag hreppsins, er nemur á ári 1 kr. á hvern hreppsþúa.
3. Tillög hreppsþúa, er nema 2 kr. á mann á aldrinum 16 til 67 ára.
4. Aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast.

5. gr.

Að liðnu hverju almanaksári og fyrir lok janúarmánaðar næsta ár, úthlutar sjóðstjórnin styrkjum úr sjóðnum, að fengnum umsóknum þeirra, er styrks æskja. Umsækjendur sendi umsóknir sínar ásamt kostnaðarreikningum til formanns sjóðstjórnarinnar eigi síðar en 20 janúar.

6. gr.

Tillagi ríkissjóðs, samkv. 1. tölulið 4. gr., ásamt tilskyldu þriðjungsframlagi á móti, má aðeins verja til styrktar hreppsþúum vegna kostnaðar af læknisvitjunum. Hreppsþúar njóta að jafnaði læknisvitjanastyrks í hlutfalli við kostnað þeirra af læknisvitjunum á árinu. Að öðru jöfnu ganga þeir fyrir um styrk, sem lengst og

168 erfiðast eiga til lækni að sækja. Læknisvitjanastyrkur verður aðeins veittur, þegar
23. des. Árneshérað er lækni laust eða læknir er fjarverandi.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta, eftir því sem við verður komið, án þess að stofna því í hættu og þannig, að sá hluti þess, er verja ber til læknisvitjanastyrkja, sé jafnan handbær, er til þess þarf að taka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 23. desember 1948.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Sigurgeir Jónsson.

169 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð um Soffíu Guðlaugs-
23. des. dóttur, leikkonu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra
23. desember 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Soffíu Guðlaugsdóttur, leikkonu.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af vinum og aðdáendum Soffíu Guðlaugsdóttur, leikkonu, með 5 þúsund króna framlagi. Afla skal sjóðnum tekna með tölu minningarspjalda og á annan hátt, er sjóðstjórnin tiltekur.

2. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10 þúsund kr. má verja vöxtum hans, samkvæmt 3. gr., árlega til þess að verðlauna bezta leik, karls eða konu, í Þjóðleikhúsinu í Reykjavík.

3. gr.

Verja má allt að $\frac{4}{5}$ af vöxtum sjóðsins til verðlauna, en $\frac{1}{5}$ skal leggjast við höfuðstól. Skal verðlaunum úthlutað ár hvert á afmælisdegi Soffíu Guðlaugsdóttur, 6. júní, fyrir næstliðið leikár.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipar 5 manna nefnd. Fyrstu stjórn sjóðsins skipa: Vilhjálmur Þ. Gíslason, skólastjóri, formaður, prófessor, dr. Alexander Jóhannesson, frú Kristín Guðlaugsdóttir, Indriði Waage, leikari, og Guðlaugur Hjörleifsson, gjaldkeri.

Þegar einhver stjórnarmanna gengur úr stjórninni, skulu þeir, sem eftir eru, velja mann í hans stað. Stjórnin heldur gerðabók, er færa skal inn í skipulagsskrána, styrkveitingar og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í ríkistryggðum skuldabréfum eða á annan þann hátt, er stjórnin telur öruggastan. Stjórn sjóðsins endurskoðar skipulagsskrá þessa, er 10 ár eru liðin frá því að verðlaun eru veitt í fyrsta sinn, og getur þá breytt ákvæðum 3. gr. um form og upphæð verðlaunanna, en ekki má breyta höfuðtilgangi sjóðsins samkvæmt 1. og 2. gr.

6. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskránni og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

SAMÞYKKT

170

30. nóv.

um forkaups- og forleigurétt á lóðum og fasteignum á Flateyri.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur hreppsnefnd Flateyjarhrepps samþykkt á fundi sínum 4. október 1948 að áskilja Flateyrarhreppi forkaups- og forleigurétt á eftirtöldum lóðum og fasteignum á verzlunarlóð kaupsins:

1. Allar lóðir og fasteignir Kaupfélags Önfirðinga austan Hafnarstrætis og framlingu þess til sjávar úr Oddatá.
2. Allar lóðir og fasteignir Ísfells h/f austan Hafnarstrætis.
3. Allar lóðir og fasteignir Ásgeirs Guðnasonar austan Hafnarstrætis.
4. Allar lóðir og fasteignir sildarverksmiðju ríkisins á Sólbakka.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1948.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

171

7. des.

fyrir jarðræktarsambandið Smári í Suður-Pingeyjarsýslu.

Búnaðarfélag Skútustaðahrepps, Búnaðarfélag Laxdæla og Búnaðarfélag Reykdæla gera á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945 svofellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI**Takmörk samþykkatarsvæðis og markmið.****1. gr.**

Ræktunarsambandið nær yfir eftirgreind hreppabúnaðarfélag: Búnaðarfélag Reykdæla, Búnaðarfélag Laxdæla og Búnaðarfélag Skútustaðahrepps.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykkatarsvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga nr. 54 4. júní 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á tünnum jarða á félagssvæðinu, sem ekki eru vél-tæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnslu-

171
7. des.

aðferðir verða viðhafðar á hverjum stað fer eftir fyrir sögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrir sögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Búnaðarfélag þau, sem eru í ræktunarsambandinu, kjósa fulltrúaráð þess, einn fulltrúa fyrir hverja 10 félagsmenn og brot af 10, sem er meira en helmingur.

Stjórn sambandsins er skipuð fimm mönnum, og eru formenn búnaðarfélaganna sjálfkjörnir í stjórnina, en tveir skulu kosnir af fulltrúaráði á aðalfundi til tveggja ára. Gengur annar þeirra úr stjórninni eftir eitt ár, samkvæmt hlutkesti og síðan sinn maðurinn hvort árið eftir röð. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns.

5. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

6. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf, til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á félagssvæðinu, og ákveða á hverjum tíma og í hverri röð verkefni eru tekin, sem unnið skal að.

8. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn, getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

9. gr.

Allir samningar, er stjórnin og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd ræktunarsambandsins, samkvæmt samþykktum þessum, eða ályktunum aðalfunda sambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagshéildina og hreppabúnaðarfélagin, er að samþykktunum standa, án þess það hafi verið sérstaklega undir þau horið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi ræktunarsambandsins.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

171

7. des.

10. gr.

Skylt er stjórnnum búnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, fyrir febrúarlok ár hvert, að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint, hverjar jarðabætur óskað er, að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til ræktunarsambandsstjórnar eigi síðar en 1. marz ár hvert.

Skýrslunni fylgi, frá verkkaupendum, greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig, og enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar búnaðarfélagsins, að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum sinna félagsmanna fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, sem um ræðir í 10. gr., ber framkvæmdastjórn ræktunarsambandsins að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan framkvæmdastjórnar um veigamikil atriði áætlunarinnar, ber að leggja hana fyrir aðalfund ræktunarsambandsins til samþykktar. Framkvæmdastjórn er skylt að fylgja samþykktri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning starfsáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því, sem við verður komið, án þess að valdi óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun, að öðru jöfnu, sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI

Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 7. grein þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum á meðan vinna stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðsla sé samkvæmt kostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra á milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, geymslu vélanna, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er ræktunarsambandsstjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarkostnaði hvers árs.

171

7. des.

Aðalfundur ræktunarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákvæðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

15. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verk-efni fyrir búendur, hreppsfélag eða aðra aðila á félagssvæðinu, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er, að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarsambandið, enda sé tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

16. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, sem um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

V. KAFLI

Fjáröflun og trygging.

18. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans skal vera 100 þús. krónur.

Tekjur stofnsjóðs eru:

1. Helmingur stofnfjárins er framlag Framkvæmdasjóðs ríkisins þá er það greiðist, samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.
2. Einn áttundi hluti stofnfjár er óafturkræft framlag Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga.
3. Einn áttundi hluti stofnfjár er óafturkræft framlag frá hlutaðeigandi búnaðarfélagum í hlutfalli við tölu félagsmanna í árslok 1946.
4. Einn fjórða hluta er heimilt að taka að láni með ábyrgð félaganna.
5. Auk þess leggjast í stofnsjóð tekjur þær, sem inn kunna að koma samkvæmt ákvæðum 17. gr.

19. gr.

Stofnfjárframlag búnaðarfélaganna greiðist til framkvæmdastjórnar, þegar samþykkt þessi hefur öðlzt gildi.

20. gr.

Komi í ljós síðar, að álitu framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur til búnaðarfélaganna um stofnfjárukningu, og ber þeim að leggja tillögurnar fyrir almennan félagsfund til samþykktar, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfundi ræktunarsambandsins. Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi ræktunarsambandsins samþykkir stofnfjárukninguna, er hún bindandi fyrir búnaðarfélagin.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

22. gr.

171

7. des.

Skyll er samþykktaraðilum að hafa greitt til framkvæmdastjórnar $\frac{3}{4}$ af áætluðu kostnaðarverði, að frádrögnum áætluðum jarðabótastyrk þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað, áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast með gjalddaga, er verk-lökusamningur ákveður.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

23. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið, og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram, áður en aðalfundur ræktunarsambandsins er haldinn, en hann skal haldinn eigi síðar en 31. marz ár hvert. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

24. gr.

Endurskoðendur séu tveir og einn til vara, kjörnir á aðalfundi ræktunarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvivetna.

25. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi ræktunarsambandsins. Þar gefur framkvæmdastjórnin skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er.

VII. KAFLI

Um breyting samþykktar, og hvernig samþykkt verði úr gildi fellt.

26. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá einstökum búnaðarfélögum eða framkvæmdastjórn, skulu sendar stjórnnum allra búnaðarfélaganna, er að samþykktinni standa samkvæmt 1. gr. Stjórnir búnaðarfélaganna leggja tillögurnar fyrir almennan fund, hver í sínu félagi. Nái þær samþykki meiri hluta félaganna, skulu þær lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, sem leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

27. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggja fyrir um, að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lög-mætur aðalfundur sambandsins samþykki það með að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

- 171 Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarð-
7. des. ræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð nr. 36 20. febrúar 1946,
um jarðræktarsamþykktir, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og
birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. desember 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

- 172
8. des.

REGLUGERÐ

fyrir veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins
Léttfeti á Sauðárkróki.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 2 kr., 5 kr., 10 kr. og 25 kr., sem greiðast veðmála-
stofnuninni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um hver hestur verði hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úr-
slitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum hvers hlaups skal skipt þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið á þann hest,
sem vinnur.
- b. Afganginum (20%) skal varið til reksturs kappreiðanna, til að koma upp
skeiðvelli í landi Sauðárkrókskaupstaðar, til viðhalds hans og til reiðvega í
Skagafjarðarsýslu. Má tillag til reiðvegarins aldrei nema minna en 10% af
hagnaði félagsins af veðmálastarfseminni.

4. gr.

Að loknu hverju hlaupi skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst og vinn-
ingar útborgaðir þegar í stað gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd af veðfé lögðu á hest, sem hleypur upp eða
fer ekki af stað eða af öðrum ástæðum kemur ekki til greina samkvæmt happdrættis-
reglum félagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt í heild endurgreiðist veðféð að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgt að innskot
fáiast að fullu aftur.

8. gr.

Þeir sem veðja eru í einu og öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurð-
um dómnefndar, t. d. missir hestur rétt til verðlauna, er knapi er dæmdur úr leik
o. s. frv.

9. gr.

172

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir síðasta hlaup og því aðeins að þeir séu með læsilegum tölum. 8. des.

10. gr.

Ungmenni innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. janúar 1949 og gildir til 5 ára.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 23 1945 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 8. desember 1948.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigríðar Þorvaldsdóttur, Suðureyri í Súgandafirði“, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 9. desember 1948. 173 9. des.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigríðar Þorvaldsdóttur, Suðureyri í Súgandafirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigríðar Þorvaldsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með fé, sem gefið var til minningar um hina látnu, við andlát hennar 5. nóvember 1947 og jarðarför. Stofnfé sjóðsins er 2700 — tvö þúsund og sjö hundruð — krónur.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð af kvenfélaginu Ársól á Suðureyri. Skal stjórnin úrskurða öll þau málefni, er sjóðinn varða, þar á meðal, hverjum veitt skuli verðlaun úr honum, með eða án umsókna, og ákveða verðlaun hverju sinni.

4. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum, áheitum, sem og minningargjöfum um látna menn og konur frá öllum þeim, sem vilja efla vöxt hans og styðja tilgang hans.

5. gr.

Aðaltilgangur sjóðsins skal vera að veita verðlaun fyrir vandaða handavinnu, einkum tóvinnu og aðallega á vegum kvenfélagsins, á sýningum eða við önnur tækifæri.

173

9. des.

Sjóðurinn tekur til starfa, þegar næst verður haldin handavinnusýning á vegum kvenfélagsins. Jafnan skal haga verðlaunaveitingum þannig, að höfuðstóll sjóðsins skerðist ekki, heldur vaxi nokkuð. Af fé sjóðsins má kosta bækur og ritföng og greiða þóknun fyrir reikningshald og starf gjaldkera.

6. gr.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, bóka umsóknir um styrki, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Stjórninni ber að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikning sjóðsins. Henni ber og að varðveita bækur sjóðsins, verðbréf og önnur skilríki á tryggum stað.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ber gjaldkera að semja reikning yfir tekjur hans og gjöld fyrir janúarlok árlega. Reikninginn skal endurskoða með reikningum kvenfélagsins.

9. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Súgfirðinga, í verðbréfum eða á annan tryggan hátt.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi, þegar hún hefur fengið staðfestingu.

11. gr.

Leita skal staðfestingar lýðveldisforseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Suðureyri í Súgandafirði, 30. október 1948.

Valdimar Þorvaldsson. Guðm. Þorvaldsson. Kr. G. Þorvaldsson.

174

9. des.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigfúsar Jónssonar og Önnu S. Björnsdóttur, frá Grund í Svarfaðardal“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. desember 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigfúsar Jónssonar og Önnu S. Björnsdóttur
frá Grund í Svarfaðardal.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1948 af Snorra Sigfússyni, skólastjóra, Akureyri, og Halldóri Sigfússyni, Dalvík, með 2000 — tvö þúsund — krónum.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að prýða Tjarnarkirkjugarð með blóma- og trjágróðri. Þó má nota féð við og við á annan hátt, ef forráðamönnum sýnist svo, þó því aðeins, að slíkt stuðli að fegrun garðsins.

3. gr.

Sjóð þennan má aldrei skerða og skal jafnan leggja við hann $\frac{1}{4}$ hluta ársvaxtanna. Veita má viðtöku fé frá ættmennum og afkomendum téðra hjóna og leggst það við höfuðstólinn, en vöxtum varið á þann hátt, sem fyrr segir. Skulu allar gjafir færðar í sérstaka bók, er sjóðurinn á. Geta skal nafns gefandans og í hvers minningu gefið sé.

174

9. des.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á tryggum stað, og hefur sóknarnefndin umsjón með honum og reikningshald. Hún ákveður einnig hvenær hann tekur til starfa, að framangreindu markmiði. Jafnan skal bóndinn að Tjörn hafður með í ráðum um allt, er sjóðinn varðar.

5. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Akureyri, 1. júní 1948.

Snorri Sigfússon. Halldór Sigfússon.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Raflýsingarsjóð Kolbeinsstaðakirkju“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. des. 1948. 10. des. 175

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Raflýsingarsjóð Kolbeinsstaðakirkju í Snæfellsprófastsdæmi.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Raflýsingarsjóður Kolbeinsstaðakirkju, og er sjóðurinn stofnaður með eitt þúsund króna gjöf hjónanna Guðnýjar Guðnadóttur og Kristjáns Eggertssonar, í tilefni af fimmtíu ára hjúskaparafmæli þeirra, 15. september 1946.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands eða á annan tryggan hátt.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

- a. Svo fljótt sem fjárhagur sjóðsins leyfir skal raflýsa Kolbeinsstaðakirkju á fullkominn hátt, með straumi frá orkuveri eða með mótoraflí. Til greiðslu þess kostnaðar, sem leiðir af raflýsingu kirkjunnar, má, svo sem þörf krefur, eyða af höfuðstól sjóðsins allt niður að 500 — fimm hundruð — krónum, en þá fjárhæð má aldrei skerða.

Þegar lokið er við að raflýsa kirkjuna, er það aðalhlutverk sjóðsins að viðhalda ljósatækjum hennar og öðru því, er hana og umhverfi hennar má prýða.

- b. Árlega skal, ef fjárhagur leyfir, veita verðlaun úr sjóðnum, fyrstu og önnur verðlaun, til þeirra fullnaðarprófsbarna Kolbeinsstaðaskólahéraðs, sem á því ári hafa hlotið hæstu aðaleinkunn í eftirtöldum námsgreinum: Kristnum fræðum, íslenzku, sögu, iðni, hegðun og stundvísi. Stjórn sjóðsins ákveður upphæð verðlauna í hvert skipti, og veitir þau.

175

10. des.

Nú telur stjórn sjóðsins nauðsyn til bera að verja fé úr sjóðnum til annarra safnaðarþarfa en þeirra, sem um getur í 3. gr., og skal hún þá leita samþykkis biskups þar um.

4. gr.

5. gr.

Tveir skulu endurskoðendur sjóðsins, kosnir á almennum safnaðarfundi til þriggja ára í senn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal ávallt þannig skipuð, að prestur sá er þjónar Kolbeinsstaðakirkju sé formaður, en meðstjórnendur séu sóknarnefnd Kolbeinsstaðakirkju og hreppstjóri Kolbeinsstaðahrepps, en eigi hreppstjóri sæti í sóknarnefnd, skal kjósa einn mann í stjórnina á almennum safnaðarfundi, til þriggja ára í senn. Formaður varðveitir og ávaxtar fé sjóðsins í samráði við biskup og undir yfirumsjón hans, sér um ritstörf og aðrar framkvæmdir, sem stjórnina varða.

7. gr.

Stjórn sjóðsins heldur þessar bækur:

- a. Kassabók. Í hana skal færa allt, sem greitt er úr sjóðnum, hverjum og fyrir hvað, og allt innkomið, frá hverjum, og ef um minningargjafir er að ræða, þá hverjar.
- b. Aðalbók. Í hana skal færa fundargerðir, allar ákvarðanir, sem sjóðinn varða, svo og ársreikninga hans, en þeir skulu, ásamt með fylgiskjölum, endurskoðaðir og samþykktir, sendir til biskups eigi síðar en 15. marz ár hvert.

8. gr.

Þegar skipulagsskráin hefur öðlzt gildi, skal færa hana inn í aðalbók sjóðsins.

Reykjavík, 7. desember 1948.

Guðný Guðnadóttir. Kristján Eggertsson.

176

10. des.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarfélag Glæsibæjarhrepps, Búnaðarfélag Skriðuhrepps og Búnaðarfélag Öxnadalshrepps í Eyjafirði.

1. gr.

Búnaðarfélög Glæsibæjarhrepps, Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps gera með sér svofellda jarðræktarsamþykkt á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945.

2. gr.

Tilgangur með ræktunarsamþykktunum er:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, engjaræktar og beitiræktar.
2. Að vinna að jarðvinnslu á tünnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar.

Allt þetta skal framkvæmt í samráði við trúnaðarmann, sem Búnaðarfélag Ís- **176**
lands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um, hvernig verkin skuli fram- 10. des.
kvæmd og eftirlit með framkvæmd þeirra.

3. gr.

Framkvæmdastjórn ræktunarsambandsins annast allar framkvæmdir. Um kaup á vélum og áhöldum skal hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins.

4. gr.

Skylt er að tryggja vélar og áhöld fyrir sannvirði eins og það álízt á hverjum tíma.

5. gr.

Verkbeiðnir félagsmanna skulu komnar til framkvæmdastjórnar ræktunarsambandsins fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert, ella er ekki skylt að taka þær til greina á því ári. Heimilt er stjórninni, ef hún telur þess þörf, að krefjast ábyrgðar á vinnukostnaði .

6. gr.

Að fengnum verkbeiðnum skal gera áætlun um framkvæmdir á árinu, skal þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum kostnaði í flutningi véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun sé að öðru jöfnu látin sitja fyrir öðrum jarðræktarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garða- og engjaræktar, á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélferu landi.
5. Fari verkbeiðnir fram úr áætluðum ársafköstum vélanna, skal skipta vinnunni milli hreppanna í hlutfalli við landverð þeirra.

7. gr.

Kostnaður við framkvæmdir samkvæmt samþykkt þessari greiðist af verkkaupendum. Heimilt er stjórninni að láta greiðslur fara fram eftir áætlun miðað við tímaeiningu meðan verkið stendur yfir, en fullnaðargreiðsla sé byggð á reikningsskilum í árslok.

8. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, reksturs-, viðhalds- og geymslu- kostnaður véla og kostnaður við flutning véla og áhalda milli vinnustaða, fyrningargjald, vextir og afborgun lána og stjórnarkostnaður. Heimilt er stjórninni að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarkostnaði ár hvert. Skal því fé varið til að mæta óhöppum, er fyrir kunna að koma og ekki fást greidd úr fyrningarsjóði.

9. gr.

Heimilt er stjórninni að láta vinna að öðrum verkefnum, en að framan greinir, ef hagkvæmt þykir, enda brjóti það eigi í bága við hagsmunum samþykktaraðila.

176

10. des.

Búnaðarfélög þau, er að samþykkt þessari standa, kjósa á aðalfundum sínum einn mann hvert í stjórn ræktunarsambandsins, til tveggja ára í senn. Gengur einn maður úr stjórn árlega. Tvö fyrstu árin ræður hlutkesti, en síðan röð eftir starfsaldri.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til funda og stjórnar þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald yfir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktar og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns. Þrjú menn skulu kjörnir til að endurskoða reikninga ræktunarsambandsins, einn frá hverju hreppabúnaðarfélagi, er að samþykktunum standa. Skulu þeir kjörnir til þriggja ára í senn og gilda um kosningu þeirra og starfstíma sömu reglur og stjórnarnefndarmenn.

11. gr.

Aðalfund ræktunarsambandsins skal halda eigi síðar en 10. apríl ár hvert. Á honum eiga sæti fulltrúar hreppabúnaðarfélaganna, sem kjörnir eru á aðalfundum þeirra, einn fulltrúi fyrir hvern tug félagsmanna eða meira en hálfan tug.

12. gr.

Búnaðarfélögin í ræktunarsambandinu mynda sameiginlegan stofnsjóð til véla-kaupa. Stofnfjárhæð hans er 100000 — eitt hundrað þúsund — krónur.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Helmingur stofnfjárins er óafturkræft framlag hreppabúnaðarfélaga í ræktunarsambandinu og miðast framlög félagsmanna við fasteignamat landverðs jarða á félagssvæðinu, samkv. fasteignamati frá 1942.
2. Helmingur stofnfjár er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins samkv. ákvörðun 9. gr. laga um jarðræktar- og húsaagerðarsamþykktir í sveitum, jafnóðum og það greiðist úr framkvæmdasjóði.

13. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka rekstrarlán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði samkvæmt II. og V. kafla jarðræktarlaganna.

14. gr.

Reikningsár ræktunarsambandsins er almanaksárið. Skulu endurskoðaðir reikningar lagðir fram á aðalfundi ræktunarsambandsins ár hvert. Þar skal og lögð fram skýrsla um starfsemina á síðastliðnu ári og rædd framtíðarverkefni.

15. gr.

Breytingartillögur við samþykkt þessa skulu sendar til formanna hreppabúnaðarfélaganna, er leggja þær fyrir aðalfund til umsagnar áður en þær eru lagðar fram á lögmatum aðalfundi ræktunarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur þær með minnst $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fundarmanna, skulu þær sendar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

16. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að $\frac{3}{5}$ fundarmanna á lögmatum aðalfundi samþykki það, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til. Verði þessi samþykkt felld úr gildi, verður stofnsjóður og fyrningarsjóður áfram félagseign bænda á ræktunarsambandssvæðinu eða skiptast á milli búnaðarfélaganna, er að samþykktinni standa, eftir sömu hlutföllum og stofnsjóður er myndaður.

17. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

176

10. des.

18. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðar-ráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarð-ræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð nr. 36 20. febrúar 1946, um jarðræktarsamþykktir, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. desember 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

177

10. des.

um innheimtu skemmtanaskatts fyrir árið 1949.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 84/1948 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1949.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum eru undanþegnar skattaúkanum.

Menntamálaráðuneytið, 10. desember 1948.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

178

13. des.

um kennslu og próf bifreiðastjóra.

I. KAFLI

Um hið almenna bifreiðastjórapróf.

1. gr.

Sérhver sá, sem vill fá ökuskírteini, sem heimilar honum að stýra bifreið, skal senda lögreglustjóra skriflega umsókn um það. Eyðublöð undir umsóknir fást hjá lögreglustjórum.

Með umsókninni skal umsækjandi senda:

- a. Fæðingarvottorð.
- b. Vottorð tveggja valinkunnra manna um, að hann sé áreiðanlegur og samvizkusamur.
- c. Hegningarvottorð.
- d. Samþykki lögreglustjóra í heimasveit umsækjanda, ef hann sækir um ökuskírteini utan heimasveitar sinnar.

- 178 e. Vottorð læknis um:
13. des. A ð hann hafi, með eða án gleraugna, minnst sjónskerpuna 6/12 á betra auga, en 6/24 á hinu, og að útsýnið, prófað með hendinni, sé eðlilegt.
- A ð hann hafi heyrrn svo góða, að hann að minnsta kosti heyri orð, töluð vanalegum rómi í 16 metra fjarlægð, og ekki minni heyrrn á verra eyra en að hann heyri þau í tveggja metra fjarlægð.
- A ð hann sé svo hraustur andlega og líkamlega, að hann sé fær um að stjórna bifreið (sbr. 3. gr. B. c.).
- f. Vottorð um, að hann hafi notið kennslu í notkun bifreiða hjá bifreiðarstjóra, er rétt hefur til kennslu samkvæmt 8. gr. reglugerðar þessarar, að hann hafi stjórnað bifreið minnst 25 klukkustundir samtals, sem skiptist á minnst 14 kennsludaga, og hafi öðlazzt hæfilega leikni í stjórn bifreiðarinnar. Skal fylgja vottorðinu útdráttur úr dagbók kennarans, er sýni, á hvaða tíma hann hafi stýrt bifreiðinni. Til þess að sækja um ökuskirteini fyrir bifhjól þarf þó aðeins vottorð kennarans um, að umsækjandi hafi öðlazzt hæfilega leikni í stjórn bifhjólsins og meðferð vélarinnar.
- g. Ljósmynd af sér óupplímda.
- Vottorð þau, sem talin eru í b., c., d., e. og f., mega ekki vera meira en mánaðar-gömml, þegar umsókn er send.
- Veita má manni ökuskirteini, enda þótt hann sé blindur á öðru auga eða sjónskerpan sé minni en 6/24, ef hitt augað er óskemmt og með fullri sjónskerpun (6/6 án gleraugna), þegar hlutaðeigandi hefur verið sjónlaus á öðru auga eða með lamaða sjón á því meira en hálf t ár. Ökuskirteini fyrir mann með þannig lamaða sjón, er heimili honum að stýra bifhjóli með eða án hliðarvagns, má aðeins veita með því skilyrði, að hann noti jafnan, er hann stýrir bifhjólinu, hlífðargleraugu (þ. e. venjuleg stór gleraugu, ekki bifreiðagleraugu). Skirteini þau, sem um ræðir í þessari málsgrein, veita ekki heimild til þess að stýra leigubifreið til mannflutninga.
- Dómsmálaráðherra getur leyft, að sérstök ökuskirteini séu veitt mönnum, enda þótt þeir fullnægi ekki almennum kröfum um líkamshreysti og setur þá nánari reglur um innihald skirteinisins.

2. gr.

Telji lögreglustjóri skilríki þau, sem umsókninni fylgja, fullnægjandi, sendir hann þau til fasts prófdómara, sem stjórnarráðið löggildir, til þess að halda próf það, sem ákveðið er í 20. gr. bifreiðalaganna, og prófar hann umsækjanda svo fljótt, sem ástæður leyfa.

3. gr.

Prófið er bæði munnlegt og verklegt, en aðaláherzlu ber að leggja á verklega prófið.

A. Munnlega prófið nær yfir:

- Gerð og hirðing vélarinnar og umbúnað í vagninum.
- Lög og reglur, er snerta bifreiðar, umferð og ökumenn bifreiða.
- Hvaða ráð skuli höfð, er einhver vandkvæði ber að höndum.
- Meðferð benzíns og annarra eldfimra efna.

B. Verklega prófið nær yfir:

- Beitingu hemla, stýris, kveikingu vélarinnar, að ræsa vélina, stöðva hana, aka bifreiðinni áfram og aftur á bak og snúa henni.
- Prófakstur. Prófdómari skal sitja í vagninum, en umsækjandi stjórna vagninum hjálparlaust, og skal haga akstrinum þannig, að bæði sé ekið þar, sem talsverð umferð er, og einnig á auðum vegi eftir bugðum og brekkum, og skal aksturinn vera svo langur, að prófdómariinn fái fulla vitneskju um, hvort óhætt sé að veita umsækjanda ökuskirteini.

c. Jafnframt skal prófdómari fullvissa sig um, að umsækjandi sé ekki fatlaður á neinn hátt, er geri hann óhæfan til að stýra bifreið.

178
13. des.

4. gr.

Að loknu prófi skal prófdómari tafarlaust endursenda lögreglustjóra skilríki umsækjandans. Hafi hann staðizt prófið, fær lögreglustjóri honum ökuskirteini, og skal í því vera:

- a. Númer skirteinisins.
- b. Nafn, fæðingardagur, fæðingarstaður og heimili ökumanns.
- c. Mynd af ökumanni, með stimpli lögreglustjóra og númeri skirteinisins.

Fyrir skirteini þetta greiðist kr. 20.00 til lögreglustjóra.

Hafi umsækjandi ekki staðizt prófið, getur hann ekki fengið að ganga undir próf á ný, fyrr en að tveim vikum liðnum, og skal hann þá færa sönnur á það, að hann hafi notið rækilegrar kennslu á þeim tíma.

Ökuskirteinið gildir í 5 ár, frá því það er gefið út. Lögreglustjóri getur þó, hvenær sem er svipt mann því, ef það upplýsist, að viðkomandi fullnægir ekki lengur settum skilyrðum til þess að öðlast ökuskirteini. Ef endurnýjunar á ökuskirteini er óskað að 5 árum liðnum, verður viðkomandi að færa sönnur á það fyrir lögreglustjóra að nýju, að hann fullnægi skilyrðunum til þess að fá ökuskirteini. Skal hann leggja fram skilríki þau, sem talin eru í 1. gr. c., e. og g., svo og d.-lið sömu greinar, ef hann óskar endurnýjunar skirteinis utan heimasveitar sinnar. Lögreglustjóri ákveður, hvort viðkomandi skuli þá að nýju ganga undir bifreiðastjórapróf.

Endurnýjað ökuskirteini skal bera hið upphaflega umdæmis tölumerki. Í endurnýjuðu ökuskirteini skal vera skráð hvenær upphaflega ökuskirteinið var gefið út. Fyrir endurnýjun ökuskirteinis greiðist til lögreglustjóra sama gjald og fyrir upphaflega skirteinið.

Glatist ökuskirteini, má endurnýjun á því aðeins fara fram við embætti þess lögreglustjóra, sem upphaflega gaf það út, eða annars lögreglustjóra að uppfylltu skilyrði d.-liðar 1. gr.

5. gr.

Óski einhver að fá ökuskirteini, er heimili honum að stýra bifhjóli með eða án hliðarvagns, en ekki öðrum bifreiðum, þá getur prófdómari veitt þær tilslakanir, að því er prófkröfurnar snertir, sem hann telur hæfilegar.

6. gr.

Fyrir prófið greiði umsækjandi kr. 75.00 og leggi auk þess til á sinn kostnað bifreið, er prófdómari tekur gilda. Fyrir prófun á meðferð bifhjóls greiðist kr. 40.00.

7. gr.

Sá, sem hefur ökuskirteini frá erlendum stjórnvöldum, getur fengið ökuskirteini hjá lögreglustjóra, án þess að taka próf, ef lögreglustjóra er ekki kunnugt um neitt það, er ætla má að geri umsækjanda miður hæfan til að stýra bifreið. Krafizt getur lögreglustjóri skilríkja þeirra, er greinir í 1. gr. a., e. og g., ef honum þykir ástæða til.

Sá, sem hefur alþjóðaökuskirteini, hefur heimild til aksturs samkvæmt alþjóðasamþykkt frá 24. apríl 1926, um bifreiðaumferð á alfaravegum, sem gekk hér í gildi 1. marz 1936.

8. gr.

Rétt til þess að hafa á hendi kennslu í notkun bifreiða undir almenna prófið hafa þeir einir, sem fengið hafa til þess löggildingu dómsmálaráðuneytisins.

Engum má veita ökukennararéttindi nema hann:

1. Sé 25 ára að aldri.
2. Hafi óflekkað mannorð.

- 178 3. Hafi ökuskírteini fyrir bifreiðarstjóra á leigubifreiðum til mannflutninga og hafi
13. des. stundað akstur a. m. k. í tvö ár eftir útgáfu þess.
4. Hafi staðizt próf í eftirtöldum atriðum:
- Lögum og reglugerðum snertandi bifreiðar, umferð og ökumenn bifreiða.
 - Kennslu í bifreiðaakstri.
 - Ritgerð um eitthvert af atriðum þeim, sem kennd eru á námskeiðum fyrir bifreiðarstjóra á leigubifreiðum til mannflutninga, sbr. 12. gr., eftir ákvörðun prófnefndar.

Við prófið skal gefa einkunnir 0—8 með þriðjungs millieinkunum. Til þess að standast próf þarf umsækjandi að fá minnst 4 $\frac{2}{3}$ fyrir hvern próflið (a.—c.).

Standist umsækjandi ekki prófið, skal a. m. k. eitt ár líða, þar til hann fær að ganga undir próf á ný.

Forstöðumaður bifreiðaeftirlits ríkisins, fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík og einn bifreiðaeftirlitsmaður, eftir ákvörðun dómsmálaráðuneytisins, skulu annast um próf fyrir ökukennaraefni. Forstöðumaður bifreiðaeftirlitsins er formaður prófnefndar. Störf prófnefndar skulu unnin í reglulegum starfstíma nefndarmanna, og eru því eigi sérstaklega launuð. Dómsmálaráðherra getur skipað dómnefndir á öðrum stöðum en Reykjavík, ef ástæða þykir til.

Fyrir leyfisbréf til ökukennslu skal greiða kr. 500.00, en kr. 50.00 fyrir endurnýjun þess. Ökukennararéttindi falla niður 2 árum eftir útgáfu leyfisbréfs, ef það hefur ekki verið endurnýjað.

Hafi ökukennari eigi farið með nemanda til prófs síðara ár gildistíma ökukennararéttinda hans, skal hann ganga undir próf að nýju, áður en leyfisbréf hans er endurnýjað.

Dómsmálaráðherra getur, hvenær sem er, svipt menn ökukennararéttindum, ef ástæða þykir til.

Ekki má veita yngri mönnum en 17 ára tilsögn í akstri.

Bifreiðar, sem notaðar eru við kennslu, skulu aftan og framan bera greinileg spjöld með áletruninni „KENNSLUBIFREIÐ“, og skulu þær löggiltar af bifreiðaeftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem bifreiðin er skrásett. Óheimilt er að nota kennsluspjöldin, þegar bifreiðin er notuð til annars en kennslu. Bifreiðaeftirlit ríkisins sér um gerð einkennisspjalda þessara. Til þess að bifreið verði löggilt sem kennslubifreið, þarf hún, auk almennra skoðunarskilyrða, að vera þannig útbúin, að ökukennari hafi auðveldan aðgang að kveikjulási og hemlum bifreiðarinnar, er hann situr við hlið nemanda, sem ekur bifreiðinni. Við sæti ökukennara skal og vera komið fyrir hemlunartæki, er sé tengt við fóthemla bifreiðarinnar.

Kennslubifreið skal vátryggð til þeirra nota fyrir tjóni gagnvart þriðja manni.

Æfingar nemenda í akstri tvíhjóla bifreiða mega aðeins fara fram undir stjórn og umsjón ökukennara. Réttindi til kennslu í akstri tvíhjóla bifreiða hafa þeir, sem hafa ökuskírteini, eru 25 ára að aldri, og hafa minnst eins árs æfingu í akstri slíkra bifreiða.

Gjald fyrir ökukennslu skal ekki vera hærra fyrir hverja klukkustund en sem nemur gjaldi að degi til fyrir leigubifreiðar á þeim stað, sem kennslan fer fram á, ásamt 25% álagi.

9. gr.

Löggildingu, sem prófdómurum við hið almenna bifreiðarstjórapróf, veitir ráðuneytið hæfilega mörgum mönnum, sem til þess álitast hæfir, og eru ekki á neinn hátt riðnir við verzlun með bifreiðar né ökukennslu. Löggildingin getur verið tímabundin, og ráðuneytið getur afturkallað hana, ef því virðist ástæða til.

Þar sem ráðuneytið hefur löggilt skoðunarmenn, skulu þeir og vera löggiltir prófdómarar við almenna prófið.

10. gr.

Þar sem ráðuneytið hefur löggilt skoðunarmenn bifreiða, skal greiða prófgjöld til lögreglustjóra jafn framt afhendingu umsókna um prófun samkvæmt 1. gr., nema þar, sem öðruvísi kann að vera ákveðið.

178

13. des.

II. KAFLI

Um námsskeið og próf fyrir bifreiðarstjóra á leigubifreiðum til mannflutninga.

11. gr.

Til þess að stýra leigubifreið til mannflutninga þarf sérstakt viðbótarskirteini, en til þess að öðlast það verður bifreiðarstjóri að ganga undir og standast viðbótarpóf, sem haldið verður samkvæmt reglugerð þessari eftir nánari auglýsingum í hvert sinn.

12. gr.

Til undirbúnings undir viðbótarpófi skal halda í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum og kaaptúnum, þar sem nægar ástæður þykja til, námsskeið undir stjórn forstöðumanns, sem dómsmálaráðuneytið útnefnir. Dómsmálaráðuneytið getur falið öðrum hæfum mönnum að veita forstöðu námsskeiðum utan Reykjavíkur. Eru um námsskeið þessi settar eftirfarandi reglur:

1. Námsskeið verður jafnaðarlega starfrækt haust og vor, ef nægilega margir gefa sig fram til þátttöku í náminu. Námsskeiðið er hæði verklegt og munnlegt, og skal sérstaklega lögð stund á kennslu í þeim atriðum, sem talin eru hér á eftir:
 - a. Hvernig öll þau tæki vinna, sem stjórnað er úr sæti bifreiðarstjóra og hvernig skuli beita þeim.
 - b. Rafmagnskerfið.
 - c. Kælivatnskerfið.
 - d. Smurningskerfið.
 - e. Benzínkerfið ásamt benzínjóf.
 - f. Gerð og starfshætti vélar að öðru leyti, svo og viðgerðir á algengustu smábílunum, sem fyrir koma á vél og vagni.
 - g. Tengsli, skiptihjólakassi og mismunadrif.
 - h. Hemlar, ýmsar gerðir.
 - i. Stýrisumbúnaður.
 - j. Hvað gera skuli, er ýmis vandkvæði ber að höndum, svo sem ef eldur kemur upp í bifreið, eða ef bifreið veltur.
 - k. Lög og reglugerðir um notkun bifreiða og skyldur bifreiðarstjóra.
2. Umsóknir um inntöku á námsskeiðið skal senda forstöðumanni námsskeiðsins í Reykjavík.

Inntökuskilyrði eru þessi:

 - a. Nemandi sé fullra 19 ára að aldri.
 - b. Nemandi leggi fram ökuskirteini sitt, enn fremur áreiðanleg vottorð um, að hann hafi ekið bifreið að jafnaði ekki skemur en 6 mánuði og þar af ekki skemur en 3 mánuði á undanförunum 12 mánuðum.
 - c. Nemandi leggi fram læknisvottorð það, er um getur í 1. gr. e. í reglugerð þessari.
 - d. Nemandi hafi óflekkað mannorð og leggi fram vottorð sakadómarans í Reykjavík um, að hann hafi ekki á undanförunum 12 mánuðum verið sviptur ökuskirteini, né gerzt brotlegur við ákvæði um neyzlu eða meðferð áfengra drykkja.

178

13. des.

Hvert námskeið stendur að jafnaði um 4—6 vikur og skulu kennslustundir vera um 180, samkvæmt stundatöflu, er forstöðumaður námskeiðsins semur. Fyrir þátttöku í námskeiðinu greiði hver nemandi kennslugjald, er ákveðið er áður en námskeiðið hefst, með hliðsjón af, að námsgjöld hrökkvi til greiðslu kostnaðar við námskeiðið. Kennslugjald greiðist fyrir fram til forstöðumanns námskeiðsins.

14. gr.

1. Nemendur skulu vera komnir á kennslustaðinn á hverjum degi, áður en kennslustundir byrja.
2. Geti nemandi ekki sótt kennslustund, sakir veikinda eða af öðrum ástæðum, ber að tilkynna forstöðumanni námskeiðsins það.
Geti nemandi ekki vegna veikinda sótt kennslustundir 2 daga, ber að tilkynna forstöðumanni það skriflega og færa ástæður fyrir.
3. Tóbaksreykingar eru stranglega bannaðar alls staðar þar, sem kennsla eða verklegar æfingar fara fram.
4. Nemendur skulu fara vel með muni þá og áhöld, sem notuð eru við kennsluna. Skemmist eða glatist nokkuð af munum eða áhöldum námskeiðsins fyrir kæruleysi þeirra, skulu þeir greiða fullar bætur fyrir.
5. Nemendur mega ekki fara út í kennslustund án leyfis hlutaðeigandi kennara eða forstöðumanns.
6. Skyldur er nemandi að hlýða sérhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem kunna að verða settar til þess að styðja reglu og aga.
7. Brjótí nemandi gegn góðri reglu og velsæmi eða sýni ókurteisi eða óhlýðni eða sé óreglusamur, svo að þátttaka hans teljist skaðleg fyrir námskeiðið eða aðra nemendur námskeiðsins, eða gagnslaus fyrir hann sjálfan, má vísa honum burt af námskeiðinu um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, ef það telst nauðsynlegt.

15. gr.

Forstöðumaður námskeiðsins hefur á hendi alla umsjón með því, hann skal og ráða stundakennara og sjá um útvegum á því, sem til námskeiðsins þarf, eftir því sem ráðuneytið nánar ákveður.

16. gr.

Að loknu hverju námskeiði skal halda próf, þó skal próf í akstri fara fram í byrjun hvers námskeiðs, enda er engin kennsla í akstri á námskeiðinu.

Óski einhver, sem ekki er nemandi námskeiðsins, að ganga undir próf, skal hann senda umsókn um það til forstöðumanns námskeiðsins eigi síðar en mánuði áður en próf byrjar. Umsókninni skal fylgja vottorð um, að hann fullnægi inntöku-skilyrðum á námskeiðið og auk þess vottorð um, að hann hafi lokið sveinsprófi í bifvélavirkjun eða hlotið svipaða undirbúningsmenntun, sem prófnefnd tekur gilda, eða prófnefndin telur hann færán um að ganga undir prófið vegna sérkunnattu hans eða hæfni.

Þeir, sem lokið hafa sveinsprófi í bifvélavirkjun, skulu undanþegnir prófi í þeim atriðum, er greinir í a- og b-liðum, 1. mgr. 18. gr.

Fyrir þátttöku í prófi skal greiða kr. 40.00 með vísitöluálagi, er greiðist fyrirfram til forstöðumanns námskeiðsins.

17. gr.

Prófið er bæði munnlegt og verklegt. Það skal haldið af prófnefnd, sem dómsmálaráðuneytið skipar til þess. Skulu í henni vera forstöðumaður námskeiðsins og tveir aðrir. Skal annar þeirra hafa rétt til að stýra almenningsbifreið til mannflutninga, en hinn hafa meiri vélfræðilega þekkingu en námskeiðið veitir. Einn hinna

ofanefndu prófdómenda skal vera oddviti prófnefndar. Dómsmálaráðuneytið ákveður þóknun til prófnefndar. **178**

13. des.

Prófnefnd getur falið öðrum hæfum mönnum að annast próf í akstri, svo og próf í hjálp í viðlögum, sbr. c-lið og d-lið 18. gr.

18. gr.

Við prófið skal gefa séreinkunn í hverju eftirgreindra atriða:

- Þekkingu á mótórvélinni, með rafmagnskerfi, kælivatnskerfi, benzínkerfi og smurningskerfi, svo og gangtruflunum.
- Þekkingu í vinnslukerfi bifreiðarinnar, svo sem tengslum, skiptihjólakassa, mismunadrifi, hemlum og stýrisumbúnaði, ásamt tilheyrandi smurnings-tækjum.
- Prófakstri. Við prófið, sem fer fram áður en námsskeiðið hefst (sbr. 16. gr.), skal nota almenningsbifreið og skal hver nemandi prófaður í minnst eina klukkustund við mismunandi aðstæður, svo að glöggð komi fram hæfni hans og leikni í bifreiðarstjórn.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem sjúkleiki prófsveins, getur dómsmálaráðuneytið veitt undanþágu til þess að nota megi við prófið venjulega 5—6 manna bifreið, enda veitir þá prófið ekki réttindi til aksturs stærri leigubifreiða. Skal athugasemd um slíkt undanþágupróf þá rituð á prófskírteini og ökuskírteini.

- Bifreiðalögum og reglugerðum, svo og hvað gera skuli, ef sérstök vandkvæði ber að höndum. (Hjálp í viðlögum.)

Einkunnir skulu gefnar frá 0—8 með þriðjungs millieinkunnum. Verði prófdómendur eigi ásáttir um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammistöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðaltalinu af tölugildi einkunna þeirra, er gefnar hafa verið.

Sé þetta meðaltal mitt á milli tveggja ofangreindra tölugilda, skal gefin sú einkunn, sem er næst fyrir ofan. Lægsta meðaleinkunn, sem þarf til þess að standast prófið, er $4\frac{2}{3}$ og má einkunn í prófakstri ekki vera lægri. Fær nemandi því aðeins að sækja námsskeiðið, að hann hafi hlotið minnst einkunnina $4\frac{2}{3}$ í prófakstri.

19. gr.

Prófsveinar skulu mæta stundvislega á tilteknum stað til prófsins og mega ekki án leyfis víkja þaðan, meðan prófið stendur yfir.

Gangi prófsveinn frá prófi vegna sjúkleika og sannar síðan með læknisvottorði, að hann hafi verið forfallaður, má prófa hann í því, sem eftir var, svo fljótt sem því verður við komið. Eru þá fyrri svör hans fullgild við því, sem lokið var þegar hann forfallaðist.

Geti hann aftur á móti ekki fært sönnur á, að hann hafi fullgilda ástæðu fyrir fjarveru sinni frá prófinu, skal álitnið, sem hann hafi ekki staðizt prófið.

20. gr.

Hver prófsveinn, sem staðizt hefur prófið, fær að loknu prófi prófskírteini.

21. gr.

Að afloknu námsskeiði og prófi skrifar forstöðumaður skýrslu um námsskeiðið og prófnefndin um prófið, með nöfnum nemenda og prófsveina, fæðingardeggi og fæðingarstað ásamt verkefni við prófið, og ritar hún hinar gefnu einkunnir í þar til gerða prófbók, dagsetur hana og staðfestir með undirskrift sinni.

Prófbókina skal geyma í vörzlum bifreiðaeftirlitsins í Reykjavík, en útskrift úr henni um hvert próf skal að því loknu senda dómsmálaráðuneytinu,

178

22. gr.

13. des.

Formaður prófnefndar sendir að afloknu prófi viðkomandi lögreglustjóra nöfn þeirra, er staðizt hafa prófið. Á prófsveinn þá rétt á, ef hann er 20 ára eða eldri, að fá bætt við á ökuskirteini sitt heimild til þess að stýra leigubifreið til mannflutninga.

23. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð nr. 132 28. des. 1936, um próf fyrir bifreiðastjóra með öllum áorðnum breytingum, svo og öll önnur reglugerðar-ákvaði, er brjóta í bága við reglugerð þessa.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og lögum nr. 49 5. apríl 1948, um breyting á þeim lögum, og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytið, 13. desember 1948.

Bjarni Benediktsson.

Sigurgeir Jónsson.

179

REGLUGERÐ

21. des.

um breyting á reglugerð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu um eyðing bandorma í hundum, nr. 62 frá 24. ágúst 1923.

Í stað „kr. 1.00“ í 8. gr. komi: kr. 10.00.

Þannig samþykkt af sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu í apríl 1948.

Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, 21. desember 1948.

Jóhann Skaptason.

180

AUGLÝSING

30. des.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 3. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941 og nr. 73 13. maí 1942.

Vörugjald af ísvörðum fiski og hraðfrystum fiski skal vera kr. 2.00 fyrir hver 100 kg, og af fiski upp úr salti og fullverkuðum saltfiski kr. 1.20 fyrir hver 100 kg, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið, þó ekki lengur en til ársloka 1949.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

S A M Þ Y K K T

181

30. des.

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Vestur-Barðastrandarsýslu,
nr. 75 29. ágúst 1931.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sýsluvegir teljast þessir:

1. Frá Haukabergsá að Siglunesi á Barðaströnd.
2. Frá Gjögrum um Hænuvík, Hænuvíkurháls og Kollsvík að Breiðuvík.
3. Frá Sveinseyri í Tálknafirði að Sellátrum.
4. Frá Stóra-Laugardal um Fagradal og Fífustaðadal (Kolmúladal) á sýsluveg Ketildalahrepps.
5. Frá staðnum í Selárdal um Ketildalahrepp að Bakka.
6. Frá Fossi í Suðurfjarðahreppi að Trostansfirði.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi samþykktir nr. 34 2. marz 1943 og nr. 161 10. des. 1946, um sama efni.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

A U G L Ý S I N G

182

31. des.

staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind byggingarsamvinnufélög:

36. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Sauðárkróks, Sauðárkróki. Varnarþing: Sauðárkróki. Staðfest 3. desember 1948.
37. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna Reykjavíkurbæjar, Reykjavík. Varnarþing: Reykjavík. Staðfest 6. desember 1948.
38. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag bankamanna í Reykjavík. Varnarþing: Reykjavík. Staðfest 22. desember 1948.
39. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Selfoss, Selfossi. Varnarþing: Selfossi. Staðfest 23. desember 1948.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, Stj.tíð. B., bls. 174—179.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

183

31. des.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingarsamþykktum kaupstaða og kauptúna.

Samkvæmt lögum nr. 19/1905 og lögum nr. 55/1921 hefur ráðuneytið staðfest byggingarsamþykktir fyrir eftirgreinda kaupstaði og kauptún:

1. Byggingarsamþykkt fyrir Höfn, Hornafirði. Varnarþing: Höfn, Hornafirði. Staðfest 2. nóvember 1948. Tekur gildi 1. janúar 1949.
2. Byggingarsamþykkt fyrir Egilsstaðakauptún, Suður-Múlasýslu. Varnarþing: Egilsstaðakauptún, Suður-Múlasýslu. Staðfest 2. nóvember 1948. Tekur gildi 1. janúar 1949.
3. Byggingarsamþykkt fyrir Hólmavík, Strandasýslu. Varnarþing: Hólmavík. Staðfest 2. nóvember 1948. Tekur gildi 1. janúar 1949.
4. Byggingarsamþykkt fyrir Hellissand, Snæfellsnessýslu. Varnarþing: Hellissandi. Staðfest 2. nóvember 1948. Tekur gildi 1. janúar 1949.
5. Byggingarsamþykkt fyrir Akureyri. Varnarþing: Akureyri. Staðfest 5. nóvember 1948. Tekur gildi 1. janúar 1949.
6. Byggingarsamþykkt fyrir Seyðisfjarðarkaupstað. Varnarþing: Seyðisfirði. Staðfest 5. nóvember 1948. Tekur gildi 1. janúar 1949.
7. Byggingarsamþykkt fyrir Búðakauptún, Fáskrúðsfirði. Varnarþing: Búðakauptúni. Staðfest 30. desember 1948. Tekur gildi 1. janúar 1949.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1948, Stj.tíð. B., bls. 167—185.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

184 STYRKARSJÓÐUR TIL SVÍPJÓÐARFERÐA

Ársreikningur 1947.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr. 7750.78
Aukning á árinu 1947 samkvæmt eftirfarandi reikningi	— 294.80
	<hr/>
	Kr. 8045.58
Eignum sjóðsins er þannig háttað:	
Veðdeildarbréf	kr. 7000.00
Innstæða í sparisjóði	— 1045.58
	<hr/>
	Kr. 8045.58

T e k j u r :

184

Vextir af veðdeildarbréfum	kr. 280.00
Vextir af sparisjóðsinnstæðu	— 14.80

 Kr. 294.80

G j ö l d :

Lagt við höfuðstólinn	kr. 294.80
-----------------------------	------------

 Kr. 294.80

Forsætisráðuneytið, 12. júlí 1948.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

R E I K N I N G U R

185

Minnisvarðasjóðs Hannesar Hafstein.

Ársreikningur 1947.

H ö f u ð s t ó l l :

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr. 507.24
Aukning árið 1947 samkvæmt eftirfarandi reikningi	— 14.14

 Kr. 521.38

T e k j u r :

Vextir af sparisjóðsinnstæðu	kr. 14.14
------------------------------------	-----------

 Kr. 14.14

G j ö l d :

Lagt við höfuðstólinn	kr. 14.14
-----------------------------	-----------

 Kr. 14.14

Forsætisráðuneytið, 2. janúar 1948.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

R E I K N I N G U R

186

Berklavarnasjóðs Ólafs Halldórssonar konferensráðs.

Ársreikningur 1947.

H ö f u ð s t ó l l :

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr. 2010.34
Aukning á árinu 1947 samkvæmt eftirfarandi reikningi	— 58.31

 Kr. 2068.65

186

Eignum sjóðsins er þannig háttað:

Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands h/f	kr. 200.00
Innstæða í sparissjóðsdeild Búnaðarbankans	— 1868.65
	<hr/>
	Kr. 2068.65

Tekjur:

Arður af hlutabréfum	kr. 8.00
Vextir af sparissjóðsinnstæðu	— 50.31
	<hr/>
	Kr. 58.31

Gjöld:

Lagt við höfuðstólinn	kr. 58.31
	<hr/>
	Kr. 58.31

Forsætisráðuneytið, 2. janúar 1948.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

187

SNORRASJÓÐUR 1930

Ársreikningur 1947.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári, samkvæmt birtum reikningi	kr. 155571.91
Aukning á árinu samkvæmt neðangreindu	— 1627.40
	<hr/>
	Kr. 157199.31

Eignum sjóðsins er varið þannig:

Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar	kr. 152500.00
Innstæða í Búnaðarbanka	— 4699.31
	<hr/>
	Kr. 157199.31

Tekjur:

Vextir af skuldabréfum Siglufjarðarkaupstaðar	kr. 6040.00
Vextir af sparissjóðsinnstæðu	— 87.40
	<hr/>
	Kr. 6127.40

Gjöld:

Styrkur til náms í Noregi:	
Kristinn Björnsson, til náms í sálarfræði við Oslóarháskóla	kr. 1800.00
Ingvar Hallgrímsson, til fiskifræðináms við Oslóarháskóla	— 600.00
Ingvar Emilsson, til hagfræðináms við Oslóarháskóla	— 600.00
Skúli Norðdahl, til náms í byggingarlist við verkfræðiháskólann í Niðarósi	— 600.00
Jóhann Jónasson, ráðsmaður á Bessastöðum, til að kynna sér korn- rækt í Noregi	— 900.00
	<hr/>
	Kr. 4500.00
Lagt við höfuðstól	— 1627.40
	<hr/>
	Kr. 6127.40

Búnaðarbanki Íslands.

Hilmar Stefánsson. Haukur Þorleifsson.

REIKNINGUR

188

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigurðar Melsted árið 1947.

T e k j u r :

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 2000.00		
b. Ríkisskuldabréf	— 1000.00		
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 1621.36		kr. 4621.36
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 100.00		
b. — ríkisskuldabréfum	— 27.50		
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 57.93		— 185.43
			kr. 4806.79

G j ö l d :

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 2000.00		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 2806.79		kr. 4806.79
			kr. 4806.79

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 29. janúar 1948.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR

189

Minningarsjóðs frú Önnu Claessen árið 1947.

T e k j u r :

1. Eign frá fyrra ári:			
a. Bankavaxtabréf	kr. 4500.00		
b. Ríkisskuldabréf	— 500.00		
c. Sparisjóðsinnstæða	— 938.65		kr. 5938.65
2. Vextir:			
a. Af verðbréfum	kr. 209.50		
b. Af innstæðu	— 13.35		— 222.85
3. Útdregin vaxtabréf			— 200.00
4. Keypt bankavaxtabréf			— 1000.00
		Samtals	kr. 7361.50
		G j ö l d :	
1. Keypt bankavaxtabréf	kr. 1000.00		
2. Útdregin bankavaxtabréf	— 200.00		
3. Eign í árslok:			
3 bankavaxtabréf á 1000 kr.	kr. 3000.00		
3 — á 500 —	— 1500.00		
8 — á 100 —	— 800.00		
1 ríkisskuldabréf	— 500.00		
Innstæða í Sparisjóði Sauðárkróks	— 361.50		— 6161.50
		Samtals	kr. 7361.50

Sauðárkróki, 2. febr. 1948.

Margrét Hemmert.

Elinborg Jónsdóttir.

Guðrún Bjarnadóttir.

190

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Þórleifar Kr. Sigurðardóttur, ljósmóður, árið 1947.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun	kr. 8046.28
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu	— 386.53
3. Verðlaun úr Vaxtabætissjóði	— 11.97
4. Gjafir og áheiti	— 450.00
	<hr/>
	Kr. 8894.78

Gjöld:

1. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	kr. 8794.78
2. Hjá reikningshaldara	— 100.00
	<hr/>
	Kr. 8894.78

Kóngsbakka, 8. júlí 1948.

Guðbrandur Sigurðsson. Sigurborg Magnúsdóttir. Soffía Guðmundsdóttir.

191

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Guðrúnar Helgadóttur frá Stóra-Lambhaga árið 1943.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári	kr. 8551.92
2. Vextir af innstæðu í Sparisjóði Hafnarfjarðar	— 5.36
3. Vextir af innlánsskírteini nr. 10 í Sparisjóði Hafnarfjarðar	— 292.14
4. Innkomnar minningargjafir 1943	— 239.00
	<hr/>
	Kr. 9088.42

Gjöld:

1. Gjaldkerapóknun 5% af kr. 239.00	kr. 11.95
2. Sjóður:	
a. Innlánsskírteini nr. 10 í Sparisjóði Hafnarfj. ..	kr. 8569.33
b. Innstæða í Sparisjóði Hafnarfjarðar	— 391.93
c. Peningar hjá gjaldkera	— 115.21
	<hr/>
	— 9076.47
	<hr/>
	Kr. 9088.42

Hafnarfirði, 17. marz 1944.

Finnb. J. Arndal,
gjaldkeri.

REIKNINGUR

192

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Guðrúnar Helgadóttur frá Stóra-Lambhaga árið 1944.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári	kr. 9076.47
2. Vextir af innstæðu í Sparisjóði Hafnarfjarðar	— 14.26
3. Vextir af innláns-skirteini nr. 10 í Sparisjóði Hafnarfjarðar	— 302.53
4. Innkomnar minningargjafir 1944	— 238.00
	<hr/>
	Kr. 9631.26

Gjöld:

1. Gjaldkerabóknun 5% af kr. 238.00	kr. 11.90
2. Sjóður:	
a. Innláns-skirteini nr. 10 í Sparisjóði Hafnarfj.	— 8871.86
b. Innstæða í Sparisjóði Hafnarfjarðar	— 731.19
c. Peningar hjá gjaldkera	— 16.31
	<hr/>
	— 9619.36
	<hr/>
	Kr. 9631.26

Hafnarfirði, 13. marz 1945.

Finnb. J. Arndal,
gjaldkeri.

REIKNINGUR

193

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Guðrúnar Helgadóttur frá Stóra-Lambhaga árið 1945.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári	kr. 9619.36
2. Vextir af innstæðu í Sparisjóði Hafnarfjarðar	— 16.97
3. Vextir af innláns-skirteini nr. 10	— 313.22
4. Innkomnar minningargjafir 1945	— 290.50
	<hr/>
	Kr. 10240.05

Gjöld:

1. Gjaldkerabóknun 5% af kr. 290.50	kr. 14.42
2. Sjóður:	
a. Innláns-skirteini nr. 10 í Sparisjóði Hafnarfj.	kr. 9185.08
b. Innstæða í Sparisjóði Hafnarfjarðar	— 1008.16
c. Peningar hjá gjaldkera	— 32.39
	<hr/>
	— 10225.63
	<hr/>
	Kr. 10240.05

Hafnarfirði, 18. júní 1946.

Finnb. J. Arndal,
gjaldkeri.

194

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Guðrúnar Helgadóttur frá Stóra-Lambhaga
árið 1946.

T e k j u r :

1. Sjóður frá fyrra ári	kr. 10225.63
2. Vextir af innstæðu í Sparisjóði Hafnarfjarðar	— 21.18
3. Vextir af innláns-skirteini nr. 10	— 324.29
4. Innkomnar minningargjafir 1946	— 210.00

 Kr. 10781.10

G j ö l d :

1. Gjaldkerabóknun 5% af kr. 210.00	kr. 10.50
2. Sjóður:	
a. Innláns-skirteini nr. 10 í Sparisjóði Hafnarfj.	kr. 9509.37
b. Innstæða í Sparisjóði Hafnarfjarðar	— 1129.34
c. Peningar hjá gjaldkera	— 131.89

 — 10770.60

 Kr. 10781.10

Hafnarfirði, 30. maí 1947.

Finnb. J. Arndal,
gjaldkeri.

195

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Guðrúnar Helgadóttur frá Stóra-Lambhaga
árið 1947.

T e k j u r :

1. Sjóður frá fyrra ári	kr. 10770.60
2. Innkomnar minningargjafir 1947	— 1689.00
3. Vextir af innstæðu í Sparisjóði Hafnarfjarðar 1947	— 50.72
4. Vextir af innláns-skirteini nr. 10	— 335.72

 Kr. 12846.04

G j ö l d :

1. Gjaldkerabóknun 5% af kr. 1689.00	kr. 84.45
2. Sjóður:	
a. Innláns-skirteini nr. 10 í Sparisjóði Hafnarfj.	kr. 9845.09
b. Innstæða í Sparisjóði Hafnarfjarðar	— 2880.06
c. Peningar í sjóði	— 36.44

 — 12761.59

 Kr. 12846.04

Hafnarfirði, 10. marz 1948.

Finnb. J. Arndal,
gjaldkeri.

REIKNINGUR

196

Meningarsjóðs Ísfirðinga árið 1945.**Tekjur:**

1. Eign í ársbyrjun	kr. 22368.54
2. Tekjur á árinu:	
a. Gjöf frá Alþýðuhúsi Ísfirðinga 1. febrúar	kr. 1000.00
b. Vextir í Söfnunarsjóði Íslands	— 1110.53
	<hr/>
	— 2110.53
	<hr/>
	Kr. 24479.07

Gjöld:

Eign í árslok:	
Inneign í Söfnunarsjóði Íslands, aðaldeild nr. 692	kr. 24479.07
	<hr/>
	Kr. 24479.07

Ísafirði, 6. september 1948.

Jón Guðjónsson.

REIKNINGUR

197

Meningarsjóðs Ísfirðinga árið 1946.**Tekjur:**

1. Eign í ársbyrjun	kr. 24479.07
2. Tekjur á árinu:	
a. Gjöf frá 40 ára nemendum unglingskóla Ísafj. ..	kr. 2000.00
b. Vextir í Söfnunarsjóði Íslands	— 1174.06
c. Vextir af sjóði hjá gjaldkera	— 30.00
	<hr/>
	— 3204.06
	<hr/>
	Kr. 27683.13

Gjöld:

1. Viðurkenning til tveggja fyrrv. nemenda Gagnfræðaskólans	kr. 1099.48
2. Kostnaður vegna auglýsinga	— 136.00
3. Eign í árslok:	
a. Inneign í Söfnunarsjóði Íslands, aðaldeild nr. 692	kr. 25653.13
b. Í sjóði hjá gjaldkera	— 794.52
	<hr/>
	— 26447.65
	<hr/>
	Kr. 27683.13

Ísafirði, 6. september 1948.

Sigurður Halldórsson.

REIKNINGUR

Meningarsjóðs Ísfirðinga árið 1947.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun		kr. 26447.65
2. Tekjur á árinu:		
a. Vextir í Söfnunarsjóði Íslands	kr. 1231.39	
b. Vextir af sjóði hjá gjaldkera	— 42.47	
		<u>— 1273.86</u>
		Kr. 27721.51

Gjöld:

1. Viðurkenning til þriggja fyrrv. nemenda Gagnfræðaskólans	kr. 1056.65
2. Kostnaður vegna auglýsinga	— 71.40
3. Eignir í árslok:	
a. Inneign í Söfnunarsjóði Íslands, aðaldeild nr. 692	kr. 26884.52
b. ÷ skuld við gjaldkera	— 291.06
	<u>— 26593.46</u>
	Kr. 27721.51

Ísafirði, 6. september 1948.

Sigurður Halldórsson.

REIKNINGUR

sjóðsins Aldarminning Jóns Sigurðssonar forseta árið 1945.

Tekjur:

1. Eignir í ársbyrjun		kr. 18848.80
2. Tekjur á árinu:		
a. Gjöf frá gömlum vini Gagnfræðaskólans, nú búsettum sunnanlands, til minningar um Karitas Hafliðadóttur	kr. 600.00	
b. Vextir af bankavaxtabréfum og öðrum verðbréfum	— 762.40	
c. Vextir í sparissjóði	— 7.82	
		<u>— 1370.22</u>
		Kr. 20219.02

Gjöld:

1. Viðurkenning til 10 nemenda Gagnfræðaskólans	kr. 500.00
2. Kostnaður við verðbréf	— 10.00
3. Eignir í árslok:	
a. Bankavaxtabréf	kr. 17500.00
b. Önnur verðbréf	— 1300.00
c. Innstæða í sparissjóði	— 909.02
	<u>— 19709.02</u>
	Kr. 20219.02

Ísafirði, 7. febrúar 1946.

Jón Guðjónsson.

REIKNINGUR

200

sjóðsins Aldarminning Jóns Sigurðssonar forseta árið 1946.

Tekjur:

1. Eignir í ársbyrjun	kr. 19709.02
2. Tekjur á árinu:	
a. Gjöf frá Sigríði Jónsdóttur, kaupkonu, og Kristjáni H. Jónssyni, hafnsögumanni, til minningar um systur þeirra, Þorbjörgu Jónsdóttur	kr. 2500.00
b. Vextir af bankavaxtabréfum og öðrum verðbréfum	— 846.50
c. Vextir af gjöf samkv. a-lið hér að framan	— 31.25
	<hr/>
	— 3377.75
	<hr/>
	Kr. 23086.77

Gjöld:

1. Viðurkenning til 5 nemenda Gagnfræðaskólans	kr. 500.00
2. Kostnaður við verðbréfakaup	— 20.00
3. Eignir í árslok:	
a. Bankavaxtabréf	kr. 14200.00
b. Önnur verðbréf	— 5250.00
c. Innstæða í sparisjóði	— 239.02
d. Í sjóði	— 2877.75
	<hr/>
	— 22566.77
	<hr/>
	Kr. 23086.77

Ísafirði, 7. september 1948.

Sigurður Halldórsson.

REIKNINGUR

201

sjóðsins Aldarminning Jóns Sigurðssonar forseta árið 1947.

Tekjur:

1. Eignir í ársbyrjun	kr. 22566.77
2. Tekjur á árinu:	
a. Áheiti frá frú Önnu Sigfúsdóttur í Minningarsjóð Þorbjargar Jónsdóttur	kr. 100.00
b. Vextir af bankavaxtabréfum og öðrum verðbréfum	— 846.50
c. Vextir í sparisjóði 1946—47	— 9.80
d. Vextir af sjóði hjá gjaldkera	— 129.53
	<hr/>
	— 1085.83
	<hr/>
	Kr. 23652.60

201

Gjöld:

1. Viðurkenning til 5 nemenda Gagnfræðaskólans	kr.	500.00
2. Eignir í árslok:		
a. Bankavaxtabréf	kr.	14200.00
b. Önnur verðbréf	—	5250.00
c. Innstæða í sparisjóði	—	248.82
d. Innstæða í sjóði	—	3453.78
		<hr/>
		— 23152.60

Kr. 23652.60

Ísafirði, 7. september 1948.

Sigurður Halldórsson.

202

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Vöggustofusjóðs Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur
árið 1947.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári	kr.	15438.90
2. Minningargjafir	—	2160.00
3. Vextir af bankavaxtabréfum	kr.	570.00
4. Vextir af innstæðu í sparisjóði	—	59.34
		<hr/>
		— 629.34

Kr. 18228.24

Gjöld:

Eftirstöðvar til næsta árs:

a. Bankavaxtabréf	kr.	18000.00
b. Innstæða í sparisjóði Landsbankans, sp. 46426	—	63.24
c. Í sjóði hjá gjaldkera	—	165.00
		<hr/>
		— 18228.24

Kr. 18228.24

Reykjavík, 15. apríl 1948.

Ísak Jónsson.

203

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 1947.

A. Sjóðreikningur.

Innborgað:

1. Sjóður í ársbyrjun:		
a. Bjargráðasjóður sveitarfélaga	kr.	1133132.62
b. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður	—	470993.95
		<hr/>
		kr. 1604126.57
		<hr/>
		Flyt kr. 1604126.57

	Fluttar	kr. 1604126.57	203
2. Bjargráðasjóðsgjöld sveitarfélaga	—	32923.80	
3. Tillag úr ríkissjóði	—	33187.50	
4. Vextir af inneign í bönkum:			
a. Af innstæðum Bjargráðasjóðs sveitarfélaga ..	kr. 22529.43		
b. Af innstæðum hins sameiginlega Bjargráðasj.	— 9746.36		
		—	32275.79
5. Vextir af verðbréfum hins sameiginlega Bjargráðasjóðs	—	8747.25	
6. Vextir af lánnum (fallnir í gjalddaga á árinu, svo og dagv.):			
a. Af lánnum úr Bjargráðasjóði sveitarfélaga	kr. 619.50		
b. Af lánnum úr hinum sameiginlega Bjargráðasj.	— 315.00		
		—	934.50
7. Afborganir lána:			
a. Af lánnum úr Bjargráðasjóði sveitarfélaga	kr. 5117.00		
b. Af lánnum úr hinum sameiginlega Bjargráðasj.	— 1500.00		
c. Af verðbréfum hins sameiginlega Bjargráðasj.	— 28700.00		
		—	35317.00

Kr. 1747512.41

Útborgað:

1. Kostnaður við sjóðinn	kr. 4636.00
2. Sjóður í árslok:	
I. Bjargráðasjóður sveitarfélaga:	
Inneign í bönkum	— 1194322.35
II. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður	— 548554.06

Kr. 1747512.41

B. Eignareikningur.

Activa:

Eign í ársbyrjun:

I. Bjargráðasjóður sveitarfélaga:			
a. Í útlánnum	kr. 29222.00		
b. Innstæða í bönkum	— 1133132.62		
		—	kr. 1162354.62
II. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður:			
a. Í útlánnum	kr. 4950.00		
b. 5½% ríkisskuldabréf 1938	— 63800.00		
c. 4½% ríkisskuldabréf 1941	— 35000.00		
d. 4½% bankavaxtabréf	— 2100.00		
e. 5% bankavaxtabréf	— 81800.00		
f. 6½% Elliheimilisbréf	— 1000.00		
g. Innstæða í bönkum	— 470993.95		
		—	658843.95
			Kr. 1821198.57
Eignaaukning 1947	—	103432.84	
			Kr. 1924631.41

203

Passiva:

Eign í árslok:

I. Bjargráðasjóður sveitarfélaga:

a. Í útlánum	kr.	24105.00
b. Innstæður í bönkum	—	1194322.35

kr. 1218427.35

II. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður:

a. Í útlánum	kr.	3450.00
b. 5½% rikisskuldabréf 1938	—	58000.00
c. 4½% rikisskuldabréf 1941	—	30000.00
d. 5% bankavaxtabréf	—	66200.00
e. Innstæða í bönkum	—	548554.06

— 706204.06

Kr. 1924631.41

Reykjavík, 30. júlí 1948.

F. h. bjargráðasjóðsstjórnarinnar

Jónas Guðmundsson.

Reikning þennan höfum við endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins og skjöl, rannsakað peninga- og verðbréfaeign hans og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 16. október 1948.

Þorst. Þorsteinsson. M. Stefánsson. Arnór Guðmundsson.

204

REIKNINGUR

Styrktarsjóðs læknishjónanna Ingibjargar Ísleifsdóttur og Ólafs Finsen héraðs-læknis, Akranesi, fyrir árið 1947.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun:		
Inneign í Aðaldeild Söfnunarsjóðs, nr. 589	kr.	6137.82
2. Vextir 1946	—	71.98
3. Innlagt á árinu, gjafir o. fl.	—	2715.88
4. Gjöf	—	200.00

Kr. 9125.68

Gjöld:

1. Styrkur veittur Einari Beinteinssyni	kr.	200.00
2. Sjóður í árslok:		
Inneign í Söfnunarsjóði	—	8925.68

Kr. 9125.68

Akranesi, 24. janúar 1948.

Ólafur Finsen. Árni Árnason. Þuríður Guðnadóttir. Jón M. Guðjónsson.

IÐNLANASJÓÐUR

205

Rekstrarreikningur 1947.

Tekjur:

1. Frá fyrra ári	kr. 12235.50
2. Framlag ríkissjóðs	— 300000.00
3. Vaxtatekjur	— 14470.42
	<hr/>
	Kr. 326705.92

Gjöld:

1. Kostnaður	kr. 3398.50
2. Framlag ríkissjóðs lagt í stofnsjóð	— 300000.00
3. Rekstrarhagnaður lagður í stofnsjóð	— 23307.42
	<hr/>
	Kr. 326705.92

Jafnaðarreikningur 31. des. 1947.

Eignir:

1. Útlán	kr. 603277.00
2. Útvegsbanki	— 305513.81
	<hr/>
	Kr. 908790.81

Skuldir:

1. Stofnsjóður	kr. 887548.43
2. Viðskiptamenn	— 2036.00
3. Fyrir fram greiddir vextir	— 19206.38
	<hr/>
	Kr. 908790.81

Reykjavík, 2. janúar 1948.

IÐNLANASJÓÐUR

Elías Halldórsson. Guðjón Halldórsson.

Reikning þennan höfum við yfirfarið, ásamt fylgiskjölum, og borið hann saman við bækur sjóðsins, svo og athugað bækur sjóðsins, útlán og bankainnstæðu og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 17. marz 1948.

Páll Pálmason. Sveinbjörn Jónsson.

206

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Kristjáns læknis Jónssonar árið 1947.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári:		
a. 2 veðdeildarbréf (nafnverð)	kr.	1500.00
b. 1 Sogsvirkjunarlánsbréf (nafnverð)	—	1000.00
c. 1 Rafmagnsveitubréf (nafnverð)	—	1000.00
d. Innstæða í Útvegsbanka Íslands	—	782.26
e. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	—	6247.92
		<hr/>
		kr. 10530.18
2. Vextir:		
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	75.00
b. Af rafmagnsveitubréfi	—	40.00
c. Af Sogsvirkjunarbréfi	—	40.00
d. Af innstæðu í Útvegsbanka	—	14.93
e. Af innstæðu í Söfnunarsjóði	—	299.85
		<hr/>
		— 469.78
		<hr/>
		Kr. 10999.96

Gjöld:

1. Leiga fyrir bankahólf nr. 54 í Landsbanka Íslands	kr.	30.00
2. Eftirstöðvar til næsta árs:		
a. 2 veðdeildarbréf (nafnverð)	kr.	1500.00
b. 1 rafmagnsveitubréf (nafnverð)	—	1000.00
c. 1 Sogsvirkjunarlánsbréf (nafnverð)	—	1000.00
d. Innstæða í Útvegsbanka Íslands	—	922.19
e. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	—	6547.77
		<hr/>
		— 10969.96
		<hr/>
		Kr. 10999.96

Reykjavík, 2. marz 1948.

Sigurgeir Sigurðsson. Sigurjón Jónsson. Helgi Ingvarsson.

207

REIKNINGUR

Spítalasjóðsins Vinamíning á Eyrarbakka 1947.

Tekjur:

1. Sjóður pr. 1. janúar 1947	kr.	15724.72
2. Gjafir á árinu	—	391.00
3. Vextir af innstæðu í bók	kr.	207.07
Vextir af verðbréfum	—	275.00
		<hr/>
		— 482.07
		<hr/>
		Kr. 16597.79

Gjöld:

207

1. Veittur styrkur til sjúkl. á árinu	kr.	200.00
2. Sjóður og verðbréf í árslok	—	16397.79
		<hr/>
		Kr. 16597.79

Eyrarbakka, 31. desember 1947.

Bragi Ólafsson. Árelíus Niésson. Aðalheiður Bjarnadóttir.

REIKNINGUR

208

Minningargjafasjóðs Landsspítala Íslands 1947.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1947	kr.	382738.63
2. Minningargjafir úr Reykjavík:		
a. Afh. Bókabúð Austurbæjar	kr.	904.00
b. — Hljóðfæraverzlun Sigríðar Helgadóttur ..	—	100.00
c. — Jóhönnu Friðriksdóttur yfirljósmóður ..	—	175.00
d. — frú Guðbjörgu Bergmann	—	60.00
		<hr/>
		— 1239.00
3. Minningargjafir utan af landi	—	889.00
4. Samúðarskeyti Landssímans	—	69893.58
5. Vextir greiddir árið 1947	—	15465.96
6. Dregið út eitt 5000 kr. bréf af Rafveituláni Siglufj.	kr.	5000.00
Dregin út tvö 5000 kr. veðdeildarbréf Landsb. ..	—	10000.00
		<hr/>
		— 15000.00
		<hr/>
		Kr. 485226.17

Gjöld:

1. 25 styrkveitingar til sjúklinga í Landsspítalanum árið 1947, nr. 823—847	kr.	24224.00
2. Útgjöld á árinu, fskj. 1—17	—	4815.95
3. Til jafnaðar tekjulið 6	—	15000.00
4. Eign sjóðsins 1. jan. 1948:		
a. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	kr.	950.00
b. Innanríkislán 1941	—	40000.00
c. Rafveitulán Siglufjarðar	—	25000.00
d. Stofnlánadeild sjávarútvegsins	—	30000.00
e. Veðdeildarbréf Landsbankans, 12. fl.	—	33000.00
f. Veðdeildarbréf Landsbankans, 15. fl.	—	40000.00
g. Í Landsbankanum, viðtökuskírteini nr. 2910 ..	—	613.61
h. Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 1436	—	25805.36
i. Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5578	—	468.49
j. Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 35284	—	3509.31
k. Í Útvegsbankanum, viðskiptabók nr. 6314	—	15508.20
l. Í Búnaðarbankanum, viðskiptabók nr. 17329 ..	—	28876.35
m. Í Söfnunarsj., útborgunard., viðskiptab. nr. 430	—	171746.92
n. Hjá gjaldkera sjóðsins	—	25707.98
		<hr/>
		— 441186.22
		<hr/>
		Kr. 485226.17

Steinunnar-arfur.

Tekjur:

1. Eign 1. jan. 1947		kr. 4576.56
2. Afgjald eftir ½ jörðina Haga 1946	kr. 357.10	
3. Afgjald eftir ½ jörðina Haga 1947	— 361.10	
4. Vextir frá Söfnunarsjóði 1946	— 145.24	
5. Vextir frá Landsbankanum	— 11.53	
		<hr/> — 874.97

Kr. 5451.53

Gjöld:

1. Eign 1. jan. 1948:		
½ jörðin Hagi í Skorradal		kr. 1050.00
2. Í söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 460	kr. 3792.95	
3. Í Landsbankanum, sparisjóðsbók nr. 31353	— 608.58	
		<hr/> — 4401.53

Kr. 5451.53

Minningargjöf um Hans Nathansson og Kristínu Þorvarðsdóttur.

Tekjur:

1. Eign 1. jan. 1947		kr. 4277.61
2. Vextir 1946	kr. 205.15	
3. Verðlaun úr vaxtabæti Söfnunarsjóðsins	— 6.72	
		<hr/> — 211.87

Kr. 4489.48

Gjöld:

Eign 1. jan. 1948:		
Í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 456		kr. 4489.48
		<hr/> Kr. 4489.48

Minningargjöf um Þórunni Jónassen.

Tekjur:

1. Eign 1. jan. 1947		kr. 5231.06
2. Vextir af viðtökuskirteini	kr. 173.14	
3. Vextir af sparisjóðsbók í Landsbankanum	— 5.96	
4. Vextir af sparisjóðsbók í Útvegsbankanum	— 3.41	
		<hr/> — 182.51

Kr. 5413.57

Gjöld:

Eign 1. jan. 1948:		
Í Landsbankanum, viðtökuskirteini nr. 3576		kr. 5077.42
Í Landsbankanum, sparisjóðsbók nr. 9011	— 219.21	
Í Útvegsbankanum, sparisjóðsbók nr. 14350	— 116.94	
		<hr/> — 116.94

Kr. 5413.57

Minningargjölf um Vigfús G. Melsteð.

208

Tekjur:

1. Eign 1. jan. 1947	kr. 3293.84
2. Vextir af viðtökuskirteini	— 116.26

 Kr. 3410.10
Gjöld:

Eign 1. jan. 1948:

Í Landsbankanum, viðtökuskirteini nr. 2775	kr. 3410.10
--	-------------

 Kr. 3410.10
Minningargjölf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.**Tekjur:**

1. Eign 1. jan. 1947	kr. 11218.65
2. Vextir af viðtökuskirteini	kr. 350.00
3. Vextir af sparisjóðsbók	— 12.00

 — 362.00

 Kr. 11580.65
Gjöld:

Eign 1. jan. 1948:

1. Í Landsbankanum, viðtökuskirteini nr. 3574	kr. 11143.44
2. Í Landsbankanum, sparisjóðsbók nr. 9012	— 437.21

 Kr. 11580.65
Minningargjölf um Gísla Oddsson skipstjóra.**Tekjur:**

1. Eign 1. jan. 1947	kr. 9326.89
2. Vextir af viðtökuskirteini	kr. 322.20
3. Vextir af sparisjóðsbók	— 5.60

 — 327.80

 Kr. 9654.69
Gjöld:

Eign 1. jan. 1948:

1. Í Landsbankanum, viðtökuskirteini nr. 3573	kr. 9448.74
2. Í Landsbankanum, sparisjóðsbók nr. 9010	— 205.95

 Kr. 9654.69
Minningargjölf um Jóhann Guðmundsson og börn hans: Stefán, Ólafíu, Elísabet, Sveinbjörn og Steinunni.**Tekjur:**

1. Eign 1. jan. 1947	kr. 4663.27
2. Vextir 1946	— 223.82

 Kr. 4887.09

Gjöld:

Eign 1. jan. 1948:

Í Söfnunarsjóði, útborgunardeild nr. 411	kr. 4887.09
	<hr/>
	Kr. 4887.09

Minningargjöf um Hans Wium sýslumann.

Tekjur:

1. Eign 1. jan. 1947	kr. 2550.63
2. Vextir af viðtökuskirteini	kr. 85.07
3. Vextir af sparisjóðsbók	— 3.78
	<hr/>
	— 88.85
	<hr/>
	Kr. 2639.48

Gjöld:

Eign 1. jan. 1948:

1. Í Landsbankanum, viðtökuskirteini nr. 3575	kr. 2495.82
2. Í Landsbankanum, sparisjóðsbók nr. 9009	— 143.66
	<hr/>
	Kr. 2639.48

Reykjavík, 24. janúar 1948.

Ragnheiður Jónsdóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið ársreikning þennan og borið hann saman við tilheyrandi fylgiskjöl og höfum ekkert við hann að athuga.

Reykjavík, 16. febrúar 1948.

Ásta Magnúsdóttir. Laufey Þorgeirsdóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs V. Gigas's árið 1947.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1947 B., bls. 509): Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 17044.92
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu	— 818.11
	<hr/>
	Kr. 17863.03

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:

Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 17863.03
	<hr/>
	Kr. 17863.03

Í atvinnumálaráðuneytinu, 26. apríl 1948.

Gunnl. E. Briem.

REIKNINGUR

210

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Frederiks konungs Áttunda árið 1947.

T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1947 B., bls. 507):		
a. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 25297.55	
b. Bankainnstæða	— 1696.65	
		kr. 26994.20
2. Vextir:		
a. Af söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 1214.25	
b. — bankainnstæðu	— 40.62	
		— 1254.87
		Kr. 28249.07

G j ö l d :

Sjóður til næsta árs:		
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 25418.98	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum	— 2830.09	
		Kr. 28249.07

Í atvinnumálaráðuneytinu, 26. apríl 1948.

Gunnl. E. Briem.

REIKNINGUR

211

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Cristians konungs Níunda árið 1947.

T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1947 B., bls. 507):		
a. Innritunarskirteini	kr. 8600.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 10376.06	
c. Bankainnstæða	— 1617.04	
		kr. 20593.10
2. Vextir:		
a. Af innritunarskirteini	kr. 408.07	
b. Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 500.00	
c. Bankainnstæðu	— 28.89	
		— 936.96
		Kr. 21530.06

G j ö l d :

Sjóður til næsta árs:		
a. Innritunarskirteini	kr. 8600.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 10486.45	
c. Bankainnstæða	— 2443.61	
		Kr. 21530.06

Í atvinnumálaráðuneytinu, 26. apríl 1948.

Gunnl. E. Briem.

212

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs C. Liebes árið 1947.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1947 B., bls. 513):	
Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 14458.65
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu	— 693.98
	<hr/>
	Kr. 15152.63

Gjöld:

1. Greitt Búnaðarfélagi Íslands	kr. 624.51
2. Sjóður í árslok:	
Söfnunarsjóðsinnstæða	— 14528.12
	<hr/>
	Kr. 15152.63

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 26. apríl 1948.***Gunnl. E. Briem.**

213

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðsins Þorvaldarminning árið 1947.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1947 B., bls. 513):	
a. Í Söfnunarsjóði	kr. 16795.28
b. Í Landsbankanum	— 643.45
	<hr/>
	kr. 17438.73
2. Vextir:	
a. Af söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 806.16
b. — bankainnstæðu	— 7.67
	<hr/>
	— 813.83
	<hr/>
	Kr. 18252.56

Gjöld:

1. Veittir styrkir	kr. 400.00
2. Sjóður til næsta árs:	
a. Í Söfnunarsjóði	kr. 17064.00
b. Í Landsbankanum	— 788.56
	<hr/>
	— 17852.56
	<hr/>
	Kr. 18252.56

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 26. apríl 1948.***Gunnl. E. Briem.**

REIKNINGUR

214

2. Sogsvirkjunarbréf	— 1000.00
3. Veðskuldabréf	— 91100.01
4. Inneign í sparisjóði	— 24385.86
5. Peningar í sjóði	— 100.00

—————
Kr. 127585.87

Tekjur:

1. Vextir af veðdeildarbréfum	kr. 270.00
2. — — Sogsvirkjunarbréfi	— 40.00

—————
Flyt kr. 310.00

243	3. Vextir af veðskuldabréfum	Flutt	kr. 310.00
	4. — — sparisjóðsinnstæðu	—	4379.00
			364.47

Kr. 5053.47

Gjöld:

1. Styrkur til Guðna Gunnarssonar og Péturs Pálssonar til náms í efna- verkfræði við McGill háskólann í Montreal, 1000 kr. til hvors	kr. 2000.00
2. Styrkur til Björns læknis Jónssonar til framhaldsnáms í læknisfræði	— 2000.00
3. Tekjur umfram gjöld	— 1053.47

Kr. 5053.47

Forsætisráðuneytið, 16. janúar 1948.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

244

FIRMATILKYNNINGAR

Samkvæmt lögum nr. 42 13. nóv. 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð, hafa eftirfarandi tilkynningar verið birtar í Lögbirtingablaðinu 1948:

I. Reykjavík.

1.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirrituð, Guðmundur Guðmundsson, húsgagnasmiður, Viðimel 31, og Hildur Bjarnadóttir, s. st., erum eigendur að húseigninni nr. 166 við Laugaveg frá 1. janúar 1947, og rekum eignina undir firmanafninu Húseignin Laugavegur 166 s.f. Rétt til að rita firmað hefur Hildur Bjarnadóttir, og ritar hún firmað þannig:

Húseignin Laugavegur 166 s.f.
Hildur Bjarnadóttir.
Reykjavík, 21. nóv. 1947.
Hildur Bjarnadóttir.
Guðmundur Guðmundsson
(handsalað).
Guðl. Þorláksson.

2.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Jón Fannberg, kaupmaður, Garðastræti 2, og Árni J. Fannberg, stud. oecon., s. st., er-

um eigendur að húseigninni nr. 2 við Garðastræti frá 1. janúar 1947, og rekum eignina undir firmanafninu Húseignin Garðastræti 2 s.f. Rétt til að rita firmað hefur Jón Fannberg, og ritar hann firmað þannig:

Húseignin Garðastræti 2 s.f.
Jón J. Fannberg.
Reykjavík, 21. nóv. 1947.
Jón J. Fannberg.
Árni J. Fannberg.

3.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að firmað Húsgagnaverzlun Guðmundar Guðmundssonar hefur síðan 1. júní s. l. verið eign okkar undirritaðra, Guðmundar Guðmundssonar, húsasmiðs, Viðimel 31, Rvík, og Sæmundar Jónssonar, Laufásvegi 41, Rvík, og rekum við firmað undir nafninu Húsgagnaverzlun Guðmundar Guðmundssonar s.f., sem fullábyrgir félagar. Rétt til að rita firmað hefur Sæmundur Jónsson, og ritar hann það þannig:

Húsgagnaverzlun
Guðmundar Guðmundssonar s.f.
Sæmundur Jónsson.
Reykjavík, 21. nóv. 1947.
Sæmundur Jónsson.
Guðmundur Guðmundsson
(handsalað).
Guðl. Þorláksson.

4.

Á aðalfundi hlutafélagsins Barónsstígs 3, sem haldinn var hinn 18. september s. l. var samþykkt að auka hlutafé félagsins úr kr. 50000 upp í kr. 80000 — átta tíu þúsundir króna. — Hlutafjársofnuninni er lokið og hlutaféð allt greitt.

Erl. Blandon.
Axel Friðriksson.
Eym. Magnússon.

5.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi hlutafélagsins Austurstrætis 14, sem haldinn var 7. janúar 1947, og framhaldsaðalfundi, sem haldinn var 27. des. 1947, var þessi stjórn kosin í félaginu: Soffía Jóhannesdóttir, Aðalstræti 72, Akureyri, formaður. Meðstjórnendur: Ingólfur Ketilsson, Hringbraut 192, Reykjavík, og Axel Axelsson, Laufásvegi 79, Reykjavík. Varastjórnandi er Soffía S. O. Axelsdóttir, frú, Laufásvegi 79, Rvík. Á sama fundi var Ingólfi Ketilssyni veitt prókúruumboð fyrir félagið með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa, jafnframt því sem afturkallað var prókúruumboð það, er Axel Axelsyni var veitt. Prókúruhafinn ritar firmað þannig:

pr. pr. Austurstræti 14 h/f.
Ingólfur Ketilsson.
Reykjavík, 2. des. 1947.
Soffía Jóhannesdóttir.
Ingólfur Ketilsson.

6.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi hlutafélagsins Axels Ketilssonar, Soffiubúðar, sem haldinn var 7. janúar 1947 og 29. janúar 1947, var þessi stjórn kosin í félaginu: Soffía Jóhannesdóttir, Aðalstræti 72, Ak-

ureyri, formaður. Meðstjórnendur: Ingólfur Ketilsson, Hringbraut 192, Rvík, og Axel Axelsson, Laufásvegi 79, Rvík. Í varasjórn Soffía S. O. Axelsdóttir, Laufásvegi 79, Rvík. Á sama fundi var Soffíu Jóhannesdóttur veitt prókúruumboð fyrir félagið með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa. Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, er Axel Axelsyni var á sínum tíma veitt.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. H/f Axel Ketilsson, Soffiubúð.
Soffía Jóhannesdóttir.
Reykjavík, 2. des. 1947.
Soffía Jóhannesdóttir.
Ingólfur Ketilsson.

7.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Sveinn Gunnarsson læknir, Óðinsgötu 1, Rvík, og Hrafn Jónsson, Brautarholti 22, Rvík, eigendur húseignarinnar Brautarholts 22 (Gunnarshöfða), Rvík, rekum nefnda húseign sem fullábyrgir félagar undir nafninu Brautarholt 22 (Gunnarshöfði) s/f. Hvor okkar um sig ritar firmað, þannig:

Brautarholt 22 (Gunnarshöfði) s/f.
Sveinn Gunnarsson.
Brautarholt 22 (Gunnarshöfði) s/f.
Hrafn Jónsson.
Reykjavík, 3. des. 1947.
Sveinn Gunnarsson.
Hrafn Jónsson.

8.

Á aðalfundi í Andersen & Lauth h.f., sem haldinn var 29. nóv. 1947, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Þorleifur Helgi Eyjólfsson, byggingameistari, Miklubraut 3, formaður, Jón Jónsson, klæðskerameistari, Laugavegi 135, og Böðvar Jónsson, verksmiðjustj., Laugavegi 100. Til vara: Ásgeir Bjarnason, ftr., Sólvallagötu 32 A. Framkvæmdastjóri félagsins með prókúruumboði er Theodór Jónsson, Gunnarsbraut 30. — Jafnframt afturkallast hér með prókúruumboð það, er Guðlaugur Eyjólfsson,

244 Bergstaðastræti 46, hefur haft fyrir félagið.

Reykjavík, 5. des. 1947.
Andersen & Lauth h.f.
Þorl. H. Eyjólfsson.
Jón Jónsson.

9.

Við undirritaðir, Hálfðan Ágústsson, járnsm., Njarðargötu 29, og Bjarne Eliassen, járnsm., Meðalholti 9, báðir í Rvík, rekum í félagi og með ótakmarkaðri ábyrgð fyrirtæki fyrir sandblástur, málmhúðun og járnsmíði, með nafninu Sandblástur & málmhúðun. Firmað ritum við sameiginlega, en auk þess hefur hvor okkar um sig prókúruumboð fyrir fyrirtækið, með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa samkvæmt lögum. Firmað ritum við þannig:

Sandblástur & málmhúðun.
Hálfðan Ágústsson.

Bjarne Eliassen.

pr. pr. Sandblástur & málmhúðun.
Bjarne Eliassen.

pr. pr. Sandblástur & málmhúðun.
Hálfðan Ágústsson.

Reykjavík, 12. des. 1947.
Hálfðan Ágústsson.

Bjarne Eliassen.

10.

Það tilkynnist hér með, að ég undirrituð, Elísabet Ingigerður Valdimarsdóttir, Laugavegi 82, Rvík, rek fataviðgerð og saumastofu hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Nýja fataviðgerðin. Firmað rita ég þannig:

Nýja fataviðgerðin.

Elísabet I. Valdimarsdóttir.

Reykjavík, 13. des. 1947.

Elísabet I. Valdimarsdóttir.

11.

Hér með tilkynnist firmaskrá Reykjavíkur, að meðundirritaður Magnús Stefánsson, Túngötu 22, er ekki lengur meðeigandi firmans Glasgowbúðarinnar í Rvík, og er heimild hans til að skuldbinda firmað niður fallin. Skuldbindingar, sem stofnaðar eru eftir þennan dag, eru honum óviðkomandi. Jafnframt tilkynn-

ist, að Sigríður Hansdóttir, Kjartansgötu 10, er orðin meðeigandi firmans sem fullábyrgur félagi. Hjálmar G. Stefánsson, Gunnarsbraut 40, hefur einn rétt til að skuldbinda firmað.

Reykjavík, 23. des. 1947.

Sigríður Hansdóttir.

Magnús Stefánsson.

Hjálmar G. Stefánsson.

12.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að firmað Bifreiðaverkstæði Jóns G. Jónssonar & Co., Þverholti 15, er hætt störfum og óskast afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 25. des. 1947.

Karl Jónsson, Flókagötu 13.

Þórður Jónsson, Grettisgötu 55 C.

Jón G. Jónsson, Laugarnesv. 81.

13.

Á fundi í stjórn Byggingafélagsins Brúar 29. des. 1947 var Þórði Einarssyni, Öldugötu 34, Reykjavík, veitt prókúruumboð fyrir félagið með þeim réttindum og skyldum, sem því fylgja. Ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Byggingafélagið Brú h/f.

Þórður Einarsson.

Reykjavík, 29. des. 1947.

Í stjórn Byggingafélagsins Brúar h/f.

Guðm. Halldórsson.

Einar Jóhannsson.

Sig. Flygenring.

Sigurður Pétursson.

Har. Andrésen.

14.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður, Steingrímur Arnórsson, hef selt Jóni St. Arnórssyni minn hluta í Bókaverzlun Þór. B. Þorlákssonar, og eru því allar skuldbindingar verzlunarinnar mér óviðkomandi frá þessum tíma.

Reykjavík, 30. desember 1947.

Stgr. Arnórsson.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég undirritaður keypt af Steingrími Arnórssyni hluta

hans í Bókaverzlun Þór. B. Þorlákssonar, og rek ég verzlunina sem einkaeigandi.

Reykjavík, 30. desember 1947.

Jón St. Arnórsson.

15.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að Jón Helgason ritstjóri, Miðtúni 60, hefur gengið inn í firmað Iðunnarútgáfuna sem fullábyrgur félagi. Firmað ritar Valdimar Jóhannsson einn, þannig:

Iðunnarútgáfan.

Valdim. Jóhannsson.

Reykjavík, 30. desember 1947.

Valdimar Jóhannsson.

Jón Helgason.

16.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að Jón Helgason ritstjóri, Miðtúni 60, hefur gengið inn í firmað Draupnisútgáfuna sem fullábyrgur félagi. Firmað ritar Valdimar Jóhannsson einn, þannig:

Draupnisútgáfan.

Valdim. Jóhannsson.

Reykjavík, 30. desember 1947.

Valdimar Jóhannsson.

Jón Helgason.

17.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Jón Helgason, Miðtúni 60, Reykjavík, Valdimar Jóhannsson, Njálsg. 83, Reykjavík, og Vigfús Guðmundsson, Hreðavatns-skála, Mýrasýslu, rekum hér í bænum bókaverzlun sem fullábyrgir félagar, undir nafninu Bókabúðin, Laugavegi 10. Firmað rita þeir Jón Helgason og Valdimar Jóhannsson hvor um sig, þannig:

Bókabúðin, Laugavegi 10.

Jón Helgason.

Bókabúðin, Laugavegi 10.

Valdim. Jóhannsson.

Reykjavík, 30. desember 1947.

Valdimar Jóhannsson.

Jón Helgason.

Vigfús Guðmundsson.

18.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Sigursæll Magnússon, Ránargötu 2, Brynjólfur J. Brynjólfsson, Austurstræti 3, og Ragnar Guðlaugsson, Viðim. 59, allir í Reykjavík, rekum veitingastarfsemi hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Mat- og veitingastofa Austurbæjar. Firmað ritum við allir sameiginlega, þannig:

Mat- og veitingastofa Austurbæjar.

Brynj. J. Brynjólfsson.

Sigursæll Magnússon.

Ragnar Guðlaugsson.

Framkvæmdastj. fyrir firmað, sem jafnframt er prókúruhafi, er Sigursæll Magnússon, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Mat- og veitingastofa Austurbæjar.

Sigursæll Magnússon.

Reykjavík, 30. desember 1947.

Brynjólfur J. Brynjólfsson.

Sigursæll Magnússon.

Ragnar Guðlaugsson.

19.

Stjórn Sildar- og fiskimjölsverksmiðjunnar h/f óskar hér með eftir, að hlutfélagið Fóður- og áburðarverksmiðjan, Reykjavík, verði afmáð úr hlutfélagaskrá Reykjavíkur, með því að Sildar- og fiskimjölsverksmiðjan h/f hefur keypt alla hluti í fyrrnefndu félagi og þá um leið tekið við eignum þess, en jafnframt tekið að sér skuldir þess og skuldbindingar.

Reykjavík, 30. desember 1947.

Í stjórn Sildar- og fiskimjölsverksm. h/f.

Baldvin Jónsson.

Jón Guðvarðsson.

Þorl. Jónsson.

Ingvar Vilhjálmsson.

Björn G. Björnsson.

20.

Við undirritaðar, Sigríður Bjarnadóttir, Reynimel 28, og Sigríður Guðmundsdóttir, Flólagötu 37, Reykjavík, tilkynnum hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við rekum með ótakmarkaðri ábyrgð nær-

244

244 fatagerð í Reykjavík, undir nafninu Artemis. Firmað ritar Sigríður Guðmundsdóttir ein, þannig:

Artemis.

Sigríður Guðmundsd.

Reykjavík, 30. des. 1947.

Sigríður Bjarnadóttir.

Sigríður Guðmundsdóttir.

21.

Hér með tilkynnist firmaskrá Rvíkur, að á fundi hluthafa í h/f Reykjanesi, sem haldinn var 18. nóv. s. l., var Jón Einarsson framkvstj., Bergstaðastræti 46, kosinn í stjórn félagsins í stað Hauks Björnssonar. Enn fremur tilkynnist, að Jakob Jakobsson, Norðurhlíð við Sundlaugaveg, Reykjavík, lætur af framkvæmdastjórn fyrir firmað Reykjanes h/f frá deginum í dag að telja. Fellur þá og um leið niður prókúruumboð hans fyrir firmað. Frá sama tíma tekur Ingvar Pálmason, Barmahlíð 20, Reykjavík, við framkvæmdastjórn félagsins Reykjanes h/f með prókúruumboði og í forföllum hans Ágúst Alfons Pálmason, Ásvegi 16, Reykjavík.

Ingvar Pálmason ritar firmað þannig:

pr. pr. Reykjanes h/f.

Ingvar Pálmason.

Alfons Pálmason ritar firmað þannig:

pr. pr. Reykjanes h/f.

Á. A. Pálmason.

Reykjavík, 31. desember 1947.

Jakob J. Jakobsson.

Jón Einarsson.

Ingvar Pálmason.

22.

Með því að Mjöl & Bein h/f er hætt störfum, hefur félaginu með samþykki allra hluthafa verið slitið, og óskast það því afmáð úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 31. des. 1947.

Ingvar Vilhjálmsson.

Sveinbjörn Einarsson.

Magnús Þórarinnsson.

23.

Við undirritaðir, Gunnlaugur Þorsteinsson, Laugavegi 142, Rvík, Stefán Eyfjörð Jónsson, Óðinsgötu 25, Rvík, og Kjartan

Guðmundsson, Kringlumýri, A-götu 6, Rvík, höfum rekið bifreiðaviðgerðir hér í bænum frá 20. nóv. 1947, og rekum þær framvegis sem fullábyrgir félagar undir nafninu Bilaviðgerðin Drekin. Firmað rita tveir okkar saman, þannig:

Bilaviðgerðin Drekin.

Gunnlaugur Þorsteinsson.

Kjartan Guðmundsson.

Bilaviðgerðin Drekin.

Gunnlaugur Þorsteinsson.

Stefán Eyfjörð Jónsson.

Bilaviðgerðin Drekin.

Kjartan Guðmundsson.

Stefán Eyfjörð Jónsson.

Reykjavík, 2. janúar 1948.

Gunnlaugur Þorsteinsson.

Kjartan Guðmundsson.

Stefán Eyfjörð Jónsson.

24.

Undirritaðir eigendur Bókaútgáfunnar Suðra hér í bæ hafa ákveðið að leggja niður fyrirtækið og óska þess hér með, að það verði strikað út af firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 9. jan. 1948.

Bókaútgáfan Suðri.

Gunnar Jónsson.

Þorsteinn Halldórsson.

25.

Það tilkynnist hér með, að við undirritaðir, Alfred Jörgensen húsgagnasmm., Hrefnugötu 1, Rvík, og Einar Carlsson, húsgagnasmm., Háteigsvegi 32, Rvík, rekum húsgagnasmiðavinnustofu í Rvík sem fullábyrgir félagar undir nafninu Alfred Jörgensen & Einar Carlsson. Hvor okkar um sig ritar firmað þannig:

Alfred Jörgensen & Einar Carlsson.

Alfred Jörgensen.

Alfred Jörgensen & Einar Carlsson.

Einar Carlsson.

Reykjavík, 10. jan. 1948.

Alfred Jörgensen.

Einar Carlsson.

26.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi hlutafélagsins Nafta hinn 30. júní 1947 voru þessir

menn kosnir í stjórn félagsins: Páll Magnússon, Skólavörðustíg 3, form., og Axel Sveinsson, Ásvallag. 60, og Erling Ellingsen, Miklubraut 9, meðstjórnendur. Framkvæmdastjóri félagsins með prókúruumboði er Páll Magnússon.

Enn fremur tilkynnist, að Vilhjálmi Lúðvíkssyni, Laufásvegi 53, Reykjavík, hefur í dag verið veitt prókúruumboð fyrir hlutafélagið Nafta, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Nafta h/f.
Vilhj. Lúðvíksson.
Reykjavík, 13. janúar 1948.
Í stjórn Nafta h/f.
Páll Magnússon.
Erling Ellingsen.
Axel Sveinsson.

27.

Á hluthafafundi, sem haldinn var í Ninon h/f, Bankastræti 7 hér í bænum, voru stjórnendur félagsins kjörnir þeir, er hér greinir: Anna Friðriksson, frú, Marargötu 2, Ingólfur Jónsson, lögfræðingur, Dísardal, og Marianne Steen Ólafsson, Suðgötu 14, öll í Rvík. Varamaður í stjórn var kjörin Sigríður Sigurbjarna-dóttir, Laugavegi 18 B, Reykjavík.

Þetta tilkynnist hér með til hlutafélaga-skrár Reykjavíkur.

Reykjavík, 15. janúar 1948.
Anna Friðriksson.
Ingólfur Jónsson.
Sigríður Sigurbjarna.

28.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég hef í dag selt þeim Einari Sigvaldasyni, Rauðarárstíg 34, og Guðmundi Auðunssyni, Klapparstíg 11, firma mitt, Söluskálann, og eru þeir réttir eigendur nefnds firma frá deginum í dag.

Reykjavík, 15. janúar 1948.
Lúðvík Eggertsson.

Firmað, sem við erum orðnir eigendur að samkvæmt ofanrituðu, munum við reka óbreytt og með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað ritum við hvor um sig þannig:

Söluskálinn.
Einar Sigvaldason.

Söluskálinn.

244

Guðmundur Auðunsson.
Reykjavík, 15. janúar 1948.
Einar Sigvaldason.
Guðmundur Auðunsson.

29.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Axel Mogensen, Aðalstræti 2, Rvík, og Erlendur Guðmundsson, Ingólfsstræti 3, Rvík, rekum verzlun hér í bænum, sem fullábyrgir félagar, með tilbúinn mat og skyldar vörur, undir nafninu Matarbúðin, Ingólfsstræti 3. Firmað ritum við sameiginlega, þannig:

Matarbúðin, Ingólfsstræti 3.
Axel Mogensen.
Erlendur Guðmundsson.

Hvor okkar um sig hefur prókúruumboð fyrir félagið, og ritum við firmað þannig sem prókúruhafar:

pr. pr. Matarbúðin, Ingólfsstræti 3.
Axel Mogensen.
pr. pr. Matarbúðin, Ingólfsstræti 3.
Erlendur Guðmundsson.
Reykjavík, 15. janúar 1948.
Axel Mogensen.
Erlendur Guðmundsson.

30.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður, Jóhann Baldur Jónsson, Víðimel 69, rek, með ótakmarkaðri ábyrgð, smásöluverzlun í Reykjavík með rafmagnsvörur og vélar, undir firmanafninu Véla- og raftækjaverzlunin. Firmað rita ég þannig:

Véla- og raftækjaverzlunin.
Baldur Jónsson.
Reykjavík, 21. jan. 1948.
Baldur Jónsson.

31.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að undirritaðir, Ágúst Ármann, Klapparstíg 38 og Karl Magnús Ármann, s. st., reka í félagi, með ótakmarkaðri ábyrgð, umboðs- og heildverzlun hér í bænum, undir nafninu „Ágúst

- 244 Ármann, heildverzlun“. Hvor okkar um sig ritar firmað þannig:

Ágúst Ármann, heildverzlun
 Ág. Ármann,
 Ágúst Ármann, heildverzlun
 Karl Magnús Ármann.
 Reykjavík, 24. janúar 1948.
 Ág. Ármann,
 Karl Magnús Ármann.

32.

Á aðalfundi í hlutafélaginu Hólum, 16. september s. l., var samþykkt að auka hlutafé félagsins um kr. 250 000, upp í kr. 550 000, fimm hundruð og fimmtíu þúsundir króna. Hlutaféð er allt innborgað.

Reykjavík, 27. janúar 1948.
 Stjórn hlutafélagsins Hóla.
 Jón Grimsson
 Ragnar Ólafsson.
 Jens Guðbjörnsson.
 Stefán Ögmundsson.

33.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður, Ludwig Hartwig Siemsen, Hólatorgi 4, Reykjavík, rek umboðsverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu „Árni Siemsen, umboðsverzlun“. Firmað rita ég þannig:

Árni Siemsen, umboðsverzlun.
 L. H. Siemsen.
 Reykjavík, 29. janúar 1948.
 L. H. Siemsen.

34.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir Lúðvík Jóhannsson, Efstasundi 49, Rvík, og Arinbjörn Jónsson, Grenimel 21, Rvík, rekum skipamiðlun og skipaafgreiðslu hér í bænum, sem fullábyrgir félagar, undir nafninu L. M. Jóhannsson & Co. Hvor okkar um sig ritar firmað þannig:

L. M. Jóhannsson & Co.
 L. Jóhannsson.
 L. M. Jóhannsson & Co.
 A. Jónsson.

Reykjavík, 31. jan. 1948.
 Lúðvík Jóhannsson.
 Arinbjörn Jónsson.

35.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi Vélsmiðjunnar Neista h/f hinn 30. þ. m. voru kosin í stjórn félagsins: Jón Sveinbjörnsson, Laugavegi 159, formaður, og meðstjórnendur þau Benóný Magnússon, Bjargarstíg 2, og Ágústa Magnúsdóttir, Laugavegi 159.

Reykjavík, 31. jan. 1947.
 Jón Sveinbjörnsson.
 Ágústa Magnúsdóttir.
 Benóný Magnússon.

36.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Rvíkur, að ég undirritaður, Bernhard B. Arnar, Meðalholti 5, Rvík, rek verzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Stórholtshúð. Firmað rita ég þannig:

Stórholtshúð.
 Bernh. B. Arnar.
 Reykjavík, 5. febrúar 1948.
 Bernh. B. Arnar.

37.

Samkvæmt ákvörðun aðalfundar hinn 17. okt. s. l. var ákveðið að auka hlutafé Sildar- og fiskimjölsværksmiðjunnar h/f úr kr. 1 000 000.00 upp í kr. 1 350 000.00 — eina milljón þrjú hundruð og fimmtíu þúsundir króna. Það var ákveðið á stjórnarfundum 8. jan. s. l. að ráða Einar Pétursson, Smáragötu 1, Reykjavík sem forstjóra fyrir félagið, og hefur hann prókúruumboð fyrir það. Firmað ritar hann þannig:

p. p. Sildar og
 fiskimjölsværksmiðjan h/f.
 Einar Pétursson.

Hlutafjáraukningin er að fullu innborguð.

Reykjavík, 6. febrúar 1948.
 Baldvin Jónsson.
 Ingvar Vilhjálmsson.
 Þorl. Jónsson.
 Jón Guðvarðsson.
 Björn Ólafs.

38.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Rvíkur, að ég hef selt Antoni Ingólfi Arn-

grimssyni, Lækjargötu 18, Hafnarfirði, verzlunina Goðaborg, og eru skuldbindingar firmans mér óviðkomandi frá þessum degi að telja.

Reykjavík, 8. febr. 1948.

Lárus Ingimarsson,
Vitastíg 8 A.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég keypt verzlunina Goðaborg og rek hana með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Goðaborg.
Ingólfur Arngrímsson.
Reykjavík, 8. febr. 1948.
Ingólfur Arngrímsson.

39.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek veitingasölu hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Stjörnu-kaffi“. Firmað rita ég þannig:

Stjörnukaffi.
Regina S. Guðmundsdóttir.
Reykjavík, 9. febrúar 1948.
Regina S. Guðmundsdóttir,
Laugavegi 86, Reykjavík.

40.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á fundi í Tivoli h/f, er haldinn var hinn 12. þ. m., var ákveðið að auka hlutafé félagsins úr kr. 250000 upp í kr. 300000 — þrjú hundruð þúsundir króna. Aukningarhlutaféð, kr. 50000, er allt innborgað.

Reykjavík, 13. febrúar 1948.
F. h. Tivoli h/f.
Sigurgeir Sigurjónsson.
Þorl. H. Eyjólfsson.
Thor R. Thors.

41.

Með því að ég er hættur rekstri Verzlunarinnar Hamborgar, þá óskast firmað afskráð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 19. febrúar 1948.
Ásgeir Þórarinsson,
Hringbraut 205.

42.

Á aðalfundi h/f Jökla, sem haldinn var 13. júní 1947, varð sú breyting á stjórn félagsins, að Eggert Jónsson gekk úr stjórninni, og í hans stað var kosinn Rafn Sigurðsson, Grindavík. Ólafur Þórðarson, Garðastræti 13 A var kosinn varaformaður.

Það tilkynnist ennfremur, að vér höfum veitt Ólafi Þórðarsyni, Garðastræti 13 A, Reykjavík, prókúruumboð fyrir Jökla h/f, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Jöklar h/f.
Ólafur Þórðarson.
Reykjavík, 21. febr. 1948.
Einar Sigurðsson.
Rafn Sigurðsson.
Kr. Einarsson.
Elías Þorsteinsson.

43.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Jóhann Fr. Kristjánsson, húsagerðarmeistari, Fjólugötu 25, Magnús Jónasson, skipasmiður, Óðinsgötu 13, Samúel Jónasson, Hverfisg. 32, og Daniel Jólsson, Brautarholti 22 — allir í Reykjavík, rekum sem fullábyrgir félagar trésmiðaverkstæði í Reykjavík undir nafninu Trésmiðja Magnúsar Jónassonar s/f, Nýlendugötu 21. Jóhann Fr. Kristjánsson og Magnús Jónasson hafa einir heimild til að rita firmað, og rita þeir það þannig:

Trésmiðja Magnúsar Jónassonar s/f.
Jóh. Fr. Kristjánsson.
Trésmiðja Magnúsar Jónassonar s/f.
Magnús Jónasson.
Reykjavík, 25. febrúar 1948.
Jóh. Fr. Kristjánsson.
Magnús Jónasson.
Samúel Jónasson.
Daniel Jólsson.

44.

Vér leyfum oss hér með að tilkynna til hlutafélagaskrárinnar, að á fundi Íslendingasagnaútgáfunnar h/f 25. okt. 1947 gekk Vilbjálmur Svan Jóhannesson úr stjórninni og á aðalfundi sama dag þeir

244 Bjarni Bjarnason, Jónas Sveinsson og Stefán Hilmarsson. Í stjórn voru kosnir: Grímur Gíslason, frkvstj., Drápuhlíð 4, Rvík, formaður. Meðstjórnendur: Gunnar Steindórsson, frkvstj., Brekkustíg 3, Rvík, og Sigríður Einarsdóttir, Brekkustíg 3, Rvík. Varastjórnandi var kjörin Ingibjörg Jónsdóttir, frú, Drápuhlíð 4, Rvík.
Reykjavík, 25. febrúar 1948.
Grímur Gíslason.
Gunnar Steindórsson.

45.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að Sveini Sigfússyni, Njálsgötu 102, og Einari Eyfells, Skólavörðustíg 40, hefur verið veitt sameiginlegt prókúruumboð fyrir h/f Keili, og rita þeir firmað þannig:

pr. pr. H/f Keilir.
Sv. Sigfússon.
E. Eyfells.
Reykjavík, 2. marz 1948.
Páll Einarsson.
Ól. Nielsen.

46.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að Sigríður Pálmadóttir er ekki lengur meðeigandi í firmanu þvottahúsinu Drífu í Reykjavík. Frá sama tíma er niður fallið prókúruumboð það, sem hún hafði fyrir firmað. Undirritaðir eigendur fyrirtækisins, Jóna Pálmadóttir og Unnur Kristjánsdóttir, rita firmað hvor um sig.

Reykjavík, 8. marz 1948.
Jóna Pálmadóttir.
Unnur Kristjánsdóttir.

47.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að stjórn Rafmagns h/f, Reykjavík, skipa þessir menn: Jónas S. Jónasson, Amtmannsstíg 5, formaður. Meðstjórnendur: Sophus A. Guðmundsson, Mávahlíð 13, Rvík, og Þórarinn Benedíksz, Hrefnugötu 2, Rvík. Til vara: Ásta Pétursdóttir, Amtmannsstíg 5, Rvík. Prókúruumboð Þórðar Einarssonar er niður fallið, en prókúruumboð fyrir fé-

lagið hefur Jónas S. Jónasson, Amtmannsstíg 5, og ritar hann firmað þannig:
pr. pr. H/f Rafmagn.
Jónas S. Jónasson.
Reykjavík, 10. marz 1948.
Jónas S. Jónasson.
Sophus A. Guðmundsson.
Þór. Benedíksz.
Ásta Pétursdóttir.

48.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að fyrirtækið Kiddi & Steini s/f hér í bænum er hætt rekstri. Óskast það því hér með afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 13. marz 1948.
Þorsteinn Ketilsson,
Sogavegi 140.
Kristófer Kristófersson.

49.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Bjarni Jónsson, Laufásvegi 46, Rvík, og Guðmundur Jensson, Öldugötu 16, Rvík, önnumst útvegum og útlán kvikmynda hér í bænum, sem fullábyrgir félagar, undir nafninu „Kvikmyndaútlán“ s/f.

Hvor okkar um sig hefur rétt til að rita firmað, og ritum við það þannig:

Kvikmyndaútlán s/f
B. Jónsson.
Kvikmyndaútlán s/f
G. Jensson.
Reykjavík, 13. marz 1948.
B. Jónsson.
G. Jensson.

50.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður, Þorgrímur Þorgrímsson, hef selt Njáli Gunnlaugssyni, Brávallagötu 12, og Hjalta G. Jónathanssyni, báðir til heimilis í Reykjavík, hluta í fyrirtæki mínu, Þ. Þorgrímssyni & Co., og rekum við firmað sem fullábyrgir félagar. Firmað ritum við sameiginlega þannig:

Þ. Þorgrímsson & Co.
Hjalti Jónathansson.
Njáll Gunnlaugsson.
Þorgrímur Þorgrímsson.

Framkvæmdastjóri fyrir fyrirtækið er Njáll Gunnlaugsson, Brávallagötu 12, og er hann einnig prókúruhafi firmans. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Þ. Þorgrímsson & Co.
Njáll Gunnlaugsson.
Reykjavík, 16. marz 1948.
Þ. Þorgrímsson & Co.
Njáll Gunnlaugsson.
Hjalti G. Jónathansson.
Þorgrímur Þorgrímsson.

51.

Það tilkynnist hér með, að við undirritaðir Njáll Gunnlaugsson, Brávallagötu 12, og Hjalti Guðmundur Jónathansson, Bárugötu 4, báðir til heimilis í Reykjavík, rekum alls konar skipamiðlunarstarfsemi hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Njáll Gunnlaugsson & Co. Firmað ritum við sam-eiginlega þannig:

Njáll Gunnlaugsson & Co.
Njáll Gunnlaugsson.
Hjalti G. Jónathansson.

Framkvæmdastjóri félagsins og prókúruhafi er Njáll Gunnlaugsson, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Njáll Gunnlaugsson & Co.
Njáll Gunnlaugsson.
Reykjavík, 16. marz 1948.
Njáll Gunnlaugsson.
Hjalti G. Jónathansson.

52.

Hér með tilkynnist, að ég, Sig. Þ. Skjaldberg stórkaupm., Reykjavík, hef veitt Guðlaugu Magnúsdóttur, Bræðraborgarst. 10 A í Reykjavík, prókúruumboð fyrir firma mitt, og hefur hún öll réttindi prókúruhafa samkv. lögum nr. 42 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hún þannig:

pr. pr. Sig. Þ. Skjaldberg.
Guðl. Magnúsdóttir.
Reykjavík, 16. marz 1948.
Sig. Þ. Skjaldberg.

53.

Hér með tilkynnist, að ég, Sig. Þ. Skjaldberg stórkaupm., Reykjavík, hef veitt

Björgu Þ. Skjaldberg, Túngötu 12 í Rvík, 244
prókúruumboð fyrir firma mitt, og hefur hún öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hún þannig:

pr. pr. Sig. Þ. Skjaldberg.
Björg Þ. Skjaldberg.
Reykjavík, 16. marz 1948.
Sig. Þ. Skjaldberg.

54.

Hér með tilkynnist, að ég, Sig. Þ. Skjaldberg stórkaupm., Reykjavík, hef veitt fulltrúa mínum, Jóni Gunnarssyni, Stórholti 22 í Reykjavík, prókúruumboð fyrir firma mitt, og hefur hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Sig. Þ. Skjaldberg.
Jón Gunnarsson.
Reykjavík, 16. marz 1948.
Sig. Þ. Skjaldberg.

55.

Á almennum hluthafafundi í Sildar- og fiskimjölsverksmiðjunni h/f, þann 17. okt. s. l., var 19. grein samþykktá félagsins breytt þannig:

Á almennum hluthafafundi í Sildar- og fiskimjölsverksmiðjunni h/f 17. október 1947, var 19. grein samþykktá félagsins breytt þannig, að í stað 2ja varastjórnenda skuli kjósa 5 varastjórnendur.

Á aðalfundi í félaginu, sem haldinn var 20. febr. s. l. voru eftirtaldir kosnir í stjórn félagsins:

Baldvin Jónsson, hdl., Öldugötu 10, sem er formaður. Ingvar Vilhjálmsson, útgerðarmaður, Hagamel 4, varaformaður. Þorleifur Jónsson, forstjóri, Vesturgötu 32, Hafnarfirði, ritari, og meðstjórnendur þeir Björn Ólafs, skipstjóri, Mýrarhúsum og Einar Pétursson, framkvæmdarstjóri, Smáragötu 1. Í varastjórn voru kosnir: Björn G. Björnsson, forstjóri, Hávallagötu 38. Einar Sigurðsson, forstjóri, Vestmannaeyjum. Sigurður B. Sigurðsson, ræðismaður, Sólvallagötu 10,

244 Jón Guðvarðarson, verksmiðjustjóri,
Hverfisgötu 82.

Reykjavík, 17. marz 1948.

Í stjórn Sildar- og fiskimjolsverksmiðj-
unnar h/f.

Baldvin Jónsson.
Ingvar Vilhjálmsson.
Björn Ólafs.
Þorl. Jónsson.
Einar Pétursson.

56.

Hér með tilkynnist til firmaskrár
Reykjavíkur, að ég hef í dag selt Jóni
Ívars, Sólvallagötu 37, Rvík, eignarhluta
minn í firmanu Hljóðfæraverzluninni
Prestó, og er hann því orðinn einkaeig-
andi þess. Frá og með deginum í dag eru
skuldbindingar firmans mér því óvið-
komandi.

Reykjavík, 18. marz 1947.

Ívar Þórarinsson.

Samkvæmt ofanrituðu er ég orðinn
einkaeigandi að firmanu Hljóðfæraverzl-
uninni Prestó, og mun ég reka það áfram
óbreytt og með ótakmarkaðri ábyrgð.
Firmað rita ég einn þannig:

Hljóðfæraverzlunin Prestó.

Jón Ívars.

Reykjavík, 18. marz 1948.

Jón Ívars.

57.

Hér með tilkynnist til firmaskrár
Reykjavíkur, að ég hef selt Ingimar Sig-
urðssyni, Fagrahvammi, Hveragerði,
verzlunina Flóru, Reykjavík, og eru
skuldbindingar firmans mér óviðkom-
andi frá 1. janúar 1948 að telja.

Reykjavík, 18. marz 1948.

Ragna Sigurðardóttir,

Hringbraut 66.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég keypt
verzlunina Flóru, Reykjavík, og rek hana
með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað rita
ég þannig:

Flóra.

Ingimar Sigurðsson.

Reykjavík, 18. marz 1948.

Ingimar Sigurðsson.

58.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár
Reykjavíkur, að vér undirritaðir, Stein-
grímur Magnússon, Veltusundi 3 B, Rvík,
Þorvaldur Guðmundsson, Eskihlíð 14,
Rvík, og Eyjólfur Jónsson, Efstasundi 60,
Rvík, rekum útgerð hér í bænum með
eigin skipum eða leiguskipum, undir
nafninu S. Magnússon & Co. Vér ábyrgj-
umst skuldir félagsins að fullu, en pro
rata. Steingrímur Magnússon á $\frac{3}{8}$ í fyrir-
tækinu, Þorvaldur Guðmundsson á einnig
 $\frac{3}{8}$ hluta og Eyjólfur Jónsson á $\frac{2}{8}$ hluta,
og miðast ábyrgð sérhvers við eignar-
hluta hans í félaginu. Firmað ritum vér
allir sameiginlega þannig:

S. Magnússon & Co.

Steingr. Magnússon.

Þ. Guðmundsson.

Eyj. Jónsson.

Prókúruumboð fyrir fyrirtækið hefur
Steingrímur Magnússon, og ritar hann
firmað þannig:

pr. pr. S. Magnússon & Co.

Steingr. Magnússon.

Reykjavík, 20. marz 1948.

Steingr. Magnússon.

Þ. Guðmundsson.

Eyj. Jónsson.

59.

Þar sem ég er frá og með deginum í
dag að telja hættur rekstri verzlunar
minnar Rafvirkjans s.f., óskast nafn
hennar strikað út úr firmaskrá Reykja-
víkur.

Reykjavík, 22. marz 1948.

Ágúst Jónsson.

60.

Hlutfélagið Rafmagn í Reykjavík rek-
ur verzlun með rafmagnsvörur hér í
bænum, á eigin ábyrgð, undir nafninu
„Rafvirkinn“. Stjórn Rafmagns h/f er
jafngramt stjórn Rafvirkjans, en hana
skipa þessir menn: Jónas S. Jónasson,
Amtmannsstíg 5, Rvík, Sophus A. Guð-
mundsson, Máfahlíð 13, og Þórarinn
Benedikz, Hrefnugötu 2, Rvík. Firmað

rita tveir stjórnendur sameiginlega, þannig:

Rafvirkinn
Rafmagn h/f
Jónas S. Jónasson.
Sophus A. Guðmundsson.
Rafvirkinn
Rafmagn h/f
Jónas S. Jónasson.
Þór. Benedikz, o. s. frv.

Prókúruumboð fyrir firmað hafa hvor um sig þeir Jónas S. Jónasson og Sophus A. Guðmundsson, og rita þeir firmað þannig:

pr. pr. Rafvirkinn
Rafmagn h/f
Jónas S. Jónasson.
pr. pr. Rafvirkinn
Rafmagn h/f
Sophus A. Guðmundsson.
Reykjavík, 22. marz 1948.
Rafmagn h/f
Jónas S. Jónasson.
Sophus A. Guðmundsson.
Þór. Benedikz.

61.

Það tilkynnist hér með, að vér höfum veitt skrifstofustjóra, Jóni Björnssyni, Laugavegi 34, Reykjavík, prókúruumboð fyrir oss, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Sólheimar h/f
Jón Björnsson.
Reykjavík, 24. marz 1948.
Sólheimar h/f, Laugavegi 16.
Stefán Thorarensen.
Lárus Fjeldsted.
A. Herskind.

62.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að vér höfum veitt skrifstofustjóra vorum, Jóni Björnssyni, Laugavegi 34, Rvík, prókúruumboð fyrir oss, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Stefán Thorarensen h/f
Jón Björnsson.
Reykjavík, 24. marz 1948.
Stjórn Stefáns Thorarensens h/f
Stefán Thorarensen.
Lárus Fjeldsted.
A. Herskind.

63.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að vér höfum veitt skrifstofustjóra Jóni Björnssyni, Laugavegi 34, Rvík, prókúruumboð fyrir oss, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Týli h/f
Jón Björnsson.
Reykjavík, 24. marz 1948.
Týli h/f
Stefán Thorarensen.
Lárus Fjeldsted.
A. Herskind.

64.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að vér höfum veitt skrifstofustjóra Jóni Björnssyni, Laugavegi 34, Rvík, prókúruumboð fyrir oss, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Oculus h/f
Jón Björnsson.
Reykjavík, 24. marz 1948.
Stjórn Oculus h/f
Stefán Thorarensen.
Lárus Fjeldsted.
A. Herskind.

65.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég hef í dag selt Árna Daníelssyni kaupm., Sjávarborg, Skagafirði, firma mitt, Verzlunina Dagrún hér í bæ. Skuldbindingar firmans eru mér því óviðkomandi frá því í dag.

Reykjavík, 27. marz 1948.
Davið Sigurðsson.

Samkvæmt framanrituðu hef ég keypt Verzlunina Dagrún hér í bæ, og rek hana með ótakmarkaðri ábyrgð, undir sama firmanafni. Skuldbindingar firmans til dagsins í dag eru mér óviðkomandi. Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Dagrún.
Árni Daníelsson.
Reykjavík, 27. marz 1948.
Árni Daníelsson.

66.

Það tilkynnist hér með að ég hef í dag selt hárgreiðslustofuna Evu, Auði Steins-

244

244 dóttur, hágreiðsluk., Þingholtsstræti 21 hér í bænum, og eru allar skuldbindingar firmans, sem til er stofnað frá deginum í dag að telja, mér óviðkomandi.

Reykjavík, 2. apríl 1948.
Magnús Baldvinsson,
Freyjugötu 40.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég í dag keypt hárgreiðslustofuna Evu, og rek ég hana með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

Hárgreiðslustofan Eva.
Auður Steinsdóttir.
Reykjavík, 2. apríl 1948.
Auður Steinsdóttir,
Þingholtsstræti 21.

67.

Undirrituð stjórn Gísla Halldórssonar h/f, Reykjavík, veitir hér með Þorgrími verzlunarm. Þorgrímssyni, Unnarstíg 6, Rvík, prókúruumboð fyrir nefnt hlutafélag, með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa lögum samkvæmt. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Gísl Halldórsson h/f.
Þorgrímur Þorgrímsson.
Reykjavík, 2. apríl 1948.
Stjórn Gísla Halldórssonar h/f.
Gísl Halldórsson.
Sigríður Halldórsson.
Gunnar Þorsteinsson.

68.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum með ótakmarkaðri ábyrgð hreinsun á gólfábreiðum og húsgögnum í Reykjavík, undir firmanafninu Húsgagnahreinsunin. Firmað ritum við þannig:

Húsgagnahreinsunin.
Ólafur Hallgrímsson.
Húsgagnahreinsunin.
Thor Ó. Thors.
Reykjavík, 7. apríl 1948.
Ólafur Hallgrímsson.
f. h. Thor Ó. Thors.
Ólafur Hallgrímsson,
e. u.

69.

Þar sem ég undirritaður hef selt Reiðhjóla- verksmiðjuna Fálkann í Reykjavík, óska ég þess að fyrirtæki mitt, Reiðhjóla- verksmiðjan Fálkinn, verði afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 10. apríl 1948.
Ólafur Magnússon.

70.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við höfum í dag veitt Axel kpm. Clausen, Víðimel 57 í Reykjavík, prókúruumboð fyrir Lakkrisgerðina h/f með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Lakkrisgerðin h/f.
Axel Clausen.
Reykjavík, 10. apríl 1948.
Lakkrisgerðin h/f.
Herluf Clausen.
P. Clausen.

71.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við höfum í dag veitt Axel kpm. Clausen, Víðimel 57, Rvík, prókúruumboð fyrir Pappírspokagerðina h/f hér í bænum, með öllum skyldum og réttindum prókúruhafa. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Pappírspokagerðin h/f.
Axel Clausen.
Reykjavík, 10. apríl 1948.
Pappírspokagerðin h/f.
Herluf Clausen.
Guðbrandur Magnússon.

72.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að Finnbjörn Þorvaldsson, Hávallagötu 11, hefur í dag selt Sigurði Steinssyni, Grímsstöðum, Grímsstaðaholti, eignarhluta sinn í Heildverzluninni „Ernir“, hér í bænum. Eru því skuldbindingar firmans Finnbirni Þorvaldssyni óviðkomandi frá sama tíma.

Reykjavík, 14. apríl 1948.
Finnbjörn Þorvaldsson.
Magnús Baldvinsson.

Samkvæmt ofanrituðu hefur Sigurður Steinsson, Grímsstöðum, Grímsstaðaholti, í dag keypt eignarhluta Finnbjörns Þorvaldssonar, Hávallagötu 11, í Heildverzluninni „Ernir“ hér í bænum, og mun hann halda áfram firmanu ásamt með-eiganda sínum, Magnúsi Baldvinssyni, Freyjugötu 40. Firmað ritum við þannig:

pr. Heildverzlunin „Ernir“
Magnús Baldvinsson.

pr. Heildverzlunin „Ernir“
Sigurður Steinsson.

Reykjavík, 14. apríl 1948.
Magnús Baldvinsson.
Sigurður Steinsson.

73.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek rammagerð og verzlun í Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Rammagerðin. Firmað rita ég þannig:

Rammagerðin.

Jóhannes Bjarnason.
Reykjavík, 14. apríl 1948.

Jóhannes Bjarnason,
Meðalholti 2, Reykjavík.

74.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Friðbjófur Johnson, Miklubraut 15, Rvík, Halldór Kjartansson, Ásvallagötu 77, Rvík, og Gunnar Guðjónsson, Smáragötu 7, Rvík, rekum sameignarfélag hér í bænum, sem fullábyrgir, undir nafninu Transport s/f. Tilgangurinn er rekstur alls konar flutningstækja. Firmað ritum við þannig:

Transport s/f.

F. O. Johnson.

G. Guðjónsson.

Transport s/f.

F. O. Johnson.

Halldór Kjartansson.

Transport s/f.

G. Guðjónsson.

Halldór Kjartansson.

Reykjavík, 16. apríl 1948.

F. O. Johnson.

G. Guðjónsson.

Halldór Kjartansson.

75.

Ég undirritaður eigandi firmans H. Benediktsson & Co. hér í bæ, veiti hér með syni mínum, Birni Hallgrímssyni, Eskihlíð 16 hér í bæ, prókúruumboð fyrir ofangreint firma mitt, með öllum skyldum og réttindum prókúruhafa. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. H. Benediktsson & Co.
Björn Hallgrímsson.

Reykjavík, 17. apríl 1948.
H. Benediktsson & Co.
Hallgrímur Benediktsson.

76.

Ég undirritaður eigandi firmans H. Benediktsson & Co. hér í bæ, veiti hér með Vilhjálmi Björnssyni, Hagamel 17 hér í bæ, prókúruumboð fyrir ofangreint firma mitt, með öllum skyldum og réttindum prókúruhafa. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. H. Benediktsson & Co.
Vilhj. Björnsson.

Reykjavík, 17. apríl 1948.
H. Benediktsson & Co.
Hallgrímur Benediktsson.

77.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að vegna fráfalls forstjóra h/f Efnagerðar Reykjavíkur, Axel Herskind, höfum við veitt Jóni Björnssyni, fulltrúa, Laugavegi 34 í Reykjavík, prókúruumboð fyrir h/f Efnagerð Reykjavíkur. Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. h/f Efnagerð Reykjavíkur.
Jón Björnsson.

Reykjavík, 26. apríl 1948.

Stjórn h/f Efnagerðar Reykjavíkur.
Stefán Thorarensen.

Ásg. Þorsteinsson.

Lárus Fjeldsted

(varastjórnandi).

78.

Á aukafundi, sem haldinn var í Steinþórsprenti h/f, 14. apríl 1948, var samþykkt að ráða Hrólfi Benediktsson, Barónsstíg 19, Rvík, framkvæmdastjóra félagsins með prókúruumboði. Ennfrem-

244

244 ur var samþykkt að veita Pétri Ottesen, gjaldkera, Mávahlíð 40, prókúruumboð fyrir félagið, og rita þeir firmað þannig:
 pr. pr. Steindórsprent h/f.
 Hrólfur Benediktsson.
 pr. pr. Steindórsprent h/f.
 Pétur Ottesen.
 Reykjavík, 30. apríl 1948.
 Eggert Kristjánsson.
 Einar Jónsson.

79.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður, Gottfred Haraldsen, Mávahlíð 14, Rvík, hef frá og með deginum 1. maí 1948 selt Gunnari Kristmundssyni, Holtsgötu 18, Rvík, eignarhluta minn í firmanu Bólstraranum í Reykjavík, og er rekstur firmans og skuldbindingar þess mér óviðkomandi eftir þann dag, og fellur jafnframt niður prókúruumboð það, sem ég hef haft fyrir firmað.

Reykjavík, 1. maí 1948.
 Gottfred Haraldsen.

Samkvæmt ofanrituðu er ég nú einkaeigandi að ofangreindu firma, Bólstraranum, og rek ég það framvegis sem einkaeigandi. Firmað rita ég þannig:

Bólstrarinn.
 Gunnar Kristmannsson.
 Reykjavík, 1. maí 1948.
 Gunnar Kristmannsson.

80.

Á aðalfundi í hlutafélaginu Plastic, 7. marz s. l., varð sú breyting á stjórn félagsins, að Gunnlaugur S. Jónsson, vélsm., og Jón Þórðarson, framkvstj., gengu úr stjórninni, en í þeirra stað voru kjörnir þeir Jóhannes Eliasson, lögfr., Eskihlíð 16, og Óskar Friðbjarnarson, Skúlagötu 60. Endurkosinn var Gunnar Skagfjörð Sæmundsson, Laugavegi 83, Rvík.

Reykjavík, 4. maí 1948.
 Gunnar Skagfj. Sæmundsson.
 Jóhannes Eliasson.

81.

Við undirritaðir, Kristján Sigfússon, Karlagötu 18, og Haukur Snorrason, Sam-

túni 20, höfum í dag selt þeim Arngrími Fr. Bjarnasyni og Jóni Arngrímssyni, verzlun okkar Laugabúðina, og eru skuldbindingar vegna téðrar verzlunar okkur óviðkomandi frá og með í dag að telja.

Reykjavík, 4. maí 1948.
 Haukur Snorrason,
 Samtúni 20.
 Kristján Sigfússon,
 Karlagötu 18.

Samkvæmt ofanrituðu höfum við undirritaðir keypt verzlunina Laugabúðina, Laugateigi 60, Reykjavík, og rekum við verzlun þessa í félagi sem fullábyrgir félagar. Hvor okkar um sig ritar firmað.

Reykjavík, 4. maí 1948.
 Arngr. Fr. Bjarnason,
 Ísafirði.
 Jón Arngrímsson,
 Berg. 45, Rvík.

82.

Við undirritaðir, Óskar G. Sigurðsson, verzm., Viðimel 59, og Aðalbjörn Pétursson, gullsm., Hverfisgötu 90, rekum skartgripaverzlun í Reykjavík, og berum við hvor um sig fulla ábyrgð á skuldbindingum firmans. Firmað ritar hvor okkar um sig þannig:

pr. Skartgripaverzlun
 Aðalbjörns Péturssonar.
 Óskar G. Sigurðsson.
 pr. Skartgripaverzlun
 Aðalbjörns Péturssonar.
 Aðalbj. Pétursson.
 Reykjavík, 5. maí 1948.
 Aðalbj. Pétursson.
 Óskar G. Sigurðsson.

83.

Á aðalfundi í h/f Amanti, sem haldinn var í dag, var ákveðið að auka hlutafé félagsins úr kr. 15000 í kr. 45000.00. Helmingur aukningarinnar, kr. 15000.00, er greiddur, en hitt greiðist þegar stjórnin krefst þess.

Svend A. Johansen stórkaupmaður og Lárus Jóhannesson hrl. gengu úr stjórn félagsins. Meðstjórnandi P. L. Mogensen lyfsali er látinn.

Í stað þeirra voru kosnir í stjórn: Mogens Mogensen, cand. pharm., Grenimel 32, formaður, frú Petra Mogensen, s. st., og Tómas Pétursson, fulltrúi, Víðimel 43.

Prókúruumboð veitist Mogens Mogensen og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Amanti h/f
M. Mogensen.

Reykjavík, 8. maí 1948.

Í stjórn Amanti h/f
M. Mogensen.

Petra Mogensen.

Tómas Pétursson.

84.

Hér með veitist Jóhannesi Guðmunds-syni, Bárugötu 17, prókúruumboð fyrir Rúgbrauðsgerðina h/f, með öllum skyldum og réttindum prókúruhafa, og ritar hann firmað þannig.

pr. pr. Rúgbrauðsgerðin h/f.
Jóhannes Guðmundsson.
Reykjavík, 10. maí 1948.

Karl Kristinsson.

Stefán Sandholt.

E. Th. Björgvin Friðriksson.

85.

Þar sem Prjónastofan Hlín, hér í bænum, hefur verið seld samnefndu hlutafélagi, óskast firmað afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 10. maí 1948.
Sveinbjörg Klemensdóttir.

86.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að núverandi stjórn Breiðfirðingaheimilisins er þannig skipuð:

Kristján Guðlaugsson, hrl., Hringbraut 114, form., Jóhannes Jóhannsson, kaupm., Ásvallagötu 3, varaform., Ari Þorgilsson, fulltrúi, Grenimel 19, gjaldkeri, Ólafur Þórarinnsson, verzm., Ljósvallagötu 10, ritari, og Ásgeir Ásgeirsson, præp. hon., Sólvallagötu 51, allir hér í bæ.

Varastjórnendur eru: Snæbjörn G. Jónsson, húsgagnasmm., Miklubraut 36, og Ólafur Jóhannesson, kaupm., Grundarstíg 2, báðir hér í bæ.

Þetta tilkynnist hér með.

Reykjavík, 12. maí 1948.

F. h. Breiðfirðingaheimilisins h/f

Kristján Guðlaugsson.

Jóhannes Jóhannsson.

Ari Þorgilsson.

Ólafur Þórarinnsson.

Ásgeir Ásgeirsson.

244

87.

Hér með tilkynnist, að ég undirritaður, Ólafur Magnússon, kaupm., Flólagötu 18, Rvík, rek umboðs- og heildverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu „Ólafur Magnússon umboðs- og heildverzlun“. Firmað rita ég þannig:

„Ólafur Magnússon umboðs- og heildverzlun.“

Ólafur Magnússon.

Reykjavík, 13. maí 1948.

Ólafur Magnússon.

88.

Ég undirritaður, Guðmundur Jónsson, Langholtsv. 153, rek verksmiðju og efna-gerð í Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Verksmiðjan Herco. Firmað rita ég þannig:

Verksmiðjan Herco.

Guðm. Jónsson.

Reykjavík, 14. maí 1948.

Guðm. Jónsson.

89.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár, að við höfum veitt Pétri O. Nikulássyni, Öldugötu 24, prókúruumboð fyrir Kristján G. Gíslason & Co. h/f, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Kristján G. Gíslason & Co. h/f.

P. O. Nikulásson.

Jafnframt afturkallast prókúruumboð þau, er Arinbjörn Óskarsson, Lárus G. Lúðvígsson og Ari Guðmundsson höfðu fyrir firmað.

Reykjavík, 15. maí 1948.

pr. Kristján G. Gíslason & Co. h/f.

K. G. Gíslason.

Lárus G. Lúðvígsson.

244 90.

Ég undirritaður rek á eigin ábyrgð verðbréfa- og fasteignasölu í Reykjavík undir nafninu Vixlar og verðbréf. Firmað rita ég þannig:

Vixlar og verðbréf.
Brandur Brynjólfsson.
Reykjavík, 22. maí 1948.
Brandur Brynjólfsson,
Barmahlið 18, Rvík.

91.

Hér með afturkallast prókúruumboð það, sem Baldur Guðmundsson hefur haft fyrir h/f Skaftafell, Reykjavík, og lætur hann jafnframt af framkvæmdastjórn fyrir félagið. Þá tilkynnist einnig, að Andrési Finnbogasyni, Laufásv. 58, Rvík, og Ragnari Guðmundssyni, Laugarnesvegi 36, Rvík, hefur hvorum um sig verið veitt prókúruumboð fyrir félagið, og rita þeir firmað þannig:

pr. pr. H/f Skaftafell.
Ragnar Guðmundsson.
pr. pr. H/f Skaftafell.
Andrés Finnbogason.
Reykjavík, 28. maí 1948.
Ragnar Guðmundsson.
Andrés Finnbogason.

92.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi hlutafélagsins Orku, þ. 12. f. m., var eftirfarandi stjórn kosin fyrir félagið:

Sigurgeir Sigurjónsson, hrl., Brávalla-
götu 14, Othar Ellingsen, frkvstj., Gunnarsbraut 40, Jón Einarsson, frkvstj., Bergstr. 46, Kristján Guðmundsson, frkvstj., Vikurhúsinu v/ Kleppsveg, og Sigurður Helgason, verzlm. Til vara: Kristján Kristjánsson, frkvstj., Akureyri, Jón Bjarnason, verkfr., Reykjavík, og Björn Guðmundsson, frkvstj., Rvík.

Þá tilkynnist enn fremur, að prókúruumboð það, er Jóhannes Bjarnason, verkfr., hefur haft fyrir hlutafélagið Orku, afturkallast hér með.

Reykjavík, 3. júní 1948.
Í stjórn Orku h/f.
Sigurgeir Sigurjónsson.
Othar Ellingsen.
Kr. Guðmundsson.
Jón Einarsson.

93.

Á aðalfundi Byggingafélagsins Smiðs h/f hinn 10. apríl 1948 voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Árni Páls-
son, Vífilsgötu 5, Jón Eiríksson, Urðar-
stíg 15, Ólafur Magnússon, Karfavogi 11,
Pétur Guðfinnsson, Freyjugötu 32, Jón S.
Björnsson, Grettisg. 45. Varastjórn skipa:
Björn Sigurðsson, Faxaskjólí 18, og Helgi
Gunnlaugsson, Eiríksgötu 9.

Reykjavík, 12. júní 1948.
Jón S. Björnsson.
Jón Eiríksson.
Ólafur Magnússon.

94.

Ég undirritaður, Sigurður Ólafsson, Vesturgötu 54 A, Rvík, rek kolaverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu „Kolaverzlun Sigurðar Ólafssonar“. Firmað rita ég þannig:

Kolaverzlun Sigurðar Ólafssonar.
Sig. Ólafsson.

Prókúru fyrir verzlunina hefur Ásgeir Magnússon, Vesturgötu 54 A, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Kolaverzlun Sigurðar Ólafssonar.
Á. Magnússon.
Reykjavík, 15. júní 1948.
Sig. Ólafsson.

95.

Hér með tilkynnist, að á aðalfundi h/f Tækni, Reykjavík, var kosin ný stjórn fyrir félagið, þeir Margeir G. P. Guðmundsson, Skipasundi 11, Guðni Guðmundsson, s. st., og Eggert Ólafsson, Barónsstíg 33. Á fundinum var og samþykkt að auka hlutafé félagsins um kr. 10000, úr 25000 krónum upp í 35000 kr. Er helmingur af hlutafjárúkningunni

innborgaður, en hinn helmingurinn greiðist þegar stjórn félagsins ákveður.

Reykjavík, 15. júní 1948.
Margeir G. P. Guðmundsson.
Guðni S. Guðmundsson.
Eggert Ólafsson.

96.

Á stjórnarfundum Byggingafélagsins Brúar h/f, sem haldinn var 15. júní 1948, var Guðmundi Halldórssyni, trésmiðameistara, Skólavörðustíg 12, Rvík, veitt prókúruumboð fyrir félagið með þeim réttindum og skyldum, sem því fylgja, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Byggingafélagið Brú h/f.
Guðm. Halldórsson.

Jafnframt tilkynnist, að prókúruumboð það, sem Guðmundur Kristjánsson, skipam., Hólavallagötu 5, Rvík, hefur haft, afturkallast hér með.

Reykjavík, 15. júní 1948.

Í stjórn Byggingafélagsins Brúar h/f.
Einar Jóhannsson.
Guðm. Halldórsson.
Sig. Flygenring.
Har. Andrésón.

97.

Ég undirritaður rek bifreiðastöð hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, er annast sendiferðir almennt — bæði fyrir verzlani og einstaklinga. Fyrirtækið heitir „Sendibílastöðin“, og rita ég firmað þannig:

Sendibílastöðin.
Kristján Fr. Guðmundsson.
Reykjavík, 16. júní 1948.
Kristján Fr. Guðmundsson.
Skólavörðuholti 119, Rvík.

98.

Á aðalfundi í hlutfélaginu Ísleifi, sem haldinn var 14. þ. m., voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Jón Franklín, Drápuhlíð 48, formaður, Bóas Hannibalsson, Bergþórugötu 41, varaformaður, og Rósenkar Ingimar Ingimundarson, Drápuhlíð 42. Til vara: Guðjón Eliasson, Njálsgötu 74. Framkvæmda-

stjóri félagsins var ráðinn Jón Franklín, með öllum réttindum prókúruhafa. Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, sem Ingvar Einarsson hafði fyrir félagið.

Reykjavík, 16. júní 1948.

Jón Franklín.

Bóas Hannibalsson.

Ingim. Ingimundarson.

99.

Það tilkynnist hér með, að á aukafundi, sem haldinn var 14. júní 1948, í hlutfélaginu Þórði Sveinssyni & Co., var breyting gerð á 2. grein félagslaganna, og hljóðar greinin þannig eftir breytinguna: „Tilgangur félagsins er að reka verzlun og iðnað, miðlara-, trygginga- og lána-starfsemi, ásamt framleiðslu til lands og sjávar.“

Reykjavík, 18. júní 1948.

Björn Ólafsson.

Guðm. Elísson.

100.

Það tilkynnist hér með, að Sæmundur Jónsson, Laufásvegi 41, er genginn úr firmanu Húsgagnaverzlun Guðmundar Guðmundssonar, Laugavegi 166, og hefur afsalað sér eignarhlut sínum til Bjarna Guðmundssonar, héraðslæknis á Patreksfirði. Enn fremur tilkynnist, að Bjarni Guðmundsson rekur firmað áfram ásamt Guðmundi Guðmundssyni, Viðimel 31, sem fullábyrgur félagi, og ritar hann einn firmað þannig:

Húsgagnaverzlun
Guðmundar Guðmundssonar.
Bjarni Guðmundsson.

Prókúruumboð fyrir firmað hefur Sæmundur Jónsson, Laufásvegi 41, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Húsgagnaverzlun
Guðmundar Guðmundssonar.
Sæm. Jónsson.

Reykjavík, 25. júní 1948.

Bjarni Guðmundsson.

F. h. Guðmundar Guðmundssonar.

Hildur Bjarnadóttir.

Sæmundur Jónsson.

244 101.

Á fundi í hlutafélaginu Globus í Rvík hinn 29. maí 1948 gekk Steindór Hjaltalín úr stjórn félagsins, og féll jafnframt niður prókúruumboð hans fyrir félagið. Einnig gekk Svava Hjaltalín úr varastjórn fyrir félagið. Í stjórnina var kosinn Sigurður Hafstein, Smárag. 5, í stað Steindórs Hjaltalíns, og veitist honum einnig prókúruumboð fyrir hlutafélagið, og ritar hann það þannig:

pr. pr. Globus h/f.
Sig. Hafstein.

Í varastjórn var kosin Ásgerður Hafstein, Smáragötu 5, í stað Svövu Hjaltalín.

Reykjavík, 29. júní 1948.
Einar Egilsson.
Sig. Hafstein.
Margrét Thoroddsen.

102.

Á stjórnarfundi í Fiskveiðahlutafélaginu Þristi í Reykjavík, sem haldinn var 26. þ. m., var Arthur Tómasson, Hringbr. 74, ráðinn framkvæmdastjóri fyrir hlutafélagið með fullu prókúruumboði.

Reykjavík, 29. júní 1948.
Júlíus G. Þorgeirsson.
Þórður Ásgeirsson.

103.

Hinn 27. desember 1946 skipaði ráðuneytið Ólaf Sigurðsson verkfræðing, forstjóra Landssmiðjunnar frá 1. jan. 1947 að telja, og hefur hann prókúruumboð. Forstjóri og prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Landssmiðjan
Ólafur Sigurðsson.

Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, er Ásgeir Sigurðsson hafði fyrir Landssmiðjuna.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. júní 1948.
F. h. r.

Gunnl. E. Briem.
Þorv. K. Þorsteinsson.

104.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi í hluta-

félaginu "Sjóstjörnnunni", Reykjavík, hinn 1. júlí 1947, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Kristinn Stefánsson, Bárugötu 35, Rvík, Pétur Þorsteinsson, Stórholti 35, Rvík og Kristján P. Guðmundsson, Brekkugötu 27 A, Akureyri. Úr stjórninni gekk Valgeir Magnússon og Sigfríð Sigurjónsdóttir.

Það tilkynnist enn fremur, að á stjórnarfundi í Sjóstjörnnunni h/f, sem haldinn var í dag, var Kristján P. Guðmundsson, Akureyri, ráðinn framkvæmdastjóri félagsins og honum veitt prókúruumboð fyrir það. Jafnframt var afturkallað prókúruumboð Adolphs Bergssonar, og framkvæmdastjórastarf hans fyrir félagið. Hinn nýi prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Sjóstjarnan h.f.
Kr. P. Guðmundsson.
Reykjavík, 5. júlí 1948.
Kr. P. Guðmundsson.
Pétur Þorsteinsson.

105.

Hér með tilkynnist til fiskaskrár Rvíkur, að ég hef selt verzlun mína, Ljós & Hita, samnefndu hlutafélagi, og óskast fyrirtækið því afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 9. júlí 1948.
Jónas Magnússon.

106.

Hér með tilkynnist, að ég undirritaður, Jón Ólafsson, verzlun., Grenimel 24, Reykjavík, rek saumastofu hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu „Kápur & Kjólar“. Firmað rita ég þannig:

Kápur & Kjólar.
Jón Ólafsson.
Reykjavík, 10. júlí 1948.
Jón Ólafsson.

107.

Vér undirritaðir í stjórn h/f Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar veitum Einari skrifstofustjóra Egilssyni, Frikirkjuvegi 3, Reykjavík, prókúruumboð fyrir félagið. Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, sem Helgi Guðbjartsson hefur

haft að undanfögnu. Prókúruhafinn ritar
firmað þannig:

p. p. H/f Ölgerðin Egill Skallagrímsson.

Einar Egilsson.

Reykjavík, 13. júlí 1948.

Tómas Tómasson.

Eggert Kristjánsson.

Geir Sigurðsson.

108.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár
Reykjavíkur, að á aðalfundi Verzlunar O.
Ellingsen h/f, Reykjavík, hinn 21. júlí
1947 var samþykkt að auka hlutafé fé-
lagsins um 168000 krónur, eða úr 112000
kr. í 280000 kr. — tvö hundruð og átta-
tíu þúsundir króna —. Og á hluthafa-
fundi 20. júlí 1948 skrifuðu núverandi
hluthafar félagsins sig fyrir allri hluta-
fjárukningunni, en hún er kræf þegar
stjórn félagsins ákveður. Stjórn félagsins
skipa nú: Othar Ellingsen, frkvstj., Gunn-
arsbraut 40, Rvík, formaður, Marie Ell-
ingsen, frú, Viðimel 62, Rvík, Halldór
Halldórsson, bankastjóri, Ísafirði, vara-
formaður, Erling Ellingsen, flugmálastj.,
Miklubraut 9, Rvík, og Erna Ellingsen,
frú, Viðimel 62, Rvík. Til vara: E. Ragnar
Jónsson, Reynimel 49, Rvík.

Reykjavík, 20. júlí 1948.

Othar Ellingsen.

Marie Ellingsen.

Halldór Halldórsson.

Erna Ellingsen.

Erling Ellingsen.

E. Ragnar Jónsson.

109.

Á aðalfundi í hlutafélaginu „Stefáni
Gunnarssyni“, Reykjavík, 22. maí s. l.,
voru eftirtaldir hluthafar kosnir í stjórn
félagsins: Sigríður Benediktsdóttir, frú,
Sóleyjargötu 31, formaður, Gunnar Stef-
ánsson, s. st., ritari, og Sesselja Stefáns-
dóttir, s. st., meðstjórnandi. Fram-
kvæmdastjóri félagsins með prókúru-
umboði er Gunnar Stefánsson, Sóleyjar-
götu 31, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Stefán Gunnarsson h/f. 244

Gunnar Stefánsson.

Reykjavík, 21. júlí 1948.

Sigríður Benediktsdóttir.

Gunnar Stefánsson.

Sesselja Stefánsdóttir.

110.

Það tilkynnist hér með, að ég undirrit-
aður Ragnar Þórðarson, Öldugötu 2, Rvík,
varð einkaeigandi verzlunarinnar og iðn-
fyrirtækisins „Gullfoss“ hér í bænum
hinn 15. marz 1947, og eru allar skuld-
bindingar firmans fyrri eigendum óvið-
komandi frá þeim tíma að telja.

Það tilkynnist ennfremur, að ég hef,
miðað við 1. janúar 1948, afsalað firmanu
„Gullfoss“, Rvík, til Ragnars Þórðarson-
ar & Co. í Reykjavík.

Reykjavík, 12. ágúst 1948.

Ragnar Þórðarson.

Samkvæmt ofanrituðu hefur firmað
Ragnar Þórðarson & Co., Reykjavík,
keypt firmað „Gullfoss“ hér í bænum, og
mun reka það framvegis á eigin ábyrgð
sem verzlunar- og iðnfyrirtæki, undir
nafninu „Gullfoss“. Firmaritun:

F. h. Gullfoss.

Ragnar Þórðarson & Co.

Ragnar Þórðarson.

Reykjavík, 12. ágúst 1948.

Ragnar Þórðarson & Co.

Ragnar Þórðarson.

111.

Með því að Guðrún Kristjánsdóttir og
Hjalti Geir Kristjánsson, bæði til heimilis
á Hverfisgötu 26, Reykjavík, hafa gengið
í verzlun mína sem fullábyrgir félagar frá
1. janúar 1948 að telja, þá tilkynnist hér
með til firmaskrár Reykjavíkur, að við
rekum í félagi húsgagnavinnustofu og
verzlun undir nafninu „Húsgagnaverzlun
Kristjáns Siggeirssonar“. Firmað ritum
við hvert um sig þannig:

Húsgagnaverzlun

Kristjáns Siggeirssonar.

Kristján Siggeirsson.

244

Húsgagnaverzlun
Kristjáns Siggeirssonar.
Guðrún Kristjánsdóttir.
Húsgagnaverzlun
Kristjáns Siggeirssonar.
Hjalti Geir Kristjánsson.
Reykjavík, 14. ágúst 1948.
Kristján Siggeirsson.
Guðrún Kristjánsdóttir.
Hjalti Geir Kristjánsson.

112.

Hér með tilkynnist, að vér höfum frá deginum í dag, veitt Vilberg Skarphéðinssyni prókúruumboð fyrir félag vort og jafnframt afturkallað prókúruumboð Sveinbjarnar Finnssonar. Pró- kúruhafinn ritar firmað þannig:

pr. pr. Miðstöðin h/f.
Vilberg Skarphéðinsson.
Reykjavík, 18. ágúst 1948.
Í stjórn Miðstöðvarinnar h/f.
Finnbogi Guðmundsson.
Adolf Björnsson.
Ólafur Þórðarson.
Elías Þorsteinsson.

113.

Á aðalfundi Byggingarsamvinnufélags- ins Árroða, sem haldinn var 19. apríl 1948, gekk Óskar Sampsted, Nesvegi 52, úr stjórninni, og var Ásgeir Jónsson, Nes- vegi 52, kosinn í hans stað. Í stjórninni eru nú: Guðmundur Snorri Jónsson, Kaplaskjólsvégi 54, formaður, Theodor Theodorsson, Kaplaskjólsvégi 56, Jón Sigurðsson, Granaskjólí 21, Geirmundur Sigurðsson, Nesvegi 68, og Ásgeir Jóns- son, Nesvegi 72.

Reykjavík, 19. ágúst 1948.
F. h. Byggingarsamvinnufélagsins
Árroða.

Guðm. Snorri Jónsson.
Jón Sigurðsson.
Theodor Theodorsson.

114.

Hér með tilkynnist að við undirritaðir rekum húsgagnabólstrun í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Hús-

gagnabólstrun Ólafs Daðasonar & Co.
Firmað ritum við þannig:

Húsgagnabólstrun
Ólafs Daðasonar & Co.
Ólafur Daðason.
Húsgagnabólstrun
Ólafs Daðasonar & Co.
Karl J. Sörheller.
Reykjavík, 21. ágúst 1948.
Ólafur Daðason,
Rauðarárstíg 7, Rvík.
Karl Sörheller,
Viðimel 27, Rvík.

115.

Það tilkynnist hér með, að undirrituð, Guðmundur Einarsson, myndhöggvari, Skólavörðustíg 43, Rvík, Lydia Zeitner, leirkerasmiður, s. st., og Sveinn Einarsson, leirkerasmiður, Klapparstíg 12, Rvík, reka í félagi leirkerasmiði í Reykjavík, og skyldan atvinnurekstur, undir nafninu „Listvinahús“. Þau ábyrgjast skuldir félagsins með aleigu sinni, en pro rata — hvert að sínum hluta — og á Guðmundur Einarsson $\frac{3}{5}$ — þrjá fimmtu hluta — í fyrirtækinu, Lydia Zeitner $\frac{1}{5}$ — einn fimmta hluta —, og Sveinn Einarsson $\frac{1}{5}$ — einn fimmta hluta. Eignarsamningur- inn er dagsettur 14. janúar 1947. Stjórn félagsins skipa eigendurnir, Guðmundur Einarsson, Lydia Zeitner og Sveinn Ein- arsson sameiginlega. En firmað ritar Guðmundur Einarsson einn þannig:

Listvinahús.
Guðm. Einarsson.
Reykjavík, 22. ágúst 1948.
Guðm. Einarsson.
Sveinn Einarsson.
Lydia Zeitner.

116.

Hér með tilkynnist til skrásetningar, að á hluthafafundi í O. Johnson & Kaaber h/f, í dag, var samþykkt að auka hluta- fé félagsins í kr. 600000 — sex hundruð þúsundir króna. — Núverandi hluthafar skrifuðu sig fyrir viðbótarhlutafénu, kr. 300000, og er það allt innborgað.

Reykjavík, 23. ágúst 1948.
Ólafur Johnson.
Fr. O. Johnson.
M. Andrésón.

117.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að við undirritaðir rekum skrifstofu hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu: Einar B. Guðmundsson og Guðlaugur Þorláksson. Hvor okkar um sig hefur rétt til að rita skrifstofuna, og gerum við það þannig:

Einar B. Guðmundsson
og Guðlaugur Þorláksson.

Einar B. Guðmundsson
Einar B. Guðmundsson
og Guðlaugur Þorláksson.
Guðl. Þorláksson.

Reykjavík, 26. ágúst 1948.

Einar B. Guðmundsson,
Viðimel 27. Rvík.

Guðl. Þorláksson,

Viðimel 27. Rvík.

118.

Við undirritaðir, Sverrir Magnússon, Sólvallagötu 13, Reykjavík, og Snorri Halldórsson, Gunnarsbraut 42, Reykjavík, rekum bátasmíðar og skylda atvinnu í Reykjavík undir nafninu Bátastöðin í Vatnagörðum. Hvor okkar félaga um sig ábyrgist pro rata helming skulda félagsins — að tiltölu við eign okkar í félaginu — en Sverrir Magnússon á helming í félaginu, og Snorri Halldórsson á helming í fyrirtækinu. Eignarsamningurinn er dagsettur 3. september 1938. Stjórn félagsins skipa undirritaðir, Sverrir Magnússon og Snorri Halldórsson. En firmað ritar Sverrir Magnússon einn þannig:

Bátastöðin í Vatnagörðum.
Sverrir Magnússon.

Prókúru fyrir fyrirtækið hefur Snorri Halldórsson, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Bátastöðin í Vatnagörðum.
Snorri Halldórsson.

Reykjavík, 3. september 1948.

Sverrir Magnússon.

Snorri Halldórsson.

119.

Það tilkynnist hér með, að við undirritaðir, Árni Hreiðar Árnason, Bergstaðastræti 78, og Einar Sigurgeir Guðmundsson, Skúlagötu 66, rekum húsgagna-

vinnustofu hér í bænum, sem fullábyrgir 244
félagar, undir nafninu Húsgagnavinnustofa Árna og Einars. Hvor okkar um sig hefur rétt til að rita firmað, og ritum við það þannig:

Húsgagnavinnustofa Árna og Einars.
Árni H. Árnason.

Húsgagnavinnustofa Árna og Einars.
Einar Guðmundsson.

Reykjavík, 6. sept. 1948.

Einar Guðmundsson.
Árni H. Árnason.

120.

Á hluthafafundi í Skóverksmiðjunni Þór h/f, er haldinn var 13. ágúst s. l., var kosin ný stjórn fyrir félagið, og hlutu þessir kosningu: Formaður: Arnbjörn Óskarsson, Hagamel 10. Meðstjórnendur: Lárus G. Lúðvígsson, Hagamel 10, og Sigurður H. Lúðvígsson, Hringbraut 91. Varastjórnandi: Hrefna Karlsdóttir, Hagamel 10. Þá var Arnbjörn Óskarsson ráðinn framkvæmdastjóri fyrir félagið með prókúruumboði. Jafnframt var Lárusi G. Lúðvígssyni einnig falið prókúruumboð fyrir félagið. Þá var og samþykkt að afturkalla prókúruumboð það, sem Ingólfur G. Geirdal hefur haft fyrir félagið. Prókúrahafarnir rita firmað þannig, hvor í sínu lagi:

pr. pr. Skóverksmiðjan Þór h/f.
Lárus G. Lúðvígsson.

pr. pr. Skóverksmiðjan Þór h/f.
Arnbjörn Óskarsson.

Reykjavík, 21. september 1948.

Lárus G. Lúðvígsson.

Arnbjörn Óskarsson.

Sig. H. Lúðvígsson.

121.

Við undirritaðir, Eyjólfur Guðsteins-
son, Laugavegi 34, Rvík, og Sigurjón Sig-
urðsson, Njálsgötu 48, Rvík, rekum smá-
söluverzlun hér í bænum sem fullábyrgir
félagar, undir nafninu Hafnarborg. Hvor
okkar um sig ritar firmað þannig:

Hafnarborg.

Eyjólfur Guðsteinsson.

244

Hafnarborg.
 Sigurjón Sigurðsson.
 Reykjavík, 24. sept. 1948.
 Eyjólfur Guðsteinsson.
 Sigurjón Sigurðsson.

122.

Á aðalfundi í hlutafélaginu Vikunni laugardaginn 18. sept. s. l. voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn: Formaður: Jóhanna Petra Gunnarsson, frú, Suðurgötu 8 B, og meðstjórnendur: Hálfðan Steingrímsson, Drápuhlíð 6, og Anna Steindórsdóttir, Suðurgötu 8 B. Varastjórnandi: Jón Jóhann Gunnarsson, Hagamel 12. Enn fremur var Hálfðan Steingrímsson, Drápuhlíð 6, ráðinn framkvæmdastjóri félagsins í stað Steindórs heitins Gunnarssonar, og var honum veitt prókúruumboð fyrir félagið, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Vikan h/f.
 Hálfðan Steingrímsson.

Einnig var hlutafé félagsins aukið úr kr. 15000.00 í kr. 17500.00 — seytján þúsund og fimm hundruð — og er það að fullu greitt.

Reykjavík, 25. september 1948.
 Jóhanna P. Gunnarsson.
 Hálfðan Steingrímsson.
 Anna Steindórsdóttir.
 Jón Gunnarsson.

123.

Það tilkynnist hér með, að Sveinn K. Sveinsson er genginn úr Trésmiðju Sveins M. Sveinssonar s/f sem samlagsfélagi.

Reykjavík, 1. október 1948.
 Sv. M. Sveinsson.

124.

Á aðalfundi í Daniel Ólafssyni & Co., h/f, er haldinn var í dag, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Formaður: Daniel Ólafsson, Tjarnarg. 40. Meðstjórnendur: Baldvin Sveinbjörnsson, cand. pharm., Skólavörðustíg 21 A og Axel Kaaber, fulltrúi, Hringbraut 139. Varastjórnandi: Lúðvík Bjarnason, kpm.,

Grenimel 33. Jafnframt tilkynnist, að félagsstjórnin hefur í dag veitt Jóni bankaritari Sigurðssyni, Ferjuvogi 17, prókúruumboð fyrir félagið, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Daniel Ólafsson & Co. h/f.
 Jón Sigurðsson.

Jafnframt afturkallast prókúruumboð Lárusar Fjeldsted yngra og Mörtu M. Jóhannsdóttur.

Reykjavík, 2. október 1948.
 Baldvin K. Sveinbjörnsson.
 A. Kaaber.
 Lúðvík Bjarnason.

125.

Ég undirritaður hef, hinn 8. sept. 1948, selt meðeigendum mínum, Viggó Baldvinssyni, Leifsg. 10, Rvík, og Guðmundi Sigurði Jóhannessyni, Aðalstr. 16, Rvík, minn hluta í Trésmiðjunni Hlyn hér í bænum, og eru mér óviðkomandi skuldbindingar firmans og skuldir frá þeim tíma.

Reykjavík, 4. október 1948.
 Haraldur B. Í. Haraldsson.

Samkvæmt ofanrituðu höfum við undirritaðir keypt hluta Haralds B. Í. Haraldssonar í Trésmiðjunni Hlyn hér í bænum, og reukum við fyrirtækið framvegis sem fullábyrgir félagar. Firmað ritum við sameiginlega þannig:

Trésmiðjan Hlynur.
 Sigurður Jóhannesson.
 Viggó Baldvinsson.

Reykjavík, 4. október 1948.
 Sigurður Jóhannesson.
 Viggó Baldvinsson.

126.

Ég undirritaður, Lárus Ingimarsson, Vitastíg 8 A, Reykjavík, rek fyrirtæki hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu Vilko. Tilgangur þess er framleiðsla á ölgerðarefni til heimilisnotkunar og annar iðnaður, svo sem efnagerð og fleira. Firmað rita ég þannig:

Vilko.
 L. Ingimarsson.
 Reykjavík, 13. október 1948.
 Lárus Ingimarsson.

127.

Við undirritaðir, Oddur Helgason, Brú við Þormóðsstaðaveg, og Marínó Pétursson, Reynimel 23, rekum sælgætis- og efnagerð hér í bænum sem fullábyrgir félagar, undir nafninu Sælgætis- og efnagerðin Eros. Hvor okkar um sig ritar firmað þannig:

Sælgætis- og efnagerðin Eros.
Oddur Helgason.

Sælgætis- og efnagerðin Eros.
Marínó Pétursson.

Reykjavík, 14. október 1948.

Oddur Helgason.

Marínó Pétursson.

128.

Ég undirritaður hef selt eignarhluta minn í Verzluninni Málmey hér í bæ, sameigendum mínum, þeim Birni Guðmundssyni, Skeggjagötu 16, Gunnari Guðjónssyni, Smáragötu 7, Jóhanni Þ. Jósefssyni, Bergstaðarstræti 86, Sigríði Benediktsson, Marargötu 3, og Haraldi Björnssyni, Sólvallagötu 57, og ber ekki ábyrgð á skuldbindingum firmans hér eftir.

Reykjavík, 15. okt. 1948.

Þ. Ámundason.

Samkvæmt ofanrituðu höfum við keypt eignarhluta Þórðar Ámundasonar, Hjarðarholti við Reykjanesbraut, í Verzluninni Málmey hér í bæ, og rekum hana framvegis með sama fyrirkomulagi og áður.

Reykjavík, 15. okt. 1948.

Björn Guðmundsson.

Sigríður Benediktsson.

G. Guðjónsson.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Haraldur Björnsson.

129.

Ég undirritaður, Jón Baldvin Guðmundsson, Rauðarárstíg 9, Rvík, rek smá-söluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Baldvinsbúð. Firmað rita ég þannig:

Baldvinsbúð.

Baldvin Guðmundsson.

Reykjavík, 18. október 1948.

Baldvin Guðmundsson.

130.

Hér með tilkynnist, að á stjórnarfundi, er haldinn var í Biliðjunni h/f hinn 13. okt. 1948, var framkvæmdastjóri kosinn Sverrir Svendsen, Bergstaðastræti 9 A, Rvík, í stað Magnúsar Valdimarssonar. Njálsgötu 79, Rvík. Enn fremur var Sverri Svendsen veitt prókúruumboð fyrir félagið, en prókúruumboð Magnúsar Valdimarssonar afturkallað. Sverrir Svendsen ritar firmað þannig:

pr. pr. Biliðjan h/f.

Sverrir Svendsen.

Reykjavík, 18. okt. 1948.

Stjórn Biliðjunnar h/f.

Gunnar R. Gunnarsson.

Sverrir Svendsen.

Hallgrímur Sylveriusson.

131.

Á fundi í Sveinabókbandinu h/f hinn 7. okt. 1948, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Ólafur Þorsteinsson, Drápuhlíð 18, Rvík, formaður. Meðstjórnendur: Egill Thorarensen, Selfossi, og Ólafur Lúðvíksson, Seljavegi 15, Rvík. Þá var afturkallað prókúruumboð Baldvins Jónssonar, en prókúra jafnframt veitt Ólafi Þorsteinssyni, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Sveinabókbandið h/f.

Ó. Þorsteinsson.

Reykjavík, 25. okt. 1948.

Egill Thorarensen.

Ólafur Lúðvíksson.

Ólafur Þorsteinsson.

132.

Ég undirritað, Theodóra M. Grímsdóttir, Hverfisgötu 32, Reykjavík, rek kaup og sölu á alls konar gagnlegum, notuðum vörum hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Vöruveltan. Firmað rita ég þannig:

Vöruveltan.

Theodóra M. Grímsdóttir.

Prókúra fyrir firmað hefur Hjálmtýr Guðvarðsson, Hverfisgötu 32, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Vöruveltan.

Hjálmtýr Guðvarðsson.

Reykjavík, 26. október 1948.

Theodóra M. Grímsdóttir.

244

244 133.

Ég undirritaður, Börge Kjerrungaard, Laugavegi 87, Reykjavík, rek pylsu- og áleggsgerð hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Pylsu- og áleggsgerðin. Firmað rita ég þannig:

Pylsu- og áleggsgerðin.
Börge Kjerrungaard.
Reykjavík, 26. okt. 1948.
Börge Kjerrungaard.

134.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagskrár Reykjavíkur, að Vilhjálmur Svan Jóhannsson, prentsmiðjustjóri, Hörpugötu 14 hér í bænum, seldi 25. okt. 1947 hluti sína í Hrappseyjarprenti h/f og gekk þar með úr stjórn félagsins, enda ber hann enga ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Þá tilkynnist enn fremur, að varastjórnandi félagsins er Stefán Hilmarsson, stud. jur., Sólvallagötu 28, Rvík.

Reykjavík, 26. okt. 1948.
Hrappseyjarprent h/f.
Bjarni Bjarnason.
Stefán Hilmarsson.
J. Sveins.

135.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Rvíkur, að Auður Jónasdóttir, Ásvallagötu 11, hefur gengið í firmað Hattaverzlun Þrúðar Ólafsdóttur & Co. sem fullábyrgur félagi og með rétti til að rita firmað, og ritar hún það þannig:

Hattaverzlun Þrúðar Ólafsdóttur & Co.
Auður Jónasdóttir.
Reykjavík, 27. október 1948.
Þrúður Ólafsdóttir.
Auður Jónasdóttir.

136.

Ég undirrituð, Guðrún Figved, hef selt hluta minn í Verzluninni Áhöldum Karli Lúðvíkssyni, lyfjafræðingi, Egilsgötu 24, og eru mér því óviðkomandi skuldbindingar firmans framvegis.

Reykjavík, 29. okt. 1948.
Guðrún Figved.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég undirritaður keypt hluta Guðrúnar Figved í

verzluninni Áhöldum hér í bænum, og rek fyrirtækið framvegis með Guðnýju Jónsdóttur, hjúkrunarkonu, Skálholtsstíg 7, sem fullábyrgur félagi. Það tilkynnist enn fremur, að prókúruumboð það, sem Guðrún Figved hefur haft fyrir verzlunina Áhöld hér í bænum, afturkallast hér með, en frá sama tíma er prókúruumboðið veitt Karli Lúðvíkssyni, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Verzl. Áhöld.
Karl Lúðvíksson.
Reykjavík, 29. okt. 1948.
Guðný Jónsdóttir.
Karl Lúðvíksson.

137.

Hér með tilkynnist, að á stjórnarfundi, sem haldinn var í Oliuverzlun Íslands h/f hinn 30. okt. 1948, var samþykkt að ráða Hrein Pálsson, útgerðarmann á Akureyri, framkvæmdastjóra félagsins með prókúruumboði. Hann ritar firmað þannig:

pr. pr. Oliuverzlun Íslands h/f.
Hreinn Pálsson.
Reykjavík, 30. okt. 1948.
Stjórn Oliuverzlunar Íslands h/f.
Ólafur H. Jónsson.
G. Kr. Guðmundsson.
Hjalti Jónsson.

138.

Ég undirritaður beiðist þess hér með, vegna Sigríðar heitinnar Gottskálksdóttur, móður minnar, að firmanafnið Saumastofan Delta verði afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur, en nafn þetta notaði móðir mín, þar til fyrir nokkrum árum síðan, sem heiti á saumastofu sinni, Bergstaðastræti 3 hér í bænum.

Reykjavík, 30. október 1948.
Oddur Geirsson.

139.

Þar sem Verzlunin Hvammur er hætt störfum, óskast hún afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 1. nóvember 1948.
Ágúst Jónsson.
Alfred Nielsen.

140.

Hér með tilkynnist, að prókúruumboð það, er Þorgrímur Þorgrímsson hefur haft fyrir félag vort, afturkallast frá og með deginum í dag að telja. Frá sama tíma veitum vér Þóri Hall, Þórsgötu 17, fullt og ótakmarkað prókúruumboð fyrir félagið, og ritar hann það þannig:

pr. pr. Gísli Halldórsson h/f.
Þórir Hall.

Reykjavík, 1. nóvember 1948.
Gísli Halldórsson.
Sigríður Halldórsson.

141.

Stjórn Almennra Trygginga hefur á fundi sínum 13. okt. 1948, samþykkt að veita Tryggva Briem, Tjarnargötu 20, prókúruumboð fyrir félagið. Jafnframt hefur stjórnin veitt þeim Ara Guðmundssyni, Óðinsgötu 13, og Agli Gestssyni, Kirkjuteig 25, sameiginlegt prókúruumboð fyrir félagið. Prókúruhafarnir rita firmað þannig:

pr. pr. Almennar Tryggingar h/f.
T. Briem.

pr. pr. Almennar Tryggingar h/f.
Ari Guðmundsson.
A. Gestsson.

Reykjavík, 1. nóv. 1948.
Almennar Tryggingar h/f.
Carl Olsen.
Pétur Guðmundsson.
Oddur Helgason.
Gunnar Einarsson.

142.

Það tilkynnist hér með, að á aðalfundi Kápubúðarinnar h/f, hinn 2. nóv. 1948, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Formaður: Jóhann Friðriksson, frkvstj., Bergstaðastr. 28. Meðstjórnendur: Hörður Ólason, klæðskeri, Stýrimannastíg 14, og Stefán Björnsson, bókarí, Skólavörðustíg 33. Varastjórnandi: Sigrún Vilhjálmsdóttir, húsfrú, Skipasundi 14.

Reykjavík, 3. nóv. 1948.
Stefán Björnsson.
Jóhann Friðriksson.
Hörður Ólason.

143.

Við undirrituð, Sigríður Jónsdóttir, frú, Drápuhlíð 36, og Kjartan Guðmundsson, stórkaupm., Þórsgötu 19, bæði í Reykjavík, sem síðan 14. febr. 1942 höfum rekið með ótakmarkaðri ábyrgð umboðs- og heildverzlun hér í bænum undir nafninu Merca, umboðs- og heildverzlun, leyfum okkur hér með að tilkynna til firmaskrár Reykjavíkur, að Sigríður Jónsdóttir hefur hinn 1. apríl 1948 selt meðundirrituðum Kjartani Guðmundssyni sinn hluta af ofangreindu fyrirtæki. Samkv. þessu rekur Kjartan Guðmundsson firmað að einn og á eigin ábyrgð, og eru allar skuldbindingar firmans, þær er stofnað kann að verða til eftir 1. apríl 1948, óviðkomandi Sigríði Jónsdóttur. Firmað ritar Kjartan Guðmundsson einn.

Reykjavík, 7. nóv. 1948.
Kjartan Guðmundsson.
Sigríður Jónsdóttir.

144.

Það tilkynnist hér með, að á aðalfundi h/f Efnagerðar Reykjavíkur, sem haldinn var hinn 8. nóvember 1948, voru eftirtaldir hluthafar kosnir í stjórn félagsins: Formaður: Stefán Thorarensen, apótekari, Sóleyjargötu 11. Meðstjórnendur: Ásgeir Þorsteinsson, forstjóri, Fjölnisvegi 12, og Lárus Fjeldsted, hrl., Hafnarstræti 23, allir í Reykjavík. Á sama fundi var 3. gr. félagslaganna, um tilgang félagsins, breytt þannig: „Tilgangur félagsins er framleiðsla, kaup og sala á afurðum til lands og sjávar, miðlara-, trygginga- og lánastarfsemi, sem og kaup og sala fasteigna.

Reykjavík, 9. nóvember 1948.

H/f Efnagerð Reykjavíkur.
Stefán Thorarensen.
Lárus Fjeldsted.
Ásg. Þorsteinsson.

145.

Það tilkynnist hér með, að sameignarfélagið Flugskólinn Cumulus er hætt

244 störfum, og óskast því nafn þess strikað út úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 10. nóv. 1948.
Jóhannes R. Snorrason.
Magnús Guðmundsson.
Smári Karlsson.

146.

Hér með veitist Ástu Jónasdóttur, Bergþórugötu 61, prókúruumboð fyrir mig, og ritar hún fyrir mína hönd þannig:

pr. pr. Steingrímur Karlsson.
Ásta Jónasdóttir.
Reykjavík, 22. nóv. 1948.
Steingrímur Karlsson,
Mávahlíð 10, Rvík.

147.

Hér með tilkynnist, að hlutafé Vélasölnunnar h/f, Reykjavík, hefur verið aukið úr 40000 — fjórutíu þúsundum kr. — í 100000 — eitt hundrað þúsundir króna —, og er viðbótarhlutaféð allt innborgað.

Reykjavík, 23. nóv. 1948.
Gunnar Friðriksson.
Sæm. Stefánsson.
Sigrún Unnur Halldórsdóttir.

148.

Ég undirritaður hef selt herra Kristjáni Kristmundssyni, Smiðjustíg 12, verzlunina Nóvu, Barónsstíg 27, með nafni og vörubirgðum, og eru mér skuldbindingar og rekstur verzlunarinnar óviðkomandi frá og með 4. nóvember 1948.

Teitur Kr. Þórðarson.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég undirritaður keypt verzlunina Nóvu, Barónsstíg 27, og mun ég reka hana áfram undir sama nafni. Ber ég einn ábyrgð á rekstri og skuldbindingum téðrar verzlunar frá og með 4. nóvember 1948. Firmað rita ég þannig:

Verzl. Nóva.
Kristján Kristmundsson.
Reykjavík, 25. nóv. 1948.
Kristján Kristmundsson.

149.

Með því að skilanefnd í Verzluninni Mími h/f hefur nú lokið störfum, öllum

kröfum verið fullnægt og lokaskipti farið fram, óskast hlutafélagið afmáð úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 29. nóv. 1948.
Helgi Eiríksson,
form. skilanefndar.

150.

Á aðalfundi h/f Týli í Reykjavík hinn 10. nóv. 1948, voru eftirtaldir hluthafar kosnir í stjórn félagsins: Formaður: Stefán Thorarensen, apótekari, Sóleyjargötu 11. Meðstjórnendur: Oddur Thorarensen, exam. pharm., s. st., og Lárus Fjeldsted, hrl., Hafnarstræti 23. Á sama fundi var 3. gr. félagslaganna, um tilgang félagsins, breytt þannig: „Tilgangur félagsins er hvers konar verzlunarrekstur og auk þess miðlara-, trygginga- og lánastarfsemi.“

Reykjavík, 29. nóvember 1948.

H/f Týli.

Stefán Thorarensen.
Lárus Fjeldsted.

151.

Á aðalfundi Oculus h/f, Reykjavík, sem haldinn var 10. nóv. 1948, voru eftirtaldir hluthafar kosnir í stjórn félagsins: Formaður: Stefán Thorarensen, apótekari, Sóleyjargötu 11. Meðstjórnendur: Oddur Thorarensen, exam. pharm., s. st., og Lárus Fjeldsted, hrl., Hafnarstræti 23.

Reykjavík, 29. nóvember 1948.

Oculus h/f.

Stefán Thorarensen.
Lárus Fjeldsted.

152.

Það tilkynnist hér með, að á aðalfundi í Sólheimum h/f, Reykjavík, hinn 10. nóv. 1948, voru eftirtaldir hluthafar kosnir í stjórn hlutafélagsins: Formaður: Stefán Thorarensen, apótekari, Sóleyjargötu 11. Meðstjórnendur: Ragnheiður Thorarensen, húsfreyja, s. st., og Lárus Fjeldsted, hrl., Hafnarstræti 23. Á sama fundi var 3. gr. félagslaganna, um tilgang félagsins, breytt þannig: „Tilgangur félagsins er að kaupa, selja, byggja og starf-

rækja fasteignir. Enn fremur að reka miðlara-, trygginga- og lánastarfsemi.“

Reykjavík, 29. nóvember 1948.
Sólheimar h/f.
Stefán Thorarensen.
Lárus Fjeldsted.

153.

Það tilkynnist hér með, að á aðalfundi í h/f Stefáni Thorarensen, sem haldinn var 10. nóvember 1948, voru eftirtaldir hluthafar kosnir í stjórn félagsins: Formaður: Stefán Thorarensen, apótekari, Sóleyjargötu 11. Meðstjórnendur: Oddur Thorarensen, exam. pharm., s. st., og Lárus Fjeldsted, hrl., Hafnarstræti 23, allir í Reykjavík. Á sama fundi var 3. gr. félagslaganna, um tilgang félagsins, breytt þannig: „Tilgangur félagsins er að reka heildsölu og umboðsverzlun með hvers konar vörur og enn fremur að reka miðlara-, tryggingar- og lánastarfsemi.

Reykjavík, 29. nóvember 1948.
H/f Stefán Thorarensen.
Stefán Thorarensen.
Lárus Fjeldsted.

154.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi h/f Goða, sem haldinn var 30. nóv. 1948, voru kosnir í stjórn félagsins þeir Haraldur B. Bjarnason, Reynimel 28, formaður, Grímur Bjarnason, s. st., varaformaður, og Hróbjartur Bjarnason, Hávallagötu 47, ritari. Framkvæmdastjóri með prókúruumboði var ráðinn Haraldur B. Bjarnason, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. h/f Goði.
Haraldur B. Bjarnason.

Jafnframt var afturkallað prókúruumboð það, sem Oddur Jónasson hefur haft fyrir félagið.

Reykjavík, 30. nóv. 1948.
Haraldur B. Bjarnason.
Grímur Bjarnason.
Hróbj. Bjarnason.

155.

Hér með tilkynnist, að á hluthafafundi, sem haldinn var í Fjallkonuútgáfunni h/f

í Reykjavík hinn 23. júlí 1947, var kosin ný stjórn, og er hún þannig skipuð: Ólafur B. Björnsson, Miðteigi 2, Akranesi, Ása Ólafsdóttir, s. st. og Hermann Guðjónsson, Nýlendugötu 22, Rvík. Á hluthafafundi, sem haldinn var í félaginu næsta dag, var samþykkt að flytja heimilisfang félagsins og varnarþing til Akraness. Óskast félagið því hér með afmáð úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur.

Akranesi, 30. nóv. 1948.
Ól. B. Björnsson.
Hermann Guðjónsson.
Ása Ólafsdóttir.

156.

Með skiptasamningi, dags. 4. þ. m., urðu þau Anna Dúfa Pitt, frú, Bristol, Englandi, og undirritaður Ludvig Storr, konsúll, Reykjavík, eigendur að fasteigninni nr. 15 við Laugaveg hér í bænum. Reka þau fasteignina framvegis í félagi, undir nafninu Húseignin Laugavegur 15, Reykjavík, þannig, að undirritaður Ludvig Storr ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans, en Anna Dúfa Pitt ábyrgist eingöngu með eign sinni í firmanu, en það eru $\frac{3}{8}$ — þrjú áttundu — hlutar fasteignarinnar. Firmað ritar Ludvig Storr einn, þannig:

Húseignin Laugavegur 15, Reykjavík.
Ludvig Storr.
Reykjavík, 6. desember 1948.
Ludvig Storr.

157.

Það tilkynnist hér með, að meðundirritaður, Björn kaupm. Jónsson, Vesturg. 17, Rvík, hefur gerzt samábyrgur félagi í firmanu Davíð S. Jónsson & Co. frá 1. jan. 1947 að telja.

Reykjavík, 7. desember 1948.
Davíð S. Jónsson & Co.
D. S. Jónsson.
Björn Jónsson.

158.

Á almennum hluthafafundi, sem haldinn var í Stjörnuþió h/f hinn 8. þ. m.,

244 var Hjalti Lýðsson, kaupm., Snorrabraut 67, kosinn í stjórn félagsins í stað Georgs Magnússonar, sem genginn er úr félaginu. Í varastjórn var kosinn Hróbjartur Bjarnason, stórkaupm., Hávallagötu 47, í stað Karls Magnússonar, sem einnig er genginn úr félaginu. Georg Magnússon hefur látið af framkvæmdastjórn fyrir félagið, og afturkallast hér með prókúruumboð hans. Jafnframt er Hjaltal Lýðssyni veitt prókúruumboð fyrir félagið, og ritar hann það þannig:

pr. pr. Stjórnuþió h/f.

Hjalti Lýðsson.

Reykjavík, 8. desember 1948.

Einar Einarsson.

Tómas Tómasson.

Haraldur B. Bjarnason.

Grimur Bjarnason.

Hjalti Lýðsson.

159.

Það tilkynnist hér með, að ég undirritaður hef selt fyrirtæki mitt, Efnalaugina Gylli hér í bænum, frá Bergþóru Þorbjarnardóttur, Snorrabraut 83, Rvík, og eru mér óviðkomandi skuldbindingar firmans frá 10. þ. m. að telja.

Reykjavík, 14. desember 1948.

Arinbjörn E. Kúld.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég undirrituð keypt Efnalaugina Gylli hér í bænum, og rek ég fyrirtækið á mína ábyrgð frá 10. þ. m. að telja. Firmað rita ég þannig:

Efnalaugin Gyllir.

Bergþóra Þorbjarnardóttir.

Reykjavík, 14. desember 1948.

Bergþóra Þorbjarnardóttir.

160.

Það tilkynnist hér með, að við undirritaðir, Helgi Guðjónsson, Samtúni 6, og Guðjón Guðjónsson, s. st., rekum verzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Kjötbúðin, Karfavogi 31. Firmað ritum við sameiginlega, þannig:

Kjötbúðin, Karfavogi 31.

Helgi Guðjónsson.

Guðjón Guðjónsson.

Reykjavík, 14. desember 1948.

Helgi Guðjónsson.

Guðjón Guðjónsson.

161.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á almennum hlutahafafundi í hlutafélaginu Sveini Egilssyni, Reykjavík, gekk úr stjórninni Runólfur Sæmundsson. Í stað hans var kosinn Ragnar Petersen, Bókhöðustíg 8, Reykjavík. Það tilkynnist enn fremur, að á stjórnarfundi í félaginu 19. júlí 1948 var afturkallað prókúruumboð það, er Runólfur Sæmundsson, Skólavörðustíg 21A hér í bænum, hefur haft fyrir félagið.

Reykjavík, 18. desember 1948.

Sveinn Egilsson.

Ragnar Petersen.

Ásgeir Kristófersson.

162.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á almennum hlutahafafundi í hlutafélaginu Laugavegi 105, Reykjavík, gekk úr stjórninni Runólfur Sæmundsson. Í stað hans var kosinn Ragnar Petersen, Bókhöðustíg 8, Rvík.

Reykjavík, 18. desember 1948.

Sveinn Egilsson.

Ragnar Petersen.

Ásgeir Kristófersson.

163.

Með því að firmað Húsgagnahreinsunin, Reykjavík, er hætt störfum, óskast það hér með afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 20. desember 1948.

Thor Ó. Thors.

Ólafur Hallgrímsson.

164.

Par sem firma okkar, A. Karlsson & Co., er hætt starfsemi sinni, óskum við, eigendur þess, að það verði afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 21. desember 1948.

A. Karlsson & Co.

Adolf Karlsson

Gunnar Karlsson.

165.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að hlutafé Oliuverzlunar Íslands h/f hefur verið aukið úr 300000 kr.

í 1000000 kr. —eina milljón króna. Öll hlutafjáraukningin er innborguð.

Reykjavík, 21. desember 1948.

Í stjórn Oliuverzlunar Íslands h/f.

Ólafur H. Jónsson.

G. Kr. Guðmundsson.

Hjalti Jónsson.

Skilanefnd

Bifreiðastöðvarinnar Heklu h/f..

Guðmann Hannesson,

Einholti 7.

Bjarni Guðmundsson,

Túni, Árnæssýslu.

Guðjón Jónsson,

Stórholti 23.

244

166.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður, Einar Þorgrímsson, Karlagötu 6, Reykjavík, framleiði ýmiss konar efnablöndur og rek skylda starfsemi hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu Delta. Firmað rita ég þannig:

Delta.

E. Þorgrímsson.

Reykjavík, 23. desember 1948.

E. Þorgrímsson.

167.

Það tilkynnist hér með, að við undirritaðir, Daniel Ágústínusson, Blönduhlíð 33, Rvík, og Stefán Júlíusson, Brekkugötu 22, Hafnarfirði, rekum bókaútgáfu í Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Bjarkarútgáfan. Firmað ritum við sameiginlega, þannig:

F. h. Bjarkarútgáfunnar.

Daníel Ágústínusson.

Stefán Júlíusson.

Hvor okkar um sig hefur prókúruumboð fyrir fyrirtækið, og ritum við þá firmað þannig:

pr. pr. Bjarkarútgáfan.

Daníel Ágústínusson.

pr. pr. Bjarkarútgáfan.

Stefán Júlíusson.

Reykjavík, 23. desember 1948.

Daníel Ágústínusson.

Stefán Júlíusson.

168.

Á löglegum hluthafafundi, höldnum í hlutafélaginu Bifreiðastöðinni Heklu hér í bæ 22. des. 1948, var hlutafélaginu slitið.

Æskjum vér þess, að nafn félagsins verði afmáð úr hlutafélagaskránni.

Reykjavík, 23. desember 1948.

169.

Með því að firma okkar, Bókabúðin, Laugavegi 10, hætti störfum um síðastliðin áramót, óskast nafn þess strikað út úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 27. desember 1948.

Valdimar Jóhannsson.

Jón Helgason.

Vigfús Guðmundsson.

II. Akranes.

1.

Við undirritaðir, Sigurður Helgason og Beinteinn Helgason, báðir til heimilis á Akranesi, höfum komið okkur saman um stofnun sameignarfélags, er við nefnum: Sameignarfélagið Trausti, Akranesi, skammstafað: S. T. A.

Tilgangur félagsins er: Að stofnsetja og starfrækja trésmiðaverkstæði, er framkvæmi alls konar trésmiðavinnu.

Við félagar berum báðir ótakmarkaða ábyrgð fyrir félagið, og höfum nú þegar lagt fram allt stofnfé, sem er kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur — frá hvorum okkar. Við höfum báðir rétt til að rita nafn félagsins og gerum það þannig:

F. h. Trausta.

Sig. Helgason.

F. h. Trausta.

Beinteinn Helgason.

Prókúru fyrir félagið hefur Sigurður Helgason.

Akranesi, 10. jan. 1946.

Sigurður Helgason.

Beinteinn Helgason.

2.

Það tilkynnist hér með, að ég undirritaður hef í dag selt Eliasi Guðjónssyni,

- 244 Óðinsgötu 1, Akranesi, skóverzlun mína og höfum við gengið frá samningum þar að lútandi.

Akranesi 21. febrúar 1946.
Guðm. Egilsson.

Samkv. ofanrituðu hef ég undirritaður keypt Skóverzlun Guðm. Egilssonar, Akranesi, sem ég rek eftirleiðis undir nafninu: Verzlunin Staðarfell.

Akranesi 21. febrúar 1946.
Elías Guðjónsson.

3.

Árni Böðvarsson, ljósmyndari, Vesturgötu 78, Akranesi, og Ólafur Árnason, ljósmyndaiðnnemi, Baugstíg 10, Akranesi, stofna sameignarfélag um starfrækslu ljósmyndastofu á Akranesi undir firmanafninu Árni Böðvarsson & Co.

Firmað rita þeir hvor í sínu lagi þannig:

Árni Böðvarsson & Co.
Árni Böðvarsson.
Árni Böðvarsson & Co.
Ólafur Árnason.

Þó þarf undirskrift þeirra beggja sé um sölu eigna eða lántöku að ræða.

Akranesi 27. des. 1946.
Árni Böðvarsson.
Ólafur Árnason.

4.

Undirritaður, Guðmundur Magnússon, Traðarbakka, Akranesi, tilkynni, að ég rek smásöluverzlun á Akranesi undir firmanafninu: „Verzlun Guðm. Magnússonar“, og er ég einn eigandi firmans og ber einn alla ábyrgð á skuldbindingum þess. Firmað rita ég þannig:

Verzlun Guðm. Magnússonar.
Guðm. Magnússon.
Akranesi 9. marz 1946.
Guðm. Magnússon.

5.

Það tilkynnist, að við undirritaðir, Ásgeir Ásgeirsson, Mánabraut 6 B, og Ingi Guðmonsson, Suðurgötu 64 B, Akranesi, rekum almenningsþvottahús á Akranesi sem fullábyrgir félagar undir nafninu Þvottahús Akraness. Firmað ritum við

sameiginlega, og auk þess hefur Ásgeir Ásgeirsson prókúruumboð fyrir fyrirtækið með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa samkv. lögum. Firmað ritum við þannig:

Þvottahús Akraness.
Ásgeir Ásgeirsson.
Ingi Guðmonsson.

Prókúruhafinn ritar firmað þannig:
pr. pr. Þvottahús Akraness.
Ásgeir Ásgeirsson.
Akranesi, 27. apríl 1948.
Ásgeir Ásgeirsson.
Ingi Guðmonsson.

6.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Akraness að við undirritaðir, Óli Örn Ólafsson, Vesturgötu 83, Akranesi, og Halldór V. Sigurðsson, Deildartúni 4 Akranesi, rekum smásöluverzlun með nýlenduvörur o. þ. h. sem fullábyrgir félagar undir nafninu „Verzlunin Garður“.

Firmað ritum við sameiginlega, og auk þess hefur hvor okkar um sig prókúruumboð fyrir fyrirtækið, með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa samkvæmt lögum. Firmað ritum við þannig:

Verzlunin Garður.
Óli Örn Ólafsson.
Halldór V. Sigurðsson.
pr. pr. Verzlunin Garður.
Halldór V. Sigurðsson.
pr. pr. Verzlunin Garður.
Óli Örn Ólafsson.
Akranesi, 17. apríl 1948.
Óli Örn Ólafsson.
Halldór V. Sigurðsson.

III. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

1.

Stjórn Hraðfrystihúss Hellissands h/f, Hellissandi, skipa þessir menn: Ásgeir Ásgeirsson frá Fróðá, formaður, Richard Thors forstjóri, varaformaður, Þórður Ólafsson, forstjóri, Hjörtur Jónsson, hreppstjóri, Kristján Jónsson, útgerðar- maður.

Það tilkynnist enn fremur, að prókúru-

umboð Einars Bergmanns Arasonar fyrir Hraðfrystihús Hellissands h/f er afturkallað, En jafnframt tilkynnist að Birni Halldórssyni er veitt prókúruumboð fyrir félagið, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Hraðfrystihús Hellissands h/f
Björn Halldórsson.
Reykjavík, 28. janúar 1948.
Ásg. Ásgeirsson frá Fróðá.
Þórður Ólafsson.
Richard Thors.

2.

Hér með tilkynnist, að prókúruumboð fyrir Hraðfrystihús Hellissands h/f., Hellissandi, hafa þeir Ásgeir Ásgeirsson frá Fróðá, Reykjavík, og Björn Halldórsson, Hellissandi.

Firmað rita þeir hvor um sig, þannig:
pr. pr. Hraðfrystihús Hellissands h/f.
Ásg. Ásgeirsson frá Fróðá.
pr. pr. Hraðfrystihús Hellissands h/f.
Björn Halldórsson.
Reykjavík, 22. febrúar 1948.
Ásg. Ásgeirsson frá Fróðá.
Þórður Ólafsson.
Richard Thors.

3.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Snæfellsness og Hnappadalssýslu að á aðalfundi hlutafélagsins Sigríðar, Grundarfirði, 19. apríl s. l., gengu úr stjórn félagsins þeir Kristján Gunnarsson og Tryggvi Sigurðsson. Stjórnina skipa nú: Þórarinn Sigurðsson, ljósmyndari, Reynimel 45, Reykjavík, formaður, Bárður Sveinsson, forstjóri, Nökkvavogi 39, Reykjavík, ritari, og Þorkell Sigurðsson, framkvæmdastjóri, Grundarfirði, meðstjórnandi og hefur hann prókúruumboð fyrir félagið.

Grundarfirði, 28. apríl 1948.
Þórarinn Sigurðsson.
Bárður Sveinsson.
Þorkell Sigurðsson.

4.

Við undirritaðir, Böðvar Bjarnason, trésmiðameistari, og Vigfús Kr. Vigfússon, trésmiður, báðir til heimilis í Ólafsvík, höfum stofnað og rekum með ótak-

markaðri ábyrgð Trésmiðavinnustofuna 244
Björk í Ólafsvík. Hvor okkar um sig hefur rétt til að skuldbinda firmað í öllum daglegum rekstri, en vélar og aðrar eignir firmans má þó ekki selja nema samþykki beggja komi til. Firmað ritum við þannig:

pr. Trésmiðavinnustofan Björk.
Böðvar Bjarnason.
pr. Trésmiðavinnustofan Björk.
Vigfús Kr. Vigfússon.

Vigfús Kr. Vigfússon hefur þó einn rétt til að gefa út tékka á banka eða sparisjóði í nafni firmans.

Heimili firmans og varnarþing er í Ólafsvík.

Tilgangur þess er að leysa af hendi alls konar trésmiðavinnu.

Ólafsvík, 24. ágúst 1948.
Böðvar Bjarnason.
Vigfús Kr. Vigfússon.

IV. Dalasýsla.

Stjórn H/f „Kol“, Tindum, Dalasýslu, skipa nú: Haraldur Guðmundsson frá Háeyri, Rauðarárst. 40, Rvík, form. og framkvstj., Friðrik Þorsteinsson, trésmiðameistari, Tungötu 34, Reykjavík, og Jóhannes G. Helgason, framkvæmdastjóri, Eiríksgötu 25, Reykjavík.

Reykjavík, 22. október 1948.
pr. pr. H/f Kol.
H. Guðmundsson frá Háeyri.

V. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðar- kaupstaður.

1.

Hlutafélagið Dofri á Þingeyri hefur selt Kaupfélagi Dýrfirðinga, Þingeyri, eignarhluta sinn í Hraðfrystihúsi Dýrfirðinga, Þingeyri, og ber hlutafélagið Dofri enga ábyrgð á skuldum og skuldbindingum Hraðfrystihúss Dýrfirðinga eftir 1. jan. 1948.

Þingeyri, 15. jan. 1948.
Stjórn h/f Dofra.
Anton Proppé,
skv. umboði.

244 Samkvæmt ofanskráðu hefur Kaupfélag Dýrfirðinga keypt eignir hlutafélagsins Dofra í Hraðfrystihúsi Dýrfirðinga.

Kaupfélag Dýrfirðinga rekur Hraðfrystifrystihús Dýrfirðinga áfram undir sama nafni og ber fulla ábyrgð á skuldum og skuldbindingum þess.

Skuldir og skuldbindingar Hraðfrystihúss Dýrfirðinga eru hlutafélaginu Dofra óviðkomandi eftir 1. jan. 1948, og ber það enga ábyrgð á þeim.

Þingeyri, 15. jan. 1948
Stjórn Kaupfélags Dýrfirðinga.

Eiríkur Þorsteinsson,
samkv. umboði.

2.

Það tilkynnist hérmeð að Ólafur Magnússon, Austurvegi 2, Ísafirði, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri útgerðarhlutafélagsins Njarðar, Ísafirði, frá 15 þ. m. að telja, með venjulegum réttindum og skyldum prókúruhafa.

Frá sama tíma afturkallast prókúrumboð það, er á sínum tíma var veitt Katli framkvæmdastjóra Guðmundssyni, Ísafirði.

Ólafur ritar nafn félagsins þannig:

p. p. h/f Njörður.

Ólafur Magnússon.

Ísafirði, 30. apríl 1948.

Í stjórn h/f Njarðar, Ísafirði.

Ketill Guðmundsson.

Jónas Tómasson.

Hannibal Valdimarsson.

Stefán Stefánsson.

Ólafur Magnússon.

3.

Við undirritaðir, stjórn Ísfirðings h/f, veitum Halldóri framkvæmdastjóra Jónssyni, Hafnarstræti 1, Ísafirði, prókúrumboð fyrir félagið með þeim réttindum og skyldum, er lög félagsins ákveða.

Ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Ísfirðingur h/f.

Halldór Jónsson.

Ísafirði, 27. maí 1948.

Ásberg Sigurðsson.

Matth. Bjarnason.

Halldór Ólafsson.

Eliás J. Pálsson.

Hannibal Valdimarsson.

4.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Ísafjarðar: Að loknum aðalfundi Bökunarfélags Ísfirðinga h/f, Ísafirði, hinn 16. september 1948 er stjórn þess þannig skipuð: Forstjóri: Sigurður Guðmundsson. Meðstjórnendur: Jón H. Sigmundsson og Stefán Stefánsson. Varastjórnendur: Gunnlaugur Jónasson og Bárður Guðmundsson.

Bökunarfélag Ísfirðinga h/f.
Sigurður Guðmundsson.

5.

Félagsheimilið h/f, Bolungavík, sem tilkynnt var til hlutafélagaskrárinnar hinn 13. febrúar 1948, hefur verið afmáð úr skránni vegna formgalla á stofnun félagsins.

Lögreglustjórinn í Bolungavík,
30. júní 1948.
Axel V. Tulinius.

6.

Hér með tilkynnist, að Trausta Friðbertssyni, Flateyri, hefur verið veitt prókúrumboð fyrir Kaupfélag Önfirðinga, Flateyri, frá og með 1. september að telja. Frá sama tíma afturkallast prókúrumboð, sem Þórður Magnússon hefur haft fyrir félagið.

Í stjórn Kaupfélags Önfirðinga.

Jón Ólafsson.

Hjörtur Hjálmarsson.

Jón Jónsson.

Guðm. Gilsson.

Finnur Finnsson.

7.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðar, að þau Guðbjörg Gísladóttir, Margrét Ágústa Jónsdóttir og Gísli Brynjólfur Jónsson hafa í dag selt Marselliusi Bernharðssyni, skipasmíðameistara, Ísafirði, Verzlun Jóns A. Þórólfssonar við Silfurtorg hér í bænum. Eru skuldbindingar fyrirtækisins frá og með söludegi að telja óviðkomandi fyrri eigendum.

Frá sama tíma falla niður prókúrumboð þau, sem þeir Bjarni Kr. Björnsson,

Reykjavík, og Gísli Brynjólfur Jónsson,
Ísafirði, hafa haft fyrir nefnda verzlun.
Ísafirði, 26. júlí 1948.
Guttormur Erlendsson, hrl.

8.

Hér með tilkynni ég til firmaskrár Ísafjarðar, að ég hef í dag selt verzlun mína þeim Guðmundi Karlssyni, Urðarvegi 8, Ísafirði, að tveim þriðju hlutum, og Ólöfu Wilberg, Silfurgötu 2, Ísafirði, að einum þriðja hluta, og eru þau því réttir eigendur ofangreindrar verzlunar.

Ísafirði, 1. október 1948.
Karl Olgeirsson.

Ofangreinda Verzlun Karls Olgeirssonar, Ísafirði, sem við erum orðin eigendur að samkvæmt framanskráðu, munum við reka áfram óbreytta, með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað ritum við þannig:

Verzlun Karls Olgeirssonar.
Guðm. Karlsson.

Verzlun Karls Olgeirssonar.
Ólöf Wilberg.

Ísafirði, 1. október 1948.
Guðm. Karlsson.
Ólöf Wilberg.

9.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Ísafjarðar, að neðantaldir menn eru nú í stjórn Prentstofunnar Ísrúnar h/f: Ólafur Magnússon framkvæmdarstjóri, formaður, Magnús Ólafsson prentmeistari Björn H. Jónsson skólastjóri, og til vara: Halldór Halldórsson bankastjóri, formaður, Guðjón E. Jónsson bankastjóri og Sigurður Guðmundsson bakaramestari.

Jafnframt tilkynnist, að félagsstjórnin hefur hinn 20. þ. m. gefið Sigurði Jónssyni prókúruumboð fyrir félagið og afturkallar frá sama tíma prókúruumboð til handa fyrrverandi formanni félagsstjórnar.

Sigurður Jónsson ritar nafn félagsins þannig:

pr. pr. Prentstofan Ísrún h/f.
Sig. Jónsson.
Ísafirði, 29. okt. 1948.

Stjórn Prentstofunnar Ísrúnar h/f. 244
Ólafur Magnússon.
Magnús Ólafsson.
Björn H. Jónsson.

10.

Það tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðar, að Rafljós h/f, Ísafirði, hætti störfum 1. maí 1947 og óskast því strikað út úr firmaskránni.

Ísafirði, 15. desember 1948.
Magnús Konráðsson.
Þórarinn Helgason.
Oddur Friðriksson.

VI. Strandasýsla.

1.

Hér með tilkynnist, að firmað Kristján Jónsson & Co., Hólmavík, sem ég er einkaeigandi að samkvæmt bitri auglýsingu, dags. 15. jan. 1946, rek ég eftirleiðis með fullri og ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu Verzlun Kristjáns Jónssonar. Firmað rita ég þannig:

Verzlun Kristjáns Jónssonar
Kr. Jónsson.
Hólmavík, 29. maí 1948.
Kristján Jónsson.

2.

Það tilkynnist hér með, að undirritaðir aðilar, Geir Thorsteinsson f. h. h/f. Ingólfs, Ingólfsfirði, Ragnar Stefánsson, útgerðarmaður, Vestmannaeyjum, og Kristmann Hjörleifsson, bókarí, Þórsgötu 23, Reykjavík, reka félagsútgerð, einkum sildveiðar, á Ingólfsfirði í Strandasýslu, með skipinu Ófeigi VE 30, undir nafninu Útgerðarfélagið Ófeigur, Ingólfsfirði. Skuldbindingar félagsins ábyrgjumst við í eftirtöldum hlutföllum: Ingólfur h/f, Ingólfsfirði, $\frac{1}{2}$, Ragnar Stefánsson $\frac{1}{2}$ og Kristmann Hjörleifsson $\frac{1}{2}$.

Firmað ritum við allir í félagi, en auk þess hefur Ragnar Stefánsson prókúruumboð fyrir félagið og annast útgerðarstjórn. Firmað ritum við þannig:

Útgerðarfélagið Ófeigur, Ingólfsfirði.
Kristmann Hjörleifsson.
Ragnar Stefánsson.

244

F. h. Ingólfs h/f, Ingólfsfirði.
Geir Thorsteinsson.
Ragnar Stefánsson ritar firmað þannig:
p. p. Útgerðarfélagið Ófeigur, Ingólfsfirði.
Ragnar Stefánsson.
Reykjavík, 30. júní 1948.
p. p. Ingólfur h/f, Ingólfsfirði.
